

## Frumvarp til laga

### um verðbréfasjóði.

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

#### I. KAFLI

#### Gildissvið og orðskýringar.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Lög þessi gilda um rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstur og markaðssetningu verðbréfasjóða hér á landi.

##### 2. gr.

##### *Takmarkanir á gildissviði.*

Lög þessi gilda ekki um:

- lokaða sjóði um sameiginlega fjárfestingu,
- sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem safna fjármunum án þess að hvetja til þátttöku almennings í kaupum á hlutdeildarskírteinum innan EES,
- sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem samkvæmt reglum sjóðs má einungis selja til almennings utan EES,
- tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem heimilt er að markaðssetja til almennings hér á landi, sem ekki eru verðbréfasjóðir, eða
- fjárfestingarfélög sem fyrir milligöngu dótturfélaga fjárfesta einkum í öðru en framseljanlegum verðbréfum.

##### 3. gr.

##### *Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- EES*: Evrópska efnahagssvæðið.
- ESMA*: Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.
- Eiginfjárgrunnur*: Eiginfjárgrunnur samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
- Fjármálagerningur*: Fjármálagerningur samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.
- Framseljanleg verðbréf*: Hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, skuldabréf og aðrar tegundir tryggðra skuldaskjala, og aðrar tegundir verðbréfa sem veita rétt til að eignast slík verðbréf með víðskiptum.
- Gistiríki rekstrarfélags*: Ríki innan EES, annað en heimaríki rekstrarfélags, þar sem rekstrarfélag er með útibú eða veitir þjónustu.
- Gistiríki verðbréfasjóðs*: Ríki innan EES, annað en heimaríki verðbréfasjóðs, þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðsins eru markaðssett.

8. *Heimaríki rekstrarfélags*: Ríki innan EES þar sem rekstrarfélag er með skráða starfsstöð.
9. *Heimaríki verðbréfasjóðs*: Ríki innan EES þar sem verðbréfasjóður hefur fengið staðfestingu samkvæmt viðkomandi landslögum.
10. *Hlutdeildarsjóður*: Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem stofnað er til af rekstrarfélagi og í reglum sjóðsins kemur fram að hann sé hlutdeildarsjóður.
11. *Hlutdeildarskírteini*: Fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í hlutdeildarsjóði eða einstakri deild hans til eigna sjóðsins.
12. *Innlendur samruni*: Samruni verðbréfasjóða sem hafa staðfestu hér á landi, þar sem að minnsta kosti einn verðbréfasjóðanna hefur markaðssett hlutdeildarskírteini sín í öðru ríki innan EES.
13. *Markaðssetning*: Tilboð eða hvatning til fjárfesta, með auglýsingum eða annarri kynningu að frumkvæði rekstrarfélags eða fyrir þess hönd, um kaup á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóði sem það rekur.
14. *Millilandasamruni*: Samruni verðbréfasjóða þar sem:
  - a. a.m.k. tveir verðbréfasjóðanna eru með staðfestu í mismunandi aðildarríkjum, eða
  - b. verðbréfasjóðir með staðfestu í sama aðildarríki renna saman í nýjan verðbréfasjóð með staðfestu í öðru aðildarríki.
15. *Náin tengsl*: Náin tengsl samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
16. *Peningamarkaðsgerningar*: Þeir flokkar auðseljanlegra fjármálagerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði og hafa virði sem hægt er að ákvarða með nákvæmni á hvaða tímapunkti sem er.
17. *Rekstrarfélag verðbréfasjóða*: Lögaðili sem rekur einn eða fleiri verðbréfasjóði með reglubundnum hætti.
18. *Samruni*: Samruni þar sem:
  - a. einum eða fleiri verðbréfasjóðum, samrunasjóðum, eða einstökum deildum samrunasjóðs sé hann deildaskiptur, er slitið án skuldaskila og allar eignir og skuldbindingar samrunasjóðsins eru yfirfærðar til annars starfandi verðbréfasjóðs (yfirtökusjóðs), eða einstakra deilda yfirtökusjóðs sé hann deildaskiptur, í skiptum fyrir útgáfu hlutdeildarskírteina til handa eigendum hlutdeildarskírteina samrunasjóðsins og, ef við á, greiðslu reiðufjár sem er ekki umfram 10% verðmætis þeirra hlutdeildarskírteina,
  - b. tveimur eða fleiri verðbréfasjóðum (samrunasjóðum), eða einstökum deildum samrunasjóða séu þeir deildaskiptir, er slitið án skuldaskila og allar eignir og skuldbindingar samrunasjóðanna eru yfirfærðar í verðbréfasjóð (yfirtökusjóð) sem þeir stofna, eða til einstakra deilda yfirtökusjóðs sé hann deildaskiptur, í skiptum fyrir útgáfu hlutdeildarskírteina til handa eigendum hlutdeildarskírteina samrunasjóðanna og, ef við á, greiðslu reiðufjár sem er ekki umfram 10% verðmætis þeirra hlutdeildarskírteina,
  - c. einn eða fleiri verðbréfasjóðir (samrunasjóðir), eða einstakar deildir verðbréfasjóðs sé hann deildaskiptur, halda áfram starfsemi sinni en yfirfæra hreina eign sína til annarrar deildar sama verðbréfasjóðs eða yfir í verðbréfasjóð (yfirtökusjóð) sem stofnaður er eða einstakra deilda hans sé hann deildaskiptur.
19. *Staðfesta*: Eftirfarandi gildir um staðfestu:
  - a. Rekstrarfélag hefur staðfestu þar sem það er með skráða starfsstöð.
  - b. Verðbréfasjóður hefur staðfestu þar sem hann hefur fengið staðfestingu eða er með starfsleyfi.
  - c. Vörsluaðili hefur staðfestu þar sem hann er með skráða starfsstöð eða útibú.
20. *Staðfesting*: Með staðfestingu verðbréfasjóðs er átt við heimild lögbærs yfirvalds til handa rekstrarfélagi til að starfrækja þann tiltekna verðbréfasjóð.

21. *Stjórn*: Stjórn í skilningi laga um hlutafélög.
  22. *Stofnframlag*: Stofnframlag samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
  23. *Útibú rekstrarfélags*: Starfsstöð sem er hluti rekstrarfélags, er ekki sérstakur lögaðili og veitir þá þjónustu sem rekstrarfélagi er heimilt að inna af hendi. Litið skal á allar starfsstöðvar rekstrarfélags í einu ríki innan EES sem eitt útibú hafi rekstrarfélag skráða starfsstöð í öðru ríki innan EES.
  24. *Varanlegur miðill*: Tæki sem gerir fjárfesti kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í hæfilegan tíma.
  25. *Verðbréfasjóður*: Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem hefur það eitt að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum, sbr. IX. kafla, á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu, og hlutdeildarskírteini í honum eru keypt eða innleyst að beiðni hlutdeildarskírteinishafa, beint eða óbeint, af eignum sjóðsins. Aðgerðir rekstrarfélags til að tryggja að skráð markaðsvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs á skipulegum verðbréfamarkaði víki ekki verulega frá virði hlutdeildarskírteina skulu taldar ígildi slíkra kaupa eða innlausna.
  26. *Virkur eignarhlutur*: Virkur eignarhlutur samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
  27. *Vörsluaðili*: Lögaðili sem hefur heimild til vörslu verðbréfasjóða, sbr. VI. kafla.
  28. *Yfirráð*: Yfirráð samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
- Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um merkingu hugtaka samkvæmt lögum þessum.

## II. KAFLI

### Starfsemi rekstrarfélaga, starfsleyfi o.fl.

#### 4. gr.

#### *Um rekstrarfélög verðbréfasjóða.*

Rekstur verðbréfasjóðs er starfsleyfis skyld starfsemi.

Rekstrarfélagi er heimilt að hefja rekstur verðbréfasjóðs að fengnu starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu ef rekstrarfélag uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

Rekstrarfélagi með starfsleyfi er einu heimilt að hafa orðin rekstrarfélag verðbréfasjóða í nafni sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni. Sé hætta á að villst verði á nöfnum rekstrarfélaga sem starfa hér á landi getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annað þeirra verði auðkennt sérstaklega.

Verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og einungis með starfsheimildir skv. d- og e-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. þeirra laga, skal teljast uppfylla skilyrði 7. gr. um veitingu starfsleyfis sem rekstrarfélag. Komi til slíkrar starfsleyfisveitingar skal fyrirtækið afsala sér starfsleyfi sínu sem verðbréfafyrirtæki.

#### 5. gr.

#### *Starfsheimildir rekstrarfélags verðbréfasjóðs.*

Rekstrarfélag skal ekki sinna annarri starfsemi en rekstri verðbréfasjóða og starfsemi samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. þó 3. mgr.

Rekstur verðbréfasjóðs felst í eftirfarandi:

1. Eignastýringu sjóðs.
2. Áhættustýringu sjóðs.
3. Umsýsluverkefnum:

- a. Bókhalds- og lögfræðipjónustu.
  - b. Þjónustu vegna fyrirspurna viðskiptavina.
  - c. Mati á verðmæti eigna.
  - d. Regluvörslu og innri endurskoðun.
  - e. Að halda og uppfæra skrár yfir hlutdeildarskírteinishafa.
  - f. Úthlutun arðs.
  - g. Útgáfu og innlaun hlutdeildarskírteina.
  - h. Uppgjöri viðskipta.
  - i. Vistun gagna.
4. Markaðssetningu.

Rekstrarfélagi er heimilt, að fenginni sérstakri heimild Fjármálaeftirlitsins, að sinna eftirfarandi verkefnum og skal við framkvæmd þeirra fara að lögum um verðbréfavíðskipti:

1. Eignastýringu samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.
2. Fjárfestingarráðgjöf samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.
3. Vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Rekstrarfélagi sem ekki hefur heimild til eignastýringar skv. 1. tölul. 3. mgr. er óheimilt að sinna verkefnum skv. 2.–3. tölul. sömu málsgreinar. Rekstrarfélagi er óheimilt að sinna eingöngu verkefnum skv. 3. mgr.

Rekstrarfélagi er óheimilt, í tengslum við rekstur á sjóðum sem má markaðssetja til almennra fjárfesta, að nýta sameiginlegan atkvæðisrétt í sjóðum í rekstri þess til að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefenda verðbréfa.

Rekstrarfélag með heimild til eignastýringar skv. 1. tölul. 3. mgr. skal ekki fjárfesta fyrir hönd viðskiptavinar í hlutdeildarskírteinum eða hlutum sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem hann rekur nema að fengnu fyrir fram samþykki viðskiptavinarins.

#### 6. gr.

##### *Umsókn um starfsleyfi.*

Umsókn rekstrarfélags til Fjármálaeftirlitsins um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- a. upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og þá sem bera ábyrgð á lykilstarfsviðum rekstrarfélags,
- b. upplýsingar um einstaklinga og lögaðila sem með beinum eða óbeinum hætti eiga virkan eignarhlut í rekstrarfélagi ásamt stærð eignarhlutar þeirra,
- c. samþykktir félags,
- d. staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár,
- e. rekstraráætlun þar sem meðal annars koma fram upplýsingar um skipurit rekstrarfélags og hvernig félagið hyggst uppfylla kröfur laga þessara,
- f. upplýsingar um starfskjarastefnu og framkvæmd hennar, sbr. 17. gr.,
- g. upplýsingar um fyrirkomulag útvistunar og keðjuútivistunar, sbr. 22. og 23. gr.,
- h. upplýsingar um nán tengsl milli rekstrarfélags og annarra aðila, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 3. gr.,
- i. aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar.

Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu, fyrir fram ef við á, um allar breytingar á áður veittum upplýsingum.

## 7. gr.

*Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.*

Fjármálaeftirlitið skal veita rekstrarfélagi starfsleyfi að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Rekstrarfélag hefur nægilegt stofnframlag og eiginfjárgrunn skv. 12. gr.
2. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og þeir sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum rekstrarfélags uppfylla kröfur 11. gr.
3. Þeir sem fara með virkan eignarhlut í rekstrarfélagi séu hæfir, sbr. 3. mgr. 13. gr.
4. Höfuðstöðvar og skráð starfsstöð rekstrarfélags eru hér á landi.
5. Rekstrarfélag starfar sem hlutafélag.
6. Náin tengsl milli rekstrarfélags og annarra aðila hindra ekki skilvirkt eftirlit með starfsemi rekstrarfélags.
7. Lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli ríkis utan EES sem gilda um aðila með náin tengsl við rekstrarfélag eða erfiðleikar við að framfylgja lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum ríkis utan EES hindra ekki skilvirkt eftirlit með starfsemi rekstrarfélags.
8. Rekstrarfélag uppfyllir önnur skilyrði laga þessara.

Fjármálaeftirlitið skal reglubundið óska eftir upplýsingum frá rekstrarfélagi um að skilyrðin fyrir veitingu starfsleyfis séu uppfyllt.

Fjármálaeftirlitið skal leita álits viðkomandi lögbærs yfirvalds í öðrum ríkjum innan EES áður en starfsleyfi er veitt skv. 1. mgr. sé rekstrarfélag:

- a. dótturfélag annars rekstrarfélags, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfafyrirtækis, lánastofnunar eða váttryggingafélags með starfsleyfi í öðru ríki innan EES,
- b. dótturfélag móðurfélags annars rekstrarfélags, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfafyrirtækis, lánastofnunar eða váttryggingafélags með starfsleyfi í öðru ríki innan EES, eða
- c. undir yfirráðum aðila sem hefur einnig yfirráð yfir öðru rekstrarfélagi, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfafyrirtækis, lánastofnunar eða váttryggingafélagsi með starfsleyfi í öðru ríki innan EES.

Rekstrarfélag með starfsleyfi skal ávallt uppfylla skilyrði þessarar greinar.

## 8. gr.

*Takmörkun á starfsemi rekstrarfélags.*

Fjármálaeftirlitið getur sett takmarkanir á starfsemi rekstrarfélags, t.d. hvað varðar fjárfestingaraðferðir verðbréfasjóða, telji Fjármálaeftirlitið sérstaka ástæðu til.

Áður en gripið er til takmörkunar skv. 1. mgr. skal rekstrarfélagi gefinn kostur á að koma við úrbótum sé það unnt að mati Fjármálaeftirlitsins. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um takmörkun á starfsemi skulu rökstuddar skriflega. Veiti rekstrarfélagið þjónustu í öðru ríki innan EES skal tilkynning um efni ákvörðunarinnar og rökstuðning send lögbærum eftirlitsaðila í því ríki.

## 9. gr.

*Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu eða synjun starfsleyfis.*

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um starfsleyfi rekstrarfélags skal tilkynnt rekstrarfélagi skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að fullnægjandi umsókn barst Fjármálaeftirlitinu.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn um starfsleyfi skal rökstudd.

## 10. gr.

*Skrá yfir rekstrarfélög verðbréfasjóða.*

Fjármálaeftirlitið skal halda og birta opinberlega skrá yfir rekstrarfélög verðbréfasjóða þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um félögin.

## 11. gr.

*Um hæfi stjórnenda rekstrarfélags.*

Um hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra rekstrarfélags gilda ákvæði 52. og 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eftir því sem við á. Starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum skulu hafa gott orðspor og viðeigandi reynslu og þekkingu, með hliðsjón af starfsemi rekstrarfélags.

Sjóðstjórar verðbréfasjóða skulu hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Rekstrarfélag skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og breytingar varðandi þá einstaklinga sem gegna störfum skv. 1. mgr. og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrði 1. og 2. mgr. eru uppfyllt.

## 12. gr.

*Stofnframlag og eiginfjárgrunnur.*

Stofnframlag og eiginfjárgrunnur rekstrarfélags verðbréfasjóðs skal að lágmarki nema jafnvirði 125 þúsund evra í íslenskum krónum, miðað við opinbert viðmiðunargengi, kaupgengi, eins og það er skráð hverju sinni.

Fari heildareignir sjóða um sameiginlega fjárfestingu í rekstri rekstrarfélags yfir jafnvirði 250 millj. evra í íslenskum krónum skal rekstrarfélag hafa til staðar viðbótarfjárhæð eiginfjárgrunns. Viðbótarfjárhæðina skal reikna sem 0,02% af þeirri upphæð sem fer yfir jafnvirði 250 millj. evra í íslenskum krónum en samanlögð upphæð stofnframlags og viðbótarfjárhæðar eiginfjárgrunns skal að hámarki nema jafnvirði 10 millj. evra í íslenskum krónum.

Verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir teljast í rekstri rekstrarfélags skv. 2. mgr. Þótt rekstrarfélag hafi útvistað verkefnum vegna þeirra en til þeirra teljast ekki sjóðir sem rekstrarfélag sér um eignastýringu fyrir samkvæmt útivistunarsamningi.

Þrátt fyrir 2. mgr. skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélags aldrei vera lægri en sem nemur reiknaðri fjárhæð skv. 84. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Fari eiginfjárgrunnur rekstrarfélags undir þau mörk getur Fjármálaeftirlitið gefið frest til að bæta þar úr, ella skuli rekstrarfélagið stöðva starfsemina.

## 13. gr.

*Virkur eignarhlutur.*

Aðili sem hyggst einn sér eða í samstarfi við aðra eignast virkan eignarhlut í rekstrarfélagi skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 33% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að rekstrarfélag verði talið dótturfélag hans.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um eiganda virks eignarhlutar sem hyggst draga svo úr hlutafjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut. Í tilkynningu skal koma fram hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33% eða 50% eða svo mikið að rekstrarfélag hættir að vera dótturfélag hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutafjárauðninga.

Ákvæði VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, gilda um eignarhluti og meðferð þeirra.

14. gr.

*Afturköllun starfsleyfis.*

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi rekstrarfélags, í heild eða að hluta, ef:

1. Rekstrarfélag óskar sjálft eftir því.
2. Rekstrarfélag nýtir ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hættir að stunda þá starfsemi sem starfsleyfið tekur til í meira en sex mánuði samfellt.
3. Rekstrarfélag hefur öðlast starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
4. Rekstrarfélag uppfyllir ekki lengur skilyrði sem voru til grundvallar starfsleyfi.
5. Rekstrarfélag fullnægir ekki kröfu um áhættugrunn skv. 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, ef rekstrarfélag hefur starfsheimildir skv. 3. mgr. 5. gr.
6. Rekstrarfélag brýtur gróflega eða ítrekað gegn lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim.
7. Rekstrarfélag brýtur gegn ákvæðum annarra laga sem varðað getur afturköllun starfsleyfis.

Afturköllun á starfsleyfi rekstrarfélags skal tilkynnt stjórn rekstrarfélags og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningu um afturköllunina opinberlega.

III. KAFLI

**Skilyrði fyrir starfsemi rekstrarfélaga og skipulagskröfur**

15. gr.

*Almenn skilyrði.*

Rekstrarfélag skal ávallt:

1. Viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur, þ.m.t. starfa af heiðarleika, fagmennsku, kostgæfni og sanngirni og starfa með hagsmuni verðbréfasjóða sem það rekur, eigenda hlutdeildarskírteina og heilleika markaða að leiðarljósi.
2. Hafa getu, þekkingu og verklag sem nauðsynlegt er til að sinna starfsemi rekstrarfélags með tilhlýðilegum hætti.
3. Grípa til allra sanngjarnra ráðstafana til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Verði ekki hjá hagsmunaárekstrum komist ber rekstrarfélagi að greina, stýra, vakta og upplýsa verðbréfasjóð, fjárfesta og aðra eftir því sem við á um hagsmunaárekstra til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á hagsmuni verðbréfasjóða og fjárfesta þeirra og til að tryggja sanngjarna meðhöndlun verðbréfasjóða í rekstri rekstrarfélags.
4. Starfa í samræmi við lög og reglur sem eiga við hverju sinni svo því sé unnt að gæta hagsmuna verðbréfasjóða, fjárfesta þeirra og heilleika markaðarins.

Meiri hluti stjórnarmanna rekstrarfélags skal vera óháður móðurfélagi og vörsluaðila sjóða í rekstri rekstrarfélags. Stjórnarmaður rekstrarfélags má ekki vera stjórnarmaður eða lykilstarfsmaður móðurfélags rekstrarfélagsins eða stjórnarmaður eða starfsmaður vörsluaðila sjóða í rekstri rekstrarfélags. Stjórnarmaður vörsluaðila sjóða í rekstri rekstrarfélags má ekki vera stjórnarmaður eða starfsmaður rekstrarfélags.

Rekstrarfélag skal ávallt búa yfir viðeigandi mannaúdi og nauðsynlegri tækni til að geta rekið verðbréfasjóði á fullnægjandi hátt með hliðsjón af eðli þeirra. Í þessu felst meðal annars:

1. Eftirlit með rekstri og bókhaldi.

2. Eftirlit og öryggisráðstafanir með rafrænni gagnavinnslu.
3. Innra eftirlit, þar á meðal regluvarsla og innri endurskoðun.

Rekstrarfélag skal setja reglur um eigin verðbréfavíðskipti, stjórnar sinnar og starfsmanna. Reglunum er ætlað að tryggja að unnt sé að rekja öll víðskipti sem tengjast verðbréfasjóði til uppruna þeirra, hver átti þau, auk upplýsinga um tilgang þeirra og tíma og hvar þau voru framkvæmd. Reglunum er jafnframt ætlað að tryggja að fjárfestingar verðbréfasjóðs séu í samræmi við lög og reglur hans.

Rekstrarfélag skal viðhafa gagnsætt og skilvirkt verklag við meðferð kvartana frá fjárfestum. Fjárfestar skulu geta lagt fram kvörtun á opinberu tungumáli, eða einu af opinberum tungumálum, í heimaríki verðbréfasjóðs. Þá skal rekstrarfélag hafa til staðar ferla sem tryggja aðgengi almennings og lögbærra yfirvalda í heimaríki verðbréfasjóðs, þar sem það á við, að nauðsynlegum upplýsingum komi fram beiðni þar um.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um almenn skilyrði fyrir starfsemi rekstrarfélags, þar á meðal um viðmið fyrir eðlilega og heilbrigða víðskiptahætti, um meðferð kvartana, raf-ræna gagnavinnslu, bókhaldsaðferðir, eftirlit stjórnar, framkvæmdastjóra og eftirlitsaðila, regluvörslu, innri endurskoðun, hagsmunaárekstra, skráningu víðskipta, skráningu áskrifta og innlausna, meðferð skráðra upplýsinga og um áreiðanleikakannanir vegna fjárfestinga og við val á mótaðilum og aðalmiðlurum.

#### 16. gr.

##### *Þagnarskylda.*

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu rekstrarfélags eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varðar víðskipta- eða einkamálefni víðskiptamanna rekstrarfélags eða sjóða í rekstri þess nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Sá sem veitir víðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingar skal áminna víðtakanda um þagnarskylduna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er heimilt að miðla upplýsingum til móðurfélags rekstrarfélags ef móðurfélagið er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði. Slík upplýsingamiðlun má þó aðeins eiga sér stað að því marki sem nauðsynlegt er vegna áhættustýringar og má ekki ná til einkamálefna víðskiptamanna. Sama gildir um miðlun upplýsinga vegna eftirlits á samstæðugrunni.

#### 17. gr.

##### *Starfskjarastefna, kaupaukakerfi og starfslokasamningar.*

Stjórn rekstrarfélags skal samþykkja starfskjarastefnu sem nær til starfskjara stjórnarmanna og starfsmanna. Um starfskjarastefnuna gilda ákvæði laga um hlutafélög enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Stjórn rekstrarfélags skal hafa eftirlit með starfskjarastefnu og eigi sjaldnar en árlega taka stefnuna til endurskoðunar.

Starfskjarastefnan og framkvæmd hennar skal stuðla að skilvirkri áhættustýringu og sporna við óhóflegri áhættutöku sem er í ósamræmi við áhættusnið og reglur sjóða. Auk þess skal hún samræmast ákvæðum 57. gr. a og 57. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um kaupaukakerfi og starfslokasamninga rekstrarfélaga vegna starfsmanna og stjórnenda gilda ákvæði 57. gr. a og 57. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.



## 18. gr.

*Hagsmunaárekstrar.*

Rekstrarfélag skal grípa til allra eðlilegra ráðstafana til þess að greina, koma í veg fyrir, stýra og vakta hagsmunaárekstra.

Skylda rekstrarfélags skv. 1. mgr. á við um hagsmunaárekstra milli:

- a. rekstrarfélags, þ.m.t. stjórnenda, starfsmanna og annarra sem tengjast rekstrarfélagi í gegnum yfirráð, og verðbréfasjóðs sem það rekur eða fjárfesta sjóðsins,
- b. verðbréfasjóðs eða fjárfesta hans og annars verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs sem hann rekur eða fjárfesta slíkra sjóða,
- c. verðbréfasjóðs eða fjárfesta hans og annars viðskiptavinar rekstrarfélags, og
- d. tveggja viðskiptavina rekstrarfélags.

Rekstrarfélag skal aðskilja verkefni og ábyrgð í starfsemi sinni sem telja má ósamrýmanleg eða sem geta mögulega valdið kerfisbundnum hagsmunaárekstrum. Rekstrarfélag skal meta hvort skipulag starfsemi þess geti valdið öðrum verulegum hagsmunaárekstrum og upplýsa fjárfesta verðbréfasjóða um þá.

Rekstrarfélag skal upplýsa fjárfesti um eðli og ástæður hagsmunaárekstra áður en til viðskipta er stofnað ef ráðstafanir rekstrarfélags skv. 1.–3. mgr. veita ekki eða munu ekki veita fullnægjandi vissu fyrir því að komið sé í veg fyrir hættu á að hagsmuna fjárfestis verði ekki nægjanlega gætt. Rekstrarfélag skal setja sér viðeigandi stefnu og verkferla um upplýsingagjöf og meðferð slíkra hagsmunaárekstra.

Ráðherra setur reglugerð um stefnu um hagsmunaárekstra, tegundir hagsmunaárekstra, aðgerðir rekstrarfélaga verðbréfasjóða og tiltækar ráðstafanir rekstrarfélaga verðbréfasjóða við að greina, koma í veg fyrir, stýra, vakta og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra.

## 19. gr.

*Áhættustýring.*

Rekstrarfélag skal aðskilja starfsemi og ábyrgð áhættustýringar frá rekstrareiningum, þar með talið frá eignastýringu sjóða, á fullnægjandi hátt. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessari skyldu þar sem það er viðeigandi með hliðsjón af eðli, umfangi og flækjustigi rekstrarins og þeirra verðbréfasjóða sem rekstrarfélagið stýrir.

Rekstrarfélag skal koma á fullnægjandi eftirlitskerfi með áhættu til að greina, mæla, stýra og vakta hvers konar áhættuþætti sem tengjast fjárfestingum hvers verðbréfasjóðs og áhrif þeirra á heildaráhættu sjóðsins. Rekstrarfélag skal ekki reiða sig einungis eða kerfisbundið á lánshæfismöt lánshæfismatsfyrirtækja við mat á lánshæfi eigna hvers verðbréfasjóðs.

Rekstrarfélag skal endurskoða og uppfæra eftirlitskerfi með áhættu eins oft og þörf krefur, að lágmarki árlega.

Rekstrarfélag skal að lágmarki:

- a. koma á og fylgja fullnægjandi skriflegu verkferli um framkvæmd áreiðanleikakannana við fjárfestingar hvers verðbréfasjóðs. Verkferill skal taka mið af fjárfestingaraðferðum, markmiðum og áhættusniði sjóðsins og skal uppfærður reglulega,
- b. tryggja að unnt sé með viðvarandi hætti að greina, mæla, stýra og vakta áhættu vegna hverrar fjárfestingar verðbréfasjóðs og áhrif hennar á eignasafn hans, þ.m.t. með notkun viðeigandi álagsprófa, og
- c. tryggja að áhættusnið verðbréfasjóðs sé í samræmi við stærð, samsetningu eignasafns, fjárfestingaraðferðir og markmið sjóðsins sem fram koma í reglum hans, lýsingu eða öðrum skjölum vegna markaðssetningar.

Með hliðsjón af eðli, umfangi og starfsemi verðbréfasjóða rekstrarfélags skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með lánshæfismatsferlum rekstrarfélags, meta út frá fjárfestingarstefnum sjóða hvernig rekstrarfélag styðst við lánshæfismöt og, þegar við á, hvetja rekstrarfélag til að draga úr notkun þeirra til samræmis við 2. mgr.

Ráðherra setur reglugerð um áhættustýringu verðbréfasjóða, svo sem um eftirlitskerfi með áhættustýringu sem rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu nota í tengslum við þá áhættuþætti sem sjóðir sem þeir stýra verða eða gætu orðið fyrir.

#### 20. gr.

##### *Lausafjárstýring.*

Rekstrarfélag skal fyrir hvern verðbréfasjóð í rekstri þess hafa fullnægjandi eftirlitskerfi með lausafjárstýringu.

Rekstrarfélag skal setja verkferil sem gerir því kleift að vakta lausafjárahættu hvers verðbréfasjóðs og tryggja að lausafjárnið fjárfestinga sjóðsins uppfylli undirliggjandi skuldbindingar hans.

Rekstrarfélag skal reglulega framkvæma álagspróf, við venjuleg og óvenjuleg lausafjárskilyrði, sem gerir því kleift að meta og vakta lausafjárahættu sjóða sem það rekur.

Rekstrarfélag skal tryggja að fyrir hvern verðbréfasjóð í rekstri þess sé samræmi á milli fjárfestingaraðferða, lausafjárniðs og reglna um innlausn.

Ráðherra setur reglugerð um lausafjárstýringu.

#### 21. gr.

##### *Skylda til verðmats.*

Rekstrarfélag skal fyrir hvern verðbréfasjóð í rekstri þess hafa viðeigandi ferla til að hægt sé að framkvæma fullnægjandi og óháð mat á eignum sjóðs í samræmi við ákvæði laga og reglur sjóðsins. Verðmat skal framkvæmt af óhlutdrægni, þekkingu og áreiðanleika.

Mat á eignum verðbréfasjóðs skal á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar.

Virði annarra fjármálagerninga skal háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstrarfélag skal halda skrá yfir mat eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur við mat á eignum.

Ráðherra setur reglugerð um viðmið fyrir verðmatsferla.

#### 22. gr.

##### *Útvistun.*

Rekstrarfélagi er heimilt að útvista til þriðja aðila hluta starfsemi sinnar enda liggi fyrir því hlutlægar ástæður. Rekstrarfélagi er þó óheimilt að útvista bæði eignastýringu sjóðs og áhættustýringu sama sjóðs.

Rekstrarfélag skal tilkynna um útvistun til Fjármálaeftirlitsins áður en útvistun hefst.

Útvistun skal heimil að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a. útvistunaraðili skal hafa nauðsynlega getu, þekkingu, hæfni, reynslu og gott orðspor til að sinna þeim verkefnum sem útvistað er til hans,
- b. ef útvistunin varðar eigna- eða áhættustýringu sjóðs má aðeins fela hana útvistunaraðilum sem hafa heimild til eignastýringar og eru undir eftirliti en sé hún falin aðila utan EES

skal auk þess vera samstarfssamningur við lögbært yfirvald í því ríki sem útvistunaraðili hefur staðfestu,

- c. útvistun má hvorki hamla virku eftirliti með rekstrarfélagi né koma í veg fyrir að rekstrarfélag starfi eða geti rekið verðbréfasjóð með hagsmuni fjárfesta að leiðarljósi, og
- d. útvistunaraðili skal hafa hæfi og getu til að sinna útvistuðum verkefnum, hann skal hafa verið valinn af kostgæfni, rekstrarfélag skal geta með skilvirkum hætti vakt að útvistaða starfsemi, gefið frekari leiðbeiningar til útvistunaraðila vegna útvistaðra verkefna og fellt niður útvistun án tafar sé það í þágu fjárfesta.

Óheimilt er að útvista eignastýringu sjóðs eða áhættustýringu til:

- a. vörsluaðila eða útvistunaraðila vörsluaðila eða
- b. sérhvers annars aðila ef hagsmunir hans kunna að rekast á hagsmuni rekstrarfélags eða hlutdeildarskírteinishafa.

Rekstrarfélag skal yfirfara þjónustu útvistunaraðila reglubundið. Rekstrarfélag getur hvenær sem er gefið fyrirmæli til útvistunaraðila og sagt umsvifalaust upp samningi við hann um útvistun ef slík ráðstöfun þjónar hagsmunum fjárfesta.

Rekstrarfélagi er óheimilt að útvista verkefnum í þeim mæli að hann teljist í raun ekki lengur reka verðbréfasjóð.

Fjármálaeftirlitið skal án tafar áframsenda upplýsingar um útvistun skv. 2. mgr. til lögbærs yfirvalds í heimaríki verðbréfasjóðs.

Ráðherra setur reglugerð um skilyrði sem þarf að uppfylla varðandi útvistun, þar á meðal um hlutlægar ástæður fyrir útvistun, þekkingu, reynslu og getu útvistunaraðila, útvistun áhættu- eða eignastýringar sjóðs, skilvirkt eftirlit, hagsmunaárekstra og keðjuútvistun, og enn fremur um hvenær útvistun telst vera það víðtæk að rekstrarfélag telst ekki lengur stýra verðbréfasjóði.

#### 23. gr.

##### *Keðjuútvistun.*

Útvistunaraðili getur framselt til þriðja aðila verkefni sem útvistað hefur verið til hans hafi rekstrarfélag veitt samþykki sitt fyrir fram og tilkynnt um keðjuútvistunina til Fjármálaeftirlitsins áður en keðjuútvistunin hefst. Skilyrði 1.–4. mgr. 22. gr. gilda einnig um keðjuútvistun.

Útvistunaraðili skal reglubundið fara yfir þá þjónustu sem sérhver keðjuútvistunaraðili veitir.

Útvisti keðjuútvistunaraðili verkefnum sem hefur verið keðjuútvistað til hans ber að fara eftir skilyrðum 1. og 2. mgr., eftir því sem við á.

#### 24. gr.

##### *Áhrif útvistunar og keðjuútvistunar á ábyrgð rekstrarfélags.*

Útvistun rekstrarfélags eða keðjuútvistun verkefna hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð rekstrarfélags gagnvart verðbréfasjóði eða hlutdeildarskírteinishöfum.

### IV. KAFLI

#### **Staðfesting verðbréfasjóða.**

#### 25. gr.

##### *Rekstrarform verðbréfasjóða.*

Verðbréfasjóður skal rekinn af rekstrarfélagi verðbréfasjóða sem hlutdeildarsjóður, sbr. V. kafla.

Óheimilt er að skipta um rekstrarfélag verðbréfasjóðs eða vörsluaðila án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

Óheimilt er að breyta verðbréfasjóðum í aðrar tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

#### 26. gr.

##### *Skilyrði um staðfestingu.*

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóði staðfestingu samkvæmt reglum þessa kafla. Óheimilt er að markaðssetja sjóð um sameiginlega fjárfestingu sem verðbréfasjóð eða UCITS-sjóð eða gefa á annan hátt til kynna að um verðbréfasjóð eða UCITS-sjóð sé að ræða án staðfestingar viðkomandi lögbærs yfirvalds.

Verðbréfasjóður getur fengið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins ef rekstrarfélag sjóðsins er með staðfestu og starfsleyfi innan EES að uppfylltum öðrum skilyrðum.

Verðbréfasjóður fær aðeins staðfestingu ef Fjármálaeftirlitið samþykkir umsókn rekstrarfélags til að reka þann tiltekna verðbréfasjóð, sbr. 27. gr., reglur sjóðsins, sbr. 32. gr., og val á vörsluaðila, sbr. 44. gr.

Fjármálaeftirlitið skal ekki veita verðbréfasjóði staðfestingu sem ekki verður markaðssettur á Íslandi.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd 2. mgr., svo sem um umsókn rekstrarfélags með staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan EES um staðfestingu verðbréfasjóðs hér á landi.

#### 27. gr.

##### *Umsókn um staðfestingu.*

Umsókn rekstrarfélags um staðfestingu verðbréfasjóðs skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

- a. reglur sjóðsins skv. 32. gr.,
- b. útboðslýsing skv. 58. gr.,
- c. lykilupplýsingar sjóðsins skv. 59. gr.,
- d. upplýsingar um sjóðstjóra, og
- e. aðrar viðeigandi upplýsingar.

#### 28. gr.

##### *Veiting og synjun staðfestingar.*

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um staðfestingu eða synjun staðfestingar skal tekin svo fljótt sem auðið er. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal tilkynnt umsækjanda eigi síðar en tveimur mánuðum eftir móttöku fullnægjandi umsóknar.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn um staðfestingu skal rökstudd.

#### 29. gr.

##### *Afturköllun staðfestingar.*

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað staðfestingu verðbréfasjóðs og krafist þess að honum verði slitið eigi eitt af eftirtöldu við:

- a. hafi rekstrarfélag brotið grófllega eða ítrekað gegn lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða reglum sjóðsins,
- b. uppfylli verðbréfasjóður ekki lengur skilyrði fyrir staðfestingu,

- c. hafi rekstrarfélag ekki nýtt heimild til starfsemi verðbréfasjóðs innan tólf mánaða frá því að staðfesting var veitt, ótvírætt afsalað slíkri staðfestingu eða hafi sjóðurinn ekki verið með starfsemi í meira en sex mánuði samfelld, eða
  - d. hafi staðfesting fengist á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
- Afturköllun á staðfestingu verðbréfasjóðs skal tilkynnt stjórn rekstrarfélags og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningu um afturköllun opinberlega.
- Markaðssetji rekstrarfélags verðbréfasjóð í öðru ríki innan EES skal Fjármálaeftirlitið tilkynna afturköllunina lögbæru yfirvaldi í viðkomandi ríki.

30. gr.

*Skrá yfir verðbréfasjóði.*

Fjármálaeftirlitið skal halda og birta opinberlega skrá yfir verðbréfasjóði sem hlotið hafa staðfestingu skv. 28. gr. þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um sjóðina.

## V. KAFLI

### Rekstrarformið hlutdeildarsjóður.

#### A. Stofnun, starfsemi o.fl.

31. gr.

*Stofnun og heiti.*

Rekstrarfélagi verðbréfasjóða er einu heimilt að stofna hlutdeildarsjóð sem er verðbréfasjóður.

Hlutdeildarsjóði er einum heimilt og jafnframt skylt að nota í heiti sínu orðið hlutdeildarsjóður eða skammstöfunina hs.

32. gr.

*Reglur verðbréfasjóðs.*

Rekstrarfélag skal setja verðbréfasjóði reglur sem skulu ávallt vera fjárfestum aðgengilegar. Rekstrarfélag fyrir hönd verðbréfasjóðs skal framfylgja reglum sjóðsins.

Í reglum sjóðsins skulu að lágmarki koma fram upplýsingar um:

1. Heiti sjóðsins, kennitölu og rekstrarform.
2. Að um verðbréfasjóð sé að ræða.
3. Hvert er rekstrarfélagið, hvernig skipt verði um rekstrarfélag og hvernig hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa verði tryggðir við slík skipti.
4. Hvort sjóðurinn starfi óskiptur eða í aðgreindum deildum.
5. Fjárfestingarstefnu sjóðsins.
6. Hver er vörsluaðili, hvernig skipt verði um vörsluaðila og hvernig hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa verði tryggðir við slík skipti.
7. Þóknun rekstrarfélags og aðferðir við útreikning þóknunar, sem og kostnað sem rekstrarfélagi er heimilt að krefja sjóðinn um.
8. Heimild til markaðssetningar sjóðsins á Íslandi og í öðrum ríkjum innan EES.
9. Útgáfu hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.
10. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af eignum sjóðsins.
11. Hvernig reikna skuli út virði hlutdeildarskírteina hvers hlutar skv. 62. gr.
12. Hvernig staðið skuli að samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði eða samruna deilda sama sjóðs.
13. Hvernig sjóði eða deild er slitið.

Breytingar á reglum verðbréfasjóðs öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta gildistöku reglna sjóðsins í allt að þrjá mánuði frá staðfestingu ef ástæða er til.

Rekstrarfélag skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þeirri tilkynningarskyldu.

33. gr.

*Deildaskipting.*

Heimilt er að starfrækja verðbréfasjóð í aðgreindum sjóðsdeildum eftir því sem fram kemur í reglum sjóðsins. Hver sjóðsdeild skal hafa aðgreindan fjárhag innan rekstrarfélags. Ber þá hver deild ábyrgð á sínum skuldbindingum en þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

34. gr.

*Sjóðsmyndun.*

Eignir myndast í verðbréfasjóði með samningi rekstrarfélags við viðskiptavin sem felur því að ávaxta fjármuni sína í tilteknum verðbréfasjóði í rekstri hans. Sjóðurinn myndast með afhendingu fjármuna viðskiptavinar gegn hlutdeildarskírteinum og samanstendur af þeim eignum sem verða til við ráðstöfun fjármunanna til sameiginlegrar fjárfestingar.

35. gr.

*Rekstur verðbréfasjóðs.*

Rekstrarfélag verðbréfasjóðs fer með stjórn og stýrir daglegum rekstri sjóðsins.

Rekstrarfélag ber ábyrgð á rekstri verðbréfasjóða og sjóðsdeilda og kemur fram fyrir þeirra hönd.

36. gr.

*Ábyrgð fjárfesta á skuldbindingum verðbréfasjóðs.*

Hlutdeildarskírteinishafar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum einstakra verðbréfasjóða eða deilda þeirra.

37. gr.

*Ábyrgð rekstrarfélags á skuldbindingum verðbréfasjóðs.*

Rekstrarfélag ber ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra verðbréfasjóða eða deilda þeirra og standa einvörðungu eignir hvers sjóðs eða deildar til fullnustu skuldbindingum hvers þeirra. Ákvæði þetta vikur ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags.

38. gr.

*Tilkynning verðbréfasjóðs til skráningar hjá fyrirtækjaskrá.*

Tilkynna skal verðbréfasjóð til skráningar í fyrirtækjaskrá í samræmi við lög um fyrirtækjaskrá.

**B. Hlutdeildarskírteini.**

39. gr.

*Útgáfa hlutdeildarskírteina.*

Rekstrarfélag skal gefa út hlutdeildarskírteini fyrir eignarréttindum í verðbréfasjóði. Rekstrarfélagi er þó ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema að ósk fjárfestis ef fjárfestar geta hvenær sem er aflað sér staðfestingar á hlutdeild sinni með öðrum hætti.

Hlutdeildarskírteinishafar eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildarar.

Séu hlutdeildarskírteini gefin út sem rafbréf í verðbréfamiðstöð gilda um útgáfuna lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Hlutdeildarskírteini skulu skráð á nafn eða á safnreikning í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti.

Rekstrarfélag getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum.

#### 40. gr.

##### *Upplýsingar í hlutdeildarskírteini.*

Í hlutdeildarskírteini skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram, sbr. þó 3. og 4. mgr. 39. gr.:

1. Nafn hlutdeildarsjóðs, rekstrarfélags og vörsluaðila.
2. Nafn og kennitala upphaflegs eiganda skírteinis.
3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
4. Nafn og kennitala framsalshafa hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn rekstrarfélags. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sannanlegan hátt.

#### 41. gr.

##### *Skrá yfir hlutdeildarskírteini.*

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa í hlutdeildarsjóðnum. Í skránni skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.
2. Sölu dagur skírteinis.
3. Nafnverð skírteinis.
4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið, sbr. þó 3. mgr. 39. gr.

#### 42. gr.

##### *Staðgreiðsla.*

Hlutdeildarskírteini verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

### VI. KAFLI

#### **Vörsluaðili verðbréfasjóða.**

#### 43. gr.

##### *Skipan vörsluaðila.*

Rekstrarfélag skal tryggja að fyrir sérhvern verðbréfasjóð sem það rekur sé skipaður einn vörsluaðili, í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Um skipan vörsluaðila skal gera skriflegan samning. Samningurinn skal meðal annars innihalda ákvæði um miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru svo vörsluaðila sé unnt að rækja hlutverk sitt í samræmi við lög þessi.

Óheimilt er að skipta um vörsluaðila án samþykkis Fjármálaeftirlitsins. Ráðherra setur reglugerð um samning á milli rekstrarfélags og vörsluaðila.

## 44. gr.

*Vörsluaðili verðbréfasjóða.*

Vörsluaðili verðbréfasjóðs skal hafa staðfestu hér á landi.

Eftirtöldum aðilum er heimilt að vera vörsluaðili:

1. Lánastofnunum með starfsleyfi innan EES.
2. Verðbréfafyrirtækjum með starfsleyfi innan EES, sem sótt hafa um og fengið heimild Fjármálaeftirlitsins til vörslu verðbréfasjóða samkvæmt lögum þessum. Verðbréfafyrirtæki skal hafa heimild til vörslu og umsýslu í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. vörslu fjármálagerninga og tengdrar þjónustu, svo sem vegna fjármuna eða trygginga. Verðbréfafyrirtæki skal lúta eiginfjárkröfum vegna rekstraráhættu samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Eiginfjárgrunnur þess skal að lágmarki nema fjárhæð stofnframlags skv. 2. mgr. 14. gr. a sömu laga.

Vörsluaðili skv. 2. tölul. 2. mgr. skal að lágmarki uppfylla eftirtaldar kröfur:

- a. hafa nauðsynlega innviði til að geta haft í sinni vörslu fjármálagerninga sem unnt er að skrá á vörslureikninga sem opnaðir eru í bókum vörsluaðilans,
- b. hafa fullnægjandi stefnu og verkferla sem nægja til að tryggja að viðkomandi vörsluaðili, stjórnendur og starfsfólk hans meðtalin, uppfylli allar skyldur hans samkvæmt lögum þessum,
- c. hafa traustar aðferðir fyrir stjórnun og bókhald, innri eftirlitskerfi, skilvirka verkferla fyrir áhættumat og skilvirkar ráðstafanir vegna eftirlits og öryggis sem tengist upplýsingavinnslukerfi,
- d. grípa til allra sanngjarnra ráðstafana til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra,
- e. halda skrár yfir alla þjónustu, starfsemi og viðskipti sem viðkomandi vörsluaðili tekur sér fyrir hendur og skulu þær vera nægilega ítarlegar til að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirlitsverkefnum sínum og framkvæmt eftirlitsaðgerðir sem kveðið er á um í lögum þessum,
- f. gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að störf vörsluaðila séu samfelld og reglubundin með því að beita viðeigandi og hóflegum kerfum, aðföngum og málsmeðferðarreglum, þ.m.t. til að stunda vörslustarfsemi sína,
- g. allir aðilar stjórnar og framkvæmdastjórnar vörsluaðila hafi ávallt nægilega gott orðspor og búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu,
- h. stjórn vörsluaðila búi yfir fullnægjandi sameiginlegri þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja starfsemi vörsluaðila, þ.m.t. helstu áhættu í rekstri hans og
- i. hver og einn aðili stjórnar og framkvæmdastjórnar vörsluaðila starfi heiðarlega og af heilindum.

Fjármálaeftirlitið skal halda og birta opinberlega skrá yfir verðbréfafyrirtæki sem hafa fengið heimild sem vörsluaðili verðbréfasjóða.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað heimild verðbréfafyrirtækis skv. 2. tölul. 2. mgr. til vörslu verðbréfasjóða ef:

- a. vörsluaðili hefur brotið gróflega eða ítrekað gegn lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða reglum sjóðsins,
- b. vörsluaðili hefur öðlast heimild til vörslu verðbréfasjóða á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt, eða



- c. vörsluaðili uppfyllir ekki lengur skilyrði sem voru til grundvallar heimild til vörslu verðbréfasjóða.

Afturköllun heimildar vörsluaðila skal tilkynnt stjórn vörsluaðila og stjórn rekstrarfélags og rökstudd skriflega.

#### 45. gr.

##### *Hlutverk vörsluaðila með tilliti til sjóðstreymis verðbréfasjóðs.*

Vörsluaðili skal vakta sjóðstreymi verðbréfasjóðs og tryggja sérstaklega að allir fjármunir sem fjárfestar inna af hendi vegna kaupa á hlutdeildarskírteinum séu móttæknir og að allir fjármunir verðbréfasjóðs séu lagðir inn á reikninga sjóðsins eða reikninga rekstrarfélags eða vörsluaðila fyrir hönd sjóðsins.

Reikningar skv. 1. mgr. skulu vera hjá:

- a. seðlabanka,
- b. lánastofnun með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki eða sambærilegri löggjöf annarra ríkja innan EES, eða
- c. lánastofnun með starfsleyfi í ríki utan EES eða sambærilegum aðila sem lýtur skilvirkum varfærnisreglum og eftirliti sem er sambærilegt og hefur sömu áhrif og slík löggjöf innan EES.

Um aðila skv. 2. mgr. skulu gilda sambærilegar reglur og í lögum um verðbréfavíðskipti og stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim um verndun réttinda viðskiptavina í tengslum við fjármálagerninga og fjármuni í eigu þeirra.

Ef reikningur er í nafni vörsluaðila fyrir hönd verðbréfasjóðs, sbr. 1. mgr., skal ekkert reiðufé vörsluaðila eða þeirra aðila sem nefndir eru í 2. mgr. lagt inn á slíkan reikning.

Ráðherra setur reglugerð um hlutverk vörsluaðila og skilyrði fyrir framkvæmd verkefna vörsluaðila.

#### 46. gr.

##### *Hlutverk vörsluaðila með tilliti til eigna verðbréfasjóðs.*

Vörsluaðili skal varðveita alla fjármálagerninga verðbréfasjóðs, bæði fjármálagerninga sem unnt er að skrá á vörslureikninga og áþreifanlega fjármálagerninga, og tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum. Jafnframt skal hann tryggja að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins eða rekstrarfélags sjóðsins fyrir hans hönd svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningarnir tilheyri sjóðnum. Aðgreiningin skal vera í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti.

Vörsluaðili skal sannreyna eignarhald verðbréfasjóðs eða rekstrarfélags fyrir hönd sjóðsins á öðrum eignum sjóðsins og halda skrá yfir þær eignir. Eignarhaldið skal sannreynt með gögnum frá sjóðnum eða rekstrarfélagi og utanaðkomandi gögnum ef þau eru tiltæk. Vörsluaðili skal uppfæra eignaskrána til samræmis við breytingar.

Vörsluaðilinn skal, með reglulegu millibili, leggja fram til rekstrarfélags ítarlega skrá yfir allar eignir verðbréfasjóðs.

Ráðherra setur reglugerð um hlutverk vörsluaðila og skilyrði fyrir framkvæmd verkefna vörsluaðila, meðal annars um tegundir fjármálagerninga sem skulu vera í vörslu.

## 47. gr.

*Hlutverk vörsluaðila með tilliti til ráðstafana vegna eigna verðbréfasjóðs.*

Vörsluaðili skal:

1. Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sé samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum verðbréfasjóðs.
2. Tryggja að útreikningur á virði hlutdeildarskírteina sé gerður samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum verðbréfasjóðs.
3. Framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau brjóti í bága við lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða reglur verðbréfasjóðs.
4. Tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé sjóðnum greitt endurgjald innan eðlilegra tímamarka.
5. Tryggja að tekjur verðbréfasjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð um hlutverk vörsluaðila og skilyrði fyrir framkvæmd verkefna vörsluaðila.

## 48. gr.

*Heimildir vörsluaðila til hagnýtingar á eignum í vörslu.*

Vörsluaðila er óheimilt að hagnýta sér, þ.m.t. selja, lána, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti, eignir sem hann hefur í vörslu fyrir eigin reikning. Sama gildir um þriðja aðila sem fengið hefur verkefni í tengslum við vörslu útvistað til sín. Hagnýting eignanna er einungis heimil ef:

- a. hagnýting á eignum er framkvæmd fyrir eigin reikning verðbréfasjóðsins,
- b. ráðstafanir eru framkvæmdar af vörsluaðilanum samkvæmt fyrirmælum rekstrarfélagsins fyrir hönd viðkomandi verðbréfasjóðs,
- c. hagnýtingin er í þágu verðbréfasjóðsins og til hagsbóta fyrir eigendur hlutdeildarskírteina, og
- d. viðskiptin eru tryggð með hágæða seljanlegri eign sem verðbréfasjóðurinn hefur fengið ráðstöfunarrétt yfir með framsali. Markaðsvirði tryggingarinnar skal ávallt vera a.m.k. jafnt markaðsverði hagnýttu eignanna að viðbættu álagi.

## 49. gr.

*Útvistun verkefna vörsluaðila.*

Vörsluaðila er óheimilt að útvista verkefnum skv. 45. gr. og 47. gr. til þriðja aðila. Vörsluaðila er heimilt að útvista verkefnum skv. 1. og 2. mgr. 46. gr. að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Markmið útvistunar er ekki að komast undan ákvæðum laga þessara.
2. Vörsluaðili getur sýnt fram á að útvistun sé byggð á hlutlægum ástæðum.
3. Vörsluaðili velur slíkan útvistunaraðila af tilhlýðilegri kunnáttu, varfærni og kostgæfni og að vörsluaðili hafi tilhlýðilegt eftirlit með útvistunaraðila hvað varðar útvistuð verkefni.
4. Útvistunaraðili uppfylli, á meðan útvistun verkefna stendur, eftirfarandi skilyrði:
  - a. útvistunaraðili sé til þess bær og hafi fullnægjandi þekkingu til að sinna útvistuðum verkefnum með hliðsjón af eðli og samsetningu eigna verðbréfasjóðs eða eigna rekstrarfélags fyrir hönd verðbréfasjóðs,

- b. að hann fari að skilvirkum varfærnisreglum, þ.m.t. lágmarkskröfum um eigið fé og eftirlit, og framkvæmd sé reglubundin ytri endurskoðun til að tryggja að fjármálagerningar séu í vörslu útvistunaraðila í þeim tilvikum sem útvistunaraðili sinnir verkefnum skv. 1. mgr. 46. gr.,
- c. að útvistunaraðili aðgreini eignir viðskiptavina vörsluaðila frá eigin eignum og frá eignum vörsluaðila þannig að eignir viðskiptavina vörsluaðila séu auðkenndar tilteknum vörsluaðila,
- d. að útvistunaraðili geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ef komi til ógjaldfærni útvistunaraðila þá séu eignir verðbréfasjóðs, sem eru í vörslu útvistunaraðila, hvorki tiltækar til úthlutunar né sölu til hagsbóta fyrir lánveitendur útvistunaraðila, og
- e. að útvistunaraðili starfi í samræmi við 43., 46., 48. gr. og 50. gr.

Vörsluaðila er heimil útvistun skv. 1. mgr. á vörslu fjármálagerninga skv. 1. mgr. 46. gr. Þrátt fyrir að skilyrði b-liðar 4. tölul. 1. mgr. séu ekki uppfyllt ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Af löggjöf ríkis utan EES leiðir að varsla fjármálagerninga verði að vera í höndum svæðisbundins aðila.
2. Útvistun vörsluaðila er ekki umfangsmeiri en nauðsyn krefur samkvæmt lögum ríkis skv. 1. tölul.
3. Enginn svæðisbundinn aðili uppfyllir skilyrði b-liðar 4. tölul. 1. mgr.
4. Fjárfestar í verðbréfasjóði eru upplýstir fyrir fram með fullnægjandi hætti um að slík útvistun sé nauðsynleg vegna áskilnaðar laga í viðkomandi ríki, um þær aðstæður sem réttlæta slíka útvistun og um áhættu sem fylgir slíkri útvistun.
5. Rekstrarfélag fyrir hönd verðbréfasjóðs beinir þeim fyrirmælum til vörsluaðila að hann útvisti vörslu slíkra fjármálagerninga til svæðisbundins aðila.

Útvistunaraðila er heimil keðjuútvistun að uppfylltum skilyrðum þessarar greinar.

Ráðherra setur reglugerð um útvistun verkefna vörsluaðila, meðal annars um aðgreiningu eigna.

#### 50. gr.

##### *Hátternisreglur vörsluaðila.*

Rekstrarfélag skal ekki vera vörsluaðili verðbréfasjóða.

Vörsluaðili skal sinna hlutverki sínu af heiðarleika, sanngirni, fagmennsku og óhæði og eingöngu standa vörð um hagsmuni verðbréfasjóðs og eigenda hlutdeildarskírteina.

Vörsluaðila er óheimilt að sinna verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum á milli hans, verðbréfasjóðs, eigenda hlutdeildarskírteina eða rekstrarfélags nema vörsluaðili hafi með tilhlýðilegum hætti aðskilið framkvæmd og ábyrgð vörsluverkefna sinna frá öðrum verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum og að þeir mögulegu hagsmunaárekstrar séu greindir og vaktaðir og fjárfestar upplýstir um þá.

Ráðherra setur reglugerð um óhæði vörsluaðila.

#### 51. gr.

##### *Ábyrgð vörsluaðila.*

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart verðbréfasjóði og eigendum hlutdeildarskírteina á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans eða útvistunaraðila hans glatast. Í því tilviki skal vörsluaðili láta af hendi án ástæðulausrar tafar sams konar fjármálagerning eða fjárhæð sem samsvarar virði hans til verðbréfasjóðs eða rekstrarfélags fyrir hönd sjóðsins.

Vörsluaðili ber ekki ábyrgð skv. 1. mgr. ef hann getur sýnt fram á að fjármálagerningur hafi glatast vegna utanaðkomandi atviks sem ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að vörsluaðili hafi getað haft stjórn á og afleiðingar atviksins voru óhjákvæmilegar þótt vörsluaðili hefði gripið til þeirra ráðstafana sem með sanngirni hefði mátt ætlast til af honum.

Vörsluaðili ber ábyrgð á öðru tjóni en skv. 1. mgr. sem hann af ásetningi eða gáleysi veldur verðbréfasjóði eða eigendum hlutdeildarskírteina við framfylgd verkefna sinna.

Útvistun eða keðjuútvistun hefur ekki áhrif á ábyrgð vörsluaðila samkvæmt ákvæði þessu.

Ekki verður vikið frá ábyrgð vörsluaðila samkvæmt ákvæði þessu eða hún takmörkuð með samningi. Þeir samningar sem gerðir eru í andstöðu við ákvæði þetta eru ógildir.

Ráðherra setur reglugerð um ábyrgð vörsluaðila, svo sem skilyrði og aðstæður þar sem litið er á fjármálagerninga í vörslu glataða og þær aðstæður sem geta talist til utanaðkomandi aðstæðna sem ekki er hægt með sanngirni að ætlast til að vörsluaðili hafi haft stjórn á.

#### 52. gr.

##### *Bótakröfur.*

Beri vörsluaðili eða útvistunaraðili bótaábyrgð gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði má beina bótakröfu eigenda hlutdeildarskírteina að vörsluaðila af hálfu rekstrarfélags fyrir hönd eigenda hlutdeildarskírteina, að því tilskildu að það leiði ekki til tvítekn-ingar bótakrafna eða ójafnrar meðferðar eigenda hlutdeildarskírteina í viðkomandi sjóði.

#### 53. gr.

##### *Upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlits.*

Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir öllum upplýsingum sem vörsluaðili hefur fengið við framkvæmd starfa sinna og sem eftirlitið telur að kunni að vera nauðsynlegar.

### VII. KAFLI

#### **Gagnsæiskröfur.**

#### 54. gr.

##### *Ársreikningar.*

Rekstrarfélag skal semja og birta ársreikning og árshlutareikninga sem gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins og skulu gerðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og skulu a.m.k. innihalda:

- a. efnahagsreikning,
- b. rekstrarreikning og
- c. skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

Rekstrarfélag skal semja ársreikning og árshlutareikninga í samræmi við 1. mgr. fyrir hvern verðbréfasjóð og sérhverjar deildir hans sem það rekur eða markaðssetur innan EES í samræmi við kröfur heimaríkis sjóðs til ársreikninga og reglur sjóðsins. Skulu þeir birtir í ársreikningi og árshlutauppgjörum rekstrarfélags. Ársreikningur verðbréfasjóðs skal a.m.k. innihalda:

1. Efnahagsreikning.
2. Rekstrarreikning.
3. Skýrslu um rekstur og starfsemi sjóðsins.
4. Heildargreiðslur og hlunnindi starfsmanna rekstrarfélags, sundurgreinanlegar eftir föstum og breytilegum starfskjörum og fjölda starfsmanna og, þar sem við á, fjárhæðir sem hafa verið greiddar beint úr sjóðnum, þar á meðal árangurstengdar þóknanir.
5. Heildargreiðslur og hlunnindi sundurliðuð eftir flokkum starfsfólks, sbr. 17. gr.

6. Lýsingu á því með hvaða hætti greiðslur og hlunnindi hafa verið reiknuð.
7. Niðurstöðu endurskoðana sem kveðið er á um í 17. gr., þ.m.t. öll frávik sem hafa átt sér stað.
8. Verulegar breytingar á samþykktri starfskjarastefnu.

Fjárfesti verðbréfasjóður verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal í ársreikningi verðbréfasjóðs tilgreina hámarkshlutfall stjórnunarkostnaðar sem annars vegar verðbréfasjóðurinn sjálfur og hins vegar hinir sjóðirnir, sem hann fjárfestir í, bera.

Árshlutauppgjör verðbréfasjóðs skal a.m.k. innihalda:

- a. yfirlit yfir eignir og skuldir,
- b. upplýsingar um fjölda útgefna hlutdeildarskírteina,
- c. upplýsingar um verðmæti hreinnar eignar fyrir hvert skírteini, og
- d. sundurliðað eignasafn.

Hafi verðbréfasjóður eða hyggist hann greiða arð á tímabilinu skulu tölur sýna niðurstöðu tímabilsins eftir skatta og þann arð sem greiddur hefur verið eða stendur til að greiða.

Ársreikningar rekstrarfélaga og verðbréfasjóða í rekstri þess skulu vera aðgengilegir eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs, en árshlutareikningar tveimur mánuðum eftir lok reikningstímabils.

Rekstrarfélagi er skylt að afhenda fjárfesti ársreikning og árshlutareikning verðbréfasjóðs endurgjaldslaust óski hann eftir því á þann hátt sem kveðið er á um í útboðslýsingu og lykilupplýsingum. Afrit ársreiknings og árshlutareiknings skulu ávallt vera aðgengileg á vef rekstrarfélags endurgjaldslaust.

Ársreikningar og árshlutareikningar rekstrarfélags og verðbréfasjóða sem það rekur eða markaðssetur skulu jafnframt vera aðgengilegir Fjármálaeftirlitinu á því formi sem eftirlitið ákveður.

#### 55. gr.

##### *Endurskoðun ársreikninga og tilkynningarskylda endurskoðanda.*

Ársreikningur rekstrarfélags og verðbréfasjóðs skal endurskoðaður og birtingu hans skal fylgja áritun endurskoðanda ásamt athugasemdum.

Endurskoðanda er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar sé þess óskað.

Endurskoðanda er skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fá hann vitneskju í starfi sínu fyrir rekstrarfélag verðbréfasjóða eða aðila sem er í nánnum tengslum við það um atriði eða ákvarðanir sem:

- a. fela í sér veruleg brot á löggjöf eða reglum sem gilda um starfsemi rekstrarfélagsins eða verðbréfasjóðsins eða hvers konar brot sem koma til skoðunar á grundvelli 14. gr.,
- b. kunna að hafa áhrif á áframhaldandi starfsemi rekstrarfélagsins eða verðbréfasjóðsins, þ.m.t. atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir fjárhagsstöðu þeirra,
- c. geta leitt til þess að endurskoðandi mundi synja um áritun eða gera fyrirvara við ársreikning rekstrarfélagsins eða verðbréfasjóðsins.

Endurskoðandi skal gera stjórn rekstrarfélagsins viðvart um tilkynningu skv. 3. mgr. nema rík ástæða sé til þess að gera það ekki.

Upplýsingar sem endurskoðandi veitir Fjármálaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar teljast ekki brot á lögbundinni eða samningsbundinni þagnarskyldu endurskoðanda.

## 56. gr.

*Almennt um skyldubundna upplýsingagjöf til fjárfesta.*

Rekstrarfélag skal útbúa útboðslýsingu og lykilupplýsingar, sbr. 58.–59. gr., fyrir hvern verðbréfasjóð sem það rekur. Þær skulu birtar á vef rekstrarfélags. Afhenda skal fjárfesti útboðslýsingu og lykilupplýsingar verðbréfasjóðs á pappír óski hann eftir því. Afrit útboðslýsingar og lykilupplýsinga skulu ávallt vera aðgengileg fjárfesti í verðbréfasjóði endurgjalds-laust.

Halda skal efni útboðslýsingar og lykilupplýsinga uppfærðu. Rekstrarfélag skal senda Fjármálaeftirlitinu útboðslýsingu og lykilupplýsingar vegna verðbréfasjóða sem það rekur og allar breytingar á þeim skjölum.

Á vefrekstrarfélags skal birta upplýsingar um tíu stærstu útgefendur í eignasafni sjóðsins ásamt upplýsingum um hlutfall fjárfestingar í hverjum aðila. Upplýsingar um stærstu útgefendur sjóðsins skal uppfæra að minnsta kosti á sex vikna fresti.

Verðbréfasjóði er óheimilt að umreikna ávöxtun eins tímabils á annað lengra tímabil.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um skilyrði sem þarf að uppfylla þegar lykilupplýsingar eru veittar á varanlegum miðli öðrum en pappír, eða á vef sem ekki telst vera varanlegur miðill.

## 57. gr.

*Markaðsefni til fjárfesta og önnur kynningarstarfsemi.*

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi rekstrarfélags verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi sanngjarnar og skýrar upplýsingar um starfsemina og að þær séu ekki settar fram á villandi hátt. Skýrt skal koma fram að um kynningarefni sé að ræða.

Ef kynningarefni felur í sér boð um kaup á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóði þar sem koma fram tiltekna upplýsingar um sjóðinn skulu upplýsingarnar ekki settar fram þannig að þær séu í mótsögn við eða gerir lítið úr vægi upplýsinga sem koma fram í útboðslýsingu eða lykilupplýsingum sjóðsins.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi vegna verðbréfasjóða skulu meðal annars eftirfarandi atriði koma fram:

- a. að sjóður sé verðbréfasjóður,
- b. heiti rekstrarfélags,
- c. upplýsingar um áhættu verðbréfasjóðs, og
- d. tilvísun í útboðslýsingu og lykilupplýsingar og hvar megi nálgast þau gögn.

## 58. gr.

*Upplýsingar í útboðslýsingu o.fl.*

Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í viðkomandi verðbréfasjóði. Í útboðslýsingu skal útskýra áhættusnið sjóðsins á skýran og auðskiljanlegan hátt.

Í útboðslýsingu skulu annaðhvort koma fram:

- a. upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu rekstrarfélags verðbréfasjóðs, þ.m.t. lýsingu á því hvernig greiðslur og hlunnindi eru reiknuð, deili á þeim aðilum sem bera ábyrgð á að veita greiðslur og hlunnindi, þ.m.t. samsetning starfskjaranefndar ef slík nefnd hefur verið skipuð, eða
- b. samantekt á starfskjarastefnunni og yfirlýsing þess efnis að upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu, þ.m.t. lýsing á því hvernig greiðslur og hlunnindi eru reiknuð, deili á

þeim aðilum sem bera ábyrgð á að veita greiðslur og hlunnindi, þ.m.t. samsetning starfskjaranefndar ef slík nefnd hefur verið skipuð, séu aðgengilegar á vef, þ.m.t. tilvísun í þann vef, og að afrit á pappír sé aðgengilegt án endurgjalds samkvæmt beiðni.

Í útboðslýsingu verðbréfasjóðs skal lýsa fjárfestingarstefnu sjóðsins ítarlega og, ef við á, einstakra deilda hans og tilgreina þær tegundir fjárfestinga sem honum eru heimilar samkvæmt reglum sjóðsins.

Í útboðslýsingu skal tilgreina hvort sjóði, eða einstakri deild hans, er heimilt að fjárfesta í afleiðum og, sé slíkt heimilt, skal í útboðslýsingu koma fram á áberandi hátt hvort heimildin takmarkist við að lágmarka áhættu eða hvort hún sé liður í fjárfestingarstefnu. Þá skal lýsa ítarlega hugsanlegum áhrifum af notkun afleiðna á áhættusnið sjóðsins.

Ef innra virði eigna verðbréfasjóðs, eða einstakrar deildar hans, er líklegt til að sveiflast mikið vegna samsetningar eignasafns hans eða aðferða sem beitt er við stjórnun eignasafns skal vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu og öðru kynningarefni.

Fjárfesti verðbréfasjóður verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal í útboðslýsingu tilgreina hámarksstjórnunarkostnað sem verðbréfasjóðurinn sjálfur og hinir sjóðirnir skulu bera.

Fjárfesti verðbréfasjóður einkum í fjármálagerningum og innlánnum skv. 64. gr., öðrum en framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum, eða ef fjárfestingarstefna verðbréfasjóðsins er eins og kveðið er á um í 68. gr., skal í útboðslýsingu og öðru markaðsefni upplýsa á skýran hátt um fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Reglur verðbréfasjóðs teljast til hluta útboðslýsingar.

Rekstrarfélagi er skylt að afhenda, óski fjárfestir eftir því, upplýsingar um aðferðafræði sjóðsins við áhættustýringu eigna sjóðsins með tilliti til áhættu og væntrar ávöxtunar í fjárfestingum sjóðsins undangengin misseri.

Í útboðslýsingu skal koma fram hvaða verkefnum rekstrarfélagi er heimilt að útvísta.

Ráðherra setur reglugerð um útboðslýsingar, meðal annars um hvaða upplýsingar skuli birta í útboðslýsingu verðbréfasjóða.

#### 59. gr.

##### *Lykilupplýsingar.*

Í lykilupplýsingum skal draga fram meginatriði útboðslýsingar. Veita skal viðeigandi upplýsingar um grundvallareinkenni viðkomandi verðbréfasjóðs í því skyni að fjárfestar hafi möguleika á að skilja eðli og áhættu við fjárfestingu í sjóðnum og geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun.

Rekstrarfélag og aðrir sem selja eða veita ráðgjöf um mögulegar fjárfestingar í verðbréfasjóði eða vörum sem fela í sér áhættu tengda verðbréfasjóði skulu bjóða fjárfestum lykilupplýsingar tímanlega áður en viðskipti með hlutdeildarskírteini fara fram.

Upplýsingar í lykilupplýsingum skulu veittar á stöðluðu eyðublaði og á gagnorðan hátt og skulu þær vera sanngjarnar, skýrar og ekki villandi.

Í lykilupplýsingum skal veita eftirfarandi upplýsingar á skýran og skiljanlegan hátt fyrir fjárfesta og væntanlega fjárfesta án tilvísunar til annarra gagna:

- auðkenning á verðbréfasjóðnum og á lögbæru yfirvaldi sjóðsins,
- stutt lýsing á fjárfestingarmarkmiðum og fjárfestingarstefnu,
- fyrri árangur eða, þar sem við á, sviðsmyndir árangurs,
- kostnaður og tengd gjöld, og
- möguleg áhætta og ávöxtun af fjárfestingunni, þar á meðal viðeigandi leiðbeiningar og viðvaranir í tengslum við þá áhættu sem fylgir fjárfestingu í viðkomandi verðbréfasjóði.

Í lykilupplýsingum verðbréfasjóðs skal koma fram hvar og hvernig hægt sé að fá viðbótarupplýsingar í tengslum við væntanlega fjárfestingu, þar á meðal hvar og hvernig hægt er að nálgast útboðslýsingu sjóðsins og ársreikning og árshlutauppgjör og á hvaða tungumálum upplýsingarnar eru aðgengilegar fjárfestum.

Í lykilupplýsingum skal upplýsa um að starfskjarastefnu rekstrarfélags, þar á meðal útskýringar á því hvernig greiðslur og hlunnindi eru reiknuð, hvaða aðilar eru ábyrgir fyrir að veita starfskjör og hlunnindi, þar á meðal samsetning starfskjaranefndar, ef við á, megi nálgast á vef rekstrarfélags, þ.m.t. tilvísun í þann vef, og að afrit á pappír sé aðgengilegt án endurgjalds samkvæmt beiðni.

Skýr ábending skal vera í lykilupplýsingum verðbréfasjóðs um að ef lykilupplýsingar eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við útboðslýsingu geti það varðað skaðabótaskyldu.

Rekstrarfélag skal nota óbreyttar lykilupplýsingar í öllum ríkjum EES þar sem verðbréfasjóður er markaðssettur.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um inntak og framsetningu lykilupplýsinga.

60. gr.

*Gagnaskil til Fjármálaeftirlitsins.*

Rekstrarfélag verðbréfasjóða skal senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga verðbréfasjóða á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

VIII. KAFLI

**Innlausn.**

61. gr.

*Innlausnarskylda.*

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum verðbréfasjóðsins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er rekstrarfélagi heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast. Frestun á innlausn skal ekki vara lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Jafnframt skal frestun auglýst á vef rekstrarfélags.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjast hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getur í 2. mgr.

Eftirlitsaðilum annarra ríkja innan EES, þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs eru markaðssett, skal tilkynnt um frestun innlausna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

62. gr.

*Virði hlutdeildarskírteina.*

Innra virði verðbréfasjóðs er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins, svo sem skuldum hans við lánastofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum.

Virði hlutdeildarskírteina er innra virði verðbréfasjóðsins deilt niður á heildarfjölda hlutdeildarskírteina.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um útreikning á virði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og kostnað við kaup og sölu þeirra.



## 63. gr.

*Auglýsing virðis hlutdeildarskírteina.*

Virði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða skal reiknað og birt á vef rekstrarfélags daglega.

## IX. KAFLI

**Fjárfestingarheimildir.**

## 64. gr.

*Fjármálagerningar og innlán.*

Fjárfestingarheimildir taka til verðbréfasjóðs eða til einstakra deilda hans, sé hann deildaskiptur.

Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í eftirtöldu:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
  - a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,
  - b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan EES sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða
  - c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan EES eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan EES sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
2. Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegan verðbréfamarkað eða annan markað skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en innan árs frá útgáfu þeirra.
3. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða með staðfestingu samkvæmt lögum þessum eða sambærilegri löggjöf innan EES. Einnig er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu að því tilskildu að:
  - a. verðbréfasjóður sýni fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir sjóðir séu leyfis skyldir samkvæmt lögum, lúti lögum samkvæmt sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, og að samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda sjóðsins sé tryggt,
  - b. vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggð á sambærilegan hátt og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar aðgreiningu eigna, innlausnarrétt, lánveitingar, lántökur og skortsölu framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga,
  - c. gefin séu út ársreikningur og árshlutauppgjör sjóðsins að minnsta kosti á sex mánaða fresti til að gera kleift að meta eignir og skuldir, tekjur og rekstur á reikningstímabili, og
  - d. þeim sjóðum sem ætlunin er að kaupa hlutdeildarskírteini eða hluti í sé óheimilt samkvæmt reglum sjóðsins að fjárfesta meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
4. Innlánum lánastofnana sem hafa staðfestu í ríki innan EES. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánnum lánastofnana með staðfestu utan EES sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að lánastofnanirnar búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan EES. Innlán samkvæmt þessum tölulíð geta verið

hefðbundin innlán sem eru innleysanleg á hverjum tíma og bundin innlán sem eru endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda innan tólf mánaða.

5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði skv. 1. tölul. Undirliggjandi eignir afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Undirliggjandi eignir afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóðs í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta varfærniseftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega á áreiðanlegan og sannreynanlegan hátt. Tryggt skal að hægt sé að selja, gera upp eða loka slíkum samningum samdægurs á raunvirði hverju sinni.
7. Peningamarkaðsgerningum skv. 16. tölul. 1. mgr. 3. gr. sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða eða annarra markaða ef útgáfan eða útgefandinn falla undir reglur sem hafa þann tilgang að vernda fjárfesta og sparifé að því tilskildu að eitt af eftirfarandi skilyrðum sé uppfyllt:
  - a. aðildarríki, sveitarfélag aðildarríkis, seðlabanki aðildarríkis, Evrópski Seðlabankinn, Evrópski fjárfestingarbankinn, ríki utan EES, ríki innan sambandsríkis eða alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri aðildarríkja eru aðilar að, gefur út eða ábyrgist gerninginn,
  - b. útgefandi gerningsins er félag sem hefur gefið út verðbréf sem viðskipti eiga sér stað með á skipulegum verðbréfamörkuðum eða öðrum mörkuðum sem um getur í 1. tölul.,
  - c. aðili sem sætir varfærniseftirliti, eða lýtur og hlítir varfærnisreglum sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi, gefur út eða ábyrgist gerninginn, eða
  - d. aðrir aðilar sem Fjármálaeftirlitið samþykkir gefa út gerninginn eða ábyrgjast að því tilskildu að:
    1. fjárfestingar í slíkum gerningi heyri undir sambærilega fjárfestavernd og gerningar skv. a–c-lið,
    2. útgefandi gerningsins sé með eigið fé og varasjóði sem nema að lágmarki jafnvirði 10 millj. evra, miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni, og sem leggur fram og birtir ársreikninga í samræmi við lög um ársreikninga eða sambærilega löggjöf annars EES-ríkis, og
    3. útgefandi gerningsins sé innan samstæðu með einu eða fleiri skráðum félögum og helgi sig fjármögnun samstæðunnar eða sé aðili sem helgar sig fjármögnun verðbréfunaraðila með aðgangi að lánalínu hjá lánastofnun.
8. Öðrum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum en skv. 1.–7. tölul. fyrir sem svarar allt að 10% af eignum verðbréfasjóðsins.

Verðbréfasjóði er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða og upplýsingagjöf til viðskiptavina í tengslum við fjárfestingar.

## 65. gr.

*Yfirtaka eigna og hrávörur.*

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

## 66. gr.

*Áhættustýring og önnur skilyrði vegna afleiðuviðskipta.*

Fjárfesti verðbréfasjóður í afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða skal rekstrarfélagið hafa yfir að ráða óháðu og áreiðanlegu ferli til að verðmeta þær afleiður.

Rekstrarfélag skal reglubundið skila Fjármálaeftirlitinu upplýsingum á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður þar sem fram koma tegundir afleiðna sem fjárfest hefur verið í, undirliggjandi áhættu þeirra, magntakmarkanir og þær aðferðir sem valdar hafa verið til að meta áhættu sem leiðir af afleiðuviðskiptunum í tengslum við hvern verðbréfasjóð sem það rekur. Fjármálaeftirlitið skal gera upplýsingarnar aðgengilegar ESMA og Evrópska kerfis-áhætturáðinu komi fram beiðni þar um vegna eftirlits með kerfisáhættu.

Verðbréfasjóði er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga þessara sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir samkvæmt þessari málsgrein skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið verðbréfasjóðsins.

Verðbréfasjóður skal tryggja að heildaráhætta afleiðuviðskipta sjóðsins sé ekki umfram innra virði sjóðsins. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta, selja, gera upp eða loka viðkomandi afleiðu.

Verðbréfasjóði er heimilt, í samræmi við fjárfestingarstefnu sína, að fjárfesta í afleiðum innan þeirra takmarkana sem kveðið er á um í 67. gr. gegn því að hann tryggi að áhætta vegna undirliggjandi eigna fari ekki samanlagt yfir þær takmarkanir sem kveðið er á um í 67. gr. Þegar framseljanleg verðbréf eða peningamarkaðsgerningar fela í sér afleiðu, skal tekið mið af afleiðunni þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

Ráðherra setur reglugerð um áhættustýringu verðbréfasjóða, svo sem um mat rekstrarfélags á virði afleiða, um efni og verklag við tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins á tegundum afleiða, undirliggjandi áhættu, magnbundnum takmörkum og aðferðum sem hafa verið valdar til að meta áhættu sem tengist viðskiptum með afleiður og um heildaráhættu verðbréfasjóðs vegna afleiðna, og einnig um fjárfestingaraðferðir sem heimilt er að nota.

## 67. gr.

*Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum og afleiðum.*

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta meira en:

- a. 10% af eignum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama aðila eða
- b. 20% af eignum í innlánnum sömu lánastofnunar.

Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki vera umfram:

- a. 10% af eignum þegar mótaðili er lánastofnun skv. 4. tölul. 2. mgr. 64. gr. sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt, eða
- b. 5% af eignum þegar mótaðili er annar en lánastofnun skv. 1. tölul., en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í framseljanlegum verðbréfum eða peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama aðila skal samtala slíkra fjárfestinga ekki vera umfram 40% af eignum. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá lánastofnun eða afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er lánastofnun sem lýtur varfærniseftirliti.

Þá skal samtala eftirfarandi fjárfestinga við sama aðila ekki vera umfram 20% af eignum sjóðsins:

- a. framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga,
- b. innlána og
- c. áhættu vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Þrátt fyrir 1. tölul. 1. mgr. og 4. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan EES eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast. Ekki skal tekið tillit til fjárfestinga samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Þrátt fyrir 1. tölul. 1. mgr. og 4. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 25% af eignum í skuldabréfum samkvæmt lögum um sértryggð skuldabréf og samsvarandi skuldabréfum útgefnum í ríki innan EES. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í sértryggðum skuldabréfum sama aðila skal samtala slíkra fjárfestinga ekki vera umfram 80% af eignum. Ekki skal tekið tillit til fjárfestinga samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Óheimilt er að leggja saman takmarkanir skv. 1.–6. mgr. Samtala fjárfestinga í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama aðila, innlánnum þess aðila og afleiðum þar sem sá aðili er mótaðili skal ekki vera umfram 35% af eignum.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu í skilningi laga um ársreikninga skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Þrátt fyrir 1. tölul. 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum fyrir allt að 20% innan sömu samstæðu.

Þær takmarkanir sem settar eru á fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða samkvæmt lögum þessum gilda ekki þegar verðbréfasjóður nýtir sér áskriftarréttindi sem tengd eru framseljanlegum fjármálagerningum eða peningamarkaðsgerningum sem eru hluti eigna verðbréfasjóðsins.

#### 68. gr.

##### *Vísitölusjóðir.*

Þrátt fyrir ákvæði 67. og 73. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspeglar tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, vera birt opinberlega og endurspeglar nægjanlega viðkomandi markað.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

## 69. gr.

*Peningamarkaðssjóðir.*

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 67. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum sem tengjast þeim gerningum og innlánnum, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 64. gr.

## 70. gr.

*Traust verðbréf.*

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að fjárfesta fyrir allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 5. mgr. 67. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Í útboðslýsingu og öðru markaðsefni skulu koma skýrt fram þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

## 71. gr.

*Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.*

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 3. tölul. 2. mgr. 64. gr. Þó skal verðbréfasjóður ekki fjárfesta fyrir meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnad er beint eða óbeint af sama rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

## 72. gr.

*Takmarkanir á eignasafni.*

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

- a. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
- b. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa,
- c. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, eða
- d. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.

Heimilt er að víkja frá þeim hámarkum sem mælt er fyrir um í a–d-lið 1. mgr. á þeim tíma sem gerninganna er aflað ef ekki er unnt á þeim tíma að reikna heildarfjárhæð skuldabréfa eða peningamarkaðsgerninga eða hreina fjárhæð útgefinna verðbréfa.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa eða peningamarkaðsgerninga sem ríki innan EES eða sveitarfélög þeirra eða ríki

utan EES gefa út eða ábyrgjast eða alþjóðastofnanir sem eitt eða fleiri ríki EES eru aðilar að gefa út.

## 73. gr.

*Lán og ábyrgðir.*

Verðbréfasjóði eða vörsluaðila fyrir hönd verðbréfasjóðs er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 64. og 66. gr. Þó er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og öðrum fjármálagerningum skv. 3. og 5.–7. tölul. 2. mgr. 64. gr. án þess að fjárfestingin sé að fullu greidd.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans. Þó er verðbréfasjóði heimilt að eignast erlendan gjaldeyri með skiptasamningum.

## 74. gr.

*Skortsala.*

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

## 75. gr.

*Útlánaáhætta vegna verðbréfunar.*

Verðbréfasjóðum er eingöngu heimilt að taka á sig útlánaáhættu vegna verðbréfunar samkvæmt lögum um fjármála fyrirtæki ef útgefandinn hefur greint rekstrarfélagi sjóðsins sérstaklega frá því að hann muni ávallt halda eftir umtalsverðri, hreinni, fjárhagslegri hlutdeild sem skal ekki vera minni en 5%. Gildir ákvæði þetta um nýja verðbréfun og um þegar útgefna verðbréfun þar sem nýrri undirliggjandi áhætta er bætt við eða skipt út.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um kröfur sem útgefandi þarf að uppfylla til að rekstrarfélag hafi heimild til að fjárfesta í skuldabréfavafningum eða sambærilegum fjármálagerningum samkvæmt ákvæði þessu. Einnig um þær eigindlegu kröfur sem rekstrarfélög verðbréfasjóða sem fjárfesta samkvæmt ákvæði þessu þurfa að uppfylla.

## 76. gr.

*Ráðstafanir til úrbóta.*

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

Nýlega stofnaður verðbréfasjóður skal ná lögmæltu hámarki í síðasta lagi sex mánuðum frá veitingu staðfestingar sjóðsins.

X. KAFLI  
**Samruni verðbréfasjóða.**

77. gr.

*Almennt.*

Samruni verðbréfasjóða eða einstakra deilda verðbréfasjóða, séu þeir deildaskiptir, er heimill með þeim hætti sem kveðið er á um í 18. tölul. 1. mgr. 3. gr. að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í kafla þessum.

Í þessum kafla nær hugtakið verðbréfasjóður einnig yfir einstakar deildir verðbréfasjóða.

Innlendir samrunar eru aðeins heimilir að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Millilandasamrunar eru aðeins heimilir að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds samrunasjóðs og skal samruni vera í samræmi við lög og reglur heimaríkis samrunasjóðs.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um samruna verðbréfasjóða samkvæmt þessum kafla.

78. gr.

*Umsókn um heimild til innlends samruna.*

Verðbréfasjóðir þar sem innlendir samruni er fyrirhugaður skulu senda Fjármálaeftirlitinu eftirfarandi upplýsingar með umsókn um heimild til samruna:

- a. sameiginlega samrunaáætlun samþykkt af samrunasjóði og yfirtökusjóði,
- b. yfirlýsingar vörslufyrirtækja bæði samrunasjóðs og yfirtökusjóðs, sem staðfesta að þær upplýsingar sem veittar eru í sameiginlegri samrunaáætlun, sbr. 1., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 80. gr., standist kröfur laga þessara og reglur sjóðsins, og
- c. þær upplýsingar um fyrirhugaðan samruna sem áætlað er að veita hlutdeildarskírteinis höfum bæði samrunasjóðs og yfirtökusjóðs.

Ef Fjármálaeftirlitið telur upplýsingar með umsókn skv. 1. mgr. ekki fullnægjandi skal það óska eftir nánari upplýsingum innan 10 virkra daga frá móttöku þeirra.

Fjármálaeftirlitið skal meta möguleg áhrif fyrirhugaðs samruna á eigendur hlutdeildarskírteina samrunasjóðs og yfirtökusjóðs og meta hvort eigendum hlutdeildarskírteina hafi verið veittar fullnægjandi upplýsingar.

Fjármálaeftirlitið skal veita heimild til innlends samruna ef öll skilyrði 78. gr. og 80.–82. gr. eru uppfyllt.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna samrunasjóði um hvort heimild sé veitt fyrir samruna innan 20 virkra daga frá móttöku allra upplýsinga með umsókn skv. 1. mgr.

79. gr.

*Umsókn um heimild til millilandasamruna.*

Verðbréfasjóðir þar sem millilandasamruni er fyrirhugaður skulu í þeim tilvikum sem samrunasjóður er með staðfestu og staðfestingu á Íslandi en yfirtökusjóður er með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki EES senda Fjármálaeftirlitinu eftirfarandi upplýsingar með umsókn um heimild til samruna:

- a. sameiginlega samrunaáætlun samþykkt af samrunasjóði og yfirtökusjóði,
- b. uppfærða útgáfu af útboðslýsingu og lykilupplýsingum yfirtökusjóðs,
- c. yfirlýsingar vörslufyrirtækja, bæði samrunasjóðs og yfirtökusjóðs, sem staðfesta að þær upplýsingar sem veittar eru í sameiginlegri samrunaáætlun, sbr. a-, f- og g-lið 1. mgr. 80. gr., standist kröfur laga þessara og reglna sjóðsins, og
- d. þær upplýsingar um fyrirhugaðan samruna sem áætlað er að veita hlutdeildarskírteinis höfum bæði samrunasjóðs og yfirtökusjóðs.

Ef Fjármálaeftirlitið telur upplýsingar með umsókn skv. 1. mgr. ekki fullnægjandi skal það óska eftir nánari upplýsingum innan 10 virkra daga frá móttöku þeirra.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu veittar á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum heimaríkja bæði samruna- og yfirtökusjóða eða á tungumáli sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt. Sé umsókn fullnægjandi skal Fjármálaeftirlitið án tafar senda afrit af upplýsingum skv. 1. mgr. til lögbærs yfirvalds heimaríkis yfirtökusjóðs, ef við á.

Fjármálaeftirlitið skal meta möguleg áhrif fyrirhugaðs samruna á eigendum hlutdeildarskírteina samrunasjóðs og yfirtökusjóðs og meta hvort eigendum hlutdeildarskírteina hafi verið veittar fullnægjandi upplýsingar, bæði í tilfellum skv. 1. mgr. og þegar Fjármálaeftirlitinu berst afrit af upplýsingum frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis samrunasjóðs vegna millilandasamruna þegar yfirtökusjóður er á Íslandi. Telji Fjármálaeftirlitið það nauðsynlegt er því heimilt að krefjast þess skriflega að upplýsingar sem veita skal eigendum hlutdeildarskírteina innlands samrunasjóðs séu útskýrðar nánar.

Í þeim tilvikum sem yfirtökusjóður er með staðfestu og staðfestingu á Íslandi er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefjast þess skriflega, eigi síðar en 15 virkum dögum eftir viðtöku upplýsinga skv. 1. mgr. frá lögbærum yfirvöldum heimaríkis samrunasjóðs, að innlendir yfirtökusjóður breyti upplýsingum sem veita skal eigendum hlutdeildarskírteina. Í slíkum tilvikum skal Fjármálaeftirlitið senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds heimaríkis samrunasjóðs um að upplýsingarnar séu ekki fullnægjandi. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaríkis samrunasjóðs hvort það telji leiðréttar upplýsingar sem veita á hlutdeildarskírteinishöfum vera fullnægjandi innan 20 virkra daga frá því að þær berast.

Fjármálaeftirlitið skal veita heimild til millilandasamruna að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a. öll skilyrði 79.–82. gr. séu uppfyllt,
- b. yfirtökusjóður hafi tilkynnt um markaðssetningu í þeim ríkjum þar sem samrunasjóðurinn hefur staðfestu eða hefur tilkynnt markaðssetningu í, og
- c. lögbær yfirvöld í heimaríkjum samrunasjóðs og yfirtökusjóðs telji upplýsingar til hlutdeildarskírteinishafa fullnægjandi eða tilkynning frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis yfirtökusjóðs skv. 5. mgr. hefur ekki borist Fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna innlendum samrunasjóði um hvort heimild sé veitt fyrir samruna innan 20 virkra daga frá móttöku allra upplýsinga með umsókn skv. 1. mgr. Fjármálaeftirlitið skal einnig tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaríki yfirtökusjóðsins um ákvörðun sína um veitingu eða synjun heimildar til samruna.

#### 80. gr.

##### *Samrunaáætlun samrunasjóðs og yfirtökusjóðs.*

Samrunasjóður og yfirtökusjóður skulu gera sameiginlega samrunaáætlun sem inniheldur upplýsingar um:

- a. þá verðbréfasjóði sem um ræðir og hvers konar samruni er fyrirhugaður,
- b. rökstuðning fyrir og ástæður að baki fyrirhuguðum samruna,
- c. möguleg áhrif fyrirhugaðs samruna á eigendum hlutdeildarskírteina bæði samrunasjóðs og yfirtökusjóðs,
- d. viðmiðanir sem samþykkt er að nota við mat á eignum og, eftir atvikum, skuldbindingar á þeim degi sem skiptihlutfall er reiknað skv. 86. gr.,
- e. aðferð við útreikning á skiptihlutfalli,
- f. dagsetningu sem fyrirhugað er að samruninn taki gildi,
- g. þær reglur sem eiga við um yfirfærslu eigna og skipti á hlutum, og



h. í tilfalli samruna skv. b- og c-lið 18. tölul. 1. mgr. 3. gr., reglur hins nýstofnaða yfirtökusjóðs.

Samrunasjóði og yfirtökusjóði er heimilt að tilgreina frekari upplýsingar í samrunaáætlun skv. 1. mgr.

Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að krefjast þess að frekari upplýsingar en tilgreindar eru í 1. mgr. komi fram í samrunaáætlun.

81. gr.

*Staðfesting vörsluaðila.*

Vörsluaðilar samrunasjóðs og yfirtökusjóðs skulu tryggja samræmi einstakra atriða sem sett eru fram í a-, f- og g-lið 1. mgr. 80. gr. við kröfur laga þessara og sjóðsreglur viðkomandi verðbréfasjóða.

82. gr.

*Viðmiðanir við mat á eignum.*

Óháðum löggiltum endurskoðanda eða vörsluaðila skal falið að staðfesta:

- a. viðmiðanir sem samþykkt er að nota við mat á eignum og, eftir atvikum, skuldbindingar á þeim degi sem skiptihlutfall er reiknað,
- b. ef við á, greiðslu í handbæru fé á hvert hlutdeildarskírteini, og
- c. aðferð við útreikning á skiptihlutfalli og skiptihlutfallið eins og það er ákvarðað skv. 86. gr.

Löggiltur endurskoðandi samrunasjóðs eða löggiltur endurskoðandi yfirtökusjóðs skal teljast óháður endurskoðandi í skilningi 1. mgr.

Afrit af skýrslum óháðs endurskoðanda eða vörslufyrirtækis, eftir því sem við á, skulu gerð aðgengileg án endurgjalds eigendum hlutdeildarskírteina, bæði samrunasjóðs og yfirtökusjóðs, og viðkomandi lögbærum yfirvöldum þeirra, komi fram beiðni þar um.

83. gr.

*Upplýsingar til hlutdeildarskírteinishafa.*

Eftir að Fjármálaeftirlitið hefur heimilað fyrirhugaðan samruna skulu verðbréfasjóðir sem hyggjast renna saman afhenda hlutdeildarskírteinishöfum samrunasjóðs og yfirtökusjóðs nákvæmar og fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaðan samruna. Upplýsingarnar skulu gera hlutdeildarskírteinishöfum kleift að gera sér grein fyrir áhrifum fyrirhugaðs samruna á fjárfestingu þeirra og að nýta sér réttindi sín samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Upplýsingarnar skulu veittar eigi síðar en 30 dögum áður en innlausnarskyldu eða, ef við á, rétti hlutdeildarskírteinishafa til að skipta hlutdeildarskírteinum sínum endurgjaldslaust lýkur, sbr. 84. gr.

Upplýsingar skal veita um eftirfarandi:

1. Ástæður og aðdraganda fyrirhugaðs samruna.
2. Þau áhrif sem álitid er að samruninn muni hafa á hlutdeildarskírteinishafa, meðal annars breytingar á fjárfestingarstefnu, kostnað, væntan árangur, reglubundnar skýrslur, mögulega verri afkomu og, ef við á, viðvörun til fjárfesta um að skattaleg meðferð geti breyst vegna fyrirhugaðs samruna.
3. Réttindi hlutdeildarskírteinishafa vegna fyrirhugaðs samruna, svo sem réttur til viðbótarupplýsinga og réttur til afrits af skýrslu óháðs endurskoðanda eða vörsluaðila að framkominni beiðni þar um, rétt hlutdeildarskírteinishafa til innlausnar og, ef við á, rétt þeirra til að skipta hlutdeildarskírteinum sínum endurgjaldslaust og innan hvaða tímamarka þeir geti nýtt þau réttindi sín.

4. Atriði sem varða málsmeðferð og áætlaðan gildistöku dag samrunans.

5. Lykilupplýsingar yfirtökusjóðs.

Hafi samrunasjóður eða yfirtökusjóður verið tilkynntur til markaðssetningar yfir landamæri skulu upplýsingar skv. 2. mgr. vera á opinberu tungumáli eða einu opinberra tungumála gistiríkis sjóðsins, eða á tungumáli sem lögbær yfirvöld í því landi hafa samþykkt.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um innihald, uppsetningu og aðferð við veitingu upplýsinga til hlutdeildarskírteinishafa.

84. gr.

*Réttindi hlutdeildarskírteinishafa.*

Hlutdeildarskírteini samrunasjóðs og yfirtökusjóðs skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum verðbréfasjóðanna án annars gjalds en þess sem verðbréfasjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna. Ef við á skal eigendum hlutdeildarskírteina heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfasjóði með sambærilega fjárfestingarstefnu sem er stjórnað af sama rekstrarfélagi eða félagi sem rekstrarfélagið er tengt í gegnum sameiginlega stjórnun eða beint eða óbeint eignarhald.

Innlausnarskyldan og rétturinn til að skipta hlutdeildarskírteinum í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfasjóði tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans.

85. gr.

*Kostnaður við samruna.*

Kostnaður vegna samruna, svo sem lögfræðipjónusta, ráðgjöf eða stjórnsýslukostnaður, skal ekki falla á samrunasjóðinn, yfirtökusjóðinn eða hlutdeildarskírteinishafa þeirra sjóða nema í þeim tilfellum sem rekstrarfélag hefur ekki verið tilnefnt.

86. gr.

*Gildistaka samruna.*

Samruni tekur gildi á þeim degi sem tilgreindur er í tilkynningu samrunasjóðs til eigenda hlutdeildarskírteina skv. 83. gr. Útreikningur á skiptihlutfalli hlutdeildarskírteina samrunasjóða yfir í hlutdeildarskírteini yfirtökusjóðs og, ef við á, ákvörðun um viðeigandi verðmæti hreinnar eignar vegna greiðslu í handbæru fé, skal eiga sér stað á sama tíma.

Ef yfirtökusjóður er með staðfestu hér á landi skal 1. mgr. gilda, en ef yfirtökusjóður er með staðfestu í öðru ríki innan EES þá gilda lög þess ríkis.

Samrunasjóður og yfirtökusjóður skulu birta tilkynningu um fyrirhugaðan samruna og gildistöku hans opinberlega eigi síðar en 30 dögum áður en innlausnarskyldu skv. 84. gr. lýkur. Þá skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um gildistöku samrunans og lögbærum yfirvöldum í heimaríki samrunasjóðs og yfirtökusjóðs, ef og eftir því sem við á.

Samruni sem hefur tekið gildi skv. 1. mgr. verður ekki lýstur ógildur.

87. gr.

*Áhrif samruna.*

Samruni verðbréfasjóða skv. a- og b-lið 18. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal hafa eftirfarandi áhrif:

a. allar eignir og skuldir samrunasjóðs flytjast yfir í yfirtökusjóð eða, eftir atvikum, til vörslufyrirtækis yfirtökusjóðsins,

- b. eigendur hlutdeildarskírteina í samrunasjóði verða eigendur að hlutdeildarskírteinum í yfirtökusjóði og eiga, eftir atvikum, rétt á greiðslu í handbæru fé sem ekki er meira en 10% af verðmæti hreinnar eignar hlutdeildarskírteina þeirra í samrunasjóðnum og
- c. samrunasjóðir hættu að vera til daginn sem samruninn öðlast gildi.  
Samruni skv. c-lið 18. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal hafa eftirfarandi áhrif:
  - a. hreinar eignir samrunasjóðsins flytjast yfir í yfirtökusjóðinn eða, eftir atvikum, í vörslu-fyrirtæki yfirtökusjóðsins,
  - b. eigendur hlutdeildarskírteina í samrunasjóðnum verða eigendur hlutdeildarskírteina í viðtökusjóðnum, og
  - c. samrunasjóðurinn heldur áfram að vera til þar til gengið hefur verið frá skuldum.

Rekstrarfélag yfirtökusjóðs skal staðfesta skriflega við vörsluaðila yfirtökusjóðsins þegar yfirfærslu eigna og skulda, þar sem við á, er lokið. Hafi yfirtökusjóður ekki tilnefnt rekstrarfélag skal sjóðurinn sjálfur veita vörsluaðila skriflega staðfestingu um yfirfærslu eigna og skulda.

88. gr.

*Ráðstafanir til úrbóta vegna fjárfestingarheimilda.*

Fari fjárfesting yfirtökusjóðs fram úr leyfilegum mörkum skv. 67., 68., 70. eða 71. gr. vegna samruna verðbréfasjóða skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta. Skal lögmaeltu hámarki náð í síðasta lagi innan sex mánaða.

XI. KAFLI

**Höfuðsjóðir og fylgisjóðir.**

89. gr.

*Almennt.*

Fylgisjóður er verðbréfasjóður eða einstakar deildir verðbréfasjóðs, sé hann deildaskiptur, sem hefur fengið heimild Fjármálaeftirlits til að fjárfesta að minnsta kosti 85% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum annars verðbréfasjóðs, höfuðsjóðs eða einstakra deilda hans, sé hann deildaskiptur, þrátt fyrir 1. mgr. 71. gr.

Fylgisjóði er heimilt að fjárfesta allt að 15% af eignum sínum í eftirfarandi:

- a. innlánnum eða auðseljanlegum eignum, sbr. 3. mgr. 64. gr., og/eða
- b. afleiðum vegna áhættuvarna í samræmi við 5. og 6. tölul. 2. mgr. 64. gr. og 66. gr.

Höfuðsjóður er verðbréfasjóður, eða einstakar deildir verðbréfasjóðs, sé hann deildaskiptur, sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a. hefur að minnsta kosti einn fylgisjóð í hópi eigenda hlutdeildarskírteina,
- b. er ekki sjálfur fylgisjóður, og
- c. er ekki eigandi hlutdeildarskírteina fylgisjóðs.

Ef að minnsta kosti tveir fylgisjóðir eiga hlutdeildarskírteini í höfuðsjóði hefur höfuðsjóðurinn val um hvort hann aflar fjármagns frá öðrum fjárfestum þrátt fyrir 1. másl. 25. tölul. 1. mgr. 3. gr. og b-lið 2. gr.

Ef höfuðsjóður aflar ekki fjármagns meðal almennings í öðru aðildarríki en því sem hann er stofnsettur í, en hefur aðeins einn eða fleiri fylgisjóði í því aðildarríki, er höfuðsjóðurinn undanþeginn XII. kafla og 1. tölul. 1. mgr. 108. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um skipan höfuðsjóða og fylgisjóða samkvæmt þessum kafla.

## 90. gr.

*Umsókn fylgisjóðs til fjárfestingar í höfuðsjóði.*

Fylgisjóði er einungis heimilt að fjárfesta í höfuðsjóði að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið skal heimila fjárfestingu fylgisjóðs í höfuðsjóði ef fylgisjóður, vörslufyrirtæki fylgisjóðs, endurskoðandi fylgisjóðs og höfuðsjóður uppfylla skilyrði laga sem um þau gilda.

Fylgisjóður skal leggja fram til Fjármálaeftirlitsins:

1. Reglur fylgisjóðs og höfuðsjóðs.
2. Útboðslýsingu og lykilupplýsingar fylgisjóðs og höfuðsjóðs.
3. Samkomulag á milli fylgisjóðs og höfuðsjóðs eða, ef við á, samkomulag um innri reglur.
4. Upplýsingar til hlutdeildarskírteinishafa fylgisjóðs.
5. Samning milli vörslufyrirtækja fylgisjóðs og höfuðsjóðs um upplýsingaskipti ef fylgisjóður og höfuðsjóður hafa ekki sama vörslufyrirtæki.
6. Samning milli endurskoðenda fylgisjóðs og höfuðsjóðs um upplýsingaskipti ef fylgisjóður og höfuðsjóður hafa ekki sama endurskoðanda.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna fylgisjóði hvort umsókn um fjárfestingar í höfuðsjóði sé samþykkt eigi síðar en 15 virkum dögum eftir móttöku fullnægjandi gagna samkvæmt þessari grein.

Ef höfuðsjóður er með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES skal fylgisjóður leggja fram yfirlýsingu lögbærs yfirvalds höfuðsjóðsins um að hann hafi staðfestingu sem verðbréfasjóður eða deild verðbréfasjóðs í því ríki og uppfylli skilyrði 3. mgr. 89. gr.

## 91. gr.

*Almennt um samkomulag milli höfuðsjóðs og fylgisjóðs.*

Höfuðsjóður skal veita fylgisjóði öll gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fylgisjóðurinn geti uppfyllt skilyrði laga og reglna sem gilda um starfsemi sjóðsins. Fylgisjóður skal gera samkomulag við höfuðsjóð þess efnis.

Fylgisjóður skal ekki fjárfesta umfram það hámark sem kemur fram í 71. gr. í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðs fyrr en samkomulag skv. 1. mgr. hefur tekið gildi. Samkomulagið skal, samkvæmt beiðni og án endurgjalds, gert aðgengilegt öllum eigendum hlutdeildarskírteina.

Ef höfuð- og fylgisjóður eru innan sama rekstrarfélags mega innri viðskiptareglur, sem tryggja að farið sé að skilyrðum þessa ákvæðis, koma í stað samkomulags skv. 1. mgr.

Höfuðsjóður og fylgisjóður skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að samræma tímasetningu útreikninga á verðmæti hreinnar eignar og birtingar upplýsinga þar um til að koma í veg fyrir að hægt sé að sjá fyrir verðbreytingar hlutdeildarskírteina þeirra á mörkuðum og koma í veg fyrir tækifæri til högnunar.

Ef höfuðsjóður frestar tímabundið endurkaupum, innlausn eða áskrift á hlutdeildarskírteinum sínum, hvort sem það er að eigin frumkvæði eða að ósk Fjármálaeftirlitsins, er hverjum fylgisjóði hans heimilt að fresta endurkaupum, innlausn eða áskrift á hlutdeildarskírteinum sínum innan sama tímabils og höfuðsjóður, þrátt fyrir skilyrði 2.–3. mgr. 61. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um innihald samkomulags og innri viðskiptareglna og þær viðeigandi ráðstafanir til að samræma tímasetningu útreikninga og birtingu upplýsinga þar um.

## 92. gr.

*Félagsslit, samruni eða skipting höfuðsjóðs.*

Ef höfuðsjóði er slitið skal einnig slíta fylgisjóði nema Fjármálaeftirlitið samþykki:

- a. fjárfestingu sem nemur minnst 85% af eignum fylgisdóðs í hlutdeildarskírteinum annars höfuðsdóðs, eða
- b. breytingu á reglum sjóðs eða stofnsamningi til þess að gera fylgisdóði kleift að breytast í verðbréfasjóð sem er ekki fylgisdóður.

Félagsslit höfuðsdóðs skulu eiga sér stað í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir að allir eigendur hlutdeildarskírteina og lögbær yfirvöld fylgisdóðs hafa verið upplýstir um bindandi ákvörðun um félagsslit.

Ef höfuðsdóður rennur saman við annan verðbréfasjóð, eða er skipt upp í tvo eða fleiri verðbréfasjóði, skal fylgisdóði slitið nema Fjármálaeftirlitið veiti fylgisdóði leyfi til að:

- a. starfa áfram sem fylgisdóður höfuðsdóðsins eða annars verðbréfasjóðs sem verður til við samruna eða skiptingu höfuðsdóðsins,
- b. fjárfesta a.m.k. 85% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum annars höfuðsdóðs sem ekki hefur orðið til við samrunann eða skiptinguna, eða
- c. breyta reglum sjóðsins eða stofnsamningi til þess að breyta honum í verðbréfasjóð sem ekki er fylgisdóður.

Enginn samruni eða skipting höfuðsdóðs skal öðlast gildi nema höfuðsdóður hafi afhent upplýsingar til allra eigenda hlutdeildarskírteina um fyrirhugaðan samruna skv. 83. gr. og lögbærra yfirvalda eigi síðar en 60 dögum fyrir áætlaðan gildistökuðag samrunans.

Hafi Fjármálaeftirlitið eða lögbær yfirvöld heimaríkis fylgisdóðsins ekki veitt samþykki skv. a-lið 3. mgr. skal höfuðsdóður gera fylgisdóði kleift að endurkaupa eða innleysa öll hlutdeildarskírteini í höfuðsdóðnum áður en samruni eða skipting höfuðsdóðsins tekur gildi.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nauðsynlegt samþykki í þeim tilvikum að til félagsslita, samruna eða skiptingar höfuðsdóðs kemur.

### 93. gr.

#### *Samkomulag um upplýsingaskipti milli vörsluaðila.*

Ef höfuðsdóður og fylgisdóður hafa mismunandi vörsluaðila skulu sjóðirnir krefjast þess að vörsluaðilar beggja geri samkomulag um upplýsingaskipti til þess að tryggja að báðir vörsluaðilarnir uppfylli skyldur sínar, sbr. 90. gr.

Fylgisdóður skal ekki fjárfesta í hlutdeildarskírteinum höfuðsdóðs fyrr en samkomulag skv. 1. mgr. hefur tekið gildi.

Fylgisdóður eða, eftir atvikum, rekstrarfélag fylgisdóðs skal veita vörsluaðila fylgisdóðs þær upplýsingar um höfuðsdóð sem krafist er til þess að vörsluaðili fylgisdóðs geti uppfyllt skyldur sínar.

Vörsluaðili höfuðsdóðs skal án tafar upplýsa lögbær yfirvöld höfuðsdóðs og fylgisdóð, eða þar sem við á rekstrarfélag og vörsluaðila fylgisdóðs, um hvers konar frávik frá réttu framkvæmd sem vörsluaðili verður var við við framkvæmd starfa sinna sem geta haft neikvæð áhrif á fylgisdóð.

Vörsluaðilar höfuðsdóðs og fylgisdóðs skulu ekki taldir vera brotlegir við aðrar reglur í samningi eða lögum og reglum sem takmarka upplýsingaskipti eða varða upplýsingaöryggi að því gefnu að farið hafi verið að ákvæðum laga þessara.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um efnisatriði samkomulags um upplýsingaskipti vörsluaðila og ráðstafanir og tegundir frávik frá réttu framkvæmd.

## 94. gr.

*Samkomulag um upplýsingaskipti milli endurskoðenda.*

Ef höfuð- og fylgisjóður hafa mismunandi endurskoðendur skulu þeir komast að samkomulagi um upplýsingaskipti til að tryggja að báðir geti uppfyllt skyldur sínar. Í samkomulaginu um upplýsingaskipti skal meðal annars fjallað um hvernig og hvenær skal uppfylla fyrirkomulag 2. mgr., þar á meðal hvenær og hvernig endurskoðandi höfuðsjóðs skal taka saman skýrslu og leggja fyrir endurskoðanda fylgisjóðs.

Í endurskoðunarskýrslu skal endurskoðandi fylgisjóðs taka mið af endurskoðunarskýrslu höfuðsjóðsins. Ef sjóðirnir hafa mismunandi uppgjörsár skal endurskoðandi höfuðsjóðsins taka saman sérstaka skýrslu á lokadegi uppgjörsárs fylgisjóðsins. Endurskoðandi fylgisjóðsins skal greina frá frávikum sem fram koma í skýrslu endurskoðanda höfuðsjóðsins og áhrifum þeirra frávika á fylgisjóðinn.

Fylgisjóður skal ekki fjárfesta í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðs fyrr en samkomulag skv. 1. mgr. hefur tekið gildi.

Endurskoðendur höfuðsjóðs og fylgisjóðs skulu ekki taldir vera brotlegir við aðrar reglur í samningi eða lögum og reglum sem takmarka upplýsingaskipti eða varða upplýsingaöryggi að því gefnu að farið hafi verið að ákvæðum laga þessara.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um efnisatriði samkomulags um upplýsingaskipti endurskoðenda.

## 95. gr.

*Útboðslýsing fylgisjóðs og önnur upplýsingagjöf.*

Útboðslýsing fylgisjóðs skal innihalda eftirfarandi upplýsingar til viðbótar við þær upplýsingar sem kveðið er á um í VII. kafla:

- yfirlýsingu um að fylgisjóðurinn fylgi ákveðnum höfuðsjóði og fjárfesti varanlega 85% eða meira af eignum sínum í honum,
- fjárfestingarstefnu og fjárfestingarmarkmið, þar á meðal áhættustefnu, hvort árangur fylgisjóðs og höfuðsjóðs sé samsvarandi, hvar og hversu mikill munurinn er, og lýsingu á fjárfestingum, sbr. 89. gr.,
- stutta lýsingu á höfuðsjóðnum, skipulagi, fjárfestingarmarkmiði og fjárfestingarstefnu, áhættustefnu og ábendingu um hvar útboðslýsingu höfuðsjóðsins er að finna,
- yfirlit yfir samkomulag fylgisjóðs og höfuðsjóðs eða innri viðskiptareglur,
- hvernig hlutdeildarskírteinishafar geta nálgast frekari upplýsingar um höfuðsjóðinn og samkomulag sjóðanna,
- upplýsingar um allar þóknanir og endurgreiðslu kostnaðar sem fylgisjóður skal greiða vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðsins, auk upplýsinga um heildarupphæð kostnaðar fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins, og
- útskýringar á skattalegum afleiðingum sem fjárfesting inn í höfuðsjóð hefur fyrir fylgisjóð.

Ársreikningur fylgisjóðs skal til viðbótar við þær upplýsingar sem kveðið er á um í VII. kafla innihalda yfirlýsingu um heildarkostnað fylgisjóðs og höfuðsjóðs.

Í ársreikningi og hálfársuppgjöri skal kveðið á um hvernig nálgast megi ársreikning og hálfársuppgjör höfuðsjóðs.

Til viðbótar við upplýsingar skv. 54. og 56. gr. skal fylgisjóður senda útboðslýsingu og lykilupplýsingar sjóðsins og allar breytingar á þeim skjölum, auk ársreiknings og hálfársuppgjörs höfuðsjóðs, til lögbærra yfirvalda í heimaríki fylgisjóðs.

Í markaðsefni fylgisjóðs skal koma fram að sjóðurinn fjárfesti varanlega 85% eða meira af eignum sínum í höfuðsjóði.

Fylgisjóður skal afhenda fjárfestum samkvæmt beiðni og endurgjaldslaust pappírseintak útboðslýsingar, ársreiknings og hálfársuppgjörs höfuðsjóðs.

#### 96. gr.

##### *Upplýsingagiöf fylgisjóðs til hlutdeildarskírteinishafa.*

Fylgisjóður skal veita eigendum hlutdeildarskírteina sinna eftirfarandi upplýsingar:

- a. að Fjármálaeftirlitið hafi samþykkt fjárfestingu fylgisjóðsins í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðs,
- b. lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, í skilningi reglugerðar framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 583/2010, sbr. reglugerð 983/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða vefsetri, fyrir fylgisjóð og höfuðsjóð,
- c. hvaða dag fylgisjóður ætlar að hefja fjárfestingu í höfuðsjóði eða, ef hann hefur þegar fjárfest í honum, þann dag sem fjárfesting sjóðsins fer fram yfir hámark skv. 1. mgr. 71. gr., og
- d. yfirlýsingu þess efnis að eigendur hlutdeildarskírteina hafi heimild til að óska eftir endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina sinna innan 30 daga án nokkurs annars kostnaðar en þess sem verðbréfasjóður heldur eftir til að mæta kostnaði við eignalosun. Heimild skal taka gildi frá þeirri stundu sem fylgisjóður hefur lagt fram upplýsingar sem um getur í þessari málsgrein.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu lagðar fram eigi síðar en 30 dögum fyrir dagsetningu sem um getur í c-lið 1. mgr.

Ef fylgisjóður hefur verið tilkynntur í samræmi við 100. gr. skulu upplýsingar sem um getur í 1. mgr. veittar á opinberu tungumáli, eða einu af opinberum tungumálum, viðkomandi gistiríkis fylgisjóðs, eða á tungumáli sem lögbær yfirvöld þess samþykkja. Fylgisjóður skal bera ábyrgð á þýðingunni. Sú þýðing skal endurspeglar inntak frumritsins nákvæmlega.

Fylgisjóður skal ekki fjárfesta í hlutdeildarskírteinum tiltekins höfuðsjóðs umfram hámark skv. 1. mgr. 71. gr. áður en 30 daga tímabilið, sem um getur í 2. mgr. er liðið.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um uppsetningu og aðferð vegna upplýsingagjafar til hlutdeildarskírteinishafa fylgisjóðs og aðferð við mat og endurskoðun framlags í þeim tilvikum sem fylgisjóður færir allar eða hluta eigna sinna til höfuðsjóðs í skiptum fyrir hluti, sem og hlutverk vörsluaðila fylgisjóðs við slíka tilfærslu.

#### 97. gr.

##### *Skyldur fylgisjóða.*

Fylgisjóður skal hafa reglulegt eftirlit með starfsemi höfuðsjóðs. Við eftirlitið er fylgisjóði heimilt að nota upplýsingar frá höfuðsjóði og, þegar það á við, rekstrarfélagi, vörsluaðila og endurskoðanda hans, nema ástæða þyki til að efast um áreiðanleika upplýsinga.

Ef fylgisjóður, rekstrarfélag hans eða einstaklingur, sem er annaðhvort fulltrúi fylgisjóðsins eða rekstrarfélags hans, tekur við umboðslaunum, þóknun eða öðrum peningalegum ávinningi í tengslum við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðs, skulu launin, þóknunin eða peningalegi ávinningurinn bætast við eignir fylgisjóðsins.

## 98. gr.

*Skyldur höfuðsjóða.*

Höfuðsjóður skal samstundis tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef fylgisjóður fjárfestir í hlutum hans. Ef höfuðsjóður hefur staðfestu á Íslandi en fylgisjóður í öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið tilkynna yfirvöldum í því aðildarríki um slíka fjárfestingu.

Höfuðsjóður skal ekki innheimta gjöld vegna áskrifta eða innlausna fjárfestinga fylgisjóðs í höfuðsjóði eða deildum hans.

Höfuðsjóður skal tryggja að allar upplýsingar sem krafist er samkvæmt lögum þessum eða sjóðsreglum séu aðgengilegar á réttum tíma fyrir fylgisjóð eða rekstrarfélag hans, Fjármálaeftirlitið, lögbært yfirvald fylgisjóðs, vörslufyrirtæki og endurskoðendur.

## 99. gr.

*Tilkynningarskylda Fjármálaeftirlitsins.*

Ef höfuðsjóður og fylgisjóður hafa báðir staðfestu hérlandis skal Fjármálaeftirlitið samstundis tilkynna fylgisjóði um hverja þá ákvörðun, ráðstöfun eða athugun vegna vanefnda höfuðsjóðs, rekstrarfélags höfuðsjóðs, vörsluaðila eða endurskoðenda á skyldum sínum samkvæmt lögum þessum.

Ef höfuðsjóður hefur staðfestu á Íslandi en fylgisjóður í öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið samstundis tilkynna lögbærum yfirvöldum fylgisjóðs um hverja þá ákvörðun, ráðstöfun eða athugun vegna vanefnda höfuðsjóðs, rekstrarfélags höfuðsjóðs, vörsluaðila eða endurskoðenda á skyldum sínum samkvæmt lögum þessum. Tilkynning til fylgisjóðs skal í slíkum tilfellum vera í höndum yfirvalda í heimaríki fylgisjóðs.

## XII. KAFLI

**Starfsemi yfir landamæri innan EES.**

## 100. gr.

*Markaðssetning íslenskra verðbréfasjóða í öðrum ríkjum innan EES.*

Hyggist rekstrarfélag markaðssetja hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs með staðfestu og staðfestingu á Íslandi eða einstakrar deildar hans, sé hann deildaskiptur, í öðrum ríkjum innan EES skal það tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá fyrirætlan. Í tilkynningunni skal vera lýsing á framkvæmd markaðssetningar hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins í viðkomandi ríki, þar á meðal í tengslum við flokka hlutdeildarskírteina ef við á. Hyggist rekstrarfélag verðbréfasjóðsins sjá um markaðssetninguna skal það tekið fram í tilkynningunni.

Tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

1. Reglur verðbréfasjóðsins.
2. Útboðslýsing og lykilupplýsingar.
3. Endurskoðaður ársreikningur næstliðins árs, sé hann fyrirbyggjandi, og síðari hálfársuppgjör.

Gögn þessi skulu þýdd á opinbert tungumál gistiríkis eða á tungumál sem lögbær yfirvöld í gistiríki hafa samþykkt eða, í öðrum tilvikum en þegar um lykilupplýsingar er að ræða, á tungumál sem er hefðbundið að nota í alþjóðlegum viðskiptum. Þýðingar þessar eru á ábyrgð rekstrarfélagsins og skulu endurspeglar innihald upplýsinganna eins og þær eru á frummálinu.

Fjármálaeftirlitið skal staðfesta að framlögð gögn skv. 1. og 2. mgr. séu fullnægjandi.

Reynist framlögð gögn skv. 1. og 2. mgr. fullnægjandi skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning er fyrirhuguð gögnin eigi síðar en tíu virkum dögum eftir móttöku tilkynningar ásamt fullnægjandi gögnum, ásamt staðfestingu



Fjármálaeftirlitsins á að verðbréfasjóðurinn uppfylli skilyrði fyrir markaðssetningu í gistirík-  
inu.

Fjármálaeftirlitið skal án tafar tilkynna rekstrarfélaginu um sendingu gagna skv. 5. mgr. Rekstrarfélagi er heimilt að markaðssetja verðbréfasjóð í gistiríki frá dagsetningu þeirrar til-  
kynningar.

Tilkynning skv. 1. mgr. og staðfesting Fjármálaeftirlitsins skv. 4. mgr. skulu vera á ensku nema að Fjármálaeftirlitið og lögbært yfirvald í gistiríki samþykki annað.

Rekstrarfélag skal tryggja að lögbært yfirvald í gistiríki hafi ávallt rafrænan aðgang að gögnum skv. 2. mgr. og þýðingum á þeim, ef við á. Rekstrarfélag skal tryggja að gögnin og þýðingar á þeim séu uppfærð. Rekstrarfélag skal tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiríki um allar breytingar á gögnunum til lögbærra yfirvalda í gistiríki, auk upplýsinga um hvar megi nálgast gögnin rafrænt.

Verði breytingar á fyrirkomulagi markaðssetningar frá því sem áður hafði verið tilkynnt skv. 1. mgr. eða breytingar á flokki hlutdeildarskírteina sem markaðssettir eru í gistiríki skal rekstrarfélag tilkynna breytinguna skriflega til lögbærs yfirvalds í gistiríki áður en breytingin verður framkvæmd.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um aðgengi lögbærra yfirvalda í gistiríki að upplýsingum og gögnum samkvæmt ákvæði þessu og upp-  
setningu og innihald staðlaðrar tilkynningar til notkunar fyrir verðbréfasjóði vegna tilkynn-  
ingar samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal hvaða skjöl þurfi að þýða á önnur tungumál. Einnig um uppsetningu og innihald staðfestingar Fjármálaeftirlits skv. 4. og 5. mgr., verklef við upplýsingaskipti og notkun rafrænna samskipta á milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynn-  
ingar samkvæmt ákvæði þessu.

#### 101. gr.

##### *Aðstaða og upplýsingar til fjárfesta í gistiríki.*

Rekstrarfélag sem markaðssettur verðbréfasjóð með staðfestu og staðfestingu hér á landi í öðru ríki innan EES skal tryggja eigendum hlutdeildarskírteina, í því ríki sem sjóðurinn er markaðssettur, aðgang að þeim upplýsingum sem rekstrarfélaginu er skylt að veita skv. VI. kafla og að aðstaða sé fyrir hendi til innlausna eða endurkaupa hlutdeildarskírteina eða annarra greiðslna til hlutdeildarskírteinishafa.

#### 102. gr.

##### *Upplýsingagjöf verðbréfasjóða sem markaðssettir eru í öðrum ríkjum innan EES til fjárfesta.*

Rekstrarfélag sem markaðssettur íslenskan verðbréfasjóð eða einstaka deild hans, sé hann deildaskiptur, í öðru ríki innan EES skal veita fjárfestum í gistiríki gögn og upplýsingar skv. VII. kafla.

Upplýsingagjöf skv. 1. mgr. skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. upplýsingarnar skulu veittar fjárfestum í gistiríki eins og mælt er fyrir um í lögum og reglum gistiríkisins,
- b. lykilupplýsingar skulu þýddar á opinbert tungumál eða eitt af opinberum tungumálum gistiríkisins eða á tungumál sem lögbært yfirvald í gistiríkinu samþykkir,
- c. aðrar upplýsingar en lykilupplýsingar skulu þýddar á opinbert tungumál eða eitt af opinberum tungumálum gistiríkisins, tungumál sem lögbær eftirlitsaðili í gistiríkinu samþykkir eða á tungumál sem tíðkast að nota í alþjóðlegum viðskiptum, og

d. rekstrarfélag ber ábyrgð á þýðingum skv. 2. og 3. tölul. og að þær gefi rétta mynd af innihaldi upplýsinganna eins og þær eru á frummálinu.

Ákvæði þetta gildir einnig um breytingar sem gerðar eru á upplýsingum eða gögnum.

Um tíðni birtingar upplýsinga um kaup- og sölugengi hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs sem markaðssettur er í öðru ríki innan EES, endurkaup eða innlausn gilda ákvæði laga þessara.

#### 103. gr.

*Markaðssetning hér á landi á verðbréfasjóðum með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES.*

Erlendum verðbréfasjóði eða einstakri deild hans, sé hann deildaskiptur, með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES er heimilt að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín hér á landi eftir að Fjármálaeftirlitið hefur staðfest móttöku tilkynningar um markaðssetningu frá lögbærum eftirlitsaðila heimaríkis verðbréfasjóðsins. Tilkynningin skal vera í samræmi við tilkynningu skv. 100. gr.

1. mgr. gildir einnig um starfsemi svissneskra og færeyskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan EES og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Seðlabanka Íslands og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

Fjármálaeftirlitið skal birta upplýsingar um lög og reglur sem gilda um markaðssetningu verðbréfasjóða hér á landi sem eru með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES á vef sínum. Upplýsingarnar skulu vera settar skýrt fram á ensku og uppfærðar eftir þörfum.

Í starfsemi sinni hér á landi er erlendum verðbréfasjóði heimilt að vísa til rekstrarforms síns á sama hátt og hann gerir í heimaríki sjóðsins. Ef heitið er villandi eða felur í sér hættu á ruglingi er Fjármálaeftirlitinu þó heimilt að krefjast þess að nafn verðbréfasjóðs verði auðkennt sérstaklega til skýringar.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um umfang upplýsinga, sem Fjármálaeftirlitinu ber að birta á vef, um gildandi rétt varðandi markaðssetningu verðbréfasjóða með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES hér á landi.

#### 104. gr.

*Upplýsingagjöf verðbréfasjóða með staðfestu og staðfestingu innan EES til fjárfesta hér á landi.*

Erlendur verðbréfasjóður eða einstakri deild hans, sé hann deildaskiptur, með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES, sem markaðssettur hlutdeildarskírteini sín hér á landi í samræmi við ákvæði þessa kafla, skal veita sömu upplýsingar og gögn til fjárfesta sem verðbréfasjóðnum er skylt að veita í heimaríki verðbréfasjóðsins.

Upplýsingagjöf skv. 1. mgr. skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. upplýsingarnar skulu veittar fjárfestum eins og kveðið er á um í VII. kafla,
- b. lykilupplýsingar skulu þýddar á íslensku,
- c. upplýsingar skv. 1. mgr., aðrar en lykilupplýsingar, skulu þýddar á íslensku eða ensku, og
- d. verðbréfasjóður, eða rekstrarfélag hans ef við á, ber ábyrgð á þýðingum skv. 2. og 3. tölul. og að þær gefi rétta mynd af innihaldi upplýsinganna eins og þær eru á frummálinu.

Ákvæði þetta gildir einnig um breytingar sem gerðar eru á upplýsingum eða gögnum.

Um tíðni birtingar upplýsinga um kaup- og sölugengi hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs sem markaðssettur er hér á landi, endurkaup eða innlausn gilda lög og reglur í heimaríki verðbréfasjóðs.

## 105. gr.

*Skilyrði þess að rekstrarfélagi með staðfestu hér á landi sé heimilt að veita þjónustu í öðrum ríkjum innan EES.*

Rekstrarfélag sem hyggst reka verðbréfasjóð eða veita þjónustu skv. 3. mgr. 5. gr. í öðru ríki innan EES, án stofnunar útibús, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Í tilkynningunni skal koma fram:

- a. í hvaða ríki innan EES rekstrarfélag hyggst reka verðbréfasjóð eða veita þjónustu skv. 3. mgr. 5. gr., og
- b. starfsáætlun þar sem fram kemur sú þjónusta sem rekstrarfélag hyggst veita og hvaða verðbréfasjóði það hyggst reka, ef við á. Áætluninni skulu fylgja þeir áhættustýringarferlar sem félagið hefur sett sér auk lýsingar á því hvernig félagið hyggst uppfylla skilyrði 5. mgr. 15. gr.

Rekstrarfélag sem hyggst reka verðbréfasjóð eða veita þjónustu skv. 3. mgr. 5. gr. í öðru ríki innan EES með stofnun útibús, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Í tilkynningunni skal koma fram:

- a. í hvaða ríki innan EES rekstrarfélag hyggst stofna útibú,
- b. starfsáætlun þar sem fram kemur sú þjónusta sem rekstrarfélag hyggst veita og hvaða verðbréfasjóði það hyggst reka, ef við á. Áætluninni skulu fylgja þeir áhættustýringarferlar sem félagið hefur sett sér auk lýsingar á því hvernig félagið hyggst uppfylla skilyrði 5. mgr. 15. gr.,
- c. stjórnskipulag útibúsins,
- d. heimilisfang í gistiríki rekstrarfélags þar sem nálgast má gögn, og
- e. nöfn stjórnenda útibúsins ásamt upplýsingum um símanúmer, tölvupóstfang og póstfang á skrifstofu viðkomandi.

Fjármálaeftirlitið skal innan 30 daga frá móttöku fullnægjandi tilkynningar skv. 1. mgr. og 60 daga frá móttöku fullnægjandi tilkynninga skv. 1. mgr. framsenda tilkynninguna til lögbærs yfirvalds í gistiríki rekstrarfélags. Fjármálaeftirlitið skal láta fylgja með staðfestingu þess efnis að viðkomandi rekstrarfélag hafi starfsleyfi, auk lýsingar á umfangi starfsleyfis rekstrarfélagsins og upplýsinga um takmarkanir á tegundum verðbréfasjóða sem rekstrarfélaginu er heimilt að reka. Tilkynning rekstrarfélags skal eingöngu framsend ef rekstrarfélag uppfyllir skilyrði laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla settra með stoð í þeim. Synji Fjármálaeftirlitið rekstrarfélagi um áframsendingu tilkynningar til lögbærs yfirvalds í gistiríkis rekstrarfélags samkvæmt þessari málsgrein skal ákvörðunin þar um rökstudd innan tveggja mánaða frá móttöku allra gagna.

Ásamt framsendingu tilkynningar skv. 3. mgr. skal Fjármálaeftirlitið upplýsa lögbært yfirvald í gistiríki um réttindi fjárfesta samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Fjármálaeftirlitið skal án tafar tilkynna rekstrarfélagi þegar framsending tilkynningar rekstrarfélags hefur átt sér stað. Rekstrarfélagi er heimilt að veita fyrirhugaða þjónustu skv. 1. mgr. frá og með þeirri dagsetningu sem því berst tilkynning frá Fjármálaeftirlitinu. Rekstrarfélagi er heimilt að veita fyrirhugaða þjónustu skv. 2. mgr. frá og með tilkynningu þess efnis frá lögbæru yfirvaldi í gistiríki, en í síðasta lagi tveimur mánuðum frá sendingu Fjármálaeftirlitsins á tilkynningu skv. 3. mgr.

Tilkynningar skv. 1. og 2. mgr. skulu vera á ensku nema Fjármálaeftirlitið og lögbært yfirvald í gistiríki samþykki annað.

Verði breytingar á upplýsingum skv. b-lið 1. mgr. eða b–e-lið 2. mgr. skal rekstrarfélag tilkynna þær skriflega til Fjármálaeftirlitsins og lögbærs yfirvalds í gistiríki með að lágmarki 30 daga fyrirvara.

Fjármálaeftirlitið skal upplýsa lögbært yfirvald í gistiríki rekstrarfélags um breytingar á upplýsingum sem framsendar hafa verið skv. 3. mgr.

Óski lögbært yfirvald í gistiríki rekstrarfélags sem rekur verðbréfasjóð með staðfestu í gistiríki lögbæra yfirvaldsins eftir nánari upplýsingum skv. 3. mgr. skal Fjármálaeftirlitið veita slíkar upplýsingar innan 10 daga.

#### 106. gr.

*Starfsemi rekstrarfélags hér á landi sem hefur starfsleyfi og staðfestu í öðru ríki innan EES.*

Rekstrarfélagi með staðfestu í öðru ríki innan EES er heimilt, frá þeim degi sem Fjármálaeftirlitinu berst framsend frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki rekstrarfélags tilkynning rekstrarfélags um fyrirhugaða starfsemi án stofnunar útibús, auk meðfylgjandi staðfestingar um viðeigandi starfsleyfi frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki rekstrarfélags, að:

- a. reka verðbréfasjóð með staðfestu hér á landi ef rekstrarfélag hefur heimild til að reka sambærilega verðbréfasjóði í heimaríki sínu, og
- b. veita þjónustu skv. 3. mgr. 5. gr. ef rekstraraðili hefur heimild til að veita sambærilega þjónustu í heimaríki sínu.

Rekstrarfélagi með staðfestu í öðru ríki innan EES er heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, þó í síðasta lagi tveimur mánuðum frá þeim degi sem Fjármálaeftirlitinu berst framsend tilkynning rekstrarfélags um fyrirhugaða starfsemi með stofnun útibús, auk meðfylgjandi staðfestingar um viðeigandi starfsleyfi frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki rekstrarfélags, að:

- a. reka verðbréfasjóð með staðfestu hér á landi ef rekstrarfélag hefur heimild til að reka sambærilega verðbréfasjóði í heimaríki sínu, og
- b. veita þjónustu skv. 3. mgr. 5. gr. ef rekstraraðili hefur heimild til að veita sambærilega þjónustu í heimaríki sínu.

Rekstrarfélag sem hyggst hefja starfsemi hérlandis með eða án útibús skal fara eftir ákvæðum 1. mgr. 15. gr. Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með því að starfsemi útibús sé í samræmi við 1. mgr. 15. gr.

Áður en útibú rekstrarfélags hefur starfsemi og innan tveggja mánaða frá því að tilkynning um fyrirhugaða starfsemi skv. 2. mgr. berst Fjármálaeftirlitinu skal það undirbúa eftirlit með rekstrarfélaginu sem fellur undir ábyrgð þess.

#### 107. gr.

*Rekstur verðbréfasjóðs með staðfestingu hér á landi af hálfu rekstrarfélags sem hefur starfsleyfi og staðfestu í öðru ríki innan EES.*

Rekstrarfélag með staðfestu í öðru ríki innan EES, sem sækir um staðfestingu verðbréfasjóðs með staðfestu hér á landi skal til viðbótar upplýsingum skv. 27. og 32. gr. senda Fjármálaeftirlitinu eftirfarandi upplýsingar:

- a. skriflegan samning við vörsluaðila verðbréfasjóðsins og
- b. upplýsingar um útvistun verkefna skv. 5. gr.

Reki rekstrarfélagið þegar sams konar verðbréfasjóð á Íslandi er heimilt að vísa til þeirra gagna sem þegar hafa verið afhent Fjármálaeftirlitinu vegna þeirra sjóða.

Fjármálaeftirlitinu er eingöngu heimilt að hafna staðfestingu verðbréfasjóðs í rekstri rekstrarfélags með staðfestu í öðru ríki innan EES ef:

- a. skilyrði IV.–V. kafla og VII.–X. kafla þessara laga eru ekki uppfyllt,
- b. rekstrarfélagið er ekki með starfsheimildir í heimaríki sínu til rekstrar slíkra verðbréfasjóða, eða
- c. rekstrarfélagið veitir ekki upplýsingar skv. 1. mgr.

Áður en Fjármálaeftirlitið hafnar staðfestingu skv. 2. mgr. skal Fjármálaeftirlitið ráðfæra sig við lögbært yfirvald í heimaríki rekstrarfélagsins.

Rekstrarfélagi með staðfestu í öðru ríki innan EES, sem rekur verðbréfasjóð með staðfestu hér á landi, ber að fara eftir IV.–V. kafla og VII.–X. kafla.

Rekstrarfélag skal starfa í samræmi við útboðslýsingu og reglur verðbréfasjóðsins. Útboðslýsing og reglur verðbréfasjóðsins skulu vera í samræmi við kröfur laga þessara.

Rekstrarfélag skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um allar efnislegar breytingar á upplýsingum skv. 1. mgr.

### XIII. KAFLI

#### Eftirlit, viðurlög og samstarf lögbærra yfirvalda.

##### A. Eftirlit.

108. gr.

*Eftirlit.*

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með:

1. Að starfsemi verðbréfasjóða með staðfestingu hér á landi sé í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og reglur sjóðsins.
2. Að starfsemi verðbréfasjóða með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES sem markaðssettir eru hér á landi sé í samræmi við 103. gr. eða lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda hér á landi umfram það sem segir í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).
3. Að starfsemi rekstrarfélaga með starfsleyfi hér á landi, verðbréfasjóða í rekstri þeirra og vörsluaðila sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.
4. Markaðssetningu rekstrarfélaga með starfsleyfi í öðru ríki innan EES á verðbréfasjóðum hér á landi.
5. Að rekstrarfélag með starfsleyfi í öðru ríki innan EES sem rekur eða markaðssetur verðbréfasjóð hér á landi með stofnun útibús fari að 15. og 18. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit með lögum þessum, eftir því sem við á, í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Um framkvæmd eftirlits fer samkvæmt lögum þessum, lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að eiga samstarf við önnur stjórnvöld hér á landi og fela sérfróðum aðilum að sinna tilteknum verkefnum til þess að tryggja framfylgd laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla settra með stoð í þeim.

## 109. gr.

*Almennar eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins.*

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gripa til eftirfarandi ráðstafana til þess að tryggja að farið sé að lögum þessum:

1. Krefjast aðgangs að, afhendingar á eða afriti af hvers konar upplýsingum og gögnum á því formi sem það telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.
2. Krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn á því formi sem það telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu og ef þörf krefur kalla einstaklinga til skýrslugjafar í því skyni.
3. Framkvæma vettvangsathuganir og vettvangsrannsóknir.

Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum samkvæmt þessari grein. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstaðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða hvernig komast megi hjá málshöfðun, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.

Liggi fyrir rökstuddur grunur um að brotið hafi verið gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim er Fjármálaeftirlitinu heimilt, að uppfylltum ákvæðum laga um meðferð sakamála, eftir því sem við getur átt, að:

1. Krefjast kyrrsetningar eigna og haldlagningar muna.
2. Krefjast þess fyrir dómi að fá aðgang að fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki í vörslu fjarskiptafyrirtækja þegar slíkar upplýsingar geta haft þýðingu við rannsókn á brotum á lögum þessum. Fjarskiptafyrirtæki er skylt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar skv. 1. málsl. án úrskurðar dómara ef samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis liggur fyrir.
3. Krefjast þess að fá aðgang að fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki í vörslu verðbréfasjóðs, rekstrarfélags, vörsluáðila eða annarra aðila sem falla undir lög þessi.

Um lok kyrrsetningar fer almennt skv. 3. mgr. 88. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Kyrrsetning fellur einnig niður ef athugun Fjármálaeftirlitsins lýkur án þess að stjórnsluviðurlögum sé beitt eða mál kært til lögreglu. Sakborningur á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef sakborningur innir af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að aðili láti af háttsemi sem er andstæð ákvæðum laga þessara.

Fjármálaeftirlitið getur krafist tímabundins banns við því að tiltekin starfsemi sé stunduð. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið birt opinberlega nöfn aðila sem taldir eru markaðssetja vöru samkvæmt lögum þessum án tilskilinna heimilda.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að útgáfu, endursölu eða innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað til þess að gæta hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa eða almennings.

Þegar við á skal Fjármálaeftirlitið upplýsa lögbært yfirvald í gistiríki verðbréfasjóðs rekstrarfélags um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til samkvæmt ákvæði þessu. Áður en kemur til afturköllunar starfsleyfis rekstrarfélags skal Fjármálaeftirlitið, ef við á, hafa samráð við lögbær yfirvöld í heimaríki verðbréfasjóðs.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um afturköllun staðfestingar verðbréfasjóðs, frestun útgáfu, endursölu eða innlausna hlutdeildarskírteina eða aðrar íþyngjandi ráðstafanir gagnvart verðbréfasjóði skal Fjármálaeftirlitið tilkynna án tafar til lögbærra yfirvalda í gistiríki verðbréfasjóðsins, þar sem við á, og ef rekstrarfélag sjóðsins er með staðfestu í öðru ríki innan EES til lögbærra yfirvalda í heimaríki rekstrarfélags verðbréfasjóðsins.

Berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbæru yfirvaldi gistiríkis um að rekstrarfélag með staðfestu hér á landi neiti að veita upplýsingar eða sinni ekki úrbótakröfum skal Fjármálaeftirlitið grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að viðkomandi rekstrarfélag veiti upplýsingarnar eða verði við kröfu um umbætur. Ef nauðsynlegt er skal eftirlitið óska eftir upplýsingum frá lögbærum yfirvöldum í ríkjum utan EES. Fjármálaeftirlitið skal upplýsa lögbært yfirvald gistiríkis um til hvaða ráðstafana er gripið. Íþyngjandi ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitið grípur til skulu tilkynntar viðkomandi rekstrarfélagi og rökstuddar með fullnægjandi hætti.

Berist Fjármálaeftirlitinu sem lögbæru yfirvaldi í heimaríki verðbréfasjóðs upplýsingar frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki rekstrarfélags um áform um afturköllun starfsleyfis rekstrarfélags skal Fjármálaeftirlitið grípa til nauðsynlegra ráðstafana til verndar hagsmunum fjárfesta í viðkomandi verðbréfasjóði og heilbrigðri starfsemi fjármálamarkaða hér á landi, til að mynda með banni við starfsemi rekstrarfélagsins hér á landi.

#### 110. gr.

*Eftirlit með rekstrarfélagi með staðfestu í öðru ríki innan EES sem starfar hér á landi.*

Rekstrarfélag með staðfestu í öðru ríki innan EES sem veitir þjónustu hér á landi í gegnum útibú eða án stofnunar útibús skal veita Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar sem eftirlitið telur nauðsynlegar til að sinna eftirlitshlutverki sínu.

Fjármálaeftirlitið getur vegna hagskýrslugerðar krafist þess að þau rekstrarfélög sem hafa útibú hér á landi sendi reglubundið skýrslu um starfsemi sína hér á landi.

Telji Fjármálaeftirlitið að rekstrarfélag sem er með útibú eða veitir þjónustu hér á landi fari ekki að lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem undir eftirlit þess heyra skal Fjármálaeftirlitið krefjast úrbóta og upplýsa lögbært yfirvald heimaríkis rekstrarfélags.

Ef rekstrarfélag neitar að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar skv. 1. mgr. eða að fara að úrbótakröfum Fjármálaeftirlitsins skv. 3. mgr. skal lögbært yfirvald í heimaríki rekstrarfélags upplýst.

Veiti rekstrarfélag ekki upplýsingar skv. 1. mgr. eða fer enn ekki að lögum og stjórnvaldsfyrirmælum þrátt fyrir úrbótakröfur Fjármálaeftirlitsins og ráðstafanir lögbærs yfirvalds í heimaríki í kjölfar tilkynningar skv. 4. mgr. eða að ráðstafanir lögbærs yfirvalds í heimaríki rekstrarfélags hafi reynst ófullnægjandi getur Fjármálaeftirlitið gripið til viðeigandi ráðstafana gagnvart rekstrarfélaginu til að koma í veg fyrir eða refsar fyrir brot og, að því marki sem nauðsynlegt er, koma í veg fyrir að rekstrarfélag stofni til frekari viðskipta á Íslandi eða láti af rekstri viðkomandi verðbréfasjóðs. Fjármálaeftirlitið skal fyrir fram tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaríkis rekstrarfélags um slíkar ráðstafanir og Eftirlitsstofnun EFTA og ESMA tafarlaust. Íþyngjandi ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitið grípur til, svo sem álagning stjórn-sýslusekta, skulu tilkynntar viðkomandi rekstrarfélagi og rökstuddar á fullnægjandi hátt. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að vísa máli til Eftirlitsstofnunar EFTA, telji eftirlitið að lögbært yfirvald í heimaríki rekstrarfélags hafi ekki aðhafst á fullnægjandi hátt. Eftirlitsstofnun EFTA getur gripið til ráðstafana í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Ef starfsemi rekstrarfélags skv. 1. mgr. ógnar hagsmunum fjárfesta verðbréfasjóðs eða annarra sem rekstrarfélag veitir þjónustu getur Fjármálaeftirlitið, áður en gripið er til ráðstafana samkvæmt ákvæði þessu, gripið til allra nauðsynlegra varúðarráðstafana gagnvart rekstrarfélagi til að vernda þá hagsmuni.

## 111. gr.

*Eftirlit með verðbréfasjóði með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES sem er markaðssettur hér á landi.*

Hafi Fjármálaeftirlitið gilda ástæðu til að ætla að verðbréfasjóður sem er markaðssettur á Íslandi en með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES uppfylli ekki þær skyldur sem kveðið er á um í lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim, en Fjármálaeftirlitið hefur ekki valdheimildir til að taka á slíkum brotum, skal eftirlitið upplýsa lögbært yfirvald í heimaríki verðbréfasjóðsins um þá afstöðu sína.

Ef verðbréfasjóður heldur áfram háttsemi sem sýnilega getur skaðað hagsmuni fjárfesta, þrátt fyrir ráðstafanir lögbærs yfirvalds í heimaríki verðbréfasjóðs eða vegna þess að þær ráðstafanir hafa reynt ófullnægjandi eða vegna þess að lögbæra yfirvaldið aðhefst ekki innan sanngjarns tímafrests, getur Fjármálaeftirlitið gripið til viðeigandi ráðstafana gagnvart verðbréfasjóðnum til verndar fjárfestum, þar á meðal að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðurinn geti stundað frekari markaðssetningu hlutdeildarskírteina sinna hér á landi. Fjármálaeftirlitið skal fyrir fram tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaríkis verðbréfasjóðs um slíkar ráðstafanir og Eftirlitsstofnun EFTA og ESMA tafarlaust. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að vísa málinu til Eftirlitsstofnunar EFTA sem getur gripið til ráðstafana í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

## 112. gr.

*Tilkynningar starfsmanna um brot í starfsemi.*

Rekstrarfélög og vörsluaðilar skulu hafa ferla til þess að taka við og fylgja eftir tilkynningum starfsmanna um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum sem á þeim byggja. Ferlarnir skulu vera aðskildir frá öðrum ferlum innan fyrirtækisins.

Einstaklingur sem tekur við tilkynningum skv. 1. mgr. og sér um vinnslu þeirra skal búa við sjálfstæði í störfum sínum. Tryggt skal að hann hafi nægilegt vald, fjárveitingar og heimildir til að afla gagna og upplýsinga sem honum eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt skyldum sínum.

Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. mgr., þ.m.t. um viðtöku og vinnslu tilkynninga.

## 113. gr.

*Vernd starfsmanns vegna tilkynningar um brot í starfsemi.*

Þeir sem falið hefur verið að taka við tilkynningum skv. 112. gr. og sjá um vinnslu þeirra eru bundnir þagnarskyldu um persónugreinanlegar upplýsingar sem koma fram í tilkynningunum. Þagnarskyldan gildir gagnvart öðrum starfsmönnum fyrirtækisins og einnig utanaðkomandi aðilum. Þó er heimilt að miðla upplýsingum sem lúta þagnarskyldu til Fjármálaeftirlitsins og til lögreglu.



Tilkynning starfsmanns um brot í starfsemi telst ekki brot á þagnarskyldu. Rekstrarfélag og vörsluaðili skal vernda starfsmann sem í góðri trú hefur tilkynnt um brot skv. 112. gr. gegn því að hann sæti skaðabótaskyldu eða misrétti sem rekja má til tilkynningar hans. Sama gildir um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins skv. 13. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi, nr. 87/1998.

Ef rekstrarfélag eða vörsluaðili brýtur gegn skyldu sinni skv. 2. mgr. skal það greiða starfsmanni skaðabætur samkvæmt almennum reglum. Þetta tekur bæði til beins fjártjóns og miska.

Skyldur og réttindi samkvæmt þessari grein eru ófrávíkjanleg og óheimilt er að takmarka þau í ráðningarsamningi á milli starfsmanns og fyrirtækis.

## **B. Úrbætur, viðurlög og opinber birting niðurstaðna.**

114. gr.

### *Úrbótakrafa vegna brots.*

Komi í ljós að ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmæla settra með stoð í þeim sé ekki fylgt skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

115. gr.

### *Stjórnvaldssektir.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann lögaðila eða einstakling sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglna settra á grundvelli þeirra:

1. 2. mgr. 4. gr. um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins um skort á skilyrðum fyrir starfsleyfi.
2. 3. mgr. 4. gr. um einkarétt á heitinu rekstrarfélag verðbréfasjóða.
3. 1. mgr. 5. gr. um starfsemi utan starfsheimilda.
4. 5. mgr. 5. gr. um nýtingu á sameiginlegum atkvæðisrétti.
5. 6. mgr. 5. gr. um fjárfestingu fyrir hönd viðskiptavinar án fyrir fram samþykkis.
6. 1. mgr. 6. gr. um upplýsingar með umsókn um starfsleyfi.
7. 2. mgr. 6. gr. um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins um breyttar upplýsingar.
8. 8. gr. um takmörkun á starfsemi rekstrarfélags.
9. 2. mgr. 11. gr. um hæfi sjóðstjóra.
10. 3. mgr. 11. gr. um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins um skipan og breytingar stjórnenda rekstrarfélags.
11. 13. gr. um virkan eignarhlut.
12. 15. gr. um almenn skilyrði um skipulagskröfur rekstrarfélaga.
13. 16. gr. um þagnarskyldu.
14. 17. gr. um starfskjarastefnu, kaupaukakerfi og starfslokasamninga.
15. 18. gr. um hagsmunaárekstra.
16. 19. gr. um áhættustýringu.
17. 20. gr. um lausafjárstýringu.
18. 21. gr. um verðmat.
19. 22. gr. um útvistun á starfsemi rekstrarfélags.
20. 23. gr. um keðjuútvistun.
21. 2. mgr. 25. gr. um breytingu á rekstrarfélagi eða vörsluaðila.
22. 1. mgr. 26. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs eða UCITS-sjóðs án staðfestingar viðkomandi lögbærs yfirvalds.
23. 1. mgr. 32. gr. vegna grófra eða ítrekaðra brota á reglum verðbréfasjóðs.

24. 4. mgr. 32. gr. um tilkynningarskyldu til eigenda hlutdeildarskírteina um breytingar á reglum verðbréfasjóðs.
25. 38. gr. um tilkynningarskyldu til fyrirtækjaskrár.
26. 41. gr. um skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa.
27. 42. gr. um staðgreiðslu hlutdeildarskírteina.
28. 43. gr. um skipan vörsluaðila.
29. 45. gr. um hlutverk vörsluaðila með tilliti til sjóðstreymis verðbréfasjóðs.
30. 46. gr. um hlutverk vörsluaðila með tilliti til eigna verðbréfasjóðs.
31. 47. gr. um hlutverk vörsluaðila með tilliti til ráðstafana vegna eigna verðbréfasjóðs.
32. 48. gr. um heimildir vörsluaðila til hagnýtingar á eignum í vörslu.
33. 49. gr. um útvistun verkefna vörsluaðila verðbréfasjóðs.
34. 50. gr. um hátternisreglur vörsluaðila.
35. 54. gr. um ársreikninga.
36. 56. gr. um upplýsingagjöf til fjárfesta.
37. 57. gr. um markaðsefni til fjárfesta og aðra kynningarstarfsemi.
38. 58. gr. um upplýsingar í útboðslýsingu.
39. 59. gr. um lykilupplýsingar.
40. 64. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða.
41. 2. mgr. 65. gr. um bann við fjárfestingu í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.
42. 66. gr. um áhættustýringu og önnur skilyrði afleiðuviðskipta verðbréfasjóða.
43. 67. gr. um hámark fjárfestingar verðbréfasjóða í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum og afleiðum.
44. 68. gr. um vísitölusjóði.
45. 69. gr. um peningamarkaðssjóði.
46. 70. gr. um traust verðbréf.
47. 71. gr. um fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
48. 72. gr. um takmarkanir á eignasafni.
49. 73. gr. um lán og ábyrgðir.
50. 74. gr. um skortsölu.
51. 75. gr. um útlánaáhættu vegna verðbréfunar.
52. 1. mgr. 76. gr. um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins og ráðstafanir til úrbóta.
53. 83. gr. um upplýsingar til hlutdeildarskírteinishafa.
54. 1. og 2. mgr. 89. gr. um fjárfestingarheimildir fylgisjóðs.
55. 95. gr. um útboðslýsingu fylgisjóðs og aðra upplýsingagjöf.
56. 96. gr. um upplýsingagjöf fylgisjóðs til hlutdeildarskírteinishafa.
57. 100. gr. um markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða í öðrum ríkjum innan EES.
58. 102. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða sem markaðssettir eru í öðrum ríkjum innan EES til fjárfesta.
59. 103. gr. um markaðssetningu hér á landi á verðbréfasjóðum með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES.
60. 104. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða með staðfestu og staðfestingu innan EES til fjárfesta hér á landi.
61. 105. gr. um skilyrði þess að rekstrarfélag með staðfestu hér á landi sé heimilt að veita þjónustu í öðrum ríkjum innan EES.
62. 106. gr. um starfsemi rekstrarfélags hér á landi sem hefur starfsleyfi og staðfestu í öðru ríki innan EES.

63. 1. mgr. 112. gr. um skyldu til að hafa ferla sem uppfylla skilyrði ákvæðisins.  
 64. 1. mgr. 113. gr. um þagnarskyldu vegna tilkynningar um brot í starfsemi.  
 65. 121. gr. um sátt.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 800. millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að ákvarða einstaklingi eða lögaðila, sem brýtur gegn lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra, stjórnvaldssekt allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem nemur fjárhagslegum ávinningi af broti.

Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

#### 116. gr.

##### *Afturköllun starfsleyfis eða staðfestingar.*

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað, tímabundið eða varanlega, starfsleyfi rekstrarfélags, staðfestingu verðbréfasjóðs eða heimild vörsluaðila vegna grófra eða ítrekaðra brota á lögum þessum.

#### 117. gr.

##### *Bann við stjórnunarstörfum.*

Brjótí einstaklingur gegn ákvæðum laga þessara getur Fjármálaeftirlitið bannað honum tímabundið eða varanlega, séu brot hans gróf og ítrekuð, að sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum hjá rekstrarfélagi.

#### 118. gr.

##### *Ákvörðun stjórnsluviðurlaga.*

Við ákvörðun stjórnsluviðurlaga samkvæmt þessum kafla, þar á meðal um fjárhæð stjórnvaldssekta, skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi, eftir því sem við á:

- a. alvarleika brots og hvað brotið hefur staðið lengi,
- b. ábyrgðar hins brotlega,
- c. fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af ársveltu lögaðila eða árstekjum og eignum einstaklings,
- d. ávinnings hins brotlega af broti eða taps sem hann forðar með broti, þess tjóns sem brotið veldur þriðja aðila og, ef við á, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa, að því marki sem unnt er að ákvarða það,
- e. samstarfsvilja hins brotlega,
- f. fyrri brota hins brotlega, og
- g. ráðstafana sem hinn brotlegi grípur til eftir brotið til að koma í veg fyrir að brotið verði endurtekið.

## 119. gr.

*Opinber birting stjórnsluviðurlaga og annarra ráðstafana vegna brota.*

Fjármálaeftirlitið skal án tafar birta á vef sínum sérhverja niðurstöðu um beitingu stjórnsluviðurlaga og annarra ráðstafana vegna brota á ákvæðum laganna, í kjölfar tilkynningar til hins brotlega um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Niðurstaða sem er birt skal að lágmarki innihalda upplýsingar um tegund og eðli brots og nafn hins brotlega.

Telji Fjármálaeftirlitið að opinber birting á nafni hins brotlega, annarra lögaðila eða einstaklinga sem kemur fram í niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins samræmist ekki meðalhófsreglu stjórnsluréttar eða að birting geti stofnað stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða skaðað yfirstandandi rannsókn getur Fjármálaeftirlitið:

- a. frestað birtingu niðurstöðunnar þar til ástæður fyrir að birta hana ekki eru ekki lengur til staðar, eða
- b. birt niðurstöðu án þess að nafngreina hinn brotlega eða aðra lögaðila eða einstaklinga sem koma fram í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að birta ekki niðurstöðu ef eftirlitið telur að birting skv. 2. mgr. geti stofnað stöðugleika fjármálamarkaða í hættu, skaðað yfirstandandi rannsókn eða ef hún samræmist ekki meðalhófsreglu stjórnsluréttar.

Í tilviki nafnlausrar birtingar niðurstöðu skv. b-lið 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta nafn viðkomandi þegar ástæður fyrir nafnleynd eiga ekki lengur við.

Fjármálaeftirlitið skal birta upplýsingar á vef sínum ef höfðað er mál fyrir dómstólum til ógildingar á ákvörðun þess um beitingu viðurlaga vegna brota. Fjármálaeftirlitið skal enn fremur birta upplýsingar um lyktir málsins á hverju dómstigi. Afturkalli Fjármálaeftirlitið ákvörðun sína um beitingu viðurlaga skal stofnunin upplýsa um það á vef sínum.

Niðurstöður um beitingu stjórnsluviðurlaga vegna brota á ákvæðum laganna skulu birtar á vef Fjármálaeftirlitsins í að lágmarki fimm ár. Persónuupplýsingar sem koma fram í niðurstöðunum skulu ekki birtar lengur en málefnalegar ástæður kalla á í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Fjármálaeftirlitið skal birta á vef sínum þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd birtingar samkvæmt þessari grein.

## 120. gr.

*Tilkynningar Fjármálaeftirlitsins til ESMA.*

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna ESMA:

- a. um öll veitt starfsleyfi skv. 4. gr.,
- b. árlega um eftirlitsaðgerðir og viðurlög sem beitt hefur verið vegna brota á ákvæðum laga þessara,
- c. um ákvarðanir um viðurlög eða eftirlitsaðgerðir vegna brota á lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem á þeim byggjast, sbr. 119. gr., en tilkynningin skal fara fram samtímis birtingu skv. 119. gr.,
- d. um öll stjórnsluviðurlög sem beitt er en ekki birtar upplýsingar um í samræmi við 119. gr., þar með taldar upplýsingar um málsmeðferð dómstóla hvað slíkar ákvarðanir varðar og niðurstöðu slíkra dómsmála, sem og um þau refsiviðurlög sem lögð eru á,
- e. um flokka skuldabréfa og heimila útgefendur skuldabréfa, sbr. 5. mgr. 67. gr., auk upplýsinga um tryggingar sem settar eru, og
- f. um fjölda og tegundir tilvika þar sem synjað er um heimild til að stofna útibú skv. 105. gr., til að reka verðbréfasjóð hér á landi þar sem rekstrarfélagið er með staðfestu í öðru ríki innan EES, sbr. 107. gr. og um allar ráðstafanir sem gripið er til skv. 7. mgr.

110. gr.

Fjármálaeftirlitið skal einnig senda tilkynningar skv. e- og f-lið 1. mgr. til Eftirlitsstofnunar EFTA.

121. gr.

*Sátt.*

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

122. gr.

*Saknæmi.*

Stjórnsýsluviðurlögum samkvæmt þessum kafla verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

123. gr.

*Réttur grunaðs manns.*

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur einstaklingur, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

124. gr.

*Frestur til að leggja á stjórnsýsluviðurlög.*

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnsýsluviðurlög samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

125. gr.

*Refsing við broti.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirfarandi ákvæðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra:

1. 1. mgr. 5. gr. um starfsemi utan starfsheimilda.
2. 21. gr. um verðmat.
3. 2. mgr. 26. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs eða UCITS-sjóðs án staðfestingar viðkomandi lögbærs yfirvalds.
4. 43. gr. um skipan vörsluaðila.
5. 45.–47. gr. um hlutverk vörsluaðila.
6. 54. gr. um ársreikninga.
7. 56.–59. gr. um upplýsingagjöf til fjárfesta.
8. 64.–76. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða.
9. 89. gr. um fjárfestingarheimildir fylgisjóðs.
10. 96. gr. um upplýsingagjöf fylgisjóðs til hlutdeildarskírteinishafa.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirvarsmann lögaðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirvarsmáður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum með saknæmum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.

#### 126. gr.

##### *Kæra til lögreglu.*

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnsluviðurlögum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot er meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa því til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega víta-verðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnslulaga, nr. 37/1993, gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem þau hafa aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr., bæði til eigin nota eða fyrir önnur lögbær yfirvöld og Eftirlitsstofnun EFTA til að geta uppfyllt skuldbindingar um samstarf þessara stjórnvalda. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna meintrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

### **C. Samstarf lögbærra yfirvalda innan EES.**

#### 127. gr.

##### *Samstarf við lögbær yfirvöld innan EES.*

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leita aðstoðar og samstarfs við lögbær yfirvöld annarra ríkja innan EES ef nauðsynlegt er til þess að Fjármálaeftirlitinu sé unnt að sinna skyldum sínum við framkvæmd eftirlits. Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að leita samstarfs við lögbær yfirvöld til að auðvelda innheimtu stjórnvaldssekta á grundvelli laga þessara.

Fjármálaeftirlitið skal eiga samstarf við lögbær yfirvöld annarra ríkja innan EES og við Eftirlitsstofnun EFTA og ESMA sé það nauðsynlegt til þess að allar framangreindar stofnanir geti sinnt skyldum sínum við framkvæmd eftirlits. Við beitingu heimilda samkvæmt hluta B í XIII. kafla skal Fjármálaeftirlitið leitast við að eiga náð samstarf við önnur lögbær yfirvöld til að tryggja að heimildirnar skili þeim árangri sem stefnt er að með lögum þessum.

Fjármálaeftirlitinu ber að afhenda upplýsingar og gögn án tafar til lögbærra yfirvalda annarra ríkja innan EES, Eftirlitsstofnunar EFTA og ESMA sem nauðsynlegar eru fyrir þær stofnanir til að sinna skyldum sínum samkvæmt ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB.

Þar sem rekstrarfélag starfar í fleiru en einu ríki innan EES skulu lögbær yfirvöld allra viðkomandi ríkja eiga í nánu samstarfi. Að fram kominni beiðni þar um skulu þau sjá hvert öðru fyrir öllum þeim upplýsingum sem varða rekstur og eignarhald rekstrarfélags sem eru líklegar til að einfalda eftirlit þeirra með viðkomandi rekstrarfélagi. Sérstaklega skal Fjármálaeftirlitið þegar um er að ræða rekstrarfélag með starfsleyfi hér á landi eiga samstarf til að tryggja að lögbær yfirvöld í gistiríki geti safnað upplýsingum vegna eftirlits þess með því rekstrarfélagi.

Þegar rekstrarfélag er með starfsleyfi hér á landi skal Fjármálaeftirlitið án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaríki verðbréfasjóðs verði Fjármálaeftirlitið vart við vandkvæði hjá rekstrarfélaginu sem geta haft veigamikil áhrif á getu þess til að sinna skyldum sínum að því er varðar verðbréfasjóðinn eða hvers konar brot gegn II. og III. kafla.

Þegar verðbréfasjóður er með staðfestingu og staðfestu hér á landi og Fjármálaeftirlitið hefur orðið vart við vandkvæði hjá sjóðnum, sem gætu haft veigamikil áhrif á getu rekstrarfélags sjóðsins til að sinna skyldum sínum eða uppfylla kröfur tilskipunarinnar, sem falla undir ábyrgðarsvið Fjármálaeftirlitsins skal eftirlitið án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaríki rekstrarfélags þar um.

Lögbæru yfirvaldi heimaríkis rekstrarfélags sem veitir þjónustu hér á landi í gegnum útibú er heimilt, að undangenginni tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins, að framkvæma, sjálft eða umboðsmanni af þess hálfu, vettvangsathugun til að sannreyna þær upplýsingar sem veittar eru skv. 4.–6. mgr. Hefur þessi heimild ekki áhrif á rétt Fjármálaeftirlitsins til að framkvæma vettvangsathuganir hjá útibúum rekstrarfélaga hér á landi sem hafa staðfestu í öðru ríki innan EES vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum.

Hafi Fjármálaeftirlitið gilda ástæðu til að ætla að rekstrarfélag sem ekki fellur undir eftirlit þess hafi sýnt af sér háttsemi sem fer gegn ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB í öðru ríki EES skal það tilkynna lögbærum yfirvöldum í viðkomandi ríki þar um. Taki Fjármálaeftirlitið við slíkri tilkynningu vegna rekstrarfélags með staðfestu hér á landi skal það grípa til viðeigandi aðgerða og tilkynna því lögbæra yfirvaldi annars ríkis innan EES sem sendi tilkynninguna um niðurstöður aðgerða og, eftir því sem unnt er, um mikilvæga þætti í framvindu málsins.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og milli Fjármálaeftirlitsins og ESMA.

128. gr.

*Samstarf við eftirlit.*

Fjármálaeftirlitið skal, berist beiðni um aðstoð við vettvangsathugun eða rannsókn frá lögbæru yfirvaldi í öðru ríki innan EES:

- a. framkvæma vettvangsathugun eða rannsókn,

- b. heimila viðkomandi lögbæru yfirvaldi að framkvæma vettvangsathugun eða rannsókn eða
- c. heimila endurskoðendum eða öðrum sérfræðingum að framkvæma vettvangsathugun eða rannsókn.

Framkvæmi Fjármálaeftirlitið vettvangsathugun eða rannsókn hér á landi, sbr. a-lið 1. mgr., getur viðkomandi lögbært yfirvald óskað eftir þátttöku starfsmanna þess í þeim aðgerðum. Fjármálaeftirlitið hefur eftir sem áður yfirumsjón með og ber ábyrgð á aðgerðunum. Framkvæmi viðkomandi lögbært yfirvald aðgerðir skv. b-lið 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið óskað eftir þátttöku starfsmanna þess í aðgerðunum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um ferla við samstarf lögbærra yfirvalda um vettvangsathuganir eða rannsóknir.

#### 129. gr.

##### *Upplýsingaskipti innan EES og þagnarskylda.*

Upplýsingagjöf rekstrarfélaga með staðfestu hér á landi og Fjármálaeftirlitsins til lögbærra yfirvalda innan EES, ESMA og Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli laga þessara fer eftir ákvæðum laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Upplýsingaskipti á milli Fjármálaeftirlits, evrópskra eftirlitsstofnana, Eftirlitsstofnunar EFTA og lögbærra yfirvalda í öðrum ríkjum innan EES skulu háð þagnarskyldu.

Fjármálaeftirlitinu ber við upplýsingaskipti að fylgja lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Taki Fjármálaeftirlitið á móti upplýsingum sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) er einungis heimilt að nýta þær í eftirfarandi tilgangi:

- a. að kanna hvort starfsskilyrði verðbréfasjóðs eða aðila sem tekur þátt í starfseminni séu uppfyllt og til að einfalda eftirlit með starfsháttum, stjórnarháttum, bókhaldsferlum og innra eftirliti,
- b. við álagningu stjórnvaldssekta,
- c. vegna stjórnáslukæru á ákvörðun lögbærs yfirvalds, og
- d. vegna meðferðar máls samkvæmt lögum þessum eða reglum settum með stoð í þeim fyrir dómstólum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og milli Fjármálaeftirlitsins og ESMA.

#### 130. gr.

##### *Synjun beiðni um upplýsingaskipti eða samstarf.*

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að hafna beiðni um upplýsingar eða beiðni um samstarf við rannsókn skv. 127. gr. í eftirfarandi tilvikum:

- a. sending viðeigandi upplýsinga gæti haft skaðleg áhrif á öryggi landsins, einkum aðgerðir gegn hryðjuverkum og öðrum alvarlegum afbrotum,
- b. það að verða við beiðninni er líklegt til að hafa skaðleg áhrif á rannsókn Fjármálaeftirlitsins, fullnustuaðgerðir eða rannsókn sakamáls,
- c. beiðni varðar sömu háttsemi og sömu aðila í máli sem þegar er til meðferðar hjá íslenskum dómstólum, eða



d. beiðni varðar sömu háttsemi og sömu aðila í máli þar sem endanleg niðurstaða liggur fyrir hjá íslenskum dómstólum.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að hafna beiðni um aðstoð við eftirlit skv. 128. gr. eða upplýsingaskipti skv. 129. gr. ef:

1. rannsókn, vettvangsathugun eða upplýsingagjöf gætu haft neikvæð áhrif á fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu,
2. beiðni varðar sömu háttsemi og sömu aðila í máli sem þegar er til meðferðar hjá íslenskum dómstólum, eða
3. beiðni varðar sömu háttsemi og sömu aðila í máli þar sem endanleg niðurstaða liggur fyrir hjá íslenskum dómstólum.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu sem beiðnin barst frá um höfnun á grundvelli 2. mgr. ásamt upplýsingum um ástæður hennar.

131. gr.

*Úrlausn ágreinings á milli lögbærra yfirvalda innan EES.*

Fjármálaeftirlitið getur vísað máli til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem varðar beiðni um upplýsingaskipti, vettvangsathugun, rannsókn eða þátttöku starfsmanna Fjármálaeftirlitsins í aðgerð annars lögbærs yfirvalds skv. 127.–129. gr., þegar beiðni hefur verið hafnað eða ekki hefur verið gripið til aðgerða innan eðlilegra tímamarka.

Um málsmeðferðina, sem getur leitt til bindandi ákvörðunar gagnvart Fjármálaeftirlitinu, fer skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármála-markaði.

Vísi lögbært yfirvald annars ríkis innan EES ágreiningi við Fjármálaeftirlitið til Eftirlitsstofnunar EFTA, eða eftir atvikum til ESMA, vegna aðgerða Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laga þessara skal úrlausn Eftirlitsstofnunar EFTA í slíku máli vera bindandi fyrir Fjármálaeftirlitið.

#### XIV. KAFLI

#### **Önnur ákvæði.**

132. gr.

*Upplýsingaskylda rekstrarfélags og aðild að úrskurðarnefnd.*

Rekstrarfélag skal hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúræði ef ágreiningur rís milli þess og neytenda, meðal annars um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Rekstrarfélögum er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, og skulu þau rekstrarfélög sem eiga aðild að málum standa undir kostnaði nefndarinnar vegna þeirra.

133. gr.

*Aðfararhæfi.*

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfar, sem og dómar og úrskurðir EFTA-dómstólsins.

## 134. gr.

*Stjórnvaldsfyrirmæli.*

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

1. Merkingu hugtaka samkvæmt lögum þessum, sbr. 3. gr.
2. Almenn skilyrði fyrir starfsemi rekstrarfélags, þar á meðal um viðmið fyrir eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, um meðferð kvartana, rafræna gagnavinnslu, bókhalds- aðferðir, eftirlit stjórnar, framkvæmdastjóra og eftirlitsaðila, regluvörslu, innri endurskoðun, hagsmunaárekstra, skráningu viðskipta, skráningu áskrifta og innlausna, meðferð skráðra upplýsinga og um áreiðanleikakannanir vegna fjárfestinga og við val á mót- aðilum og aðalmiðlurum, sbr. 15. gr.
3. Stefnu um hagsmunaárekstra, tegundir hagsmunaárekstra, aðgerðir rekstrarfélaga verðbréfasjóða og tiltækir ráðstafanir rekstrarfélaga verðbréfasjóða við að greina, koma í veg fyrir, stýra, vakta og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra, sbr. 18. gr.
4. Áhættustýringu verðbréfasjóða, svo sem um eftirlitskerfi með áhættustýringu sem rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu nota í tengslum við þá áhættuþætti sem sjóðir sem þeir stýra verða eða gætu orðið fyrir, sbr. 19. gr.
5. Lausafjárstýringu, sbr. 20. gr.
6. Viðmið fyrir verðmatsferla, sbr. 21. gr.
7. Skilyrði sem þarf að uppfylla varðandi útvistun, þar á meðal um hlutlægar ástæður fyrir útvistun, þekkingu, reynslu og getu útvistunaraðila, útvistun áhættu- eða eignastýringar sjóðs, skilvirkt eftirlit, hagsmunaárekstra og keðjuútvistun, og enn fremur um hvenær útvistun telst vera það víðtæk að rekstrarfélag telst ekki lengur stýra verðbréfasjóði, sbr. 22. gr.
8. Framkvæmd 2. mgr. 26. gr., svo sem um umsókn rekstrarfélags með staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan EES um staðfestingu verðbréfasjóðs hér á landi.
9. Samning á milli rekstrarfélags og vörsluaðila, sbr. 43. gr.
10. Hlutverk vörsluaðila og skilyrði fyrir framkvæmd verkefna vörsluaðila, meðal annars um tegundir fjármálagerna sem skulu vera í vörslu, sbr. 45.–47. gr.
11. Útvistun verkefna vörsluaðila, meðal annars um aðgreiningu eigna, sbr. 49. gr.
12. Óhæði vörsluaðila, sbr. 50. gr.
13. Ábyrgð vörsluaðila, svo sem skilyrði og aðstæður þar sem litið er á fjármálagerna í vörslu glataða og þær aðstæður sem geta talist til utanaðkomandi aðstæðna sem ekki er hægt með sanngirni að ætlast til að vörsluaðili hafi haft stjórn á, sbr. 51. gr.
14. Skilyrði sem þarf að uppfylla þegar lykilupplýsingar eru veittar á varanlegum miðli öðrum en pappír, eða á vef sem ekki telst vera varanlegur miðill, sbr. 56. gr.
15. Útboðslýsingar, meðal annars um hvaða upplýsingar skuli birta í útboðslýsingum verðbréfasjóða, sbr. 58. gr.
16. Framkvæmd 59. gr., svo sem um inntak og framsetningu lykilupplýsinga.
17. Útreikning á virði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og kostnað við kaup og sölu þeirra, sbr. 62. gr.
18. Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða og upplýsingagjöf til viðskiptavina í tengslum við fjárfestingar, sbr. 64. gr.
19. Áhættustýringu verðbréfasjóða, svo sem um mat rekstrarfélags á virði afleiða, um efni og verklag við tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins á tegundum afleiða, undirliggjandi áhættu, magnbundnum takmörkum og aðferðum sem hafa verið valdar til að

- meta áhættu sem tengist viðskiptum með afleiður og um heildaráhættu verðbréfasjóðs vegna afleiðna, og einnig um fjárfestingaraðferðir sem heimilt er að nota, sbr. 66. gr.
20. Kröfur sem útgefandi þarf að uppfylla til að rekstrarfélag hafi heimild til að fjárfesta í skuldabréfavafningum eða sambærilegum fjármálagerningum skv. 75. gr. og einnig um þær eigindlegu kröfur sem rekstrarfélög verðbréfasjóða sem fjárfesta skv. 75. gr. þurfa að uppfylla.
  21. Samruna verðbréfasjóða, sbr. X. kafla.
  22. Innihald, uppsetningu og aðferð við veitingu upplýsinga til hlutdeildarskírteinishafa, sbr. 83. gr.
  23. Skipan höfuðsjóða og fylgisjóða, sbr. XI. kafla.
  24. Innihald samkomulags og innri viðskiptareglna og þær viðeigandi ráðstafanir til að samræma tímasetningu útreikninga og birtingu upplýsinga þar um, sbr. 91. gr.
  25. Nauðsynlegt samþykki í þeim tilvikum að til félagsslita, samruna eða skiptingar höfuðsjóðs kemur, sbr. 92. gr.
  26. Efnisatriði samkomulags um upplýsingaskipti vörsluaðila og ráðstafanir og tegundir frávik frá rétttri framkvæmd, sbr. 93. gr.
  27. Efnisatriði samkomulags um upplýsingaskipti endurskoðenda, sbr. 94. gr.
  28. Uppsetningu og aðferð vegna upplýsingagjafar til hlutdeildarskírteinishafa fylgisjóðs og aðferð við mat og endurskoðun framlags í þeim tilvikum sem fylgisjóður færir allar eða hluta eigna sinna til höfuðsjóðs í skiptum fyrir hluti, sem og hlutverk vörsluaðila fylgisjóðs við slíka tilfærslu, sbr. 96. gr.
  29. Framkvæmd 100. gr., svo sem um aðgengi lögbærra yfirvalda í gistiríki að upplýsingum og gögnum samkvæmt ákvæðinu og uppsetningu og innihald staðlaðrar tilkynningar til notkunar fyrir verðbréfasjóði vegna tilkynningar samkvæmt ákvæðinu, þar á meðal hvaða skjöl þurfi að þýða á önnur tungumál. Einnig um uppsetningu og innihald staðfestingar Fjármálaeftirlits skv. 4. og 5. mgr. 100. gr., verklag við upplýsingaskipti og notkun rafrænna samskipta á milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynningar skv. 100. gr.
  30. Umfang upplýsinga, sem Fjármálaeftirlitinu ber að birta á vef, um gildandi rétt varðandi markaðssetningu verðbréfasjóða með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES hér á landi, sbr. 103. gr.
  31. Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og milli Fjármálaeftirlitsins og ESMA, sbr. 127. gr.
  32. Ferla við samstarf lögbærra yfirvalda um vettvangsathuganir eða rannsóknir, sbr. 128. gr.
  33. Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og milli Fjármálaeftirlitsins og ESMA, sbr. 129. gr.
- Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um:
1. Upplýsingar sem veita skal í umsókn um starfsleyfi rekstrarfélags, sbr. 6. gr.
  2. Nánari kröfur vegna virkra eignarhluta, þ.m.t. kröfur til þeirra sem fara með virkan eignarhlut, og hindranir sem geta staði í vegi fyrir skilvirku eftirliti, sbr. 7. gr.
  3. Skilyrði varðandi nán tengsl, sbr. 6.–7. tölul. 1. mgr. 7. gr.
  4. Eyðublöð, form og málsmeðferðir fyrir tilkynningar eða upplýsingagjöf, sbr. 6. og 7. tölul. 1. mgr. 7. gr.
  5. Upplýsingar vegna tilkynningar um ákvörðun um starfsleyfi, sbr. 9. gr.
  6. Hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, þar á meðal um hvað felst í fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu, góðu orðspori og fjárhagslegu sjálfstæði, og um hvernig staðið skuli að hæfismati, sbr. 1. mgr. 11. gr.

7. Eyðublöð, form og málsmeðferðir fyrir samráð milli viðkomandi lögbærra yfirvalda í tengslum við öflun virkra eignarhluta, sbr. 13. gr.
8. Hvað teljast eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir rekstrarfélaga samkvæmt lögum þessum. Í reglunum skal meðal annars kveðið á um almenn samskipti rekstrarfélaga við fjárfesta, upplýsingagjöf til fjárfesta og meðhöndlun kvartana, sbr. 15. gr.
9. Starfskjarastefnu og kaupaukakerfi, sbr. 17. gr.
10. Upplýsingar sem skulu koma fram í umsókn um staðfestingu verðbréfasjóðs, sbr. 27. gr.
11. Innihald og uppsetningu ársreikninga og árschlutareikninga rekstrarfélaga og verðbréfasjóða, sbr. 54. gr.
12. Skilyrði frestunar innlausna hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði, sbr. 61. gr.
13. Skilyrði lántöku verðbréfasjóðs eða vörsluaðila fyrir hönd sjóðs, sbr. 73. gr.
14. Upplýsingar sem skal tilkynna og staðlað sniðmát og verklag við sendingu upplýsinga, sbr. 105. gr.
15. Upplýsingar sem veita skal lögbærum yfirvöldum við umsókn um leyfi til að reka verðbréfasjóði með staðfestu í öðru ríki innan EES og um eyðublöð, form og málsmeðferð vegna afhendingar upplýsinga, sbr. 107. gr.
16. Ferla og sniðmát fyrir sendingu upplýsinga til ESMA, sbr. 120. gr.
17. Lok mála vegna brota gegn lögum þessum með sátt, sbr. 121. gr.

135. gr.

*Innleiðing.*

Með lögum þessum eru eftirfarandi tilskipanir innleiddar:

1. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB frá 19. mars 2007 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framsejlanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007 sem birt var 21. febrúar 2008.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS), eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010 sem birt var 3. mars 2011.
3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/14/ESB frá 21. maí 2013 um breytingu á tilskipun 2003/41/EB um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri, tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) og tilskipun nr. 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða að því er varðar oftraust á láns hæfismöt, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 sem birt var 12. desember 2019.
4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/91/ESB frá 23. júlí 2014 um breytingu á tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) að því er varðar störf vörsluaðila, starfskjarastefnu og viðurlög, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 sem birt var 12. desember 2019.
5. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/78/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 98/26/EB, 2002/87/EB, 2003/6/EB, 2003/41/EB, 2003/71/EB, 2004/39/EB, 2004/109/EB, 2005/60/EB, 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2009/65/EB að því

er varðar valdsvið Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) og Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegra EES-nefndarinnar nr. 92/2018 sem birt var 15. október 2020.

## 136. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2021. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um verðbréfasjóði, nr. 128/2011.

Félög sem við gildistöku laga þessara hafa starfsleyfi og starfsheimildir sem rekstrarfélög verðbréfasjóða á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki skulu teljast hafa starfsleyfi og samþærilegar starfsheimildir sem rekstrarfélög verðbréfasjóða á grundvelli þessara laga.

Þrátt fyrir 1. mgr. skulu rekstrarfélag verðbréfasjóða og vörsluaðilar sjóðanna uppfylla kröfur 2. mgr. 15. gr. um stjórnarmenn eigi síðar en 1. júní 2022.

## 137. gr.

*Breyting á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020:*

- a. Í stað orðsins „fjárfestingarsjóður“ í 8. tölul. 1. mgr. 3. gr., 2. og 3. mgr. 80. gr., 2. tölul. 3. mgr. 82. gr., 1. mgr. 85. gr., 1. tölul. 4. mgr. 86. gr., 4. mgr. 92. gr., 1. másl. 3. mgr. 95. gr. og 41. tölul. 1. mgr. 101. gr. laganna kemur: sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta.
- b. Í stað orðanna „Sérhæfður sjóður“ í 16. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Sjóður um sameiginlega fjárfestingu.
- c. Í stað orðsins „fjárfestingarsjóðs“ í 30. tölul. 1. mgr. 3. gr., 1. másl. og 3. tölul. 3. mgr. og 1. másl. 5. mgr. 82. gr., 1. og 2. mgr. 85. gr., 1. og 2. másl. 1. mgr. og 3. tölul. 4. mgr. 86. gr., 3. másl. 1. mgr. 87. gr., 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 88. gr., 1. másl. og 5. tölul. 1. mgr. 89. gr., 2. másl. 4. tölul. 1. mgr. og 2. og 3. másl. 6. mgr. 93. gr., 1. mgr. 96. gr. og 42., 45. og 47.–50. tölul. 1. mgr. 101. gr. laganna kemur: sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta.
- d. Í stað orðsins „fjárfestingarsjóð“ í 30. tölul. 1. mgr. 3. gr., 78. gr., 3. másl. 5. mgr. 82. gr. og 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 86. gr. laganna kemur: sérhæfðan sjóð fyrir almenna fjárfesta.
- e. Á eftir 4. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Skráður rekstraraðili skv. 1. mgr. skal upplýsa Fjármálaeftirlitið án tafar um nýjan sjóð í rekstri hans.
- f. Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
  - a. B-liður 1. tölul. 2. mgr. orðast svo: Þjónusta vegna fyrirspurna viðskiptavina.
  - b. Í stað orðanna „sérhæfðra sjóða“ í 7. mgr. kemur: sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- g. Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:
  - a. Við 1. mgr. bætast þrjú nýir töluliðir, svohljóðandi:
    7. samþykktir félags,
    8. staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár,

9. upplýsingar um nán tengsl milli rekstraraðila og annarra aðila, sbr. 22. tölul. 1. mgr. 3. gr.
- b. Orðin „með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki“ í 3. mgr. falla brott.
- h. Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
- a. Á eftir tilvísuninni „1.–4. tölul.“ í 2. mgr. kemur: og 6.–9. tölul.
- b. Á eftir tilvísuninni „5. tölul.“ í 3. mgr. kemur: og 6. tölul.
- i. Á eftir orðinu „Stofnframlag“ í 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: og eiginfjárgrunnur.
- j. Á eftir 1. mgr. 19. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Meiri hluti stjórnarmanna rekstraraðila sem reka sérhæfðan sjóð fyrir almenna fjárfesta skv. X. kafla skal vera óháður móðurfélagi og vörsluaðila sjóðanna. Stjórnarmaður rekstraraðila sem rekur sérhæfðan sjóð fyrir almenna fjárfesta skv. X. kafla má ekki vera stjórnarmaður eða lykilstarfsmaður móðurfélags rekstraraðilans eða í stjórn eða starfsmaður vörsluaðila sjóðanna. Stjórnarmaður vörsluaðila sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta skv. X. kafla má ekki vera stjórnarmaður eða starfsmaður rekstraraðila sjóðanna.
- k. Í stað orðsins „verðbréfavíðskipti“ í 1. másl. 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: fjármálafyrirtæki.
- l. Við 29. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra er einnig heimilt að setja reglugerð um hvenær útvistun telst vera það víðtæk að rekstraraðili teljist ekki lengur stýra sérhæfðum sjóði.
- m. 4. mgr. 30. gr. laganna fellur brott.
- n. Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:
- a. Í stað 2. másl. 2. tölul. 1. mgr. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Verðbréfafyrirtæki skal lúta eiginfjárkröfum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, þar á meðal vegna rekstraráhættu. Skal eiginfjárgrunnur þess að lágmarki nema fjárhæð stofnframlags skv. 2. mgr. 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Þrátt fyrir 2. tölul. 1. mgr. skulu verðbréfafyrirtæki, sem óska þess að gerast vörsluaðilar sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta, sbr. X. kafla, uppfylla skilyrði sem vörsluaðili verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.
- o. Í stað orðsins „fjárfestingarsjóði“ í 2. mgr. 45. gr., 1. másl. 81. gr., 2. mgr. 84. gr., 6. mgr. 86. gr., 2. másl. og 2. másl. 3. tölul. 89. gr., 90. gr., 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 91. gr., 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 92. gr., 1. másl. og 5. tölul. 1. mgr. og 1. másl. 6. mgr. 93. gr., 94. gr. og 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 95. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sérhæfðan sjóð fyrir almenna fjárfesta; og í stað sama orðs í 1. másl. og fyrirsögn 83. gr. sömu laga kemur: sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta.
- p. Á eftir 45. gr. laganna kemur ný grein, 45. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:  
*Upplýsinga- og tilkynningarskylda endurskoðanda.*  
Endurskoðanda er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar sé þess óskað.  
Endurskoðanda er skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái hann vitneskju í starfi sínu fyrir rekstraraðila sérhæfðra sjóða eða aðila sem er í nánum tengslum við hann um atriði eða ákvarðanir sem:

- a. fela í sér veruleg brot á löggjöf eða reglum sem gilda um starfsemi rekstraradilans eða hvers konar brot sem koma til skoðunar á grundvelli 18. gr.,
- b. kunna að hafa áhrif á áframhaldandi starfsemi rekstraradilans, þ.m.t. atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir fjárhagsstöðu hans,
- c. leitt geta til þess að endurskoðandi mundi synja um áritun eða gera fyrirvara við ársreikning rekstraradilans eða sérhæfðra sjóða í rekstri hans.

Endurskoðandi skal gera stjórn rekstraradila viðvart um tilkynningu skv. 2. mgr. nema rík ástæða sé til þess að gera það ekki.

Upplýsingar sem endurskoðandi veitir Fjármálaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar teljast ekki brot á lögbundinni eða sammingsbundinni þagnarskyldu endurskoðanda.

- q. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 64. gr. laganna:
  - a. Í stað tilvísunarinnar „skv. 1. mgr.“ kemur: skv. 1. og 2. mgr.
  - b. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið getur afturkallað heimild til markaðssetningar skv. 2. mgr. uppfylli rekstraradili ekki lengur skilyrðin fyrir heimildinni til markaðssetningar.
- r. Í stað orðsins „fjárfestingarsjóða“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 65. gr., 79. gr., 4. mgr. 80. gr., 3. og 4. mgr. 86. gr., 1. másl. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 87. gr., 2. tölul. 1. mgr. 89. gr., 40. og 44. tölul. 1. mgr. 101. gr., 9. tölul. 106. gr. og 3. og 4. tölul. 1. mgr. og 10. tölul. 2. mgr. 117. gr. laganna kemur: sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta.
- s. Við 70. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Rekstraradili ber ábyrgð á rekstri hlutdeildarsjóða og sjóðsdeilda og kemur fram fyrir þeirra hönd.
- t. Við 79. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
 

Allir sem eiga hlutdeild að sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta eða einstakri deild hans eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar.
- u. Í stað orðsins „fjárfestingarsjóðum“ í 1. og 2. mgr. 80. gr., 2. mgr. 84. gr., 2. tölul. 1. mgr. 89. gr. og 8. tölul. 106. gr. laganna kemur: sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta.
- v. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 82. gr. laganna:
  - a. Í stað orðsins „fjárfestingarsjóðurinn“ í 3. tölul. kemur: sérhæfði sjóðurinn fyrir almenna fjárfesta.
  - b. 4. og 5. tölul. falla brott.
  - c. Við bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: hafi staðfesting fengist á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
- w. Í stað orðsins „fjárfestingarsjóðir“ í 1. másl. 1. mgr. 84. gr., 2. tölul. 89. gr. og 3. mgr. 92. gr. laganna kemur: sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta.
- x. Á eftir 88. gr. laganna kemur ný grein, 88. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Þóknun.*

Ef sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta fjárfestir í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnað er beint eða með umboði af sama rekstraradila, eða öðru félagi sem rekstraradili tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstraradilanum ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

- y. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 89. gr. laganna:
- a. Í stað orðsins „fjárfestingarsjóðsins“ í 2. tölul. kemur: sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta.
  - b. Við 1. másl. 4. tölul. bætist: eða hafa verið skráðar eða teknar til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan EES eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan EES sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
  - c. Í stað orðsins „fjárfestingarsjóðnum“ í 2. másl. 4. tölul. og 2. másl. 5. tölul. kemur: sérhæfða sjóðnum fyrir almenna fjárfesta.
- z. „**Fjárfestingarsjóðir**“ í fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta.**
- aa. Í stað tilvísunarinnar „2. mgr.“ í 5. mgr. 98. gr. laganna kemur: 3. mgr.
  - bb. Á eftir 100. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 100. gr. a og 100. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:
    - a. (100. gr. a.)

*Tilkynningar starfsmanna um brot í starfsemi.*

Rekstraraðili og vörsluaðilar skulu hafa ferla til þess að taka við og fylgja eftir tilkynningum starfsmanna um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum sem á þeim byggjast. Ferlarnir skulu vera aðskildir frá öðrum ferlum innan fyrirtækisins.

Einstaklingur sem tekur við tilkynningum skv. 1. mgr. og sér um vinnslu þeirra skal búa við sjálfstæði í störfum sínum. Tryggt skal að hann hafi nægilegt vald, fjárveitingar og heimildir til að afla gagna og upplýsinga sem honum eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt skyldum sínum.

Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. mgr., þ.m.t. um viðtöku og vinnslu tilkynninga.

- b. (100 gr. b)

*Vernð starfsmanns vegna tilkynningar um brot í starfsemi.*

Þeir sem falið hefur verið að taka við tilkynningum skv. 100. gr. a og sjá um vinnslu þeirra eru bundnir þagnarskyldu um persónugreinanlegar upplýsingar sem koma fram í tilkynningunum. Þagnarskyldan gildir gagnvart öðrum starfsmönnum fyrirtækisins og einnig utanaðkomandi aðilum. Þó er heimilt að miðla upplýsingum sem lúta þagnarskyldu til Fjármálaeftirlitsins og til lög-reglu.

Tilkynning starfsmanns um brot í starfsemi telst ekki brot á þagnarskyldu. Rekstraraðili og vörsluaðili skal vernda starfsmann sem í góðri trú hefur tilkynnt um brot skv. 100. gr. a gegn því að hann sæti skaðabótaskyldu eða misrétti sem rekja má til tilkynningar hans. Sama gildir um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins skv. 13. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Ef rekstraraðili eða vörsluaðili brýtur gegn skyldu sinni skv. 2. mgr. skal það greiða starfsmanni skaðabætur samkvæmt almennum reglum. Þetta tekur bæði til beins fjártjóns og miska.



- Skyldur og réttindi samkvæmt þessari grein eru ófrávíkjanleg og óheimilt er að takmarka þau í ráðningarsamningi á milli starfsmanns og fyrirtækis.
- cc. Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:
- a. Við 1. mgr. bætast þrjú nýir töluliðir, svohljóðandi:
    53. 67. gr. vegna grófra eða ítrekaðra brota á reglum sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta.
    54. 1. mgr. 100. gr. a um skyldu til að hafa ferla sem uppfylla skilyrði ákvæðisins.
    55. 1. mgr. 100. gr. b um þagnarskyldu vegna tilkynningar um brot í starfsemi.
  - b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
 

Þrátt fyrir 3. mgr. er heimilt að ákvarða einstaklingi eða lögaðila, sem brýtur gegn lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra, stjórnvaldssekt allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem nemur fjárhagslegum ávinningsi af broti.
- dd. Á eftir orðunum „laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði“ í 1. mgr. 111. gr. laganna kemur: og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- ee. Eftirfarandi breytingar verða á 117. gr. laganna:
- a. Í stað orðsins „fjármálafyrirtækja“ í 1. másl. 2. tölul. 2. mgr. kemur: rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
  - b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
    11. Hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, þar á meðal um hvað felst í fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu, góðu orðspori og fjárhagslegu sjálfstæði, og um hvernig staðið skuli að hæfismati, sbr. 1. mgr. 14. gr.
    12. Starfskjarastefnu og kaupaukakerfi, sbr. 21. gr.
- ff. Við lögum bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
- a. (IV.) Hafi vörsluaðili sem uppfyllir ekki kröfur 33. gr., verið tilnefndur fyrir 1. júní 2021 skal rekstraraðili sérhæfðs sjóðs fyrir hönd sérhæfðs sjóðs tilnefna nýjan vörsluaðila eigi síðar en 31. desember 2021.
  - b. (V.) Rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem rekur sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og vörsluaðili sjóðanna skulu uppfylla kröfur 2. mgr. 19. gr. um stjórnarmenn eigi síðar en 1. júní 2022.
  - c. (VI.) Rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem rekur sjóð sem fengið hefur staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á því að sjóðurinn lúti fjárfestingarheimildum og reglum X. kafla um fjárfestingarsjóði, skal eigi síðar en 1. janúar 2023 hafa uppfyllt ákvæði laga þessara um breytta hugtakanotkun og vísa til viðkomandi sjóðs þar sem við á sem sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta í stað fjárfestingarsjóðs.
2. *Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002:*
- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. a laganna:
    - a. Í stað orðanna „verðbréfafyrirtæki eða rekstrarfélag verðbréfasjóða“ í 1. tölul. kemur: eða verðbréfafyrirtæki.
    - b. Á eftir orðunum „rekstraraðilar sérhæfðra sjóða“ í 17. tölul. kemur: rekstrarfélög verðbréfasjóða.
  - b. 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.
  - c. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

- d. Í stað orðanna „verðbréfafyrirtæki“ og „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: og „verðbréfafyrirtæki“.
  - e. Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. a laganna:
    - a. Í stað orðanna „staðbundins fyrirtækis og rekstrarfélags verðbréfasjóða“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: og staðbundins fyrirtækis.
    - b. 6. mgr. fellur brott.
    - c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Stofnframlag verðbréfafyrirtækja og staðbundinna fyrirtækja.*
  - f. 27. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.
  - g. Orðin „og rekstrarfélög verðbréfasjóða“ í 4. mgr. 30. gr. laganna falla brott.
  - h. Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. d laganna:
    - a. Orðin „og rekstrarfélags verðbréfasjóða“ í 1. og 3. másl. falla niður.
    - b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Lágmarkskröfur hæfs fjármagns verðbréfafyrirtækis sem ber takmarkaðar starfsskyldur.*
  - i. Orðin „og rekstrarfélags verðbréfasjóða“ í 1. másl. 3. mgr. 84. gr. e laganna falla brott.
  - j. Í stað orðanna „eða rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. 5., 6. eða 7. tölul.“ í 4. mgr. 86. gr. d laganna kemur: skv. 5. tölul.
  - k. Í stað orðanna „eða rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. 5., 6. eða 7. tölul.“ í 2. mgr. 86. gr. e laganna kemur: 1. mgr. 4. gr.,
  - l. 11. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna fellur brott.
3. *Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998:* Á eftir orðinu „verðbréfasjóða“ í 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta.
  4. *Lög um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017:*
    - a. Í stað orðanna „6. mgr. 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki“ í 2. másl. 16. tölul. 2. gr. laganna kemur: II. kafla laga um verðbréfasjóði.
    - b. Í stað orðanna „6. mgr. 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002“ í 2. másl. 3. mgr. 2. gr. I. kafla viðauka við lögin kemur: II. kafla laga um verðbréfasjóði.
  5. *Lög um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna, nr. 7/2020:* Orðin „fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði“ í 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.
  6. *Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991:* Í stað tilvísunarinnar „7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002“ í 9. tölul. 11. gr. laganna kemur: 1. mgr. 4. gr. laga um verðbréfasjóði.
  7. *Lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020:* Á eftir orðunum „rekstraraðilar sérhæfðra sjóða“ í 16. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: rekstrarfélög verðbréfasjóða.
  8. *Lög um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018:* Á eftir orðunum „rekstraraðilar sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða“ í a-lið 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: rekstrarfélög verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða skal uppfæra reglur verðbréfasjóða og upplýsingar og gögn sjóðanna skv. VII. kafla án tafar og eigi síðar en 1. janúar 2022.

## II.

Hafi vörsluaðili sem uppfyllir ekki kröfur 44. gr. verið tilnefndur fyrir gildistöku laga þessara skal rekstrarfélag fyrir hönd verðbréfasjóðs tilnefna nýjan vörsluaðila eigi síðar en 31. desember 2021.

### Greinargerð.

#### 1. Inngangur.

Gildandi löggjöf um verðbréfasjóði, lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði (hér eftir gildandi lög um verðbréfasjóði), er að grunni til frá 1. júlí 2003 þegar lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, tóku gildi, en þau byggðu á fyrri lögum um verðbréfasjóði, nr. 10/1993. Báðar lagasetningar fólu í sér innleiðingu á tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS). Með lögum nr. 30/2003 voru einnig innleiddar breytingar á þeirri tilskipun sem gerðar voru með tilskipunum 2001/107/EB og 2001/108/EB.

Talsverðar breytingar urðu á löggjöfinni með gildandi lögum um verðbréfasjóði, sem hétu þá lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Þar var fyrri löggjöf umrituð en grunnurinn frá árinu 2003 nýttur áfram. Lögin tóku gildi 1. nóvember 2011. Í þeirri löggjöf fólust nauðsynlegar breytingar sem þurfti að gera á innleiðingu fyrrgreindra gerða 2001/107/EB og 2001/108/EB, sem og innleiðing tilskipunar 2007/16/EB sem felur í sér viðbætur við tilskipun 85/611/EBE varðandi hugtakaskilgreiningar. Með breytingalögum nr. 12/2013 var lögunum breytt og innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) sem almennt er vísað til sem UCITS IV (hér eftir UCITS, UCITS IV eða UCITS-tilskipunin).

Grundvallarbreytingar voru svo gerðar á lögunum með lögum nr. 45/2020, um rekstraráðila sérhæfðra sjóða, sem tóku gildi 4. júní 2020, en þá voru ákvæði laganna um fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði felld brott og tiltekna breytingar einnig gerðar á þeim hluta laganna sem gilda um verðbréfasjóði. Við sama tilefni var heiti laganna breytt til að endurspeglar að þau giltu eftirleidis aðeins um verðbréfasjóði.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði hinn 24. febrúar 2020. Nefndin var skipuð fulltrúum frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og Samtökum fjármálafrirtækja, auk fulltrúa ráðuneytisins sem gegndi formennsku. Nefndinni var falið að semja frumvarp til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/91/ESB um breytingu á tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) að því er varðar störf vörsluaðila, starfskjarastefnu og viðurlög (hér eftir UCITS V) og tilskipun 2010/78/ESB um breytingu á tilskipunum 98/26/EB, 2002/87/EB, 2003/6/EB, 2003/41/EB, 2003/71/EB, 2004/39/EB, 2004/109/EB, 2005/60/EB, 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2009/65/EB að því er varðar valdsvið Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) og Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (hér eftir Omnibus I) í íslenskan rétt.

#### 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný heildarlög um verðbréfasjóði sem líkt og lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, byggja á UCITS-tilskipuninni ásamt síðari breytingum á þeirri tilskipun. Rétt þykir að lögin verði færð til samræmis við uppsetningu á lögum nr. 45/2020, um rekstraráðila sérhæfðra sjóða, eins og hægt er en algennt er að rekstrarfélög

verðbréfasjóða séu einnig með starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Er það talið vera til hægðarauka fyrir þá að framsetning löggjafar um hvort tveggja sé sambærileg, eftir því sem kostur er. Þá er þörf á breyttri framsetningu og viðbótum á stöku stað við gildandi lög um verðbréfasjóði í þeim tilgangi að ljúka við innleiðingu UCITS-tilskipunarinnar. Einnig eru lagðar til tilfærslur á ákvæðum úr lögum um fjármálafyrirtæki að því er varðar rekstrarfélög verðbréfasjóða, svo sem um starfsleyfi, og fleiri breytingar á gildandi lögum. Allt framangreint þótti leiða til þess að lagt yrði til að sett yrðu ný heildarlög um verðbréfasjóði í stað þess að gildandi lögum væri breytt.

Þá er í frumvarpi þessu kveðið á um innleiðingu UCITS V, eins og tilskipunin hefur verið aðlöguð og tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun nr. 20/2018 frá 9. febrúar 2018, og Omnibus I að því er varðar verðbréfasjóði, eins og tilskipunin hefur verið aðlöguð og tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun nr. 92/2018 frá 27. apríl 2018. Einnig er í frumvarpinu kveðið á um lagastoð fyrir þremur undirgerðum UCITS V, sem fyrirhugað er að innleiða með stjórnvaldsfyrirmælum, en það eru reglugerðir (ESB) 2016/438 og 2016/1212, sem voru teknar upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2018 þann 23. mars 2018, og svo reglugerð (ESB) 2018/1619 sem breytir fyrrnefndri reglugerð 2016/438, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2019 þann 13. desember 2019.

Með UCITS V eru gerðar breytingar á UCITS-tilskipuninni með hliðsjón af þróun markaðarins og reynslu þátttakenda á markaði og eftirlitsaðila með það að markmiði að bæta úr þeim veikleikum sem höfðu komið í ljós á UCITS-regluverkinu varðandi verðbréfasjóði og upp að vissu marki að samræma kröfurnar við þær sem gerðar eru í tilskipun 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (hér eftir AIFMD). Með tilskipuninni eru fyrst og fremst gerðar breytingar á þremur þáttum. Í fyrsta lagi ákvæðum um vörsluaðila þar sem hlutverk þeirra er skýrt frekar og ákvæði um ábyrgð þeirra endurbætt, auk þess sem skilgreint er hvaða aðilar geti verið vörsluaðilar og skilyrði sett fyrir útvistun á verkefnum þeirra til þriðja aðila. Í öðru lagi eru settar nýjar reglur um starfskjarastefnu rekstrarfélaga verðbréfasjóða og framkvæmd hennar og í þriðja lagi eru samræmdar lágmarks valdheimildir eftirlitsaðila í aðildarríkjum Evrópusambandsins, en í alþjóðlegu fjármálakreppunni 2008 kom í ljós að þeir beittu sér með ólíkum hætti gagnvart brotum á reglum um verðbréfasjóði. Markmið UCITS V er þannig fyrst og fremst að auka vernd fjárfesta og auka gagnsæi í rekstri verðbréfasjóða.

Með reglugerðum Evrópusambandsins (hér eftir ESB) nr. 1092–5/2010 var komið á nýju fyrirkomulagi eftirlits á fjármálamarkaði og sett heildarumgjörð um evrópskar eftirlitsstofnanir á þeim markaði, þ.e. Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina (hér eftir EBA), Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina (hér eftir EIOPA) og Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunina (hér eftir ESMA), og reglur um störf þeirra. Heimildir viðkomandi stofnana eru hins vegar útlistaðar nánar í efnislöggjöf ESB á hinum ýmsu sviðum, svo sem á sviði bankamarkaðar, verðbréfamarkaðar o.s.frv. Omnibus I, sem er safnlöggjöf sem sett var í kjölfar setningar framangreindra reglugerða, breytir gildandi efnislöggjöf ESB á ýmsum sviðum svo að hún endurspegli hið nýja eftirlitsumhverfi. Omnibus I breytir þannig meðal annars ákvæðum UCITS-tilskipunarinnar og mælir fyrir um aðkomu og heimildir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (hér eftir ESMA). Eftir að samkomulag náðist milli ESB og EES/EFTA-ríkjanna um aðlögun reglugerða nr. 1092–5/2010, sem fellur að tveggja stöða kerfi EES-samningsins, voru þær teknar upp í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199–201/2016 þann 30. september 2016. Voru þær innleiddar í íslenskan rétt með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Mikilvægt er að samræma þær reglur sem gilda hér á landi við þær sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu enda er með því best gætt að hagsmunum markaðarins, fjárfesta og almennings og ýtt undir aukna starfsemi erlendra fyrirtækja hér á landi og íslenskra fyrirtækja erlendis. Verði ekkert aðhafst mun það hafa áhrif á stöðu Íslands og íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum fjármálamörkuðum auk þess að brjóta gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á grundvelli EES-samningsins.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um ný heildarlög um verðbréfasjóði, en í því felst meðal annars innleiðing UCITS V og Omnibus I að því er varðar verðbréfasjóði, auk viðbóta og breytinga vegna innleiðingar á UCITS-tilskipuninni. Jafnframt eru lagðar til tiltekna breytingar á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, og breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki að því er varðar rekstrarfélög verðbréfasjóða. Lagt er til að gildandi lög um verðbréfasjóði falli brott.

Helstu efnisákvæði frumvarpsins fjalla um:

1. Starfsleyfi og skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða.
2. Staðfestingu verðbréfasjóða.
3. Rekstrarform verðbréfasjóða (hlutdeildarsjóðir).
4. Kröfur til vörsluaðila verðbréfasjóða.
5. Gagnsæiskröfur við rekstur verðbréfasjóða.
6. Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða.
7. Samruna verðbréfasjóða.
8. Höfuðsjóði og fylgisjóði.
9. Markaðssetningu verðbréfasjóða yfir landamæri.
10. Eftirlit með starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða og sjóðanna og samstarf lögbærna yfirvalda, auk viðurlaga við brotum.

Heimildir til frávik frá efnisákvæðum UCITS-tilskipunarinnar við innleiðingu í landsrétt eru takmarkaðar. Heimilt er að setja strangari reglur en kveðið er á um í tilskipuninni en ekki má ganga skemur. Sérstaklega er gerð grein fyrir því í skýringum við einstök ákvæði frumvarpsins þegar lagt er til að gengið verði lengra en tilskipunin gerir ráð fyrir. Ekki er þó talin þörf á skýringum við þau ákvæði sem eru í gildandi lögum, en rökstuðning fyrir þeim ákvæðum er að finna í lögskýringargögnum með viðkomandi frumvörpum til laga. Sem dæmi má nefna að gengið er lengra en kveðið er á um í UCITS að því er varðar útvistun á eignastýringu verðbréfasjóða en lagt er til að einungis verði heimilt að útvista eignastýringu til aðila sem eru með starfsleyfi frá lögbæru yfirvaldi og undir viðvarandi eftirliti. Samkvæmt UCITS er skráðum eignastýringaraðilum einnig heimilt að sinna þjónustunni. Eignastýringarþjónusta er ávallt starfsleyfisskyld hér á landi, andstætt því sem gæti verið í öðrum aðildarríkjum.

### 4. Helstu breytingar frá gildandi rétti.

#### 4.1. Almenn.

Almennt eru ekki lagðar til efnisbreytingar á ákvæðum gildandi laga um verðbréfasjóði nema að því leyti sem innleiðing UCITS V og Omnibus I felur í sér. T.d. eru ekki almennt gerðar breytingar nema mjög smávægilegar á ákvæðum um staðfestingu verðbréfasjóða, skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða, fjárfestingarheimildir sjóðanna, gagnsæiskröfur og markaðssetningu verðbréfasjóða yfir landamæri. Í einhverjum tilvikum hefur þó þurft

að skerpa á innleiðingu UCITS-tilskipunarinnar og eru þá lagðar til efnisbreytingar á viðkomandi ákvæðum eða ný ákvæði lögð til. Þá er lagt til að ákvæði um samruna verðbréfasjóða og höfuðsjóði og fylgisjóði, sem nú eru í reglugerð nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð, verði tekin upp í lögum til að gæta samræmis við UCITS. Hið sama á að einhverju leyti við um ákvæði um ársreikninga verðbréfasjóða sem nú er kveðið á um í reglum Seðlabanka Íslands nr. 1240/2020, um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Áfram verði nánari útfærsla ákvæðanna í stjórnvaldsfyrirmælum eftir því sem ástæða þykir til. Þá eru lagðar til tilfærslur ákvæða úr lögum um fjármálafyrirtæki yfir í lög um verðbréfasjóði, fyrst og fremst að því er varðar kröfur til starfsleyfis rekstrarfélaga, starfsheimildir og starfsskilyrði, en almennt er ekki um efnisbreytingar að ræða. Þó er lagt til að rekstrarfélög verðbréfasjóða teljist ekki lengur fjármálafyrirtæki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, heldur fjármálastofnanir líkt og er um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Eftirfarandi eru helstu efnisbreytingar sem lagðar eru til frá gildandi lögum um verðbréfasjóði:

- Hlutverk vörsluaðila er skýrt frekar og ákvæði um ábyrgð þeirra endurbætt. Skilgreint er hvaða aðilar geti verið vörsluaðilar og skilyrði sett fyrir útvistun á verkefnum vörsluaðila til þriðja aðila. Auk þess eru settar strangari kröfur til sjálfstæðis stjórnarmanna vörsluaðila og rekstrarfélaga verðbréfasjóða, sjá umfjöllun í kafla um samráð.
- Lagt er til að ákvæði um starfsleyfi og skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða verði færð úr lögum um fjármálafyrirtæki og að rekstrarfélögin teljist ekki lengur til fjármálafyrirtækja heldur fjármálastofnana.
- Skerpt er á valdheimildum Fjármálaeftirlitsins og ákvæðum um samstarf við önnur lög bær yfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu.
- Lagt er til að sérstakur kafli verði í lögnum um hlutdeildarsjóði sem er það rekstrarform sem íslenskir verðbréfasjóðir eru reknir á. Ekki felast í kaflanum efnisbreytingar frá núverandi rétti heldur er fyrst og fremst um breytta framsetningu að ræða.
- Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæðum um fjárfestingarheimildir, þ.e. nýttar eru heimildir UCITS-tilskipunarinnar og settar í frumvarpið heimildir verðbréfasjóða til fjárfestingar í allt að 25% af eignum í skuldabréfum samkvæmt lögum um sértryggð skuldabréf, nr. 11/2008, eða sambærilegum skuldabréfum útgefnum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, og svo til að beita fjárfestingaraðferðum, t.d. verðbréfalánnum eða endurhverfum verðbréfavíðskiptum, í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðs. Þá er lagt til aukið svigrúm frá því sem kveðið er á um í gildandi löggjöf til að laga frávik þar sem farið er fram úr fjárfestingarheimildum, kveðið er á um heimildir verðbréfasjóða til að eignast erlendan gjaldeyri með skiptasamningum og svo er gerð breyting á fjárfestingarheimildum fylgisjóða. Breytingar þessar eru gerðar til að gæta samræmis við UCITS.

Engar breytingar eru lagðar til á gildissviði laganna. Í UCITS-tilskipuninni er heimild til þess að verðbréfasjóðir séu settir upp hvort sem er á grundvelli sammings um sameiginlegan sjóð (e. common fund) sem rekinn er af rekstrarfélagi, á grundvelli löggjafar um fjárvörslu og þá sem fjárvörslusjóður (e. unit trust) eða á grundvelli samþykktar og þá sem sjálfrekinn sjóður (e. investment company), sbr. 3. mgr. 1. gr. UCITS, sjá einnig umfjöllun í frumvarpi sem varð að lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði (þskj. 859, 518. mál á 128. löggjafarþingi). Þá er tekið fram að í skilningi tilskipunarinnar, þar sem vísað sé til sameiginlegra sjóða, sé einnig átt við fjárvörslusjóði og eru ákvæði tilskipunarinnar einnig skrifuð út frá sjálfreknum sjóðum. Í íslenskri löggjöf er einungis gengið út frá einu rekstrarfyrirkomulagi

fyrir verðbréfasjóði, þ.e. að þeir séu reknir á grundvelli samnings um sameiginlegan sjóð sem sé rekinn af rekstrarfélagi. Í lögum nr. 10/1993 var gert ráð fyrir því að verðbréfasjóð mætti stofna sem hlutafélag eða á öðru félagiformi en var það fellt niður með lögum nr. 30/2003. Íslenskir verðbréfasjóðir eru ekki sjálfstæðar lögpersónur og þar sem lagðar eru skyldur á verðbréfasjóð skulu þær uppfylltar af rekstrarfélagi sjóðsins, sbr. 6. lið aðfaraorða UCITS. Í frumvarpi þessu, sem og í gildandi lögum um verðbréfasjóði, er því aðeins gengið út frá því rekstrarformi verðbréfasjóðs að til hans sé stofnað með samningi um sameiginlegan sjóð og þá sem hlutdeildarsjóð. Það kemur þó ekki í veg fyrir að erlendir sjóðir sem eru markaðssettir hér á landi séu stofnaðir á öðru rekstrarformi. Þar sem í frumvarpinu er vísað til reglna sjóða er því einnig átt við samþykktir eða stofnsamninga erlendra sjóða sem reknir eru á öðru félagiformi, þar sem við á.

#### 4.2. Breytingar á orðskýringum.

Lagt er til að orðskýringum í frumvarpinu verði fjölgað frá því sem er í gildandi lögum til að gæta samræmis við UCITS og að einhverju leyti til að gæta samræmis við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þá eru lagðar til breytingar á nokkrum orðskýringum sem eru í gildandi lögum, þ.e. orðskýringum hugtakanna peningamarkaðsgemingar, verðbréfasjóður, innlendir samruni og vörsluaðili til að gæta samræmis við UCITS. Lagt er til að tekin verði upp með vísan til UCITS V orðskýring á hugtakinu stjórn og úr UCITS-tilskipuninni bætast við orðskýringar á hugtökunum eiginfjárgrunnur, gistiríki rekstrarfélags og gistiríki verðbréfasjóðs, heimaríki rekstrarfélags og heimaríki verðbréfasjóðs, nán tengsl, stofnframlag, útibú rekstrarfélags og varanlegur miðill, framseljanleg verðbréf og virkur eignarhlutur. Þá er lagt til að nýjar orðskýringar verði teknar upp til að gæta samræmis við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og til að bæta skýrleika en það eru skýringar á hugtökunum hlutdeildarsjóður, hlutdeildarskírteini, staðfesta og yfirráð.

#### 4.3. Breyttar kröfur til vörsluaðila verðbréfasjóða.

Kafla UCITS-tilskipunarinnar um vörsluaðila verðbréfasjóða er alfarið breytt með UCITS V í því skyni að tryggja lágmarkssamræmingu á kröfum aðildarríkja vegna vörslu sjóðanna. Kveðið er á um verkefni og skyldur vörsluaðila með ítarlegri hætti en áður var, til að mynda varðandi hvaða aðila má skipa sem vörsluaðila. Þá eru skyldur vörsluaðila skýrðar, svo sem í þeim tilvikum sem eignir verðbréfasjóðs tynast í vörslu eða vörsluaðili sinnir verkefnum sínum ekki með tilhlýðilegum hætti. Kveðið er á um að verðbréfasjóður skuli tilnefna einn vörsluaðila sem hefur almenna yfirsýn yfir allar eignir sjóðsins og að rekstrarfélag og fjárfestar hafi einn ákveðinn tengilið. Einnig er kveðið á um eftirlitshlutverk vörsluaðila og utnumhald með eignum verðbréfasjóðs, svo sem um aðgreiningarskyldu vörsluaðila á eignum verðbréfasjóðs frá eigin eignum. Gerður er skýr greinarmunur á milli eigna verðbréfasjóðs sem hægt er að hafa í vörslu og annarra sem eru ekki þess eðlis, en þar gildir annað um utnumhald eigna, auk þess sem ábyrgð vörsluaðila þegar um er að ræða eignir sem hægt er að hafa í vörslu er strangari ef til þess kemur að eign tynist. Þessu til viðbótar eru settar reglur um útvistun verkefna vörsluaðila, eftirlit með útvistunaraðila og um óbreytta ábyrgð vörsluaðila þrátt fyrir útvistun, auk þess sem settar eru strangari kröfur til sjálfstæðis stjórnarmanna vörsluaðila og rekstrarfélaga verðbréfasjóða, sjá umfjöllun í kafla um samráð.

Samkvæmt gildandi lögum er viðskiptabönkum, sparisjóðum, lánaþyrirtækjum, verðbréfaþyrirtækjum og útibúum hliðstæðra erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi heimilt að óska eftir viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins sem vörslufyrirtæki. Byggðist það á UCITS IV, en þar voru ekki gerðar aðrar kröfur til vörsluaðila verðbréfasjóða en þær að þeir væru með staðfestu

í heimaríki verðbréfasjóðs og að vörsluaðili heyrði undir varfærnisregluverk og eftirlit, auk kröfu um fjárhagslega og faglega tryggingu fyrir því að geta sinnt starfinu. Með UCITS V eru gerðar strangari kröfur til þess hverjir mega hafa verðbréfasjóði í vörslu og eru þeir aðilar tæmandi taldir í tilskipuninni. Er það gert vegna fjárfestaverndar og í því skyni að efla eftirlit með vörsluaðilum. Það er svo aðildarríkjanna að ákvarða hverjir af þeim aðilum sem þar eru taldir upp mega sinna hlutverki vörsluaðila verðbréfasjóða í hverju ríki fyrir sig. Lagt er til í frumvarpi þessu að hér á landi séu það lánastofnanir sem megi sinna hlutverki vörsluaðila, sem og verðbréfafyrirtæki sem uppfylla ákveðin skilyrði. Ekki verði öðrum heimilt að vera vörsluaðili verðbréfasjóða. Þau verðbréfafyrirtæki sem hyggjast sinna þessu hlutverki þurfa að óska eftir heimild Fjármálaeftirlitsins. Gerð er krafa um tiltekna eiginfjárkröfur og eiginfjárgrunn verðbréfafyrirtækis, auk þess sem verðbréfafyrirtækið skal hafa starfsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins og hafa heimild til vörslu og umsýslu í tengslum við fjármála-gerninga fyrir reikning viðskiptavinar.

#### 4.4. Ákvæði varðandi starfskjarastefnu rekstrarfélags verðbréfasjóða og framkvæmd.

Samkvæmt gildandi löggjöf falla rekstrarfélög verðbréfasjóða undir ákvæði laga um fjármálafyrirtæki um annars vegar kaupaukakerfi og hins vegar starfslokasamninga. Með ákvæðunum eru settar takmarkanir á kaupaukagreiðslur til starfsmanna fjármálafyrirtækja og gerð starfslokasamninga við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn fjármálafyrirtækja og reglurnar eru svo nánar útfærðar í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 388/2016 um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Með UCITS V eru settar samræmdar reglur fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða varðandi starfskjör, en slíkar reglur höfðu ekki áður verið settar á vettvangi EES. Markmiðið með reglunum er að taka á mögulegum skaðlegum áhrifum illa hannaðra starfskjarakerfa á trausta áhættustýringu og áhættutöku aðila sem hafa raunveruleg áhrif á áhættusnið verðbréfasjóðanna. Um lágmarkssamræmingu er að ræða þannig að heimilt er að setja strangari reglur en kveðið er á um í UCITS. Í tilskipuninni er fyrst og fremst kveðið á um gerð og framkvæmd starfskjarastefnu vegna starfsmanna sem hafa marktæk áhrif í störfum sínum á áhættusnið rekstrarfélags eða sjóðs, þ.m.t. starfsmanna sem bera ábyrgð á áhættutöku, starfsmanna eftirlitseininga, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sem hafa sambærileg laun og framkvæmdastjóri. Einnig er kveðið á um starfskjaranefndir, starfskjör sem eru háð frammistöðu, starfslokagreiðslur og stefnur í lífeyrismálum. Reglur UCITS um starfskjör eru svo nánar útfærðar í viðmiðunarreglum ESMA, Guidelines on sound remuneration policies under the UCITS Directive.

Lagt er til í frumvarpi þessu að reglur UCITS V um starfskjarastefnu og framkvæmd hennar verði innleiddar að hluta en að öðru leyti verði beðið með innleiðingu ákvæðanna vegna tengsla við fyrirhugaðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (hér eftir CRD IV). Rétt þykir að þessar breytingar séu gerðar samhliða til að gæta samræmis á fjármálamarkaði hvað þetta varðar, svo sem varðandi hugtakanotkun.

#### 4.5. Eftirlits- og valdheimildir.

Markmiðið með UCITS V og Omnibus I er meðal annars að samræma lágmarks valdheimildir lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins til að tryggja jöfn samkeppnis skilyrði á fjármálamarkaði. Í fjármálakreppunni 2007–2008 þóttu koma í ljós annmarkar á eftirliti með fjármálamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu, til að mynda að opinberir eftirlitsaðilar beittu sér með ólíkum hætti gagnvart brotum á reglum, samstarf var ekki nægjanlegt eða samhæfing og traust var ekki nægjanlegt á milli eftirlitsaðila. Omnibus I



breytir efnislöggjöf ESB á ýmsum sviðum, meðal annars að því er varðar verðbréfasjóði, svo að hún endurspegli hið nýja eftirlitsumhverfi á fjármálamarkaði sem komið var á með reglugerðum (ESB) nr. 1092–5/2010, en með þeim var sett heildarumgjörð um Evrópskar eftirlitsstofnanir (EBA, EIOPA og ESMA) og reglur um störf þeirra í því skyni að mæta framan­greindum markmiðum.

Þær breytingar sem innleiðing þessara ákvæða hefur í för með sér eru fyrst og fremst þær að skerpt er á þeim eftirlits- og valdheimildum sem Fjármálaeftirlitið hefur við framkvæmd sinna starfa, lagt er til nýtt ákvæði um skyldu til opinberrar birtingar stjórnsýsluviðurlaga nema tilteknað aðstæður séu fyrir hendi og sett er á tilkynningarskylda til ESMA um tiltekin atriði. Þá er nánar kveðið á um samstarf Fjármálaeftirlitsins við önnur lögbær yfirvöld, svo sem varðandi vettvangsathuganir og rannsóknir, um upplýsingaskipti, í hvaða tilvikum heimilt er að synja beiðni um slíkt samstarf og um úrlausn ágreinings á milli lögbærra yfirvalda.

#### 4.6. Rekstrarform verðbréfasjóðs – hlutdeildarsjóðir.

Lagt er til að sérstakur kafli verði í lögnum um rekstrarformið hlutdeildarsjóður og um hlutdeildarskírteini. Skyld er að reka verðbréfasjóð á því formi, líkt og verið hefur, þ.e. í formi sjóðs sem gefur út hlutdeildarskírteini. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða frá gildandi rétti hvað varðar sjóðaformið ef frá er talið að það beri nú sérstakt heiti. Hugtakið „hlutdeildarsjóður“ vísar því einungis til rekstrarformsins en ekki til efnislegra þátta, svo sem fjárfestingarstefnu eða -heimilda viðkomandi sjóðs. Þó er lögð til sú breyting að hlutdeildarsjóðum verði skylt að bera nafnið hlutdeildarsjóður eða hs. í nafni sínu. Er það til samræmis við önnur rekstrarform sem til staðar eru í íslenskum félagarétti.

Hlutdeildarsjóðir eru ekki sjálfstæðir lögaðilar sem lúta eigin stjórn. Um er að ræða eins konar samningsbundna sjóði þar sem eignum sjóðsins er stýrt af rekstraraðila hans samkvæmt reglum sjóðsins.

#### 4.7. Breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um veitingu starfsleyfis rekstrarfélags, starfsheimildir og starfsskilyrði verði felld úr lögum um fjármálafyrirtæki og þeim fundinn nýr staður í II. og III. kafla frumvarpsins. Þá er lagt til að rekstrarfélög verðbréfasjóða verði felld undan skilgreiningunni á fjármálafyrirtækjum og að þau teljist til fjármálastofnana líkt og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Tiltækin ákvæði laga um fjármálafyrirtæki munu eftir sem áður eiga við um rekstrarfélög verðbréfasjóða samkvæmt tilvísun til laga um fjármálafyrirtæki í frumvarpi þessu, svo sem um hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra og um eignarhluti í rekstrarfélagi verðbréfasjóða og meðferð þeirra hluta, og einnig þau ákvæði laganna sem taka til fjármálastofnana. Enn fremur ákvæði laganna um kaupaukakerfi og starfslokasamninga sem eru svo nánar útfærð í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 388/2016 um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Þessum breytingum er fyrst og fremst ætlað að verða til þess að íslenskt lagaumhverfi endurspegli betur hugtakanotkun í þeim Evrópureglum sem gilda á fjármálamarkaði á EES.

#### 4.8 Breytingar á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Lagðar eru til breytingar á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem felast fyrst og fremst í eftirfarandi:

1. Lögð er til breytt notkun á hugtakinu fjárfestingarsjóður sem notað er í lögnum vegna sérhæfðra sjóða sem heimilt er að markaðssetja til almennra fjárfesta. Rétt þykir að draga

úr hættu á misskilningi þar sem „investment funds“ sem þýtt er á íslensku sem fjárfestingarsjóðir er yfirheiti í löggjöf Evrópusambandsins og finnst þegar í íslenskri löggjöf. Einnig þykir rétt að áréttu að fjárfestingarsjóðir eru sérhæfðir sjóðir þó svo að sérstakar reglur og strangari gildi um þá en aðra sérhæfða sjóði, svo sem um fjárfestingarheimildir. Hugtakið fjárfestingarsjóðir er mjög almennt og lýsir ekki eðli þeirra sjóða sem um ræðir. Því er lagt til að notað verði hugtakið „sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta“ í stað „fjárfestingarsjóður“ fyrir þá sérhæfðu sjóði sem heimilt er að markaðssetja til almennra fjárfesta á Íslandi, sbr. X. kafla laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

2. Lagðar eru til breytingar á ákvæði laganna um vörsluaðila sérhæfðra sjóða. Annars vegar eru þar breytingar á kröfum til þeirra verðbréfafyrirtækja sem geta sinnt starfi vörsluaðila og er það gert til að gæta samræmis við AIFMD. Hins vegar er lagt til að sömu kröfur verði gerðar til þeirra verðbréfafyrirtækja sem hyggjast hafa í vörslu sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta (áður fjárfestingarsjóðir) skv. X. kafla laganna og gerðar eru til verðbréfafyrirtækja sem óska eftir að hafa verðbréfasjóði í vörslu. Breytingin felst fyrst og fremst í því að verðbréfafyrirtækin þurfa að óska eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til vörslu slíkra sjóða. Rétt þykir að gera sömu kröfu og gerðar eru vegna vörslu verðbréfasjóða til að tryggja fjárfestavernd og eftirlit.
3. Settar eru strangari kröfur til sjálfstæðis stjórnarmanna vörsluaðila sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem reka slíka sjóði, sjá umfjöllun í kafla um samráð.
4. Lagt er til að við tilkynningarskyldu skráðra rekstraraðila sérhæfðra sjóða bætist sú skylda að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um nýja sjóði í rekstri rekstraraðila til að auðvelda eftirlit Fjármálaeftirlitsins með sérhæfðum sjóðum skráðra rekstraraðila. Sjá einnig umfjöllun í kafla um samráð.
5. Lögð eru til ný ákvæði um tilkynningar starfsmanna um brot í starfsemi og vernd þeirra starfsmanna til samræmis við það sem gildir annars staðar á fjármálamarkaði.
6. Lögð eru til ný ákvæði um upplýsinga- og tilkynningarskyldu endurskoðenda til samræmis það sem gildir um fjármála fyrirtæki og rekstrarfélög verðbréfasjóða.
7. Þá eru lagðar til breytingar vegna breytinga á lögum um verðbréfasjóði til að gæta samræmis og til að laga smávægilegar villur.

## 5. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið varðar skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum og felur í sér upptöku á efnisákvæðum UCITS regluverksins í íslenskan rétt.

UCITS V og Omnibus I fela í sér nánari útfærslu á ákvæðum reglugerða um evrópskt fjármálaeftirlit. Í því felst framsal valdheimilda til handa Eftirlitsstofnun EFTA, sem mun í þröngum undantekningartilvikum og að uppfylltum ströngum skilyrðum hafa heimild til að taka ákvörðun er takmarkar starfsemi rekstrarfélaga á íslensku yfirráðasvæði. Ekki er talið að framseldar valdheimildir séu umfram það sem áður hefur verið talið heimilt vegna EES-samningsins. Fyrirhugaðar breytingar þykja því ekki kalla á sérstaka skoðun á samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Um framsal valdheimilda á fjármálamarkaði var nánar fjallað í þingsályktunartillögu um upptöku hins evrópska eftirlitskerfis á fjármálamarkaði sem lögð var fyrir Alþingi og samþykkt á 145. löggjafarþingi 2015–2016 (þskj. 1109, 681. mál). Var tillagan samþykkt með þingsályktun nr. 64/145 hinn 23. september 2016.

## 6. Samráð.

Frumvarp þetta var unnið í nefnd skipaðri af fjármála- og efnahagsráðherra hinn 24. febrúar 2020. Nefndin var skipuð fulltrúum frá Seðlabanka Íslands og Samtökum fjármálafyrirtækja, auk ráðuneytisins. Samráð var haft við dómsmálaráðuneytið vegna afleiddra lagabreytinga á lögum um peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Eftir að drög að frumvarpi voru birt í samráðsgátt hefur ákvæði um tilkynningarskyldu skráðra rekstraraðila sérhæfðra sjóða til Fjármálaeftirlitsins um nýja sjóði í rekstri verið bætt við. Hefur ákvæðið áhrif á alla skráða rekstraraðila sérhæfðra sjóða en ekki er talið að ákvæðið sé þyngjandi fyrir þá. Þá hafa einnig verið gerðar breytingar á 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins til innleiðingar á 21. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438/ESB um sjálfstæði stjórnarmanna rekstrarfélaga verðbréfasjóða og vörsluaðila. Fram til þessa hefur takmörkun laga hvað þetta varðar náð til stjórnarmanna og lykilstarfsmanna vörsluaðila en breytt regla nær til allra starfsmanna vörsluaðila. Mun þetta koma til með að hafa áhrif í þeim tilvikum sem stjórnarmenn rekstrarfélaga eru starfsmenn vörsluaðila, en það mun vera tilfellið í einhverjum þeirra rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem eru starfandi. Lögð er til sambærileg breyting á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða vegna sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta. Sambærilegt ákvæði í 15. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði gildi um fjárfestingarsjóði áður en lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða voru sett, en það fórst fyrir að setja sambærilegt ákvæði í nýju lögin. Rétt þykir að sambærilegar kröfur gildi um sjálfstæði stjórnarmanna rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem reka sjóði fyrir almenna fjárfesta og vörsluaðila sjóðanna og gert er vegna rekstrarfélaga verðbréfasjóða og vörsluaðila þeirra vegna eðlis sjóðanna.

Áform um frumvarp til nýrra heildarlaga um verðbréfasjóði voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is 7. júlí 2020 (mál nr. S-129/2020) og var opið fyrir umsagnir til 14. september 2020. Tvær umsagnir bárust, annars vegar frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) og hins vegar Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF).

Í umsögn LL fólst áminning varðandi mikilvægi þess að hugað yrði samhliða frumvarpsvinnunni að hugtakanotkun sem fyrir er í lögum og reglum er taka til fjárfestingarumhverfis lífeyrissjóða, svo og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru með stoð í þeim lögum. Ekki er talin þörf á að breyta hugtakanotkun í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða vegna frumvarps þessa.

Umsögn SFF laut að fimm atriðum. Í fyrsta lagi er tekið fram að skynsamlegt sé að skoða þá breytingu sem kveðið var á um í áformunum á gildissviði laga um fjármálafyrirtæki. Í öðru lagi er óskað eftir því að stigið verði varlega til jarðar varðandi breytta notkun á hugtakinu fjárfestingarsjóður þar sem ekki sé ljóst hvert markmiðið með breytingunni sé og að SFF hafi ekki orðið vör við þá ruglingshættu sem kveðið er á um í áformunum. Löng hefð sé fyrir þessari orðanotkun og breyting á henni muni valda ruglingi á innlendum markaði, einkum meðal neytenda. Í þriðja lagi taka SFF undir sjónarmið í umsögn LL um mikilvægi þess að gæta að samræmi í hugtakanotkun við löggjöf sem nú þegar er í gildi hér á landi. Í fjórða lagi telja SFF að lagabreytingarnar muni hafa mjög mikil áhrif hér á landi þar sem reglur UCITS V um rýmri heimildir til greiðslu breytilegra starfskjara en mælt er fyrir um í lögum um fjármálafyrirtæki geti styrkt stöðu rekstrarfélaga verðbréfasjóða og minnkað áhættu í rekstri þeirra vegna mismunandi heimilda til kaupaukakerfa. Og í fimmta lagi er í umsögn SFF kveðið á um að sérstaklega þurfi við samningu frumvarpsins að gæta að áhrifum lagasetningarinnar á samkeppnistöðu samkeppnisaðila á markaði og tekin tvö dæmi þar sem samkeppnisstaða aðila á markaði er skekkt eftir gildistöku laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, annars vegar í tengslum við mismunandi reglur um takmarkanir á breytilegum starfskjörum í starfsemi á milli rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem eru starfsleyfisskyldir og svo skráningarskyldir, og

hins vegar varðandi heimildir aðila til að vera vörsluaðilar sjóða. Ekki er talin ástæða til að bregðast sérstaklega við umsögninni nema að því er varðar fimmta lið umsagnarinnar í tengslum við vörsluaðila sjóða. Í því tilviki er gætt að rétttri innleiðingu Evrópugerða en á sama tíma gætt að fjárfestavernd og að unnt sé að sinna eftirliti með fullnægjandi hætti.

Drög frumvarpsins voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 12. febrúar 2021 (mál nr. S-44/2021) og frestur til umsagna veittur til 1. mars 2021. Umsagnir bárust í samráðsgátt frá SFF og Kviku banka hf. Í umsögnunum eru gerðar athugasemdir við 2. mgr. 15. gr. frumvarpsdraganna um óhæði stjórnarmanna rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Um séríslenskt ákvæði sé að ræða sem gangi lengra en UCITS-tilskipunin og ekki séu færðar fram sérstakar ástæður fyrir því í greinargerð með frumvarpsdrögunum af hverju lagt er til að halda eigi réttarástandinu óbreyttu. Telja báðir aðilar að ákvæðinu þurfi að breyta eða eftir atvikum fella það brott. Þessu til stuðnings er vísað til laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, og viðmiðunarreglna EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja, sem tóku gildi 30. júní 2018. Í gildistöku þeirra hafi meðal annars falist sú áherslubreyting að þær gildi ekki einungis um fjármálafyrirtæki heldur alla samstæðu fjármálafyrirtækis. Beri stjórn móðurfélags ábyrgð á stjórnarháttum samstæðunnar. Í viðmiðunarreglunum sé ekkert sem gefi til kynna að eðlilegt sé að meiri hluti stjórnarmanna rekstrarfélags verðbréfasjóða, sem séu í eigu slíkra fjármálafyrirtækja, skuli vera óháður móðurfélagi og stjórnarmaður megi hvorki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags. Í frumvarpinu sé því án rökstuðnings gengið lengra en viðmiðunarreglur EBA mæli fyrir um og einnig UCITS tilskipunin. Auk þess sé ekki sambærilegt ákvæði í lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020. Telur Kvika banki að verði frumvarpsdrögunum ekki breytt leiði það sjálfkrafa til réttaróvissu þar sem ósamræmi verði milli nýrra laga um verðbréfasjóði og gildandi laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði og viðmiðunarreglna EBA.

Þá er tekið fram í umsögn Kviku banka að gangi eftir fyrirhugaður samruni bankans við TM hf. og Lykil fjármögnun hf. muni hið sameinaða félag líklega vera skilgreint sem fjármálasamsteypa í skilningi laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017. Í því felist meðal annars að sérstakar reglur muni gilda um viðbótareftirlit með samstæðu Kviku, meðal annars vegna smitáhrifa innan samsteypu og hættu á hagsmunaárekstrum vegna viðskipta innan samsteypunnar. Séríslenskar reglur um óhæði stjórnarmanna rekstrarfélaga séu í mótsögn við þær skyldur sem sú löggjöf feli í sér.

Umrætt ákvæði er í 15. gr. gildandi laga, en því var bætt við lögina í kjölfar falls viðskiptabankanna þriggja í október 2008, sbr. umfjöllun í skýrslu forsætisráðherra til Alþingis um ábendingar sem varða stjórnarsýsluna í rannsóknarskýrslum Alþingis um orsakir falls íslensku bankanna 2008, orsakir erfiðleika og falls sparissjóðanna og Íbúðalánasjóðs og viðbrögð við þeim (þskj. 438, 352. mál á 151. löggjafarþingi). Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu eru röksemdir fyrir ákvæðinu reifaðar, en meðal annars er þar vísað til núverandi 25. gr. UCITS um að rekstrarfélög skuli vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi og með vísan til þess séu lagðar til auknar kröfur til óhæðis rekstrarfélags og stjórnarmanna þess. Sé ákvæðinu ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem upp geti komið og auka trúverðugleika rekstrarfélaganna. Þá hafi verið litið svo á í ljósi þess fámennis og tengsla sem séu óhjákvæmileg hér á landi, einkum vegna smæðar þjóðarinnar, að það yrði að ganga lengra í óhæðisskilyrðum stjórna rekstrarfélaga en almennt vegna fjármálafyrirtækja enda augljóst að mikil tengsl séu algeng á milli rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja og/eða móðurfyrirtækja. Þá er tekið fram að til þess rekstrarfélags geti uppfyllt ítrustu kröfur um óhæði sé nauðsynlegt að stjórn þess sé óháð félaginu sjálfu og stórum hluthöfum. Telja verði líkur á að stjórn sem sé óháð félaginu sjálfu

eða móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki sé betur til þess fallin að gæta hagsmuna félagsins og þá einnig hlutdeildarskírteinishafa. Að öðrum kosti gæti skapast sú áhætta að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa væru ekki fyllilega tryggðir. Ráðuneytið telur að ekki fáiast séð að röksemdir hafi komið fram sem hnekki fyrra mati á þörf fyrir ákvæðið. Viðmiðunarreglur EBA eru ekki taldar hafa áhrif á það mat.

Í umsögn SFF er í öðru lagi gerð athugasemd við ákvæði 3. mgr. 56. gr. frumvarpsdraganna um að á vef rekstrarfélags skuli birta upplýsingar um tíu stærstu útgefendur í eignasafni sjóðsins ásamt upplýsingum um hlutfall fjárfestingar í hverjum aðila. Upplýsingarnar skuli uppfæra að minnsta kosti á sex vikna fresti. Um sé að ræða ákvæði sem gangi lengra en tilskipunin geri ráð fyrir og ekki sé gerð sérstaklega grein fyrir ástæðu þess í skýringum við frumvarpið. Þessu ákvæði fylgi íþyngjandi og kostnaðarsöm vinna fyrir rekstrarfélögin og geti varðað viðurlögum sé því ekki fylgt. Taka þurfi tillit til samkeppnissjónarmiða sem geti haft áhrif á mat á því hvort, hversu oft og á hversu víðtækan hátt eigi að birta upplýsingar sem þessar. Regluleg birting af þessu tagi geti leitt til þess á önnur rekstrarfélög nýti greiningar og upplýsingasöfnun samkeppnisaðila sér til hagsbóta. SFF hvetji því til þess að ákvæðið verði fellt brott eða a.m.k. tekið til endurskoðunar og dregið úr tíðni á birtingu upplýsinganna. Einnig komi til greina að breyta ákvæðinu á þann hátt að fjárfesti sé heimilt að kalla eftir þessum upplýsingum í stað þess að skylda rekstrarfélögin að birta upplýsingarnar á vef.

Umrætt ákvæði er í 55. gr. gildandi laga, en því var bætt við lögum í kjölfar falls viðskipta-bankanna þriggja í október 2008, sbr. umfjöllun í skýrslu forsætisráðherra til Alþingis um ábendingar sem varða stjórnábyrgðir í rannsóknarskýrslum Alþingis um orsakir falls íslensku bankanna 2008, orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna og Íbúðalánasjóðs og viðbrögð við þeim (þskj. 438, 352. mál á 139. löggjafarþingi). Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu eru röksemdir fyrir ákvæðinu reifaðar, en meðal annars er þar farið yfir það hagsmunamat sem vísað er til í umsögn SFF. Markmið ákvæðisins er að stuðla að auknu gagnsæi í fjárfestingum rekstrarfélaga auk þess sem lögð var áhersla á að upplýsingarnar yrðu uppfærðar reglulega og talið hæfilegt að það væri gert á sex vikna fresti. Fram kemur að eðlilegt væri að þessar upplýsingar væru opinberar þar sem í raun séu það hlutdeildarskírteinishafar sem ættu sjóðina en ekki rekstrarfélagið og geti regluleg birting upplýsinganna aðstoðað þann sem vill fjárfesta í sjóðum við að taka upplýsta ákvörðun um fjárfestingar og fjárfestingarstefnu þeirra sjóða sem viðkomandi hefur áhuga á að fjárfesta í. Ráðuneytið telur að ekki fáiast séð að röksemdir hafi komið fram sem hnekki fyrra mati á þörf fyrir ákvæðið og sem eigi að leiða til þess að minnka skuli kröfur til upplýsingagjafar til fjárfesta hvað þetta varðar með breytingu á ákvæðinu eða brottfalli þess.

Í þriðja lagi eru í umsögn SFF ítrekaðar ábendingar úr fyrri umsögn SFF varðandi áform ráðuneytisins um að skipta út hugtakinu „fjárfestingarsjóður“ fyrir hugtakið „sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta“. SFF telji orðasambandið „sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta“ ruglingslegt þar sem með lögum nr. 45/2020 hafi verið heimilað að almennir fjárfestar gætu fjárfest í öðrum sérhæfðum sjóðum en fjárfestingarsjóðum, sé það gert að frumkvæði fjárfestisins. Sérhæfðir sjóðir séu þar með í dag aðgengilegir almennum fjárfestum þó svo að ekki sé heimilt að markaðssetja aðra sérhæfða sjóði en fjárfestingarsjóði til almennra fjárfesta. Því leggi SFF áherslu á að fundið verði annað heppilegra hugtak ef ráðuneytið telur ekki mögulegt að halda áfram notkun hugtaksins „fjárfestingarsjóður“.

Ráðuneytið fellst ekki á þá afstöðu SFF að hugtakið „sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta“ sé óheppilegt á þeim grundvelli að opnað hafi verið fyrir það með lögum að almennir fjárfestar fjárfesti í sérhæfðum sjóðum. Til er sérstök tegund sérhæfðra sjóða sem heimilt er að markaðssetja fyrir almenna fjárfesta, þ.e. fjárfestingarsjóðir sem nú er lagt til að verði

heldur kallaðir sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta. Aðra sérhæfða sjóði er óheimilt að markaðssetja fyrir almennra fjárfesta. Hins vegar er svokölluð öflug tilboðsgerð heimil, þar sem heimilt er að selja almennum fjárfesti þá sjóði, en aðeins ef fjárfestingin er að frumkvæði almenna fjárfestisins, ólíkt því sem gildi í tíð eldri laga þar sem óheimilt var að selja almennum fjárfestum fagfjárfestasjóði. Til slíkra sjóða væri alrangt að vísa sem sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta. Fjárfestingarsjóðir samkvæmt gildandi lögum lúta mun strangari reglum um t.d. fjárfestingarheimildir og eftirlit en aðrir sérhæfðir sjóðir, einmitt vegna þess að þá er heimilt að markaðssetja til almennra fjárfesta.

Í fjórða lagi er vísað til umsagnar SFF við áform ráðuneytisins um lagasetninguna í tengslum við reglur um starfskjarastefnu og framkvæmd hennar. Ráðuneytið telur þá athugasemd ekki kalla á sérstök viðbrögð í ljósi þess að lagt er til að umrædd ákvæði í UCITS og AIFMD-tilskipuninum verði ekki innleidd að svo stöddu.

Þá er í fimmta lagi gerð athugasemd við að fyrirhugað sé að lögin taki gildi 1. júní 2021. Það sé of skammur aðlögunartími fyrir rekstrarfélögin til að aðlaga starfsemi sína að nýrri heildarlöggjöf. Lagt sé til að gildistaka verði 1. janúar 2022. Þá telja SFF rétt að skerpa á því með bráðabirgðaákvæði að allir sjóðir samkvæmt löggjöfinni, einnig verðbréfasjóðir, hafi frest til 1. janúar 2023 til að uppfæra ýmis stofngögn og innri reglur vegna nýrra laga.

Ráðuneytið tekur undir að rétt væri að kveða á um ákveðinn aðlögunarfrest í ljósi þess að rekstrarfélög munu þurfa að uppfæra ýmis gögn, svo sem reglur sjóða og útboðslýsingu, og er talið hæfilegt að sá frestur verði veittur til 1. janúar 2022 en að áfram verði lagt til að gildistaka laganna verði 1. júní 2021. Hinn lengri frestur sem SFF leggur til er hins vegar ekki talinn réttlætunlegur í ljósi þess að um upplýsingar til fjárfesta er að ræða sem uppfæra þarf nú þegar reglubundið og hverju sinni sem breytingar verða. Aðrar forsendur eiga við í tengslum við fjárfestingarsjóði og þann frest sem þar er gefinn, enda er þar aðeins um breytta hugtakanotkun að ræða.

## 7. Mat á áhrifum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum sem koma fyrst og fremst til vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum og í þeim tilgangi að íslensk lög verði í samræmi við reglur um verðbréfasjóði og eftirlit með verðbréfasjóðum sem gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Frumvarpið mun hafa áhrif á alla sem reka verðbréfasjóði þó svo að ekki sé talið að þau áhrif verði mjög mikil. Umsvif Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands munu aukast að einhverju marki.

### 7.1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.

Markmið UCITS V er fyrst og fremst að auka vernd fjárfesta og auka gagnsæi, auk þess sem nýjum reglum um starfskjarastefnur er ætlað að tryggja að starfskjör ýti ekki undir áhættu í rekstrinum. UCITS V felur í sér ítarlegri ákvæði um vörsluaðila en er að finna í gildandi lögum, auk reglna um starfskjarastefnu sem ekki eru innleidd að svo stöddu nema að litlu leyti, og samræmingu á lágmarksvaldheimildum eftirlitsaðila. Þær auknu kröfur sem gerðar verða með fyrirhuguðum lagabreytingum munu hafa áhrif á þau rekstrarfélög sem starfa hér á landi í dag en þau eru níu talsins, auk þeirra vörslufyrirtækja sem starfa fyrir rekstrarfélögin. Þá munu starfsleyfisskyldir rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, sem eru allir einnig rekstrarfélög verðbréfasjóða, og vörslufyrirtæki þeirra verða fyrir áhrifum af lagasetningunni að því marki sem lagt er til að lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða verði breytt. Hið sama á við að litlu leyti um skráningarskylda rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem eru níu talsins, að því leyti sem kafli um eftirlit, viðurlög og samstarf lögbærra yfirvalda tekur breytingum.

Í gildandi lögum er að finna ákvæði sem varða vörslufyrirtæki og starfsemi þeirra. Með innleiðingu ákvæða UCITS V verða ítarlegri og að einhverju leyti strangari kröfur gerðar en samkvæmt gildandi löggjöf hvað þessa aðila varðar, svo sem varðandi það hvaða aðilar mega sinna hlutverki vörsluaðila verðbréfasjóða. Í frumvarpinu er gerð sú krafa að þau verðbréfa-fyrirtæki sem vilja hafa verðbréfasjóði í vörslu þurfi að uppfylla tiltekin skilyrði til að teljast til þess bær, auk þess sem þau munu þurfa að sækja um heimild til slíks til Seðlabanka Íslands. Má því gera ráð fyrir að þeir sem eru með verðbréfasjóði í vörslu samkvæmt gildandi löggjöf verði að bregðast við þeim kröfum sem fram koma í frumvarpinu meðal annars með því að óska eftir heimild Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands til vörslu verðbréfasjóða, þar sem það á við, og uppfæra verkferla og samninga á milli rekstrarfélaga og vörsluaðila. Í innleiðingunni mun felast ákveðinn kostnaður fyrir þessa aðila en óljóst er hversu mikill hann verður og að hvaða leyti honum yrði velt yfir til fjárfesta í formi hærri þóknana. Talið er að þeir sem eru með verðbréfasjóði í vörslu í dag muni ekki eiga erfitt með að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í frumvarpinu og því talið að um tímabundin áhrif verði að ræða.

Kaupaukareglur laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, gilda í dag um fjármálafyrirtæki, þar á meðal rekstrarfélög verðbréfasjóða. Í frumvarpinu er lagt til að svo verði áfram. Tilkoma nýs ákvæðis um starfskjarastefnu með innleiðingu á hluta ákvæða UCITS V um starfskjör mun ekki hafa í för með sér miklar breytingar á starfsemi félaganna.

Breytt hugtakanotkun vegna sérhæfðra sjóða sem heimilt er að markaðssetja til almennings mun leiða til þess að rekstraraðilar sérhæfðra sjóða munu þurfa að uppfæra markaðs- og kynningarefni, auk grunngagna þeirra sjóða sem um ræðir. Um tímabundin áhrif er að ræða og ekki talið að í þessari breytingu felist mikill kostnaður fyrir rekstrarfélögin.

#### *7.2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði.*

Rekstrarfélög verðbréfasjóða, starfsleyfisskyldir rekstraraðilar sérhæfðra sjóða og vörslufyrirtæki þeirra munu verða fyrir áhrifum af fyrirhuguðum lagabreytingum, en um er að ræða tíu aðila. Þá munu skráningarskyldir rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, sem eru níu talsins, einnig verða fyrir áhrifum en aðeins að litlu leyti, þ.e. vegna lítilsháttar breytinga á kafla um eftirlit, viðurlög og samstarf lögbærra yfirvalda. Nú þegar þurfa rekstrarfélög verðbréfasjóða að fara eftir lagareglum sem lúta að kaupaukum og rekstrarfélögin, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða og vörslufyrirtæki þeirra eftir reglum um vörslu. Því má ætla að nefnd félög séu í stakk búin til að uppfæra verklag til samræmis við fyrirhugaða löggjöf. Talið er að um tímabundin verkefni sé að ræða, svo sem vegna umsóknar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands þar sem það á við, og vegna samningagerðar við vörsluaðila, en að til lengri tíma litið sé um óveruleg áhrif að ræða.

#### *7.3. Samkeppnisskilyrði.*

Ekki eru taldar líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti eða að þeim fækki með óbeinum hætti vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.

#### *7.4. Áætlun fjárhagsáhrif fyrir ríkið.*

Áformuð lagasetning mun fela í sér aukin verkefni fyrir Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, fyrst og fremst vegna aukins eftirlits með vörsluaðilum verðbréfasjóða. Auknum umsvifum Fjármálaeftirlitsins vegna þessa verður mætt innan rekstraráætlunar. Nettó áhrif á ríkis-sjóð verða lítil sem engin.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

## Um 1. gr.

Ákvæðið innleiðir 1. mgr. 1. gr. UCITS og kveður á um gildissvið sem nær bæði til verðbréfasjóða sem eru í rekstri og eru markaðssettir hér á landi og rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

## Um 2. gr.

Ákvæðið kveður á um takmarkanir á gildissviði og innleiðir 3. gr. UCITS og 4. mgr. 1. gr. UCITS.

A–d-liðir innleiða 3. gr. UCITS. Í d-lið er til að mynda átt við annars konar sjóði en verðbréfasjóði (UCITS) sem aðildarríki EES hafa heimilað að séu markaðssettir til almennings líkt og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta (áður fjárfestingarsjóðir) hér á landi samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

E-liður ákvæðisins innleiðir 4. mgr. 1. gr. UCITS.

## Um 3. gr.

Ákvæðið felur í sér skilgreiningar hugtaka í samræmi við 2. gr. UCITS, þ.e. þær skilgreiningar sem nauðsynlegt þótti að taka upp við innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt, auk annarra skilgreininga sem rétt þótti að hafa í lögnum.

1. tölul. kveður á um að skammstöfunin EES sé notuð í frumvarpinu yfir Evrópska efnahagssvæðið. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

2. tölul. þarfnast ekki skýringa.

3. tölul. skilgreinir hugtakið eiginfjárgrunnur, sbr. l-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS. Í nefndum staflíð UCITS er vísað til eiginfjár skv. 1. þætti 2. kafla 5. bóls tilskipunar nr. 2006/48/EC en sú tilskipun hefur nú verið felld úr gildi innan ESB. Þá er í 6. mgr. 2. gr. UCITS varðandi skilgreiningu þessa vísað til 13.–16. gr. tilskipunar 2006/49/EC. Þau ákvæði sem mæla nú fyrir um sömu atriði í gildandi Evrópurétti eru 25.–88. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 575/2013 (Capital Requirements Regulation, CRR). Þau ákvæði hafa verið innleidd í lögum um fjármálafyrirtæki og vísast því til þeirra laga.

4. tölul. skilgreinir hugtakið fjármálagerningur, sbr. t-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS, sbr. lið 1) í 1. gr. UCITS V. Í nefndum staflíð UCITS er vísað til gernings sem tilgreindur er í C-þætti I. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (MiFID II). Viðkomandi ákvæði eru innleidd hér á landi með lögum um verðbréfavíðskipti og er því vísað til 2. gr. þeirra laga.

5. tölul. skilgreinir hugtakið framseljanleg verðbréf í skilningi frumvarps þessa, sbr. n-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS. Í 35. lið aðfaraorða UCITS er kveðið á um að skilgreiningin eigi aðeins við um framseljanleg verðbréf í skilningi tilskipunarinnar og hafi ekki áhrif á aðrar skilgreiningar sem notast er við í landslögum. Því falli til að mynda hlutabréf og önnur hliðstæð verðbréf útgefin af aðilum eins og byggingarfélögum og styrktarstofnunum þar sem ekki er hægt að flytja eignarhald bréfanna nema að útgefandi kaupi þau aftur, utan skilgreiningar tilskipunarinnar. Í 7. mgr. 2. gr. UCITS er vísað til þess að aðferðir og gerningar sem vísað er til í 51. gr. UCITS falli utan skilgreiningarinnar. Ákvæði þetta er innleitt í 66. gr. frumvarps þessa og kveður á um afleiðuvíðskipti. Í reglugerð nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, sem innleiðir tilskipun 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum, eru nánari útskýringar á hugtaki þessu.

6. tölul. skilgreinir hugtakið gistiríki rekstrarfélags, sbr. d-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS.

7. tölul. skilgreinir hugtakið gistiríki verðbréfasjóðs, sbr. f-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS.



8. tölul. skilgreinir hugtakið heimaríki rekstrarfélags, sbr. c-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS.

9. tölul. skilgreinir hugtakið heimaríki verðbréfasjóðs, sbr. e-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS.

10. tölul. skilgreinir hugtakið hlutdeildarsjóður sem sjóð um sameiginlega fjárfestingu sem gefur út hlutdeildarskírteini. Hugtaksskilyrði er að rekstrarfélag stofni til sjóðsins og að í reglum sjóðsins komi rekstrarformið fram. Skilgreiningin er nýmæli í lögum um verðbréfasjóði en er sama form og verðbréfasjóðir hafa verið reknir á hingað til. Sambærilega skýringu sama hugtaks er að finna í 3. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

11. tölul. skilgreinir hugtakið hlutdeildarskírteini. Ákvæðið er lítillega breytt frá gildandi lögum, en skilgreiningin er hér færð til samræmis við sömu skilgreiningu í 3. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þar sem vísað er til hlutdeildarskírteina í frumvarpinu er einnig átt við hluti í verðbréfasjóðum þar sem það á við, sbr. b-lið 2. undirgreinar 3. mgr. 1. gr. UCITS.

12. tölul. skilgreinir hugtakið innlendur samruni (e. domestic merger), sbr. r-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS. Skilgreiningin eins og hún er í gildandi lögum um verðbréfasjóði er hér færð til samræmis við skilgreininguna í UCITS.

13. tölul. skilgreinir hugtakið markaðssetning. Hugtakið er skilgreint með víðtækum hætti en til markaðssetningar telst hvers konar beint eða óbeint tilboð eða bein eða óbein hvatning að frumkvæði rekstrarfélags verðbréfasjóðs eða fyrir þess hönd um kaup á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóði sem það rekur til fjárfesta sem hafa heimilisfesti eða skráða starfsstöð innan EES. Til markaðssetningar telst ekki öflug tilboðsgjöf, þ.e. ef fjárfestir hefur sjálfur samband við verðbréfasjóð eða rekstrarfélag í þeim tilgangi að kaupa í sjóðnum. Hugtakið markaðssetning er ekki skilgreint í UCITS-tilskipuninni. Skilgreining þessi er efnislega samhljóða skilgreiningu í 3. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og er efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Fyrirséð er að háð verði mati Fjármálaeftirlitsins hverju sinni hvað teljist til markaðssetningar samkvæmt lögnum, verði frumvarpið óbreytt að lögum.

14. tölul. skilgreinir hugtakið millilandasamruni (e. cross-border merger), sbr. q-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS. Skilgreiningin eins og hún er í gildandi lögum um verðbréfasjóði er hér færð til samræmis við skilgreininguna í UCITS.

15. tölul. skilgreinir hugtakið nán tengsl, sbr. i-lið 1. mgr. og 4. mgr. 2. gr. UCITS. Skilgreining hugtaksins í lögum um fjármálafyrirtæki er efnislega sambærileg þeirri sem nefndur staflíður UCITS hefur að geyma og er því vísað til þeirrar skilgreiningar.

16. tölul. skilgreinir hugtakið peningamarkaðsgerningar, sbr. o-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS. Lagt er til að skilgreiningin eins og hún er í gildandi lögum um verðbréfasjóði verði hér færð til samræmis við skilgreininguna í UCITS. Í 36. lið aðfaraorða UCITS er kveðið á um að undir skilgreininguna falli framseljanlegir fjármálagerningar sem almennt eru stunduð viðskipti með á peningamarkaði frekar en á verðbréfamarkaði, t.d. víxlar ríkis og sveitarfélaga, innlánskírteini, viðskiptabréf, meðallöng skuldabréf og víxlar tryggðir af bönkum. Í reglugerð nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, sem innleiðir tilskipun 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum, er nánar kveðið á um hugtak þetta.

17. tölul. skilgreinir hugtakið rekstrarfélag, sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS. Rekstrarfélag verðbréfasjóða skal að lágmarki reka einn verðbréfasjóð. Í starfseminni felst sameiginleg stýring eignasafns (e. collective portfolio management of UCITS). Í 2. mgr. 2. gr. UCITS er vísað til viðauka II við tilskipunina þar sem kveðið er á um hvað felst í reglulegri starfsemi rekstrarfélags og þar með sameiginlegri stýringu á eignasafni verðbréfasjóðs, sbr. 5. gr.

frumvarps þessa og gildandi 17. gr. laga um verðbréfasjóði. Þá er rekstrarfélagi verðbréfasjóða einnig heimilt að sinna öðrum verkefnum sem eru háð viðbótarstarfsheimildum auk þess sem því er heimilt að sinna rekstri sérhæfðra sjóða hafi þeir verið skráðir eða fengið til þess starfsleyfi samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

18. tölul. skilgreinir hugtakið samruni, sbr. p-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

19. tölul. skilgreinir hugtakið staðfesta. Hugtakið er ekki skilgreint í UCITS-tilskipuninni, en rétt þykir að það sé skilgreint í frumvarpi þessu. Hugtakið er efnislega samhljóða sömu skilgreiningu í 3. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða eftir því sem við getur átt.

20. tölul. skilgreinir hugtakið staðfesting. Hugtakið er ekki skilgreint í UCITS, en ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

21. tölul. skilgreinir hugtakið stjórn, sbr. s-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS, sbr. lið (1) í 1. gr. UCITS V. Um skilgreiningu þessa er vísað til 68. gr. laga um hlutfélög þar sem kveðið er á um hlutverk stjórnar eða félagsstjórnar, en gerð er sú krafa í frumvarpi þessu að rekstrarfélög verðbréfasjóða skuli vera rekin á formi hlutfélaga. Stjórn rekstrarfélags er sá aðili sem hefur ákvörðunarvald í félaginu.

22. tölul. skilgreinir hugtakið stofnframlag, sbr. k-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS. Í nefndum staflíð UCITS er vísað til fjármagns skv. a- og b-lið 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB. Hefur sú tilskipun verið felld úr gildi. Nú gilda um þetta a–e-liðir 1. mgr. 26. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 575/2013 (Capital Requirements Regulation, CRR). Viðkomandi ákvæði eru innleidd í lögum um fjármálafyrirtæki og er því vísað til þeirra.

23. tölul. skilgreinir hugtakið útibú rekstrarfélags, sbr. g-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS. Seinni málsliður skilgreiningarinnar innleiðir 3. mgr. 2. gr. UCITS.

24. tölul. skilgreinir hugtakið varanlegur miðill, sbr. m-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS.

25. tölul. skilgreinir hugtakið verðbréfasjóður og eru þar a- og b-liður 1. undirgreinar 2. mgr. 1. gr. UCITS innleiddir. UCITS-sjóðir eru sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem uppfylla skilyrði UCITS-tilskipunarinnar. Hér á landi eru þeir sjóðir kallaðir verðbréfasjóðir og starfa þeir samkvæmt frumvarpi þessu sem innleiðir UCITS-tilskipunina. Sambærilega skilgreiningu er að finna í gildandi lögum, annars vegar í 2. mgr. 1. gr. og hins vegar í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr.

26. tölul. skilgreinir hugtakið virkur eignarhlutur, sbr. j-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS. Skilgreining hugtaksins í 1. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki er efnislega sambærileg þeirri sem nefndur staflíður UCITS hefur að geyma og er því vísað til þeirrar skilgreiningar í lögum þessum. Í 5. mgr. 2. gr. UCITS er um þetta vísað til 9. og 10. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB (gagnsæistilskipunin). Ákvæði þessi hafa verið innleidd í 78. og 79. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007.

27. tölul. skilgreinir hugtakið vörsluaðili, sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. UCITS.

28. tölul. skilgreinir hugtakið yfirráð. Vísað er til þeirrar skilgreiningar sem kemur fram í 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.

Reglugerð um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, nr. 1166/2013, innleiðir tilskipun 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum, sbr. 111. gr. UCITS, sbr. lið 38) í 11. gr. Omnibus I. Þar eru hugtökin framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningur nánar skilgreind. Gildir tilskipun þessi, sem sett var í tíð fyrri UCITS tilskipunar, til fyllingar ákvæðum UCITS.

## Um 4. gr.

Ákvæðið innleiðir 1. mgr. 6. gr. og 1. undirgrein 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 114. gr. UCITS.

1. mgr. felur í sér innleiðingu á fyrri másl. 1. mgr. 6. gr. UCITS. Er þar kveðið á um að starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða sé háð því að veiting starfsleyfis hafi átt sér stað. Rekstur verðbréfasjóða án starfsleyfis er ólöglegur og sætir sektum eða fangelsi, sbr. ákvæði XIII. kafla. Því skulu rekstrarfélög með staðfestu hér á landi sem falla undir gildissvið laganna sækja um starfsleyfi til þess að geta rekið verðbréfasjód með löglegum hætti. Starfsleyfið gildir í öllum aðildarríkjum EES, sbr. seinni másl. 1. mgr. 6. gr. UCITS.

2. mgr. felur í sér innleiðingu á 4. mgr. 7. gr. UCITS og kveður á um að rekstrarfélagi er heimilt að hefja rekstur að fengnu starfsleyfi.

3. mgr. kveður á um að þau rekstrarfélög sem hafa starfsleyfi hafi einkarétt á að reka verðbréfasjóði og að nota orðin „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“ í heiti sínu eða í rekstri að öðru leyti.

4. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. mgr. 114. gr. UCITS og kveður á um heimild fyrir verðbréfafyrirtæki sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og aðeins starfsheimildir til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar til að öðlast starfsleyfi samkvæmt frumvarpi þessu. Skilyrði er að afsalað sé starfsleyfinu samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

## Um 5. gr.

Ákvæðið innleiðir 2.–4. mgr. 6. gr. UCITS og viðauka II við UCITS og fjallar um starfsheimildir rekstrarfélaga verðbréfasjóða, þ.e. þær heimildir sem Fjármálaeftirlitið getur veitt starfsleyfis skyldum rekstrarfélögum. Meginverkefni sem varða sjóðarekstur beint er að finna í 2. mgr. 6. gr. UCITS sem kveður á um þá starfsemi sem rekstrarfélögum er skylt að sinna. Rekstrarfélögum er jafnframt heimilt að reka aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu að uppfylltum skilyrðum þar um, svo sem um starfsleyfi. Auk verkefna sem eru beintengd rekstri sjóða er í 3. mgr. 6. gr. UCITS kveðið á um að með sérstakri heimild lögbærs yfirvalds geti rekstrarfélög sinnt annarri starfsemi sem tengist fjárfestingarþjónustu. Kveðið er á um starfsheimildir rekstrarfélaga verðbréfasjóða í gildandi 27. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

1. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. undirgrein 2. mgr. 6. gr. UCITS, sbr. einnig b-lið 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr. UCITS. Í henni felst að rekstrarfélagi með starfsleyfi til rekstrar verðbréfasjóða er ekki heimilt að sinna annarri starfsemi. Þó er rekstrarfélaginu heimill rekstur annars konar sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða að því gefnu að rekstrarfélagið falli undir reglur um varfærniseftirlit vegna þess rekstrar og að hlutir þeirra sjóða verði ekki markaðssettir á grundvelli frumvarpsins.

2. mgr. felur í sér innleiðingu á 2. undirgrein 2. mgr. 6. gr. UCITS, sbr. viðauka II við UCITS. Með rekstri verðbréfasjóðs er átt við stýringu eignasafns sjóðsins. Með því að tilgreina sérstaklega í 2. mgr. að um eignastýringu sjóðs sé að ræða er ætlunin að aðgreina hugtakið frá eignastýringu skv. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, sbr. 3. mgr. ákvæðisins Slík aðgreining er í samræmi við 13. lið aðfaraorða UCITS.

3. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. undirgrein 3. mgr. 6. gr. UCITS. Að fenginni sérstakri heimild Fjármálaeftirlitsins er rekstrarfélagi heimilt að sinna tiltekinni fjárfestingarþjónustu, svo sem eignastýringu. Í a-lið 3. mgr. 6. gr. UCITS eru sérstaklega nefnd í dæmaskyni fjárfestingarsöfn í eigu lífeyrissjóða í samræmi við og á grundvelli umboða frá einstökum fjárfestum og að eignasöfnin sem eru í stýringu samkvæmt ákvæðinu skuli fela í sér einn eða fleiri fjármálagerning með vísan til hluta C í viðauka I við tilskipun 2004/39/EB (MiFID I), sbr. skilgreiningu á fjármálagerningi í 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Í 4. mgr. 6. gr. UCITS

kemur fram að ákvæði 2. mgr. 2. gr., 12. gr., 13. gr. og 19. gr. MiFID I skuli gilda um þá þjónustu sem rekstrarfélag veitir samkvæmt þessari grein. Sú tilskipun var felld úr gildi með tilskipun 2014/65/ESB (MiFID II). Varðandi samlestur ákvæða MiFID I og MiFID II þá vísast til 2. máls. 94. gr. MiFID II þar sem segir að vísanir til MiFID I skuli skilja sem vísanir til ýmist MiFID II eða MiFIR, sbr. samanburðartöflu sem er í viðauka IV við MiFID II. Umrædd ákvæði MiFID I eru innleidd í lögum um verðbréfavíðskipti. Öðlist rekstrarfélag viðbótarstarfsheimild skv. 1. tölul. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins fellur félagið undir 3. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, sbr. b-lið 2. mgr. 12. gr. UCITS.

4. mgr. felur í sér innleiðingu á 2. undirgrein 3. mgr. 6. gr. UCITS.

5. mgr. er nánast samhljóða gildandi 4. mgr. 27. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Reglan er í samræmi við 1. mgr. 56. gr. UCITS. Með orðunum „veruleg áhrif“ er átt við að rekstrarfélagi er óheimilt að nýta sameiginlegan atkvæðisrétt í verðbréfasjóðum, sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta (áður fjárfestingarsjóðir) og öðrum sambærilegum sjóðum innan EES sem markaðssetja má til almennings hér á landi samkvæmt frumvarpinu og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem rekstrarfélagið stýrir, þannig að útgefandi verðbréfa, sem sjóðir í stýringu rekstrarfélags fjárfesta í, verði í reynd hlutdeildarfélag eða dótturfélag rekstrarfélags.

6. mgr. innleiðir a-lið 2. mgr. 12. gr. UCITS og er efnislega sambærileg gildandi 2. mgr. 27. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

#### Um 6. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um þær upplýsingar sem þurfa að fylgja umsókn rekstrarfélags um starfsleyfi. Um umsókn rekstrarfélags verðbréfasjóða um starfsleyfi gildir í dag 5. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Með frumvarpi þessu er lagt til að rekstrarfélög verðbréfasjóða teljist ekki lengur til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Því er hér lagt til að mælt verði fyrir um umsókn um starfsleyfi og annað því tengt í frumvarpi þessu.

Í ákvæðinu er kveðið á um hvaða upplýsingar um rekstrarfélagið sjálft eru nauðsynlegar fyrir Fjármálaeftirlitið svo taka megi afstöðu til þess hvort viðkomandi aðili uppfylli starfsleyfisskilyrði til að reka verðbréfasjóð. Ákvæðið er efnislega sambærilegt 5. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ákveðnar orðalagsbreytingar eru gerðar til að gæta samræmis við sambærilegt ákvæði í lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Til viðbótar við það sem gildir í dag er gerð krafa um að lagðar séu fram upplýsingar um starfskjarastefnu rekstrarfélags og framkvæmd hennar og upplýsingar um fyrirkomulag útvistunar hjá rekstrarfélaginu og keðjuútvistunar.

A-liður felur í sér innleiðingu á 1. undirgrein 1. mgr. 8. gr. UCITS.

E-liður felur í sér innleiðingu á c-lið 1. undirgreinar 1. mgr. 7. gr. UCITS. Umfang upplýsingaskyldu samkvæmt þeim tölulið, þ.e. hvernig rekstrarfélag hyggist uppfylla kröfur laganna, verði frumvarpið óbreytt að lögum, fer eftir því hvers konar verðbréfasjóði rekstrarfélag hyggst reka.

2. mgr. er sambærileg 2. máls. 8. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Í a-lið 1. undirgreinar 6. mgr. 7. gr. UCITS, sbr. lið 3) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar þær upplýsingar sem veita skal lögbærum yfirvöldum í umsókn um starfsleyfi rekstrarfélags, þar á meðal varðandi rekstraráætlun rekstrarfélags, sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 6. mgr. 7. gr. Í b-lið 1. undirgreinar 6. mgr. 7. gr. UCITS, sbr. lið 3) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar kröfur sem gerðar eru til rekstrarfélaga skv. h-lið 1. mgr., sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 6. mgr. 7. gr. Þá er í 3. undirgrein 6. mgr. 7. gr. UCITS, sbr. lið 3) í

11. gr. Omnibus I, gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla hvað varðar eyðublöð, form og málsmeðferðir fyrir tilkynningar eða upplýsingagjöf samkvæmt ákvæði þessu sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 4. undirgrein 6. mgr. 7. gr. Gert er ráð fyrir að þessar reglur verði innleiddar í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 134. gr.

#### Um 7. gr.

Ákvæðið innleiðir hluta 7. gr., 2. undirgrein 1. mgr. og 3. mgr. 8. gr. og hluta 10. gr. UCITS og varðar skilyrði fyrir starfsleyfi rekstrarfélags.

1. tölul. 1. mgr. tengist innleiðingu á a-lið 1. undirgreinar 1. mgr. 7. gr. UCITS. Það ákvæði er að öðru leyti innleitt með 12. gr. frumvarpsins og vísast þangað varðandi hvaða kröfur eru gerðar til stofnframlags og eiginfjárgrunns rekstrarfélags.

2. tölul. 1. mgr. felur í sér innleiðingu á b-lið 1. undirgreinar 1. mgr. 7. gr. UCITS. Þar er kveðið á um skilyrði sem lýtur að orðspori og reynslu stjórnenda rekstrarfélags. Ákvæði 11. gr. frumvarpsins kveður meðal annars nánar á um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra og um önnur störf þeirra en ákvæðið vísar til 52. gr. og 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og eru kröfurnar ítarlegri en gerðar eru skv. b-lið 1. undirgreinar 1. mgr. 7. gr. UCITS.

Í 3. tölul. 1. mgr. er kveðið á um það skilyrði að þeir sem fari með virkan eignarhlut séu til þess hæfir að mati Fjármálaeftirlitsins, sbr. VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki, að tryggja trausta og varfærna stjórnun rekstrarfélags. Skilgreining á hugtakinu virkur eignarhlutur er í 26. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 2. undirgrein 1. mgr. 8. gr. UCITS.

4. tölul. 1. mgr. er innleiðing á d-lið 1. undirgreinar 1. mgr. 7. gr. UCITS. Í tölulíðnum kemur fram það skilyrði fyrir starfsleyfi að rekstrarfélag skuli hafa höfuðstöðvar og skráða starfsstöð hér á landi. Starfsleyfi sem veitt er hér á landi ber að viðurkenna af hálfu annarra ríkja EES. Að sama skapi er starfsleyfi rekstrarfélags sem veitt er í öðrum ríkjum EES viðurkennt hér á landi. Rekstrarfélög með starfsleyfi í öðrum ríkjum EES þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi hér á landi. Skilyrði þetta er að finna í 15. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem rekstrarfélög verðbréfasjóða falla undir samkvæmt gildandi lögum.

Í 5. tölul. 1. mgr. er að finna það viðbótarskilyrði starfsleyfis við reglur UCITS að rekstrarfélag starfi sem hlutafélag. Samsvarandi skyldu er að finna í 13. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem rekstrarfélög verðbréfasjóða falla undir samkvæmt gildandi lögum.

6.–7. tölul. innleiða 1. og 2. undirgrein 2. mgr. 7. gr. UCITS. Ákvæðin eru sambærileg 3. mgr. 7. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í ákvæðunum er að finna skilyrði starfsleyfis sem lúta að því að eignarhald eða aðrar aðstæður torveldi ekki eftirlit með rekstrarfélagi eða hafi áhrif á hvort það fylgi lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um starfsemina. Við mat á því er horft til stöðu rekstrarfélags í hópi fyrirtækja sem það tilheyrir, þ.e. innan samstæðu, ef við á, og metið hvort það kunni að hindra Fjármálaeftirlitið í eðlilegum eftirlitsaðgerðum eða hvort lög sem gilda um aðilana geti talist hindra eðlilegt eftirlit. Fjármálaeftirlitið getur þannig synjað um starfsleyfisveitingu ef eftirlitsheimildir þess teljast takmarkaðar með einhverjum hætti, t.d. vegna náinna tengsla milli rekstrarfélags og annarra einstaklinga og lögaðila eða ef lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli ríkis utan EES sem gilda um einstaklinga eða lögaðila sem rekstrarfélag er í nánnum tengslum við teljast torveldi eftirlit eða um er að ræða aðra erfiðleika við beitingu fyrrgreindra laga, reglugerða eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla. Í 15. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er skilgreining á nánnum tengslum en í því ákvæði er vísað til skilgreiningar laga um fjármálafyrirtæki á sama hugtaki.

2. mgr. felur í sér innleiðingu á 3. undirgrein 2. mgr. 7. gr. UCITS. Ákvæðið kveður á um viðvarandi eftirlit Fjármálaeftirlitsins með því að starfsskilyrði séu uppfyllt.

3. mgr. kveður á um að Fjármálaeftirlitið leiti eftir álitum lögbærra yfirvalda í öðrum ríkjum innan EES ef rekstrarfélag tengist tilteknum fyrirtækjum í þeim ríkjum, þ.e. rekstrarfélagi verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfafyrirtæki, lánastofnun eða váttryggingarfélagi, með tilgreindum hætti, þ.e. sem systurfélag, dótturfélag eða undir sömu yfirráðum. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 3. mgr. 8. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 2. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem rekstrarfélög verðbréfasjóða falla undir samkvæmt gildandi lögum. Í c-lið er með aðila átt við einstakling eða lögaðila. Álitsbeiðni eða samráð við önnur lögbær yfirvöld skal meðal annars taka til upplýsinga um virka eignarhluti og hæfi stjórnenda og starfsmanna.

4. mgr. felur í sér að rekstrarfélag skuli ávallt uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu starfsleyfis samkvæmt frumvarpinu, sbr. 1. undirgrein 1. mgr. 10. gr. UCITS.

Í b-lið 1. undirgreinar 6. mgr. 7. gr. UCITS, sbr. lið 3) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar kröfur sem gerðar eru til rekstrarfélaga skv. 6.–7. tölul. 1. mgr., sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 6. mgr. 7. gr. Í 3. undirgrein 6. mgr. 7. gr. UCITS, sbr. lið 3) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla hvað varðar eyðublöð, form og málsmeðferðir fyrir tilkynningar eða upplýsingagjöf vegna 6.–7. tölul. 1. mgr. sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 4. undirgrein 6. mgr. 7. gr. Þá er í c-lið 1. undirgreinar 6. mgr. 7. gr. UCITS, sbr. lið 3) í 11. gr. Omnibus I, gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar nánari kröfur vegna virkra eignarhluta, þ.m.t. kröfur sem gera á til þeirra sem fara með virkan eignarhlut og hindranir sem geta tálmað skilvirku eftirliti, sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 6. mgr. 7. gr. Gert er ráð fyrir að þessar reglur verði innleiddar í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 134. gr.

#### Um 8. gr.

Ákvæðið varðar takmörkun á gildissviði starfsleyfis telji Fjármálaeftirlitið sérstaka ástæðu til. Fjármálaeftirlitið hefur sambærilega heimild skv. 10. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sem rekstrarfélög verðbréfasjóða falla undir samkvæmt gildandi lögum.

#### Um 9. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á hluta af 3.–4. mgr. 7. gr. UCITS og kveður á um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu eða synjun starfsleyfis.

1. mgr. kveður á um sex mánaða frest Fjármálaeftirlitsins til þess að tilkynna rekstrarfélagi um ákvörðun sína, en þó skuli tilkynna um niðurstöðuna svo fljótt sem unnt er. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 3. mgr. 7. gr. UCITS og er efnislega sambærileg 1. másl. 1. mgr. 6. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem rekstrarfélög verðbréfasjóða falla undir samkvæmt gildandi lögum, nema að því leyti að í frumvarpinu er kveðið á um sex mánaða hámarksfrest til að tilkynna um ákvörðun í stað þriggja mánaða. Er það gert til að gæta samræmis við UCITS. Fjármálaeftirlitið starfar samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og er þar með bundið af þeim málsmeðferðarreglum sem þar er kveðið á um, svo sem um tilkynningu til aðila máls um ákvörðun eftir að hún hefur verið tekin og málshraðareglunni.

2. mgr. felur í sér innleiðingu á 3. mgr. 7. gr., sbr. 1. mgr. 107. gr. UCITS. Sambærileg krafa er gerð í 2. mgr. 7. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem gildir um rekstrarfélög verðbréfasjóða samkvæmt gildandi lögum.

Í b-lið 1. undirgreinar 6. mgr. 7. gr. UCITS, sbr. lið 3) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar upplýsingar vegna tilkynningar um ákvörðun um starfsleyfi sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 6. mgr. 7. gr. Gert er ráð fyrir að þessar reglur verði innleiddar í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 134. gr.

Um 10. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 8. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem gildir um rekstrarfélög verðbréfasjóða samkvæmt gildandi lögum. Um er að ræða skyldu Fjármálaeftirlitsins til að halda skrá yfir þau rekstrarfélög sem veitt hefur verið starfsleyfi til rekstrar verðbréfasjóða. Þær upplýsingar sem eru birtar eru nafn rekstrarfélags, kennitala og heimilisfang.

Um 11. gr.

Ákvæðið er efnislega sambærilegt gildandi 14. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 128/2011.

1. mgr. vísar um hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra til 52. og 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem fjalla um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra og önnur störf stjórnarmanna. Tilvísunin gegnir því hlutverki að samræma þær kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra rekstrarfélaga verðbréfasjóða og gerðar eru vegna fjármálafyrirtækja og rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Eins og fram kemur í 8. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, þurfa framkvæmdastjórnar og stjórnarmenn á hverjum tíma að uppfylla hæfisskilyrði ákvæðisins og 52. gr. a. Fjármálaeftirlitið getur á hverjum tíma tekið hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna til sérstakrar skoðunar.

Starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum skulu hafa gott orðspor og viðeigandi þekkingu með hliðsjón af starfsemi félagsins. Hér eru því gerðar minni kröfur til þessara starfsmanna rekstrarfélaga en gerðar eru til stjórnar og framkvæmdastjóra. Við mat Fjármálaeftirlitsins ber að horfa til þeirra sjóða sem rekstrarfélag rekur, uppsetningu þeirra og aðra starfsemi rekstrarfélags. Til að mynda má ætla að stjórnandi starfssviðs sem ber ábyrgð á eignastýringu sjóða sem að meginstefnu stunda verðbréfaviðskipti eða eignastýringu, hafi rekstrarfélag viðbótarstarfsheimildir skv. 3. mgr. 5. gr., skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum, sbr. til hliðsjónar 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Með lykilstarfssviðum er átt við starfssvið eignastýringar sjóða, áhættustýringar og önnur starfssvið sem hafa veruleg áhrif á stefnu og stjórnun rekstrarfélagsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hæfisskilyrði sjóðstjóra. Sama krafa er gerð til sjóðstjóra í gildandi 1. mgr. 14. gr. laga um verðbréfasjóði og byggist á 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Í 3. mgr. er kveðið á um tilkynningarskyldu rekstrarfélags til Fjármálaeftirlitsins en hún á við þegar aðili tekur sæti sem stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða stjórnandi lykilstarfssviða og á þeim tíma sem viðkomandi gegnir því starfi, sbr. b-lið 1. mgr. 7. gr. UCITS. Með breytingum er þannig auk mannbreytinga átt við breytingar á aðstæðum svo að hæfisskilyrði viðkomandi aðila kunni að teljast úppfyllt. Er tilkynningarskylda rekstrarfélags því umfangsmeiri en um getur í 7. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

EBA og ESMA hafa gefið út viðmiðunarreglur um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna (Guidelines on the assessment of the suitability of members of the management body and key function holders). Við eftirlitsframkvæmd verður stuðst við þær viðmiðunarreglur.

## Um 12. gr.

Ákvæðið innleiðir a-lið 1. undirgreinar 1. mgr. 7. gr. og 2. undirgrein 1. mgr. 10. gr. UCITS. Kveðið er á um stofnframlag rekstrarfélaga verðbréfasjóða í gildandi 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 22. tölul. 1. mgr. 3. gr., sem er efnislega samhljóða ákvæði þessu. Markmið krafna um stofnframlag er að tryggja betur samfelldan og stöðugan rekstur verðbréfasjóða. Með eiginfjárgrunni samkvæmt ákvæðinu er átt við eiginfjárgrunn í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., þar með talið frádráttarliði.

1. mgr. innleiðir inngangsorð a-liðar fyrri undirgreinar 1. mgr. 7. gr. og 1. másl. 2. undirgreinar 1. mgr. 10. gr. UCITS. Eiginfjárgrunnur skal uppfylla fjárhæðamörk ákvæðisins á hverjum tíma.

2. mgr. innleiðir i-lið a-liðar 1. undirgreinar 1. mgr. 7. gr. UCITS.

3. og 4. mgr. innleiða ii- og iii-lið a-liðar 1. undirgreinar 1. mgr. 7. gr. UCITS. Ákvæði UCITS vísar til 21. gr. tilskipunar 2006/49/EB sem innleidd er í ákvæði 84. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í 4. mgr. er 2. másl. 2. undirgreinar 1. mgr. 10. gr. UCITS einnig innleiddur, en þar er kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt, fari eiginfjárgrunnur rekstrarfélags undir þau mörk sem kveðið er á um í ákvæðinu, að veita rekstrarfélagi stuttan frest til að bæta þar úr. Að öðrum kosti skuli rekstrarfélagið stöðva starfsemina.

Heimild 2. undirgreinar 1. mgr. 7. gr. UCITS er ekki nýtt af hálfu Íslands.

## Um 13. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 11. gr. UCITS, og tengist innleiðingu á 1. mgr. 8. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. 11. gr. UCITS er vísað til tilskipunar 2004/39/EB (MiFID I), sem síðar var felld úr gildi með tilskipun 2014/65/ESB (MiFID II). Varðandi samlestur ákvæða MiFID I og MiFID II þá vísast til 2. másl. 94. gr. MiFID II þar sem segir að vísanir til MiFID I skuli skilja sem vísanir til ýmist MiFID II eða MiFIR, sbr. samanburðartöflu sem er í viðauka IV við MiFID II. Umrædd ákvæði MiFID I um eignarhluti og meðferð þeirra eru innleidd í lög um fjármálafyrirtæki. Í 2. mgr. 11. gr. UCITS er áréttað að þar sem í viðkomandi ákvæðum MiFID-tilskipunarinnar er vísað til verðbréfafyrirtækis eða verðbréfafyrirtækja skuli rekstrarfélög verðbréfasjóða falla þar undir.

1. mgr. er nánast samhljóða orðalagi 1. mgr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem nú gildir um rekstrarfélög verðbréfasjóða. Greinin kveður á um tilkynningarskyldu aðila vegna fyrirhugaðra breytinga á eignarhlut í rekstrarfélagi sem fara yfir tilgreind mörk.

2. mgr. byggist á 1. mgr. 48. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem nú gildir um rekstrarfélög verðbréfasjóða. Greinin kveður á um tilkynningarskyldu aðila vegna fyrirhugaðra breytinga á eignarhlut í rekstrarfélagi sem fer undir tilgreind mörk.

Í 3. mgr. er lagt til að ákvæði VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, verði látin gilda um meðferð virkra eignarhluta í rekstrarfélögum eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitinu ber því meðal annars að meta hæfi þeirra aðila sem fara með virka eignarhluti í rekstrarfélagi verðbréfasjóða.

EBA, ESMA og EIOPA hafa gefið út viðmiðunarreglur um virka eignarhluti á fjármálamarkaði (Joint Guidelines on the prudential assessment of acquisitions and increases of qualifying holdings in the financial sector), sem stuðst verður við við eftirlitsframkvæmd.

Í 3. undirgrein 3. mgr. 11. gr. UCITS, sbr. lið 5) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla hvað varðar eyðublöð, form og málsmeðferðir fyrir samráð á milli viðkomandi lögbærna yfirvalda í tengslum við öflun virkra eignarhluta í rekstrarfélagi verðbréfasjóða, sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB,



sbr. 4. undirgrein 3. mgr. 11. gr. UCITS. Gert er ráð fyrir að þær reglur verði innleiddar í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 134. gr.

#### Um 14. gr.

Ákvæðið innleiðir 5. mgr. 7. gr. UCITS og varðar ýmis tilvik þar sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að afturkalla starfsleyfi rekstrarfélags, í heild eða hluta.

Þar sem um mjög íþyngjandi ákvörðun er að ræða er gert ráð fyrir að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um afturköllun verði einungis í kjölfar þess að rekstrarfélagi hafi verið veittur ákveðinn frestur til úrbóta og að rekstrarfélag hafi ekki brugðist við slíku með fullnægjandi hætti. Það gildir þó ekki ef um er að ræða mjög alvarleg tilvik, t.d. ef um er að ræða alvarleg og ítrekuð brot á ákvæðum frumvarps þessa.

Með opinberri birtingu er t.d. átt við birtingu á vef Fjármálaeftirlitsins.

Sambærilegt ákvæði og er í 2. mgr. er í 1. mgr. 10. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem nú gilda um rekstrarfélög verðbréfasjóða.

Í 116. gr. frumvarpsins er einnig heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til afturköllunar starfsleyfis.

#### Um 15. gr.

Ákvæðið innleiðir hluta 12. gr., 14. gr., 1. mgr. 15. gr. og hluta af 2. mgr. 25. gr. UCITS og fjallar um almennar kröfur og skipulagskröfur til rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

1.–4. tölul. 1. mgr. innleiða a–e-lið 1. mgr. 14. gr. UCITS. Í ákvæðinu eru settar fram almennar kröfur til starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða. 1. og 2. tölul. gera lágmarkskröfur til starfshátta rekstrarfélaga. 1. tölul. er einnig innleiðing á hluta af 2. mgr. 25. gr. UCITS og er kveðið á um skyldu rekstrarfélaga til að viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í allri starfsemi sinni. Gildir það til að mynda í tengslum við árangurstengdar þóknanir rekstrarfélaga, en aðferðir við útreikning slíkrar þóknunar skulu vera í samræmi við eðli og áhættusnið sjóðs og venjur á markaði, sbr. viðmiðunarreglur ESMA um árangurstengdar þóknanir sem gilda til fyllingar ákvæðum UCITS (Guidelines on performance fees in UCITS and certain types of AIF's), en þær gilda einnig um sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi rekstrarfélaga og að um eftirlitið fari meðal annars samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi. Samkvæmt þeim skal Fjármálaeftirlitið meðal annars fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Við skýringu á því hvað felst í hugtökunum eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur verður bæði litið til laga, siðareglna og viðtekinna venja. Þá geta ákvæði reglugerða og reglur og tilmæli Fjármálaeftirlitsins veitt leiðbeiningu hvað þetta varðar. Í 19. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði er kveðið á um góða viðskiptahætti og venjur í starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Þá er einnig kveðið á um sambærileg atriði og í ákvæði þessu í lögum um fjármálafyrirtæki sem rekstrarfélög verðbréfasjóða falla nú undir.

Í 2. tölul. er gerð krafa um að starfsmenn rekstrarfélaga hafi til að bera og beiti getu og þekkingu sinni sem nauðsynleg er til þess að starfsemi rekstrarfélaga verði sinnt með tilhlýðilegum hætti. Þetta tekur þannig til mannauðs, tæknibúnaðar, viðskiptaferla o.fl.

Í 3. tölul. er gerð krafa um að rekstrarfélag grípi til sanngjarnra ráðstafana til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Þannig er ekki unnt að gera þá kröfu til rekstrarfélags að það grípi til allra mögulegra ráðstafana heldur ber því að vega og meta raunhæfar ráðstafanir. Komist

rekstrarfélag ekki hjá hagsmunaárekstrum ber því að grípa til þeirra ráðstafana sem með sanngirnri má ætlast til af félaginu í því skyni að verðbréfasjóðurinn fái sanngjarna meðferð.

2. mgr. er sambærileg 2. másl. 1. mgr. og 3. mgr. 15. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og kveður á um óhæði stjórnarmanna rekstrarfélags verðbréfasjóða frá móðurfélagi þess. Þá er bætt við ákvæðið takmörkunum til að styrkja sjálfstæði stjórnarmanna bæði rekstrarfélags verðbréfasjóða og vörsluaðila sjóðanna til innleiðingar á 21. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skyldur vörsluaðila. Reglugerðin gildir til fyllingar ákvæðum UCITS, þ.m.t. hvað varðar efni 25. gr. UCITS. Um er að ræða breytingu frá gildandi reglum að því leyti að takmörkunin gildir um stjórnarsetu allra starfsmanna vörsluaðila og rekstrarfélaga en ekki eingöngu lykilstarfsmanna eins og nú er. Rétt þykir að kveðið verði á um takmörkun ákvæðisins í lögum en að öðru leyti verði ákvæði reglugerðarinnar sem varða framangreint innleidd í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum. EBA og ESMA hafa gefið út viðmiðunarreglur um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna (Guidelines on the assessment of the suitability of members of the management body and key function holders). Við eftirlitsframkvæmd verður stuðst við þær viðmiðunarreglur.

3. og 4. mgr. innleiða a-lið 2. undirgreinar 1. mgr. 12. gr. UCITS. Í 3. mgr. eru gerðar almennar kröfur er lúta að mannaúði, aðstöðu og tæknibúnaði rekstrarfélags. Við mat á því hvað telst viðeigandi mannaúður og tæknigeta rekstrarfélags ber að taka mið af eðli og tegund þeirra verðbréfasjóða sem rekstrarfélag rekur. Meðal þeirra krafna sem ákvæðið gerir er að til staðar séu tryggir verkferlar fyrir stjórnun og reikningsskil, eftirlit sé með rafrænni gagnavinnslu og öryggiskröfum fylgt og rekstrarfélag sé með fullnægjandi innra eftirlit. Innra eftirlit rekstrarfélags þarf að vera skilvirkt og tryggja að verðbréfasjóðir sem félagið rekur fjárfesti til samræmis við reglur hvers sjóðs og viðeigandi löggjöf. Ákvæðið gerir einnig ráð fyrir að innan rekstrarfélags sé regluvarsla og innri endurskoðun. Í 4. mgr. felst sú regla að rekstrarfélag skuli setja sér reglur um verðbréfavíðskipti.

5. mgr. felur í sér innleiðingu á 15. gr. UCITS að því er varðar skyldu rekstrarfélags til að setja upp viðeigandi verklag til að tryggja að tekið sé á kvörtunum fjárfesta og að engar hömlur séu á því að fjárfestar geti nýtt þann rétt sinn í þeim tilvikum sem rekstrarfélag er með staðfestu í öðru ríki en heimaríki verðbréfasjóðs. Einnig skal rekstrarfélag tryggja aðgengi almennings eða lögbærra yfirvalda í heimaríki verðbréfasjóðs að viðeigandi upplýsingum komi fram beiðni þar um. Þær upplýsingar sem undir ákvæðið falla eru til að mynda upplýsingar sem viðkomandi lögbært yfirvald í heimaríki verðbréfasjóðsins telur nauðsynlegar til að sinna eftirlitshlutverki sínu, sbr. 3. undirgrein 2. mgr. 21. gr. UCITS.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB gildir til fyllingar ákvæðum UCITS hvað varðar efni meðal annars 12. og 14. gr. tilskipunarinnar um skipulagskröfur, hagsmunaárekstra og viðskiptahætti. Tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags).

Kveðið er á um sektarheimild í XIII. kafla frumvarpsins uppfylli rekstrarfélag ekki skilyrði ákvæðisins.

Um 16. gr.

Ákvæðið kveður á um meginregluna um þagnarskyldu stjórnar, starfsmanna og annarra sem taka að sér verk fyrir félagið. Þá kveður ákvæðið á um undantekningu frá þeirri meginreglu, þ.e. um tilvik heimillar upplýsingamiðlunar.

Ákvæðið sækir fyrirmynd til 58. og 59. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem nú gildir um rekstrarfélög verðbréfasjóða.

Um 17. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á hluta 14. gr. a UCITS, sbr. lið 2) í 1. gr. UCITS V og kveður á um starfskjarastefnu, kaupaukakerfi og starfslokasamninga.

1. og 2. mgr. innleiða 1. og 2. mgr. 14. gr. a UCITS. Í ákvæðinu er kveðið á um að rekstrarfélag skuli setja sér stefnu um starfskjör, þar á meðal kaupauka og starfslokasamninga. Þar sem rekstrarfélagi ber að vera hlutafélag gilda starfskjaraákvæði hlutafélagalaga, nr. 2/1995, um rekstrarfélög yfir tilteknum fjárhæðarmörkum, sbr. 79. gr. a þeirra laga, en ákvæðið tekur til greiðslna til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda og stjórnarmanna. Lagt er til að starfskjarastefna nái, auk þessara aðila, til allra starfsmanna rekstrarfélags.

Til þessa hefur íslensk löggjöf ekki verið færð til samræmis við breytingar sem hafa orðið á Evrópulöggjöf hvað varðar starfskjarastefnu fjármálafyrirtækja og lágmarkskröfur til þeirra, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (CRD IV) og hvað varðar rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júlí 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (AIFMD). AIFMD var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2016 frá 30. september 2016 en CRD IV með ákvörðun nr. 79/2019 frá 29. mars 2019. Unnið er að innleiðingu þeirra reglna í landsrétt.

Til að tryggja samræmi reglna á fjármálamarkaði og til þess að tímabundin óvissa skapist ekki við framkvæmd mismunandi reglna, er lagt til að í frumvarpi þessu verði vísað til gildandi reglna í lögum um fjármálafyrirtæki um kaupauka og starfslokasamninga sem nú þegar gilda um rekstrarfélög verðbréfasjóða og önnur fjármálafyrirtæki. Því er lagt til að 14. gr. a og b UCITS, sbr. lið 2) í 1. gr. UCITS V, sem kveða á um meginreglur um efni og innihald starfskjarastefnu rekstrarfélaga, svo sem um starfskjaranefndir, taki ekki gildi hér á landi að svo stöddu. Skal rekstrarfélagi þó heimilt að taka mið af þeim meginreglum sem þar koma fram við gerð stefnu sinnar, sem og viðmiðunarreglum ESMA um starfskjarastefnur, sbr. 4. mgr. 14. gr. a UCITS.

Í 3. mgr. er vísað til þess að 57. gr. a og 57. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, gildi um kaupaukakerfi og starfslokasamninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Þannig verði rekstrarfélögum áfram heimilt að ákvarða starfsmönnum kaupauka eins og þar er nánar kveðið á um sem má að hámarki vera 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka á ársgrundvelli en óheimilt verði að veita stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka.

Um 18. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um ráðstafanir sem rekstrarfélög skulu grípa til vegna hagsmunaárekstra. Rekstrarfélag verðbréfasjóða skal gera allar sanngjarnar ráðstafanir til að greina, koma í veg fyrir, stýra og vakta hagsmunaárekstra, þar á meðal setja stefnu og verkferla um slíkt. Með ráðstöfunum er átt við skipulag, umsýslu og starfsemi rekstrarfélags að öðru leyti. Í ákvæðinu er lagt til að kveðið verði ítarlegar á um hagsmunaárekstra en er í gildandi lögum um verðbréfasjóði, fyrst og fremst til að gæta samræmis við UCITS.

2. mgr. innleiðir b-lið 2. undirgreinar 1. mgr. 12. gr. UCITS. Með a-lið 2. mgr. er átt við hagsmunaárekstur á milli rekstrarfélags og verðbréfasjóðs í rekstri þess eða fjárfesta. Ákvæðið

tekur einnig til aðila sem tengjast rekstrarfélagi. Skilgreiningu á hugtakinu yfirráð er að finna í 28. tölul. 3. gr. Þannig getur verið um að ræða eiganda rekstrarfélags sem getur haft veruleg áhrif á hann. Með b-lið er átt við hagsmunaárekstur á milli verðbréfasjóðs eða fjárfesta og annarra sjóða sem rekstrarfélag rekur eða fjárfesta þeirra. Þannig er um að ræða innbyrðis hagsmunaárekstra á milli sjóða sem eru í rekstri rekstrarfélags. Með c-lið er átt við það tilvik ef rekstrarfélag á aðra viðskiptamenn en 1. eða 2. tölul. tekur til eigi einnig að grípa til ráðstafana með tilliti til hagsmunaárekstra á milli verðbréfasjóðs í rekstri þess og annarra viðskiptamanna. Með d-lið er átt við innbyrðis hagsmunaárekstra annarra viðskiptavina rekstrarfélags.

Sem dæmi um ráðstafanir rekstrarfélags sem geta komið í veg fyrir hagsmunaárekstra skv. 3. mgr. má t.d. nefna að skipulag starfsemi þess sé þannig að þeir hlutar starfseminnar þar sem gæti komið upp hagsmunaárekstur heyrir ekki undir sama ábyrgðaraðila. Eftirlitseiningar mega t.d. ekki að heyra undir aðila sem bera ábyrgð á þeim verkefnum sem þær hafa eftirlit með.

Séu ráðstafanir skv. 1.–3. mgr. ekki nægar til þess að tryggja að hætta á að hagsmunir fjárfesta í verðbréfasjóði skerðist vegna þeirra ber rekstrarfélagi skv. 4. mgr. að upplýsa þá um það áður en rekstrarfélag sinnir sérhverjum viðskiptum fyrir þá fjárfesta. Fjárfesti er þannig gefið tækifæri til þess að meta hvort hann vilji enn að rekstrarfélag sinni verkefnum fyrir hann. Upplýsingarnar sem rekstrarfélagi ber að veita fjárfestum verða að vera fullnægjandi til þess að fjárfestar geti metið hvort viðkomandi hagsmunaárekstrar geti leitt til tjóns fyrir þá. Þó að rekstrarfélag hafi upplýst fjárfesta um hugsanlega hagsmunaárekstra skv. 4. mgr. firrir það rekstrarfélagið ekki ábyrgð á þeirri skyldu að bregðast við hagsmunaárekstrum sem kunna að koma upp í samræmi við reglur frumvarpsins.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB gildir til fyllingar ákvæðum UCITS hvað varðar efni 12. gr. tilskipunarinnar um hagsmunaárekstra. Tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags).

Um 19. gr.

Ákvæðið innleiðir 1. undirgrein 1. mgr. og 3. mgr. a í 51. gr. UCITS og varðar áhættustýringu. Ákvæðið er að hluta sambærilegt 33. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði en lagt er til í frumvarpi þessu að kveðið verði ítarlegar á um áhættustýringu en gert er í gildandi lögum um verðbréfasjóði, fyrst og fremst til samræmis við UCITS.

Sá aðskilnaður sem kveðið er á um í 1. mgr. varðar bæði skipulag og starfsemi rekstrarfélags. Rekstrarfélag skal hafa, og geta sýnt fram á að það hafi, gripið til ráðstafana sem koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggt sjálfstæði og að áhættustýring sé virk og í samræmi við ákvæðið. Nánar er kveðið á um aðskilnaðinn í 12. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB sem var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 471/2014. Rétt þykir að leggja til í frumvarpi þessu að skylda þessi og heimild Fjármálaeftirlitsins til veitingar undanþágu frá henni séu lögfestar.

2. mgr. innleiðir 1. undirgrein 1. mgr. 51. gr. UCITS.

Samkvæmt 3. mgr. ber rekstrarfélagi að endurskoða og uppfæra eftirlitskerfi með áhættu eins oft og þörf krefur.

Í 4. mgr. felast lágmarkskröfur þeirra verkefna sem útlistuð eru í 2. mgr. ákvæðisins. Nánar er kveðið á um áhættustýringu í VI. kafla tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB sem var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 471/2014.

5. mgr. kveður sérstaklega á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með þeim þætti sem kveðið er á um í 2. mgr. ákvæðisins og er það innleiðing á 3. mgr. a í 51. gr. UCITS.

Framkvæmdastjórn ESB hefur skv. 4. og 5. mgr. 51. gr. UCITS, sbr. lið 18) b) í 11. gr. Omnibus I, heimild til þess að setja framseldar gerðir sem lúta meðal annars nánar að mati á því hvort að eftirlitskerfi með áhættustýringu sem rekstrarfélag notar sé fullnægjandi. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB gildir til fyllingar ákvæðum UCITS hvað varðar efni 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar um áhættustýringu. Tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags).

#### Um 20. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um skyldu rekstrarfélaga til að hafa fullnægjandi eftirlitskerfi með lausafjárstýringu fyrir hvern og einn verðbréfasjóð. Er það hluti af áhættustýringu verðbréfasjóðs og er markmiðið að verðbréfasjóður geti á hverjum tíma uppfyllt ákvæði um innlausnarskyldu, sbr. 1. mgr. 84. gr. UCITS. Nánar er kveðið á um lausafjánhættu og stýringu á slíkri áhættu í 40. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB sem var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags).

#### Um 21. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 85. gr. UCITS þar sem fram kemur að landslög eða reglur sjóða skuli kveða á um reglur um meðal annars mat á eignum. Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu til verðmats á eignum verðbréfasjóðs og hvernig slíkt mat skuli framkvæmt. Nánar er kveðið á um verðmat í 22. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB sem var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags) og í reglugerð nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf.

#### Um 22. gr.

Ákvæðið innleiðir 1. mgr. og hluta 2. mgr. 13. gr. UCITS. Í gildandi lögum um verðbréfasjóði er kveðið á um útvistun verkefna rekstrarfélags í 18. gr. Lagt er til að ekki þurfi lengur samþykki Fjármálaeftirlits fyrir útvistun heldur nægi að tilkynna um útvistun til Fjármálaeftirlitsins en sú breyting er í samræmi við UCITS.

1. mgr. innleiðir inngangsorð 1. mgr. 13. gr. UCITS. Ákvæðið kveður á um að rekstrarfélagi sé heimilt að útvista verkefnum sínum að því skilyrði gættu að fyrir því liggi hlutlægar ástæður, þá fyrst og fremst að það sé í því skyni að auka skilvirkni í rekstri rekstrarfélags. Rekstrarfélag þarf því að geta í sérhverju tilviki rökstutt útvistun þess til útvistunaraðila sem og mögulega útvistun útvistunaraðila til keðjuútvistunaraðila í samræmi við 23. gr. og svo koll af kolli.

2. mgr. innleiðir hluta a-liðar 1. mgr. 13. gr. UCITS. Markmið málsgreinarinnar er að tryggja að Fjármálaeftirlitið hafi möguleika til þess að grípa inn í áður en samningur um útvistun kemur til framkvæmda.

3. mgr. innleiðir b–d-liði og h-lið 1. mgr. 13. gr. UCITS. 2. tölul. varðar útvistun á eignastýringu sjóðs. Útvistunaraðilar með staðfestu hér á landi þyrftu þannig að hafa heimild til eignastýringar á grundvelli frumvarpsins, laga um fjármálaþyrftæki eða laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og sæta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Gengið er hér lengra en kveðið er á um í UCITS að því leyti að ekki er lagt til að heimilt sé að útvista eignastýringu til aðila sem eru skráðir, heldur eru starfsleyfi frá lögbæru yfirvaldi og viðvarandi eftirlit ófrávíkjanleg skilyrði. Samkvæmt UCITS er skráðum eignastýringaraðilum einnig heimilt að sinna þjónustunni. Eignastýringarþjónusta er ávallt starfsleyfisskyld hér á landi, andstætt því sem gæti verið í öðrum aðildarríkjum. Ekki er talið rétt að gera vægari kröfur ef eignastýringu er útvistað til eignastýringaraðila í öðru ríki.

4. mgr. innleiðir e-lið 1. mgr. 13. gr. UCITS. Í a-lið er kveðið á um að óheimilt sé að útvista eignastýringu sjóðs eða áhættustýringu til vörsluaðila eða útvistunaraðila hans. Helgast það fyrst og fremst af hlutverki vörsluaðila sem er að tryggja að eignir verðbréfasjóðs séu raunverulega til staðar. Hlutverk vörsluaðila er meðal annars að skilja eignir sjóðs frá stjórnendum verðbréfasjóðs en slíkur aðskilnaður væri ekki mögulegur ef vörsluaðili færi með verkefni á sviði eigna- eða áhættustýringar. B-liður varðar ekki sérstakan aðila heldur sérhvern þann sem kann að lenda í hagsmunaárekstri við rekstrarfélag eða hlutdeildarskírteinishafa. Rekstrarfélagi sem hyggst útvista verkefnum sínum er þannig skylt að meta hvort viðkomandi aðili hafi hagsmuni sem andstæðir eru hagsmunum þeirra aðila. Ef um mögulega hagsmunaárekstra er að ræða ber rekstrarfélagi að meta hvort skilyrði staflidarins séu uppfyllt. Upplýsingar til hlutdeildarskírteinishafa ber að gefa á þann hátt að þeir geti metið hvort hagsmuna þeirra sé gætt á fullnægjandi hátt.

5. mgr. innleiðir f–g-liði 1. mgr. 13. gr. UCITS. Með ákvæðinu er lögð ákveðin umsjónarskylda á rekstrarfélag með útvistunaraðila sem er í samræmi við að ábyrgðin haldi áfram að hvíla hjá rekstrarfélagi þrátt fyrir útvistun, sbr. 24. gr. Ákvæðið leggur þannig skyldu á rekstrarfélag að hafa þekkingu og getu til þess að geta haft eftirlit með útvistunaraðila á skilvirkan hátt. Þá er einnig kveðið skýrt á um það að rekstrarfélag geti á hvaða tímapunkti sem er gefið útvistunaraðila fyrirmæli að því er varðar þau verkefni sem til hans hefur verið útvistað, og einnig að rekstrarfélag geti ávallt afturkallað útvistun ef það er talið til hagsbóta fyrir fjárfesta.

6. mgr. innleiðir 2. másl. 2. mgr. 13. gr. UCITS. Þrátt fyrir útvistun verður rekstrarfélag að teljast sinna rekstri verðbréfasjóða.

7. mgr. innleiðir hluta a-liðar 1. mgr. 13. gr. UCITS þar sem kveðið er á um að lögbært yfirvald í heimaríki rekstrarfélags skuli án tafar áframsenda upplýsingar um útvistun rekstrarfélags til lögbærs yfirvalds í heimaríki verðbréfasjóðsins.

Sett hefur verið reglugerð nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, og er þar kveðið nánar á um útfærslu á skilyrðum útvistunar.

#### Um 23. gr.

Í 1. mgr. er gerð sú krafa að rekstrarfélag hafi samþykkt keðjuútvistun fyrir fram en það tengist því að slík útvistun hefur engin áhrif á ábyrgð rekstrarfélags gagnvart verðbréfasjóði og hlutdeildarskírteinishöfum, sbr. 24. gr. Einnig er gerð krafa um að keðjuútvistun sé tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins áður en keðjuútvistun hefst.

Mat rekstrarfélags vegna keðjuútvistunar er að grunnum til hið sama og mat það sem rekstrarfélagið skal inna af hendi við eigin útvistun til útvistunaraðila. Kveðið er á um að 1.– 4. mgr. 22. gr. gildi um keðjuútvistun, en þannig ber rekstrarfélagi að tryggja að kröfurnar sem

þar eru gerðar séu uppfylltar við keðjuútvistun. Þá skal rekstrarfélag tryggja að keðjuútvistunin hindri ekki skilvirkt eftirlit með rekstrarfélagi og verðbréfasjóðum.

Um 24. gr.

Ákvæðið innleiðir 1. másl. 2. mgr. 13. gr. UCITS. Með ákvæðinu er tekinn af allur vafi um það að ábyrgð á framkvæmd útvistaðra verkefna, svo sem hvort sú framkvæmd sé fullnægjandi, hvílir áfram á rekstrarfélagi. Þannig ber rekstrarfélag ábyrgð frá sjónarhorni skaðabótaréttar gagnvart verðbréfasjóði og hlutdeildarskírteinishöfum, með sama hætti og hefði útvistun ekki átt sér stað. Útvistun eða keðjuútvistun firrir rekstrarfélag þannig engri ábyrgð.

Um 25. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að starfrækja skuli verðbréfasjóð í rekstrarforminu hlutdeildarsjóður. Þannig gefur rekstrarfélag út skilríki fyrir eignarréttindum að verðbréfasjóði í formi hlutdeildarskírteinis eins og er kveðið á um í 23. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Þá felst í ákvæðinu að verðbréfasjóðir skuli reknir af rekstrarfélögum með starfsleyfi til slíks rekstrar. Án slíks starfsleyfis er ekki heimilt að reka verðbréfasjóð.

2. mgr. innleiðir hluta 6. mgr. 5. gr. UCITS.

3. mgr. felur í sér innleiðingu á 5. mgr. 1. gr. UCITS, en samhljóða ákvæði er í gildandi 4. mgr. 4. gr. laga um verðbréfasjóði.

Um 26. gr.

Ákvæðið innleiðir hluta 5. gr. UCITS.

1. mgr. innleiðir 1. undirgrein 1. mgr. 5. gr. UCITS og kveður á um skyldu þess að öðlast staðfestingu fyrir verðbréfasjóð, en það er skilyrði þess að starfrækja verðbréfasjóð og til að hefja starfsemi slíks sjóðs. Slík staðfesting gildir á öllu EES, sbr. 2. undirgrein 1. mgr. 5. gr. UCITS. Ákvæðið er efnislega sambærilegt ákvæðum 1. másl. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 3. mgr. 4. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

2. mgr. innleiðir 3. mgr. 5. gr. UCITS sem varðar það þegar heimaríki rekstrarfélagsins er annað en heimaríki verðbréfasjóðs. Sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 4. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

3. mgr. felur í sér innleiðingu á 2. mgr. 5. gr. UCITS og kveður á um skilyrði þess að Fjármálaeftirlitið veiti verðbréfasjóði staðfestingu. Fjármálaeftirlitið þarf að samþykka umsókn rekstrarfélags um að sjóður fái staðfestingu, en auk þess er skilyrði að reglur sjóðsins verði samþykktar af Fjármálaeftirlitinu, sem og val rekstrarfélags á vörsluaðila.

4. mgr. innleiðir 5. mgr. 5. gr. UCITS, en þar er kveðið á um að ekki skuli veita verðbréfasjóði staðfestingu ef á formlegan hátt, til að mynda í reglum sjóðs, er komið í veg fyrir að heimilt sé að markaðssetja hlutdeildarskírteinin í heimaríki sjóðsins. Tilgangur ákvæðisins er meðal annars að hindra að hægt sé að velja sér land til að markaðssetja verðbréfasjóð þar sem eru vægari reglur en í heimaríki sjóðsins. Ekki er því heimilt að hafa t.d. ákvæði í reglum verðbréfasjóðs, sem óskað er staðfestingar fyrir hjá Fjármálaeftirlitinu, um að sjóðurinn verði ekki markaðssettur á Íslandi.

Í 5. mgr. er heimild til ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd 2. mgr. Ráðherra hefur sett reglugerð nr. 984/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 584/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á

staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda. Gildir reglugerð (ESB) nr. 584/2010 til fyllingar ákvæðum UCITS.

Um 27. gr.

Ákvæðið er efnislega sambærilegt gildandi 5. gr. laga um verðbréfasjóði. Í ákvæðinu eru settar fram þær kröfur sem gerðar eru til umsóknar rekstrarfélags til Fjármálaeftirlitsins um staðfestingu á verðbréfasjóði. Með öðrum viðeigandi upplýsingum er átt við upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið metur nauðsynlegar hverju sinni. Í 8. mgr. 5. gr. UCITS, sbr. lið 1) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar nánari reglur um þær upplýsingar sem verða að koma fram í umsókn sem verði samþykkt af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 8. mgr. 5. gr. Gert er ráð fyrir að þær reglur verði innleiddar í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 134. gr.

Um 28. gr.

Ákvæðið innleiðir 2. undirgrein 4. mgr. 5. gr. og hluta 1. mgr. 107. gr. UCITS. Sambærilegar kröfur eru í 1. másl. 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Auk kröfunnar um tilkynningu innan tveggja mánaða frá móttöku fullnægjandi umsóknar starfar Fjármálaeftirlitið samkvæmt stjórnslulögum, nr. 37/1993, og er þar með bundið af þeim málsmeðferðarreglum sem þar er kveðið á um, svo sem um tilkynningu til aðila máls um ákvörðun eftir að hún hefur verið tekin, að rökstyðja skuli ákvarðanir stjórnvalda að kröfu málsaðila og málshraðareglunni. Í ákvæði þessu er sett þak á málshraðaregluna þannig að taka skuli ákvörðun eins fljótt og kostur er auk þess sem tilkynna skuli um niðurstöðuna innan tveggja mánaða frá móttöku umsóknar.

2. mgr. felur í sér innleiðingu á hluta 1. mgr. 107. gr. UCITS þar sem kveðið er á um skyldu til rökstuðnings á ákvörðun um synjun um staðfestingu.

Um 29. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 8. og 9. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Þó er lagt til að ákvæðum um annars vegar að verðbréfasjóður hafi ekki yfir að ráða minnst 50 millj. kr. þremur mánuðum eftir að markaðssetning hófst eða minnst 10 millj. sem skiptist á að minnsta kosti 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10 þús. kr. og hins vegar að sjóðurinn fari á einhverjum tímamarki niður fyrir þessi framangreindu stærðarmörk verði sleppt. Ekki er talin þörf á að gera þessar kröfur. Þá kemur inn nýr stafliður um að staðfesting verðbréfasjóðs hafi fengist á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt. Nóg er að einn af viðkomandi stafliðum 1. mgr. sé uppfylltur til að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að afturkalla staðfestingu verðbréfasjóðs.

Í 2. mgr. 8. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði er kveðið á um að veita skuli hæfilegan frest til úrbóta sé þess kostur. Ekki er talin þörf á að hafa ákvæðið í frumvarpinu, enda gildir meðalhófsreglan sem kveðið er á um í stjórnslulögum, nr. 37/1993, við afgreiðslu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt ákvæði þessu.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu Fjármálaeftirlitsins til tilkynningar um afturköllun staðfestingar, sbr. 9. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Sú breyting er gerð að ekki er lengur gerð krafa um birtingu tilkynningar um afturköllun á staðfestingu í Lögbirtingarblaði og fjölmiðlum heldur þykir nægjanlegt að tilkynning sé birt opinberlega. Með opinberri birtingu er t.d. átt við birtingu á vef Fjármálaeftirlitsins.

Í 116. gr. frumvarpsins er einnig heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til afturköllunar staðfestingar verðbréfasjóðs.



## Um 30. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 2. mgr. 3. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Um er að ræða skyldu Fjármálaeftirlitsins til að halda skrá yfir sjóði sem staðfestir hafa verið sem verðbréfasjóðir og birta skrána. Þær upplýsingar sem eru birtar eru t.d. nafn sjóðs, kennitala og rekstrarfélag.

## Um V. KAFLA

Efni kafla þessa er efnislega samhljóða kafla um sama efni í lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Slíka sjóði er heimilt að reka á formi hlutdeildarsjóða, nema í tilviki sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta (áður fjárfestingarsjóðir) en slíka sjóði er skylt að reka á því formi. Að sama skapi er skylt að reka verðbréfasjóði á formi hlutdeildarsjóða hér á landi líkt og hingað til hefur verið. Ákvæði kaflans eru efnislega sambærileg því sem kveðið er á um í gildandi lögum um verðbréfasjóði. Í kaflanum er kveðið á um umgjörð starfsemi hlutdeildarsjóða, ábyrgð rekstrarfélaga og fjárfesta og hlutdeildarskírteini.

## Um 31. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að rekstrarfélögum sem heimild hafa til að starfrækja verðbréfasjóði hér á landi sé einum heimilt að stofna hlutdeildarsjóði sem verðbréfasjóði.

Með 2. mgr. er bætt við skyldu til þess að hafa orðið hlutdeildarsjóður eða skammstöfunina hs. í nafni sjóðsins. Rétt þykir með hliðsjón af fjárfestavernd að rekstrarforms sjóðs sé getið í heiti hans í samræmi við rekstrarform sérhæfðra sjóða, t.d. samlagshlutafélög sem skylt er að hafa slhf. í heiti sínu.

## Um 32. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 11. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

Sérhver sem á hlutdeild í hlutdeildarsjóði eða sjóðsdeild telst til fjárfesta í hlutdeildarsjóðnum eða sjóðsdeildinni.

Í 2.–3. tölul. 2. mgr. er kveðið á um að í reglum sjóðsins skuli tilgreina að um verðbréfasjóð sé að ræða og hvert sé rekstrarfélag sjóðsins. Um viðbót er að ræða frá gildandi ákvæði í 11. gr. laga um verðbréfasjóði, en eðlilegt þykir að heiti rekstrarfélags komi fram í reglum sjóðsins og að það sé tekið sérstaklega fram að um verðbréfasjóð sé að ræða.

1. og 4.–13. tölul. 2. mgr. byggja á þeirri upptalningu sem er í gildandi 1. mgr. 11. gr. laga um verðbréfasjóði. 3. og 6. tölul. fela einnig í sér innleiðingu á 1. mgr. 26. UCITS, sbr. lið (9) í 1. gr. UCITS V, en þar er bætt við frá gildandi ákvæði kröfu um að setja skuli í reglur verðbréfasjóðs hvernig hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa verði tryggðir við skipti á rekstrarfélagi eða vörsluaðila til samræmis við ákvæði UCITS. Þá er 7. tölul. innleiðing á 90. gr. UCITS, en þar er bætt við frá gildandi ákvæði að upplýsa skuli um aðferðir við útreikning þóknunar og kostnað sem rekstrarfélagi er heimilt að krefja sjóðinn um.

3. mgr. innleiðir hluta 6. mgr. 5. gr. UCITS og er þar kveðið á um að breytingar á reglum verðbréfasjóðs öðlist gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Upprunalegar reglur verðbréfasjóðs fylgja umsókn um staðfestingu, sbr. 27. gr. Með samþykki umsóknar um staðfestingu verðbréfasjóðs er litið svo á að reglur sjóðs hafi verið samþykktar.

## Um 33. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 12. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði, sbr. heimild í 2. undirgrein 2. mgr. 1. gr. UCITS fyrir aðildarríkin til að kveða á um að verðbréfasjóðir séu deildaskiptir.

## Um 34. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

## Um 35. gr.

1. mgr. ákvæðisins er nýmæli en ekki er um að ræða breytingu frá gildandi rétti hvað varðar sjóðaformið, þ.e. sjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini samkvæmt gildandi lögum um verðbréfasjóði, þó að það sé ekki sérstaklega tekið fram í þeim lögum.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 16. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Þar sem í frumvarpinu er kveðið á um skyldur verðbréfasjóðs er það einnig tilvísun til skyldna rekstrarfélags sjóðs.

## Um 36. gr.

Ákvæðið er nýmæli en ekki er um að ræða breytingu frá gildandi rétti hvað varðar sjóðaformið, þ.e. sjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini samkvæmt gildandi lögum um verðbréfasjóði, þó það sé ekki sérstaklega tekið fram í þeim lögum. Getur fjárfestir tapað því framlagi sem hann hefur lagt fram en ekki umfram það.

## Um 37. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 12. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Ekki er um að ræða efnislega breytingu frá gildandi rétti hvað varðar sjóðaformið, þ.e. sjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini samkvæmt gildandi lögum um verðbréfasjóði.

## Um 38. gr.

Ákvæðið endurspeglar núverandi framkvæmd í tengslum við tilkynningar rekstrarfélaga til fyrirtækjaskrár fyrir verðbréfasjóði samkvæmt gildandi lögum um verðbréfasjóði. Þannig tilkynna rekstrarfélög slíka sjóði til skráningar í fyrirtækjaskrá í samræmi við 5. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, og fá þar með úthlutað kennitölu fyrir þá.

Til þess að unnt sé að veita sjóði sem gefur út hlutdeildarskírteini, þ.e. hlutdeildarsjóði, kennitölu skal hafa verið stofnað til viðkomandi sjóðs. Í kjölfar skráningar hjá fyrirtækjaskrá er svo unnt að eiga í samskiptum við Fjármálaeftirlitið með tilliti til starfsemi sjóðs á því rekstrarformi, í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

## Um 39. gr.

Ákvæðið byggist á 23. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði, og er ekki um að ræða efnislega breytingu á því ákvæði. 5. mgr. er samhljóða 1. mgr. 16. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

## Um 40. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 24. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

## Um 41. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 25. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

## Um 42. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 26. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

## Um 43. gr.

Ákvæðið innleiðir 1. og 2. mgr. 22. gr. UCITS, sbr. lið 4) í 1. gr. UCITS V.

1. mgr. innleiðir 1. mgr. 22. gr. UCITS og mælir fyrir um skyldu rekstrarfélags verðbréfasjóða til að tryggja að vörsluaðili sé fyrir hvern sjóð í rekstri hans. Sá vörsluaðili sem valinn er fyrir verðbréfasjóð skal vera vörsluaðili allra deilda viðkomandi sjóðs, sé hann deildaskiptur. Rekstrarfélagi verður einungis heimilt að semja við einn vörsluaðila fyrir hvern sjóð. Ákvæðið stuðlar að fjárfestavernd með því að tryggja að allir verðbréfasjóðir hafi vörsluaðila sem ber ákveðnar skyldur sem mælt er fyrir um í kafla þessum um vörsluaðila verðbréfasjóða. Brot á þessu ákvæði getur varðar stjórnvaldssektum, sbr. XIII. kafla laganna. Einnig gæti rekstrarfélag borið bótaábyrgð gagnvart þriðja manni vanræki rekstrarfélag þessa skyldu sína.

Í 2. mgr. er 2. mgr. 22. gr. UCITS innleidd og er kveðið þar á um að samningur við vörsluaðila skuli vera skriflegur. Stjórn verðbréfasjóðs, þ.e. stjórn rekstrarfélagsins, ber að velja viðkomandi vörsluaðila og gera við hann samning. Í 2. mgr. er jafnframt kveðið á um að vörslusamningur skuli meðal annars innihalda ákvæði um upplýsingagjöf til vörsluaðila svo honum sé unnt að rækja hlutverk sitt í samræmi ákvæði frumvarpsins. Vörslusamningur skal þá einnig innihalda lýsingu á hlutverki og skyldum vörsluaðila.

3. mgr. innleiðir hluta 6. mgr. 5. gr. UCITS.

Í 8. mgr. 22. gr. UCITS, sbr. lið 4) í 1. gr. UCITS V er kveðið á um að aðildarríkin skuli tryggja að ef komi til ógjaldfærni vörsluaðila eða þriðja aðila í Evrópusambandinu sem varsla eigna verðbréfasjóðs hefur verið útvistað til skuli eignir verðbréfasjóðsins ekki vera tiltækar til úthlutunar til kröfuhafa þessara aðila né heldur sölu til hagsbóta fyrir þá kröfuhafa. Krafa þessi er tryggð í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

Framkvæmdastjórn ESB hefur skv. a-lið 26. gr. b í UCITS, sbr. lið 10) í 1. gr. UCITS V, heimild til þess að setja framseldar gerðir sem lúta nánar að efni og inntaki vörslusamninga. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438 gildir til fyllingar ákvæðum UCITS um vörsluaðila. Gert er ráð fyrir að nefnd reglugerð verði innleidd í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra.

#### Um 44. gr.

Ákvæðið innleiðir 23. gr. UCITS, sbr. lið 6) í 1. gr. UCITS V, og k-lið 2. mgr. 98. gr. og mælir fyrir um hvaða aðilum sé heimilt að gegna hlutverki vörsluaðila verðbréfasjóða. Skv. 3. mgr. 23. gr. UCITS ákvarða aðildarríkin svo hvaða aðilar af þeim sem tilteknir eru í UCITS skuli teljast hæfir til að vera vörsluaðilar í hverju ríki. Lagt er til að hér á landi séu það lánastofnanir sem teljist hæfar til að vera vörsluaðilar og verðbréfafyrirtæki að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

1. mgr. innleiðir 1. mgr. 23. gr. UCITS og kveður á um að vörsluaðili þurfi að vera með staðfestu í heimaríki verðbréfasjóðsins. Í því felst að vörsluaðili skal hafa skráða starfsstöð þar eða útibú, sbr. 19. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Vörsluaðili skal sinna vörslustörfum sínum fyrir sjóðinn í þeirri einingu sem hefur staðfestu í heimaríki sjóðsins.

1. tölul. 2. mgr. innleiðir b-lið 2. mgr. 23. gr. Ákvæði b-liðar vísar til lánastofnana innan EES og með starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (CRD IV). Nefnd Evrópuþingar var innleidd í íslenskan rétt með lögum um fjármálafyrirtæki og er um skilgreiningu á hugtakinu lánastofnun því vísað til þeirra laga.

Með hliðsjón af c-lið 2. mgr. 23. gr. er í 2. tölul. 2. mgr. kveðið á um að verðbréfafyrirtækjum sem eru með skráða starfsstöð innan EES sé heimilt að vera vörsluaðili að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Verðbréfafyrirtæki skal óska eftir leyfi Fjármálaeftirlitsins til vörslu verðbréfasjóða, en auk þess skal það hafa leyfi til að sinna viðbótarþjónustu í samræmi við a-lið 2. tölul. 1. mgr. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, þ.e. vörslu og umsýslu fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavina í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti. Þá ber

verðbréfafyrirtækjum sem gegna hlutverki vörsluaðila ávallt að uppfylla skilyrði um eigið fé en það má aldrei vera minna en fjárhæð stofnframlags skv. 2. mgr. 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Auk þessa skulu verðbréfafyrirtækin lúta eiginfjárkröfum vegna rekstrar-áhættu samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, en ákvæði c-liðar 2. mgr. 23. gr. UCITS kveður á um að um lögaðilann skuli gilda eiginfjárkröfur sem eru ekki minni en kröfur sem eru reiknaðar út skv. 315. eða 317. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Nefnd Evrópugerð var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð um varfærniskröfur um starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017, sem sett er með stoð í lögum um fjármálafyrirtæki. Framangreind ákvæði gerðarinnar má finna í 50. og 51. gr. reglugerðarinnar.

Í 3. mgr. er svo nánar útlistað hvaða lágmarkskröfur þau verðbréfafyrirtæki sem sinna hlutverki vörsluaðila verðbréfasjóða þurfa að uppfylla. Ákvæðið innleiðir 2. undirgrein 2. mgr. 23. gr. UCITS, sbr. 3. og 4. undirgrein 4. mgr. 5. gr UCITS.

Í 4. og 5. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli halda skrá yfir þau verðbréfafyrirtæki sem fengið hafa heimild sem vörsluaðili verðbréfasjóða, auk þess sem Fjármálaeftirlitið getur afturkallað heimild verðbréfafyrirtækis til að sinna hlutverki vörsluaðila verðbréfasjóða ef eitt upptalinnar atvika eru fyrir hendi, sbr. k-lið 2. mgr. 98. gr. UCITS.

#### Um 45. gr.

Ákvæðið innleiðir 4. mgr. 22. gr. UCITS, sbr. lið 4) í 1. gr. UCITS V, og varðar skyldur vörsluaðila varðandi sjóðstreymi verðbréfasjóðs.

1. mgr. innleiðir hluta af 1. undirgrein 4. mgr. 22. gr. UCITS. Þar kemur fram að vörsluaðila beri að vakta sjóðstreymi verðbréfasjóðsins, að tryggja að greiðslur sem berast frá fjárfestum séu móttæknar og allt reiðufé sé lagt inn á þar til gerða veltureikninga. Þannig beri að tryggja að allar greiðslur vegna kaupa hlutdeildarskírteina skili sér.

2. og 3. mgr. innleiða hluta af 1. undirgrein 4. mgr. 22. gr. UCITS og kveður 2. mgr. á um hjá hvaða aðilum slíkir reikningar mega hafa verið stofnaðir. Í nefndri undirgrein UCITS er vísað í fyrsta lagi til aðila sem nefndir eru í a–c-lið 1. mgr. 18. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB sem byggist á tilskipun 2004/39/EB (MiFID I). Um er að ræða seðlabanka, lánastofnun með starfsleyfi samkvæmt þágildandi tilskipun 2000/12/EB og lánastofnun með starfsleyfi í ríki utan EES. Viðkomandi ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar eru innleidd í íslenskan rétt með 16. gr. reglugerðar um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, nr. 995/2007, en þar eru taldir upp seðlabanki, lánastofnun með starfsleyfi í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki og viðskiptabanki með starfsleyfi í ríki utan EES. Í öðru lagi er vísað til annarra sambærilegra aðila á viðkomandi markaði þar sem gerð er krafa um reiðufjárreikninga, að því gefnu að viðkomandi aðilar séu undirorpnir varfærnisreglum og eftirliti sambærilegu því sem er innan EES. Þá er í c-lið 1. undirgreinar 4. mgr. 22. gr. UCITS vísað til þess að slíkir fjármunir skuli varðveittir í samræmi við meginreglur sem settar eru fram í 16. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB sem ætlað er að vernda réttindi viðskiptavina í tengslum við fjármálagerninga og fjármuni í eigu þeirra og setur fram kröfur á verðbréfafyrirtæki, sbr. 3. mgr. ákvæðisins. Sú grein er innleidd í íslenskan rétt með 14. gr. reglugerðar um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, nr. 995/2007.

4. mgr. innleiðir 2. undirgrein 4. mgr. 22. gr. UCITS og kveður á um aðgreiningu fjármuna verðbréfasjóðs frá fjármunum vörsluaðila.

Framkvæmdastjórn ESB hefur í b-lið 26. gr. b í UCITS, sbr. lið 10) í 1. gr. UCITS V, heimild til þess að setja framseldar gerðir sem lúta nánar að skilyrðum 4. mgr. 22. gr. UCITS.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438 gildir til fyllingar ákvæðum UCITS um vörsluaðila. Gert er ráð fyrir að nefnd reglugerð verði innleidd í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra.

Um 46. gr.

Ákvæðið innleiðir 5. og 6. mgr. 22. gr. UCITS, sbr. lið 4) í 1. gr. UCITS V, og varðar þær eignir sem vörsluaðili skal varðveita og skyldur hans í tengslum við þær. Af ákvæðinu leiðir að vörsluaðili skal varðveita allar eignir verðbréfasjóðs eða þær eignir sjóðsins sem rekstrarfélag rekur fyrir hönd sjóðsins, ef unnt er að varðveita slíkar eignir.

1. mgr. innleiðir a-lið 5. mgr. 22. gr. UCITS. Samkvæmt ákvæðinu skal vörsluaðili varðveita alla fjármálagerninga ef unnt er að skrá þá á reikninga, svo sem verðbréf á vörslureikningum. Þá ber vörsluaðila að varðveita áþreifanlega fjármálagerninga sjóðsins sem unnt er að afhenda vörsluaðila. Vörsluaðila ber að tryggja aðgreiningu fjármálagerninga í eigu sjóðsins í bókhaldi vörsluaðila, frá sínum eigin og annarra. Nefndur stafliður UCITS vísar í þessum efnum til meginreglna þeirra sem fram koma í 16. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB. Sú grein er innleidd í íslenskan rétt með 14. gr. reglugerðar um fjárfesta-vernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, nr. 995/2007, sem sett er með stoð í lögum um verðbréfavíðskipti. Að varsla fjármálagerninga sjóðsins sé aðgreind frá öðrum eignum merkir öðru fremur að verðbréf í eigu sjóðsins mega að meginreglu ekki geymast á safnreikningum heldur eiga þau að vera á sérstökum vörslureikningum eða varðveitt sérstaklega með öðrum hætti fyrir sjóðinn. Hins vegar kemur reglan ekki í veg fyrir að erlend verðbréf sjóðs séu í safnvörslum lánastofnana utan Íslands. Í því tilviki skal stjórn rekstrarfélags vera upplýst um slíkt og hafa samþykkt ráðstöfunina með skýrum hætti í skriflegum samningi við vörsluaðila.

2. mgr. innleiðir b-lið 5. mgr. 22. gr. UCITS og kveður á um hlutverk vörsluaðila með tilliti til annarra eigna sjóðsins en fjármálagerninga sem unnt er að varðveita. Hér gæti til að mynda verið um að ræða fullnustueignir, afleiðusamninga eða innlán. Í ákvæðinu kemur fram að vörsluaðili skuli staðreyna eignarhald sjóðs á slíkum eignum á grundvelli upplýsinga frá sjóðnum, rekstrarfélags fyrir hönd sjóðsins og upplýsinga á grundvelli annarra utanaðkomandi skjala ef þau eru tiltæk. Vörsluaðila ber að halda skrá um eignirnar og uppfæra eignarskráningu þessa reglulega. Forsenda þess að vörsluaðili geti rækt hlutverk sitt með tilliti til þessa er að rekstrarfélag veiti honum á sérhverjum tíma þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru.

3. mgr. innleiðir 6. mgr. 22. gr. UCITS og kveður á um upplýsingaskyldu vörsluaðila við rekstrarfélagið að því er varðar þær eignir verðbréfasjóðs sem eru í vörslu hans. Regla þessi takmarkar ekki rétt rekstrarfélags til að krefjast hvenær sem er upplýsinga um allar eignir verðbréfasjóðs.

Framkvæmdastjórn ESB hefur í b-lið 26. gr. b í UCITS, sbr. lið 10) í 1. gr. UCITS V, heimild til þess að setja framseldar gerðir sem lúta nánar að skilyrðum 5. mgr. 22. gr. UCITS. Reglugerð framkvæmdastjórnar ESB 2016/438 gildir til fyllingar ákvæðum UCITS um vörsluaðila. Gert er ráð fyrir að nefnd reglugerð verði innleidd í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra.

Um 47. gr.

Ákvæðið innleiðir 3. mgr. 22. gr. UCITS, sbr. lið 4) í 1. gr. UCITS V.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldur sem hvíla á vörsluaðila með tilliti til ráðstafana vegna eigna verðbréfasjóðs. Í því felst meðal annars að vörsluaðili skal tryggja að mat á virði eigna sjóðs sé í samræmi við viðeigandi lög, stjórnvaldsfyrirmæli og reglur sjóðsins.

Framkvæmdastjórn ESB hefur í b-lið 26. gr. b í UCITS, sbr. lið 10) í 1. gr. UCITS V, heimild til þess að setja framseldar gerðir sem lúta nánar að skilyrðum 3. mgr. 22. gr. UCITS. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438 gildir til fyllingar ákvæðum UCITS um vörsluaðila. Gert er ráð fyrir að nefnd reglugerð verði innleidd í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra.

Um 48. gr.

Ákvæðið innleiðir 7. mgr. 22. gr. UCITS, sbr. lið 4) í 1. gr. UCITS V og kveður á um að vörsluaðila sé óheimilt að hagnýta sér eignir verðbréfasjóðs, þ.e. selja, lána, veðsetja eða ráðstafa þeim með öðrum hætti sér til hagsbóta. Sama gildir um þá aðila sem hafa fengið verkefni í tengslum við vörslu fyrir verðbréfasjóð útvistað til sín. Þetta merkir meðal annars að vörsluaðili getur ekki nýtt eignir sjóðsins, svo sem í tilviki verðbréfalána eða í endurhverfum verðbréfasamningum til eigin hagsbóta. Þá þarf að uppfylla ákveðin skilyrði til að heimilt sé að hagnýta eignirnar til hagsbóta fyrir sjóðinn sjálfan.

Um 49. gr.

Ákvæðið innleiðir 22. gr. a í UCITS, sbr. lið 5) í 1. gr. UCITS V, og varðar útvistun verkefna vörsluaðila.

1. mgr. innleiðir 1. mgr. 22. gr. a UCITS, þar sem kveðið er á um þá meginreglu að vörsluaðila sé óheimilt að útvista verkefnum í tengslum við vörsluhlutverk sitt fyrir verðbréfasjóði. Ákvæðið felur þó í sér undantekningar á þeirri meginreglu. Í ákvæðinu er kveðið á um að heimilt sé að útvista verkefnum sem kveðið er á um í 46. gr. frumvarpsins. Þannig er óheimilt að útvista öðrum verkefnum vörsluaðila, svo sem vöktun á sjóðstreymi. Útvistun aukapátta, svo sem rekstrar- eða tæknilegra þátta sem vörsluaðila ber að sinna í tengslum við vörsluverkefni sín, er ekki háð takmörkunum samkvæmt ákvæðinu.

1.–4. tölul. 1. mgr. innleiða 2. og 3. mgr. 22. gr. a UCITS en þar koma fram þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo útvistun vörsluaðila á verkefnum skv. 46. gr. sé heimil. Í 3. tölul. eru gerðar kröfur til vörsluaðila hvað varðar val á þriðja aðila sem útvista á til. Með tilhlýðilegu eftirliti vörsluaðila skv. 3. tölul. er átt við reglubundnar úttektir og samtíma eftirlit. Í því skal meðal annars felast eftirlit með útvistuðum verkefnum og hvert sé fyrirkomulag útvistunaraðila við framkvæmd þessara verkefna. Í 22. lið aðfaraorða UCITS V kemur fram að útvistunaraðila sé heimilt að hafa sameiginlegan aðgreindan reikning fyrir marga verðbréfasjóði, svonefndan „safnreikning“.

2. mgr. innleiðir 2. undirgrein 3. mgr. 22. gr. a UCITS og kveður á um skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt í því tilviki sem löggjöf viðkomandi ríkis krefst staðbundinnar vörslu.

3. mgr. innleiðir 3. undirgrein 3. mgr. 22. gr. a UCITS. Útvistunaraðila er heimilt að keðjuútvista að uppfylltum sömu skilyrðum og sett eru fyrir útvistun vörsluaðila. Slík útvistun hefur ekki áhrif á ábyrgð vörsluaðila, sbr. 51. gr.

Að fela stjórnanda uppgjörskerfa fyrir verðbréf vörslu eigna telst ekki útvistun á vörslustarfsemi í skilningi ákvæðis þessa, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf, eða að fela þjónustustarfsemi af sama toga stjórnanda uppgjörskerfa fyrir verðbréf í þriðja landi, sbr. 4. mgr. 22. gr. a UCITS.

Framkvæmdastjórn ESB hefur í c–e-lið 26. gr. b í UCITS, sbr. lið 10) í 1. gr. UCITS V, heimild til þess að setja framseldar gerðir sem lúta meðal annars að skyldum útvistunaraðila skv. c-lið 2. mgr. 22. gr. a UCITS og skyldu til aðgreiningar skv. c-lið 3. mgr. 22. gr. a UCITS,

sem og ráðstöfunum sem grípa skal til skv. d-lið 3. mgr. 22. gr. a UCITS. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438 gildir til fyllingar ákvæðum UCITS um vörsluaðila. Gert er ráð fyrir að nefnd reglugerð verði innleidd í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra.

Um 50. gr.

Ákvæðið innleiðir 25. gr. UCITS, sbr. lið 8) í 1. gr. UCITS V.

1. mgr. innleiðir 1. mgr. 25. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 1. másl. 1. mgr. 15. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

2. mgr. innleiðir 1. undirgrein 2. mgr. 25. gr. UCITS. Skilyrðið um að vörsluaðili skuli sinna hlutverki sínu af heiðarleika, sanngirni, fagmennsku og óhæði, með hagsmuni verðbréfasjóðs og eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, setur ákveðin viðmið um hvernig vörsluaðila ber að sinna skyldum sínum. Markmið þessa er að tryggja að eignir sjóðs séu varðveittar með öruggum hætti og að hagsmunum sjóðsins og eigenda hlutdeildarskírteina sé ávallt gert hátt undir höfði.

3. mgr. innleiðir 2. undirgrein 2. mgr. 25. gr. UCITS. Markmið ákvæðisins er að upplýsa fjárfesta verðbréfasjóðs um mögulega hagsmunaárekstra og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra á milli vörsluaðila, rekstrarfélags, verðbréfasjóðs og eigenda hlutdeildarskírteina sjóðsins. Með ákvæðinu er kveðið á um trúnaðarskyldu vörsluaðila gagnvart verðbréfasjóði og eigendum hlutdeildarskírteina. Vörsluaðili má þannig t.d. ekki gera hagsmunum annarra viðskiptamanna sinna hærra undir höfði en hagsmunum verðbréfasjóðsins.

Framkvæmdastjórn ESB hefur í h-lið 26. gr. b í UCITS, sbr. lið 10) í 1. gr. UCITS V, heimild til þess að setja framseldar gerðir sem lúta meðal annars að skilyrðum fyrir því að krafan um óhæði vörsluaðila sé uppfyllt. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438 gildir til fyllingar ákvæðum UCITS um vörsluaðila. Gert er ráð fyrir að nefnd reglugerð verði innleidd í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra.

Um 51. gr.

Ákvæðið innleiðir 1.–4. mgr. 24. gr. UCITS, sbr. lið 7) í 1. gr. UCITS V, og varðar ábyrgð vörsluaðila. Gerður er greinarmunur á ábyrgð vörsluaðila á tjóni sem lýtur að því að fjármálagerningur hefur glatast í vörslu vörsluaðila eða útvistunaraðila og öðru tjóni sem vörsluaðili kann að valda sjóðnum, t.d. vegna annarra eigna.

1. mgr. innleiðir 1. undirgrein og fyrri másl. 2. undirgreinar 1. mgr. 24. gr. UCITS. Ábyrgð vörsluaðila er ströng. Vörsluaðili ber ábyrgð á því ef fjármálagerningur í hans vörslu eða vörslu útvistunaraðila glatast. Í þeim tilvikum ber vörsluaðila að leggja fram eins gerning eða fjárhæð sem samsvarar virði þess gernings án ástæðulausrar tafar, nema vörsluaðili geti sýnt fram á að skilyrði séu uppfyllt sem firra hann bótaábyrgð, sbr. 2. mgr.

2. mgr. innleiðir 2. másl. 2. undirgreinar 1. mgr. 24. gr. UCITS. Orsakist það að fjármálagerningur glattist úr vörslu af utanaðkomandi atviki ber vörsluaðili ekki ábyrgð, að því gættu að ekki sé hægt að ætlast til með sanngirni að vörsluaðili hafi getað haft stjórn á því og að afleiðingar atviksins hefðu verið þær sömu þrátt fyrir ráðstafanir sem hefði mátt ætla sanngjarnt af vörsluaðila að grípa til. T.d. ætti vörsluaðili ekki að geta borið fyrir sig atvik í starfsemi vörsluaðila, svo sem sviksamlegar athafnir starfsmanns vörsluaðila, sbr. og 26. lið aðfaraorða UCITS V.

3. mgr. innleiðir 3. undirgrein 1. mgr. 24. gr. UCITS. Hvað varðar annað tjón sjóðsins en að fjármálagerningur hafi glatast í vörslu ber vörsluaðili hefðbundna sakarábyrgð. Hér getur t.d. verið um að ræða tjón sem verður vegna vanrækslu vörsluaðila við að sannreyna eignarheimildir sjóðsins og skráningu eignarréttinda vegna fasteigna.

4. mgr. innleiðir 2. mgr. 24. gr. UCITS, en af henni leiðir sú ófrávikjanlega regla að ábyrgð vörsluaðila gagnvart verðbréfasjóði eða eigendum hlutdeildarskírteina breytist ekki við útvistun verkefna í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Ef vörsluaðili útvistar þannig vörsluverkefnum sínum eða sé þeim keðjuútvistað ber hann eftir sem áður ábyrgð á þeim verkefnum.

5. mgr. innleiðir 3. og 4. mgr. 24. gr. UCITS og kveður á um að ekki sé heimilt að semja sig undan ábyrgð vörsluaðila. Þar greinir á milli þess sem gildir um vörsluaðila sérhæfðra sjóða, en þar eru ákveðnir möguleikar til að semja sig undan ábyrgð.

Framkvæmdastjórn ESB hefur í f- og g-lið 26. gr. b í UCITS, sbr. lið 10) í 1. gr. UCITS V, heimild til þess að setja framseldar gerðir sem lúta meðal annars að því hvenær fjármálagerningur teljist glataður og hvenær um óviðráðanleg utanaðkomandi atvik er að ræða sem vörsluaðili ber ekki ábyrgð á. Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2016/438 gildir til fyllingar ákvæðum UCITS um vörsluaðila. Gert er ráð fyrir að nefnd reglugerð verði innleidd í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra.

Um 52. gr.

Ákvæðið innleiðir 5. mgr. 24. gr. UCITS, sbr. lið 7) í 1. gr. UCITS V.

Í ákvæðinu felst að eigandi hlutdeildarskírteina sem orðið hefur fyrir tjóni þar sem fjármálagerningur í vörslu hefur tapast geti milliliðalaust beint bótakröfu sinni að vörsluaðila eða útvistunaraðila sem ber ábyrgð, eftir því sem við á, en einnig getur viðkomandi verðbréfasjóður eða rekstrarfélag fyrir hönd sjóðsins beint bótakröfu hlutdeildarskírteinishafa að vörsluaðila, nema ef það leiðir til þess að bótakrafan sé þá tvítekin eða að það leiði til ójafnrar meðferðar eigenda hlutdeildarskírteina í sjóðnum.

Um 53. gr.

Ákvæðið innleiðir 26. gr. a UCITS, sbr. lið 10) í 1. gr. UCITS V.

Um 54. gr.

Ákvæðið innleiðir b- og c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 68. gr., hluta 3. mgr. og 5. mgr. 69. gr., hluta 74. gr. og 1. og 3. mgr. 75. gr. UCITS og varðar ársreikninga rekstrarfélaga og verðbréfasjóða.

Í 1. mgr. er lögð skylda á rekstrarfélag að semja og birta ársreikning og árshlutareikninga. UCITS tilskipunin kveður ekki sérstaklega á um ársreikninga rekstrarfélaga en með tilliti til þess að rekstrarfélög eru eftirlitsskyldir aðilar og þau reka sjóði sem markaðssettir eru til almennings er eðlilegt að helstu upplýsingar liggi fyrir um fjárhagsstöðu þeirra og starfsemi. Fyrirmynd ákvæðisins er í 88. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í 49. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði er kveðið á um ársreikninga rekstrarfélaga og verðbréfasjóða.

2. mgr. felur í sér innleiðingu á b- og c-lið 1. mgr. 68. gr. UCITS og kveður á um skyldu rekstrarfélags til að gefa út ársreikning fyrir hvern verðbréfasjóð sem það rekur. Í 1. másl. 49. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði er kveðið á um að í ársreikningi og árshlutareikningum rekstrarfélags skuli vera sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóð og hverja deild hans. Áfram er gerð sú krafa að ársreikningar og árshlutareikningar verðbréfasjóða séu birtir sem hluti af ársreikningi og árshlutareikningum rekstrarfélags. Ákvæðið er einnig innleiðing á 3. mgr. 69. gr. UCITS, sbr. lið 13) b) í 1. gr. UCITS V, og kveður á um skyldu til upplýsingagjafar í ársreikningi. Í reglum Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða nr. 1240/2020 er nánar kveðið á um þau atriði sem talin eru upp í skrá B í viðauka I við UCITS, sbr. 3. mgr. 69. gr. UCITS.



3. mgr. er innleiðing á hluta 2. undirgreinar 3. mgr. 55. gr. UCITS, en sambærilegt ákvæði er í 5. mgr. 52. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

4. mgr. er innleiðing á 4. mgr. 69. gr. UCITS og kveður á um skyldu til upplýsingagjafar í árshlutauppgjöri verðbréfasjóðs, meðal annars ef greiddur hefur verið arður eða að til standi að greiða arð á tímabilinu. Í reglum Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, nr. 1240/2020, er nánar kveðið á um þau atriði sem koma skulu fram í árshlutareikningum sjóðanna, sbr. skrá B í viðauka I við UCITS og 4. mgr. 69. gr. UCITS.

5. mgr. innleiðir 2. mgr. 68. gr. UCITS.

6. mgr. innleiðir 1. og 3. mgr. 75. gr. UCITS. Sú viðbótarkrafa er gerð að ávallt skuli birta þessar upplýsingar á vef rekstrarfélags. Sambærileg ákvæði eru 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 53. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Í 2. másl. ákvæðisins felst að hvort sem fjárfestir óskar eftir afriti á pappír eða nálgast upplýsingarnar á vef rekstrarfélags skuli veita honum það án endurgjalds.

7. mgr. innleiðir hluta 74. gr. UCITS að því er varðar afhendingu ársreiknings og árshlutareikninga til Fjármálaeftirlitsins.

Í 5. mgr. 69. gr. UCITS, sbr. lið 24) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar inntak og uppsetningu ársreikninga og árshlutareikninga verðbréfasjóða sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 5. mgr. 69. gr. Seðlabanki Íslands hefur gefið út reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, nr. 1240/2020, sbr. reglusetningarheimild Seðlabanka Íslands í 134. gr. frumvarps þessa.

#### Um 55. gr.

Ákvæðið innleiðir 73. og 106. gr. UCITS og varðar endurskoðun ársreiknings rekstrarfélags og verðbréfasjóða og tilkynningarskyldu endurskoðenda til Fjármálaeftirlitsins. Kveðið er á um endurskoðun ársreikninga fjármála fyrirtækja í 1. mgr. 90. gr. laga um fjármála fyrirtæki, sem rekstrarfélög verðbréfasjóða falla undir samkvæmt gildandi lögum. Sambærilegt ákvæði varðandi tilkynningarskyldu er í 92. gr. laga um fjármála fyrirtæki sem nú gildir um endurskoðendur rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

#### Um 56. gr.

Ákvæðið innleiðir a-lið 1. mgr. 68. gr., 2. mgr. 75. gr., 77. gr., 1. mgr. 78. gr., 3. mgr. 80. gr., 81. gr. og 82. gr. UCITS og kveður á um útgáfu útboðslýsingar og lykilupplýsinga fyrir verðbréfasjóði og uppfærslu þeirra. Gera skal skýran greinarmun á kynningarefni fyrir verðbréfasjóði og skyldubundinni upplýsingagjöf til fjárfesta sem felst í lykilupplýsingum, útboðslýsingu og ársreikningi og árshlutauppgjöri, sbr. 58. lið aðfaraorða UCITS.

Í 1. mgr. er að finna kröfur sem gerðar eru til upplýsingagjafar fyrir verðbréfasjóði. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á a-lið 1. mgr. 68. gr., 2. mgr. 75. gr., 1. mgr. 78. gr., 3. mgr. 80. gr. og 1. mgr. 81. gr. UCITS. Sambærileg ákvæði eru 1. mgr. 51. gr. og 2. másl. 1. mgr. 53. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Í 4. másl. ákvæðisins felst að hvort sem fjárfestir óskar eftir afriti á pappír eða nálgast upplýsingarnar stafrænt skuli veita honum þær án endurgjalds.

1. másl. 2. mgr. felur í sér innleiðingu á 72. og 2. mgr. 82. gr. UCITS en þar er kveðið á um að mikilvægum upplýsingum í útboðslýsingu og lykilupplýsingum skuli haldið uppfærðum. Þá er í 2. másl. kveðið á um að senda skuli Fjármálaeftirlitinu afrit útboðslýsingar

og lykilupplýsinga verðbréfasjóða sem rekstrarfélag rekur, auk þess sem senda skuli afrit uppfærðra skjala hverju sinni sem breytingar verða á útboðslýsingu og lykilupplýsingum, sbr. 74. gr. og 1. mgr. 82. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 3. mgr. 51. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Í reglugerð nr. 983/2013 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta o.fl. er kveðið á um endurskoðun upplýsinganna sem þar koma fram með reglubundnum hætti. Verði breytingar á útboðslýsingu og reglum sjóðs skal jafnframt áður en þær breytingar koma til framkvæmda endurskoða lykilupplýsingar viðkomandi sjóðs.

3. og 4. mgr. er sambærileg 3. og 4. mgr. 55. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

Í 2. mgr. 81. gr. UCITS, sbr. lið 27) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að framkvæmdastjórn ESB sé heimilt að setja framselda gerð hvað varðar skilyrði sem þarf að uppfylla þegar lykilupplýsingar eru veittar á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vef sem ekki fellur undir að vera varanlegur miðill. Sett hefur verið reglugerð nr. 983/2013 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða vef.

#### Um 57. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um kynningarstarfsemi en sambærilegt ákvæði er að finna í 55. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

1. másl. 1. mgr. innleiðir 2. másl. 77. gr. UCITS þar sem kveðið er á um að kynningarefni skuli sett fram á sanngjarnan og skýran hátt og megi ekki vera villandi. 2. másl. 1. mgr. innleiðir 1. másl. 77. gr. UCITS og kveður á um að allt kynningarefni skuli vera auðkennt sem slíkt.

2. mgr. felur í sér innleiðingu á 3. másl. 77. gr. UCITS og er hluti af reglunni um að kynningarefni skuli sett fram á sanngjarnan og skýran hátt og megi ekki vera villandi.

Í 3. mgr. er vísað til þess að í auglýsingum og í annarri kynningarstarfsemi skuli tilteknar upplýsingar um rekstrarfélag og verðbréfasjóð ávallt koma fram. Í þessu felst meðal annars að á vefrekstrarfélags skulu þessar upplýsingar ávallt vera aðgengilegar. D-liður 3. mgr. innleiðir 4. og 5. másl. 77. gr. UCITS og kveður á um að í kynningarefni vegna verðbréfasjóða skuli upplýsa fjárfesta og mögulega fjárfesta um tilvist útboðslýsingar og lykilupplýsinga og að upplýsa skuli um hvar, á hvaða tungumáli og hvernig sé hægt að fá aðgang að upplýsingunum.

#### Um 58. gr.

Ákvæðið innleiðir hluta 1. mgr. 13. gr., hluta 55. gr., 1. og 2. mgr. 69. gr., 70. og 71. gr. UCITS og varðar meðal annars hvaða upplýsingar skuli koma fram í útboðslýsingu verðbréfasjóða.

1. mgr. innleiðir 1. og 2. undirgrein 1. mgr. 69. gr. UCITS. Efnislega sambærilegt ákvæði er í 1. másl. 2. mgr. 51. gr. og 56. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

2. mgr. innleiðir 3. undirgrein 1. mgr. 69. gr. UCITS, sbr. lið 13) í 1. gr. UCITS V. Um nýmæli er að ræða um að í útboðslýsingu verðbréfasjóðs skuli veittar upplýsingar um starfskjarastefnu rekstrarfélags.

3. mgr. innleiðir 1. másl. 1. mgr. 70. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 1. mgr. 52. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

4. mgr. innleiðir 2. másl. 1. mgr. 70. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 2. og 3. mgr. 52. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

5. mgr. felur í sér innleiðingu á 3. mgr. 70. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 4. mgr. 52. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

6. mgr. er innleiðing á hluta 2. undirgreinar 3. mgr. 55. gr. UCITS, en sambærilegt ákvæði er í 5. mgr. 52. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

7. mgr. felur í sér innleiðingu á 2. mgr. 70. gr. UCITS. Ekki er sambærilegt ákvæði í gildandi lögum um verðbréfasjóði, en lagt er til að það verði innleitt til að gæta samræmis við UCITS.

8. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. mgr. 71. gr. UCITS. Reglur sjóðs þurfa ekki að vera fylgiskjal með útboðslýsingu. Óski fjárfestir aðgangs að reglum verðbréfasjóðs skal hann fá þær sendar eða honum vísað á þann stað sem hann getur nálgast reglurnar, svo sem á vef rekstrarfélags, sbr. 2. mgr. 71. gr. UCITS.

9. mgr. felur í sér innleiðingu á 4. mgr. 70. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 6. mgr. 52. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

Í 10. mgr. er innleiðing á i-lið 1. mgr. 13. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 7. mgr. 52. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

Í 5. mgr. 69. gr. UCITS, sbr. lið 24) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar inntak og uppsetningu útboðslýsinga verðbréfasjóða sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 5. mgr. 69. gr. Sett hefur verið reglugerð nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, sem innleiðir skrá A í viðauka I við UCITS, sbr. 2. mgr. 69. gr. UCITS, en í reglugerðinni er kveðið nánar á um efni og form útboðslýsingar. Þá er í 4. mgr. 75. gr. UCITS, sbr. lið 25) í 11. gr. Omnibus I, gert ráð fyrir því að framkvæmdastjórn ESB sé heimilt að setja framselda gerð hvað varðar skilyrði sem þarf að uppfylla ef útboðslýsing er afhent fjárfesti á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vef sem ekki uppfyllir skilyrði þess að vera varanlegur miðill. Sett hefur verið reglugerð nr. 983/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða vefs.

#### Um 59. gr.

Ákvæðið innleiðir 78. gr. UCITS og kveður á um framsetningu og innihald lykilupplýsinga verðbréfasjóða. Tilgangur lykilupplýsinga verðbréfasjóðs er að auðvelda fjárfestum samanburð milli sjóða, fyrst og fremst að því er varðar kostnað og áhættusnið, sem er mikilvægt við ákvörðun um fjárfestingu, sbr. lið 59 í aðfaraorðum UCITS. Í gildandi lögum um verðbréfasjóði er ekki heildstætt ákvæði um lykilupplýsingar en í kafla H eru efnislega sambærileg ákvæði og þau sem kveðið er á um í þessu ákvæði frumvarpsins. Rétt þykir að kveða skýrt á um það hvað felst í lykilupplýsingum, hvenær skuli bjóða fjárfesti lykilupplýsingar verðbréfasjóðs o.fl., sbr. ákvæði UCITS-tilskipunarinnar þar um.

Í 1. mgr. er kveðið á um hvaða upplýsingar skuli koma fram í lykilupplýsingum verðbréfasjóðs. Sambærilegt ákvæði í 2. mgr. 51. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. 2. másl. felur í sér innleiðingu á 2. mgr. 78. gr. UCITS.

Í 2. mgr. er krafa um að rekstrarfélag og þeir sem markaðssetja verðbréfasjóð bjóði að fyrra bragði fjárfestum lykilupplýsingar endurgjaldslaust tímanlega áður en viðskipti með hlutdeildarskrirteini fara fram. Ákvæðið er innleiðing á 1. másl. 1. mgr. 79. gr. og 1. og 2. mgr. 80. gr.

UCITS. Ákvæðið er að finna í 1. mgr. 53. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Skyldan til fyrir fram boðs um lykilupplýsingar hvílir bæði á rekstrarfélagi verðbréfasjóða sem selja sína sjóði beint til fjárfesta, sem og á þeim sem selja hlutdeildarskírteini sjóða fyrir hönd rekstrarfélags og á þess ábyrgð. Það er á ábyrgð rekstrarfélags að útvega þeim aðilum, sem fyrir hönd rekstrarfélags selja eða veita ráðgjöf um kaup á hlutdeildarskírteinum, lykilupplýsingar, sem og þeim vöruframleiðendum og þeim sem sjá um miðlun viðskiptafyrirmæla eða ráðgjöf um mögulegar fjárfestingar í verðbréfasjóðum eða vörum sem fela í sér áhættu tengda verðbréfasjóði, sem þeim ber svo að bjóða fjárfestum.

3. mgr. felur í sér innleiðingu á 5. mgr. 78. gr. UCITS og kveður á um að lykilupplýsingar skuli settar fram á stöðluðu eyðublaði til að auðvelda samanburð á milli fjárfestinga og skulu upplýsingarnar vera orðaðar almennt svo að líkur séu til þess að almennir fjárfestar skilji það sem þar kemur fram. Niðurlag málgreinarinnar felur í sér innleiðingu á 2. másl. 1. mgr. 79. gr. UCITS og kveður á um að upplýsingarnar sem fram koma í lykilupplýsingaskjali séu sanngjarnar, skýrar og ekki villandi fyrir fjárfesta eða væntanlega fjárfesta.

4. mgr. innleiðir 3. mgr. 78. gr. UCITS, sbr. lið 14) a) í 1. gr. UCITS V, og kveður á um hvaða upplýsingar skuli koma fram í lykilupplýsingum verðbréfasjóðs.

5. mgr. innleiðir 1. undirgrein 4. mgr. 78. gr. UCITS. Í lykilupplýsingum skal taka fram hvar hægt er að nálgast ítarlegri upplýsingar um viðkomandi verðbréfasjóð.

6. mgr. er innleiðing á 2. undirgrein 4. mgr. 78. gr. UCITS, sbr. lið 14) b) í 1. gr. UCITS V, og kveður á um að fjárfestar og væntanlegir fjárfestar skuli geta nálgast uppfærða starfskjarastefnu rekstrarfélags á vef rekstrarfélagsins eða fengið afrit afhent á pappír endurgjalds-laust.

7. mgr. felur í sér innleiðingu á 2. mgr. 79. gr. UCITS og kveður á um skyldu til viðvörunar í lykilupplýsingum verðbréfasjóðs um það að ef lykilupplýsingar eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við útboðslýsingu geti það varðað skaðabótaskyldu.

8. mgr. felur í sér innleiðingu á 6. mgr. 78. gr. UCITS og kveður á um að í þeim tilfellum sem verðbréfasjóður hefur verið tilkynntur til markaðssetningar í mörgum aðildarríkjum EES skuli notast við óbreytta útgáfu lykilupplýsinganna, að öðru leyti en því að þær hafi verið þýddar yfir á annað tungumál, í öllum þeim aðildarríkjum sem sjóðurinn er markaðssettur.

Í 1. undirgrein 8. mgr. 78. gr. UCITS, sbr. lið 26) b) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla hvað varðar þær upplýsingar sem skulu koma fram í lykilupplýsingum verðbréfasjóða sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 8. mgr. 78. gr. Þá er einnig í 7. mgr. 78. gr. UCITS, sbr. lið 26) a) í 11. gr. Omnibus I, gert ráð fyrir því að framkvæmdastjórn ESB skuli setja framselda gerð hvað varðar framsetningu og staðlað eyðublað fyrir lykilupplýsingar verðbréfasjóða. Sett hefur verið reglugerð nr. 983/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða vef.

Um 60. gr.

Ákvæðið er samhljóða 50. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

## Um 61. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 84. gr. UCITS og er sambærilegt 27. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

1. mgr. innleiðir 1. mgr. 84. gr. UCITS en þar er kveðið á um skýlausa skyldu verðbréfasjóðs til innlausnar að beiðni hlutdeildarskírteinishafa. Í reglum verðbréfasjóðs kemur fram hver uppgjörstími sjóðsins er og þar með hver afgreiðslutími innlausnarbeiðna er.

2. mgr. er innleiðing á a-lið 1. undirgreinar og 2. undirgrein 2. mgr. og svo hluta 3. mgr. 84. gr. UCITS og kveður á um heimildir rekstrarfélags til frestunar innlausna.

3. mgr. felur í sér innleiðingu á b-lið 1. undirgreinar 2. mgr. 84. gr. UCITS og kveður á um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að krefjast frestunar innlausna.

Í 4. mgr. er lagt til að felld verði niður skylda rekstrarfélags til að tilkynna opnun sjóða bréfleiddis til hlutdeildarskírteinishafa eða á annan sambærilegan hátt hafi frestun varað lengur en fjórar vikur samfelld, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 27. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Eftir stendur tilkynning sams konar og þegar frestun á innlausn skal tilkynnt.

5. mgr. felur í sér innleiðingu á hluta af 3. mgr. 84. gr. UCITS og á við þegar verðbréfasjóðir eru markaðssettir í öðrum ríkjum EES.

Í 4. mgr. 84. gr. UCITS, sbr. lið 29) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar skilyrði frestunar innlausna samkvæmt ákvæðinu sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 4. mgr. 84. gr. Gert er ráð fyrir að reglugerðin verði innleidd í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 134. gr.

## Um 62. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 85. gr. UCITS þar sem fram kemur að landslög eða reglur sjóða skuli kveða á um reglur um meðal annars útreikning á virði hlutdeildarskírteina. Samhengis vegna þykir rétt að kveða hér einnig á um útreikning á innra virði verðbréfasjóðs (e. Net Asset Value (NAV)) sem er grundvöllur útreiknings á virði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs. Sambærilegt ákvæði er í 28. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Til skýrleika er í ákvæði þessu vísað til virðis hlutdeildarskírteina í stað innlausnarvirðis í gildandi lögum um verðbréfasjóði, sem ekki er talið vera nákvæm hugtakanotkun.

Nánar er kveðið á um virði hlutdeildarskírteina og ákvörðun kaup- og sölugengis þeirra í reglugerð nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf.

## Um 63. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 76. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 29. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði en þar er kveðið á um að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina skuli reiknað daglega en birt a.m.k. tvisvar í mánuði. Hér er lagt til að virði skuli einnig birt daglega á vef rekstrarfélags, en það mun vera í samræmi við framkvæmd rekstrarfélaga.

## Um 64. gr.

Ákvæðið innleiðir 49. gr. og 1. mgr., a-lið 2. mgr. og 4. mgr. 50. gr. UCITS og er sambærilegt 30. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði, en það fjallar um þær tegundir eigna sem verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í. Gildandi reglur um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða er að finna í F-hluta II. kafla laga um verðbréfasjóði. Í frumvarpi þessu eru ekki lagðar til efnislegar breytingar frá þeim ákvæðum sem nú gilda um þær tegundir fjármálagerninga og innlána sem verðbréfasjóðum er heimilt að fjárfesta í.

1. mgr. ákvæðisins felur í sér innleiðingu á 49. gr. UCITS en þar er kveðið á um að þegar verðbréfasjóður er samsettur úr fleiri en einni deild skuli hver deild talin vera sérstakur sjóður í skilningi ákvæða tilskipunarinnar um fjárfestingarheimildir.

2. mgr. er innleiðing á 1. mgr. 50. gr. UCITS.

1. tölul. 2. mgr. er innleiðing á a–c-lið 1. mgr. 50. gr. UCITS.

2. tölul. 2. mgr. er innleiðing á d-lið 1. mgr. 50. gr. UCITS. Í 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði er miðað við að skráning verðbréfa samkvæmt ákvæðinu skuli fara fram eigi síðar en 180 dögum frá útgáfu þeirra. Fallið er frá því og ákvæðið fært til samræmis við ákvæðið í UCITS-tilskipuninni þar sem kveðið er á um skráningu verðbréfanna eigi síðar en ári frá útgáfu. Ekki er talin þörf á að gera strangari kröfur en þar er kveðið á um.

3. tölul. 2. mgr. er innleiðing á e-lið 1. mgr. 50. gr. UCITS og kveður á um heimildir til fjárfestinga í öðrum verðbréfasjóðum eða sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Undir „aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu“ geta fallið annars vegar verðbréfasjóðir með staðfestu utan Íslands og hins vegar sérhæfðir sjóðir óháð staðfestu þeirra. Ekki skiptir því máli í þessu samhengi hvort þeir sjóðir sem falla undir ákvæðið séu stofnaðir innan EES eða utan. Sönnunarbyrði um að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt hvílir á rekstrarfélagi þess verðbréfasjóðs sem fjárfestir í viðkomandi sjóðum. Það er nægjanlegt að rekstraraðili viðkomandi sjóðs sé bundinn af reglum sjóðsins eða lögum til að skilyrði ákvæðisins séu talin uppfyllt. Framsetning ákvæðisins er færð til samræmis við viðkomandi ákvæði UCITS tilskipunarinnar.

4. tölul. 2. mgr. er innleiðing á f-lið 1. mgr. 50. gr. UCITS. Hugtakanotkun er færð til samræmis við UCITS og vísað til innlána lánastofnana. Vísað er til fjármálafyrirtækja í samsvarandi ákvæði í gildandi lögum um verðbréfasjóði. Ekki er talið að breytt hugtakanotkun hafi áhrif á viðkomandi aðila á markaði.

5. og 6. tölul. 2. mgr. eru innleiðing á g-lið 1. mgr. 50. gr. UCITS. Til að gerningur falli undir ákvæðið er ekki nauðsynlegt að undirliggjandi eignir skipti raunverulega um hendur við uppgjör, heldur falla hér einnig undir samningar um greiðslu reiðufjár við uppgjör. Strangar kröfur eru gerðar til fjárfestinga í afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða í þeim tilgangi að tryggja hæfilega fjárfestavernd, sambærilega við það sem væri ef afleiða væri keypt á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. 5. tölul. Orðalag er fært til samræmis við orðalag viðkomandi ákvæðis í UCITS tilskipuninni,

7. tölul. 2. mgr. er innleiðing á h-lið 1. mgr. 50. gr. UCITS. Bætt er við gildandi ákvæði laga um verðbréfasjóði til samræmis við UCITS. Í þeirri viðbót felst skilgreining á því hverjir útgefendur peningamarkaðsgerninga samkvæmt ákvæðinu geta verið. Gerð er sú krafa að um útgáfu gerninganna eða útgefanda þeirra gildi reglur sem hafa þann tilgang að vernda fjárfesta og sparifé, þ.e. lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1998, eða sambærileg löggjöf annars ríkis innan EES. Í UCITS er vísað til fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EEC frá 25. júlí 1978 sem hefur verið felld úr gildi. Ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil sem leysti þá fyrri frá hólmi er innleidd í lög um ársreikninga, nr. 3/2006.

8. tölul. er innleiðing á a-lið 1. undirgreinar 2. mgr. 50. gr. UCITS sem kveður á um að verðbréfasjóði sé ekki heimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum öðrum en þeim sem fjallað er um í 1.–7. tölul. ákvæðisins. Sambærilegt ákvæði er í 1. mgr. 31. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

3. mgr. kveður á um að verðbréfasjóði sé heimilt að binda eignir í innlánum eða auðseljanlegum eignum þó svo að það sé umfram heimildir í fjárfestingarstefnu sjóðs ef það er vegna lausafjárstýringar sjóðsins og/eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 2. undirgrein 2. mgr. 50. gr. UCITS og er samhljóða ákvæði í 2. mgr. 31. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

Í 4. mgr. 50. gr. UCITS, sbr. lið 17) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar fjárfestingarheimildir samkvæmt ákvæði þessu sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 4. mgr. 50. gr. Reglugerð um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, nr. 1166/2013, innleiðir tilskipun 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum.

Um 65. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 32. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.
2. mgr. innleiðir b-lið 1. undirgreinar 2. mgr. 50. gr. UCITS og er samhljóða 2. mgr. 32. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. 64. gr. frumvarpsins kemur auk þess í veg fyrir fjárfestingar í hrávörum.

Um 66. gr.

Ákvæðið innleiðir hluta 51. gr. UCITS og kveður á um áhættustýringu vegna afleiðuvíðskipta verðbréfasjóðs, en sambærilegt ákvæði er í 34. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Hér er þó lagt til ítarlegra ákvæði en er í gildandi lögum til að gæta samræmis við UCITS.

1. mgr. er innleiðing á 2. undirgrein 1. mgr. 51. gr. UCITS.
2. mgr. er innleiðing á 3. og 4. undirgrein 1. mgr. 51. gr. UCITS.
3. mgr. er innleiðing á 2. mgr. 51. gr. UCITS. Um nýmæli er að ræða, en í ákvæðinu er vísað til fjárfestingaraðferða og er þar átt við bæði aðferðir og fjármálagerninga sem nýtt eru í tilgangi sjóðastýringar. Hér undir geta til að mynda fallið verðbréfalán og samningar um endurhverf verðbréfavíðskipti. Ef afleiða er notuð í þessu skyni gilda önnur ákvæði frumvarpsins sem um afleiður gilda, t.d. varðandi skilyrði og takmörk. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um þetta sem gilda til fyllingar ákvæðum UCITS (Guidelines on ETFs and other UCITS issues). Í gildandi lögum er kveðið á um heimildir til verðbréfalána sem hluta af eðlilegri áhættustýringu verðbréfasjóðs en lagt er til að það ákvæði falli brott til að gæta samræmis við UCITS-tilskipunina.
4. og 5. mgr. eru innleiðing á 3. mgr. 51. gr. UCITS. Í gildi eru viðmiðunarreglur forvera ESMA um útreikninga á heildaráhættu o.fl. sem gilda til fyllingar þessu ákvæði UCITS (CESR's Guidelines on Risk Measurement and the Calculation of Global Exposure and Counterparty Risk for UCITS).

Framkvæmdastjórn ESB hefur skv. 4. mgr. og 5. mgr. 51. gr. UCITS, sbr. lið 18) b) í 11. gr. Omnibus I, heimild til þess að setja framseldar gerðir sem lúta nánar meðal annars að nákvæmu og sjálfstæðu mati rekstrarfélags á virði afleiða, efni og verklagi við tilkynningar á tegundum afleiða, undirliggjandi áhættu, magnbundnum takmörkum og aðferðum sem hafa verið valdar til að meta áhættu sem tengist víðskiptum með afleiður og um heildaráhættu verðbréfasjóðs vegna afleiðna. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB gildir til fyllingar ákvæðum UCITS hvað varðar efni 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar um áhættustýringu. Tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, víðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags).

## Um 67. gr.

Ákvæðið innleiðir 52. gr., sbr. 2. undirgrein 2. mgr. 55. gr. UCITS og er sambærilegt 35. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Í ákvæðinu eru sett hámarks á tegundir fjárfestinga verðbréfasjóða til að lágmarka mótaðilaáhættu í varfærnissskyni, sbr. 42. lið aðfaraorða UCITS.

1. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. undirgrein 1. mgr. 52. gr. UCITS, sbr. heimildarákvæði í 1. undirgrein 2. mgr. 52. gr. UCITS.

2. mgr. felur í sér innleiðingu á 2. undirgrein 1. mgr. 52. gr. UCITS.

3. mgr. er innleiðing á 1. undirgrein 2. mgr. 52. gr. UCITS, þar sem sett eru fram skilyrði fyrir því að mótaðilaáhætta skv. 1. tölul. 1. mgr. ákvæðisins sé hækkuð úr 5% í 10%.

4. mgr. er innleiðing á 2. undirgrein 2. mgr. 52. gr. UCITS, þar sem sett er fram sú krafa að heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í tilteknum eignaflokkum í viðskiptum við sama aðila fari ekki umfram 20% af eignum sjóðsins.

5. mgr. felur í sér innleiðingu á 3. mgr. og 1. undirgrein 5. mgr. 52. gr. UCITS.

6. mgr. er innleiðing á heimildarákvæði 4. mgr. 52. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum um verðbréfasjóði. Rétt þykir að leggja til að þessi heimild verði lögfest enda eru sértrygð skuldabréf algengari á fjármálamarkaði en við gildistöku gildandi laga um verðbréfasjóði og vegna stöðu sértryggðra skuldabréfa að lögum.

7. mgr. er innleiðing á 2. undirgrein 5. mgr. 52. gr. UCITS.

8. mgr. felur í sér innleiðingu á 3. undirgrein 5. mgr. 52. gr. UCITS.

9. mgr. er innleiðing á heimildarákvæði í 4. undirgrein 5. mgr. 52. gr. UCITS. Hugtakanotkun er lítillega breytt frá sambærilegu ákvæði í gildandi lögum um verðbréfasjóði til samræmis við breytingar sem hafa orðið á lögum um fjármálafyrirtæki og til samræmis við UCITS.

10. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. undirgrein 1. mgr. 57. gr. UCITS. Ekki er sambærilegt ákvæði í gildandi lögum en til fullrar innleiðingar á UCITS-tilskipuninni er lagt til að ákvæðið verði tekið upp.

10. og 11. mgr. 35. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði eru ekki teknar upp í ákvæði þetta til að gæta samræmis við UCITS og einnig til að bæta skýrleika ákvæðisins.

## Um 68. gr.

Ákvæðið innleiðir 53. gr. UCITS og er sambærilegt 36. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. UCITS heimilar, sbr. 2. mgr. ákvæðisins, að þau lágmarks sem sett eru í 1. mgr. séu hækkuð upp í að hámarki 35% þar sem það er réttlæt看legt vegna einstakra markaðsaðstæðna, sérstaklega þar sem tilteknir gerningar eru ráðandi á skipulegum verðbréfamarkaði. Ætla má að þær aðstæður eigi að jafnaði við um íslenskan fjármálamarkað vegna smæðar hans.

## Um 69. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 37. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Ekki var talin þörf á að taka upp í ákvæði þetta 3. mgr. gildandi ákvæðis þar sem skilgreiningu á peningamarkaðssjóði og kröfur til líftíma eigna og eignasafns slíkra sjóða er að finna í orðskýringum í frumvarpi þessu, sem og í reglugerð nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf.

## Um 70. gr.

Ákvæðið innleiðir 54. gr. UCITS og er samhljóða 38. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Í ákvæðinu felst undanþága frá 5. mgr. 67. gr. þannig að við tilteknar aðstæður er heimilt að



fjárfesta umfram 35% af eignum verðbréfasjóðs í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem útgefnir eru af tilteknum aðilum eða þeir eru ábyrgðaraðilar.

Um 71. gr.

Ákvæðið innleiðir 55. gr. UCITS og eru sambærileg ákvæði í 39. gr. og 2. mgr. 54. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

1. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. mgr. 55. gr. UCITS.
2. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. undirgrein 2. mgr. 55. gr. UCITS.
3. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. undirgrein 3. mgr. 55. gr. UCITS.

Um 72. gr.

Ákvæðið innleiðir 2. og 3. mgr. 56. gr. UCITS og er sambærilegt 40. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

2. mgr. er nýmæli til að gæta samræmis við UCITS en þar er kveðið á um heimild til undanþágu frá þeim háþörkum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Leiðréttu þarf svo hlutföllin til samræmis við það sem vísað er til í 1. mgr., sbr. 76. gr. frumvarps þessa.

3. mgr. felur í sér innleiðingu á heimildarákvæði í 3. mgr. 56. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði var í eldri lögum um verðbréfasjóði, nr. 10/1993. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti ákveðið að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga sem ríki EES eða sveitarfélög þeirra ríkja eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast eða eru útgefnir af alþjóðastofnunum sem eitt eða fleiri ríki EES eru aðilar að.

Um 73. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 83. og 88. gr. UCITS og sambærilegt 41. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Lagt er þó til að orðalag ákvæðisins verði fært til samræmis við UCITS til að gæta réttar innleiðingar.

1. mgr. felur í sér innleiðingu á 88. gr. UCITS.
2. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. mgr. og a-lið 1. undirgreinar 2. mgr. 83. gr. UCITS. Nýmæli er að kveðið sé á um heimild til að eignast erlendan gjaldeyri með skiptasamningi. Heimild þessi er þó ávallt háð því að slík viðskipti takmarkist ekki af annarri löggjöf, svo sem lögum um gjaldeyrismál.

Í 3. mgr. 83. gr. UCITS, sbr. lið 28) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar skilyrði lántöku samkvæmt ákvæðinu sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 3. mgr. 83. gr. Gert er ráð fyrir að reglugerðin verði innleidd í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 134. gr.

Um 74. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 89. gr. UCITS og er samhljóða 42. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

Um 75. gr.

Ákvæðið byggist á 50. gr. a í UCITS sem kveður á um heimild framkvæmdastjórnar ESB til að setja framseldar gerðir þar sem kveða skuli á um skilyrði þess að verðbréfasjóði sé heimilt að taka á sig útlánaáhættu vegna verðbréfunar. Lagt er til að ákvæði þetta verði í samræmi við sambærilegt ákvæði í 24. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, en þó með hliðsjón af framangreindu ákvæði UCITS. Í ákvæðinu er vísað til laga um fjármálafyrirtæki

varðandi heimildir til verðbréfunar, en þau ákvæði gilda samkvæmt gildandi lögum um rekstrarfélög verðbréfasjóða. Með útgefanda í ákvæði þessu er átt við fyrirtæki sem endurpakka útlánunum í seljanleg verðbréf og aðra fjármálagerninga.

Um 76. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 57. gr. UCITS og er sambærilegt 43. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. 2. mgr. er nýmæli til að gæta samræmis við UCITS tilskipunina. Í ákvæði þessu er ekki gerður greinarmunur á ásetningsbrotum og brotum sem verða af óviðráðanlegum orsökum, svo sem í tengslum við útboð á fjármálagerningum þar sem erfitt getur verið að reikna út fjárhæðir þannig að samræmist þeim leyfilegu mörkum sem sett eru í frumvarpi þessu, sbr. 2. mgr. 72. gr.

Um 77. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 37., 38. og 1. mgr. 39. gr. UCITS og er sambærilegt 2. og 3. másl. 56. gr. a gildandi laga um verðbréfasjóði.

1. mgr. er innleiðing á 1. mgr. 38. gr. UCITS. Ákvæðið er nýmæli en talið var rétt að kveða skýrt á um það að samruni verðbréfasjóða sé heimill innan þeirra marka sem kveðið er á um í lögnum.

2. mgr. er innleiðing á 37. gr. UCITS. Kaflinn gildir einnig um samruna einstakra deilda verðbréfasjóða.

3. mgr. er innleiðing á 2. undirgrein 2. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 39. gr. UCITS.

4. mgr. er innleiðing á 1. undirgrein 2. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 39. gr. UCITS.

Sett hefur verið reglugerð nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð, sem innleiðir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/44/ESB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Um 78. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á hluta 2.–5. mgr. 39. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 5. gr. gildandi reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð. Lögð er til breytt framsetning ákvæðisins í frumvarpi þessu þannig að kveðið sé á um innlenda samruna í sérstöku ákvæði og millilandasamruna í öðru ákvæði til hægðarauka. Innlendir samrunar munu vera mun algengara form samruna á Íslandi en samrunar á milli landa.

1. mgr. er innleiðing á hluta af 1. undirgrein 2. mgr. 39. gr. UCITS.

2. mgr. er innleiðing á 1. undirgrein 5. mgr. 39. gr. UCITS.

3. mgr. er innleiðing á 2. másl. 1. undirgreinar 3. mgr. 39. gr.

4. mgr. er innleiðing á a-lið 4. mgr. 39. gr. UCITS.

5. mgr. er innleiðing á 2. undirgrein 5. mgr. 39. gr. UCITS.

Um 79. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 2.–5. mgr. 39. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 5. gr. gildandi reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð. Lagt er til að sérstakt ákvæði verði sett sem fjallar aðeins um umsókn um innlenda samruna og svo annað ákvæði um umsókn um millilandasamruna til hægðarauka.

Innlendir samrunar munu vera mun algengara form samruna á Íslandi en samrunar á milli landa.

1. mgr. er innleiðing á 1. undirgrein 2. mgr. 39. gr. UCITS.
2. mgr. er innleiðing á 1. undirgrein 5. mgr. 39. gr. UCITS.
1. másl. 3. mgr. er innleiðing á 2. undirgrein 2. mgr. 39. gr. UCITS. 2. másl. er innleiðing á 1. másl. 1. undirgreinar 3. mgr. 39. gr. UCITS.
4. mgr. er innleiðing á 2. másl. 1. undirgreinar og 2. undirgrein 3. mgr. 39. gr. UCITS.
5. mgr. er innleiðing á 3. og 4. undirgrein 3. mgr. 39. gr. UCITS.
6. mgr. er innleiðing á 4. mgr. 39. gr. UCITS.
7. mgr. er innleiðing á 2. og 3. undirgrein 5. mgr. 39. gr. UCITS.

Um 80. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 40. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 6. gr. gildandi reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningar- aðferð. Þá er kveðið á um gerð sameiginlegrar samrunaáætlunar í 1. mgr. 56. gr. a í gildandi lögum um verðbréfasjóði.

Um 81. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 41. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 7. gr. gildandi reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningar- aðferð.

Um 82. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 42. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 8. gr. gildandi reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningar- aðferð.

Um 83. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 43. gr. UCITS og er sambærilegt 56. gr. b gildandi laga um verðbréfasjóði. Þá er sambærilegt ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð. 3. mgr. ákvæðisins er þó ekki í gildandi ákvæðum, en um er að ræða innleiðingu á UCITS.

Í 1. undirgrein 6. mgr. 43. gr. UCITS, sbr. lið 16) b) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla hvað varðar nánari reglur framkvæmdastjórnar ESB um innihald, uppsetningu og aðferð við veitingu upplýsinga til hlutdeildarskírteinishafa sem verði svo samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 6. mgr. 43. gr., sem og 5. mgr. 43. gr. UCITS, sbr. lið 16) a) í 11. gr. Omnibus I. Sett hefur verið reglugerð nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð, sem innleiðir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/44/ESB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Um 84. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 45. gr. UCITS og er sambærilegt 56. gr. c gildandi laga um verðbréfasjóði. Þá er sambærilegt ákvæði í 14. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð. Yfirskrift ákvæðisins er breytt frá því sem er í gildandi lögum til að endurspeglar að ekki er aðeins um innlausnarskyldu að

ræða heldur einnig rétt hlutdeildarskírteinishafa til að óska eftir skiptum á sínum hlutdeildarskírteinum yfir í skírteini annars verðbréfasjóðs með sambærilega fjárfestingarstefnu sem er stjórnað af sama rekstrarfélagi eða tengdu félagi.

Um 85. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 46. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 15. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaráðferð.

Um 86. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 47. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 16. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaráðferð. Birting á vef rekstrarfélags eða sjóðs, eftir því sem við á, telst fullnægjandi opinber birting í skilningi ákvæðisins.

Um 87. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 48. gr. UCITS og kveður á um þær afleiðingar sem samruni verðbréfasjóða hefur í för með sér. Ekki er sambærilegt ákvæði í gildandi lögum um verðbréfasjóði eða reglum settum með stoð í þeim, en lagt er til að ákvæðið verði tekið upp til að gæta samræmis við UCITS-tilskipunina.

Um 88. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á heimildarákvæði í 6. mgr. 39. gr. UCITS og kveður á um skyldu rekstrarfélags eða yfirtökusjóðs, ef svo ber undir, til að gera ráðstafanir til að laga fjárfestingar hins sameinaða sjóðs að þeim takmörkum sem gilda skv. 67., 68., 70. og 71. gr. á þeim fjárfestingum sem þar falla undir. Gert er ráð fyrir að sama svigrúm sé veitt hér og á við þegar um nýstofnaða verðbréfasjóði er að ræða, sbr. 2. mgr. 76. gr. Ekki er sambærilegt ákvæði í gildandi lögum um verðbréfasjóði eða reglum settum með stoð í þeim, en lagt er til að ákvæðið verði tekið upp til að gæta samræmis við UCITS-tilskipunina.

Um 89. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 58. gr. UCITS og felur í sér afmörkun á hugtökunum fylgisjóður og höfuðsjóður. Sambærileg ákvæði eru í 18. og 19. tölul. 2. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

1. mgr. er innleiðing á 1. mgr. 58. gr. UCITS. Í 56. gr. f gildandi laga um verðbréfasjóði er sambærilegt ákvæði um að fylgisjóði sé heimilt að fjárfesta að minnsta kosti 85% eigna sinna í höfuðsjóði að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

2. mgr. er innleiðing á 2. mgr. 58. gr. UCITS. Í gildandi lögum um verðbréfasjóði hefur heimild þessi verið tekin út en það virðist hafa gerst fyrir mistök. Er hér því lagt til að heimildin verði aftur tekin upp, en þó með breytingum til samræmis við UCITS. Er hér því lagt til að afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða falli einnig undir heimildina og að þeirri heimild sem nú gildir fyrir fylgisjóði til fjárfestinga í innlánnum eða auðseljanlegum eignum verði breytt þannig að hún verði bundin við 15% af eignum sjóðsins í stað þess að vera án takmarka.

3. mgr. er innleiðing á 3. mgr. 58. gr. UCITS.

4. og 5. mgr. eru innleiðing á 4. mgr. 58. gr. UCITS.

Sett hefur verið reglugerð nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaráðferð, sem innleiðir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/44/ESB

að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Um 90. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 59. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 56. gr. e. gildandi laga um verðbréfasjóði.

1. másl. 1. mgr. er innleiðing á 1. mgr. 59. gr. UCITS. 2. másl. er innleiðing á inngangstexta 1. undirgreinar 3. mgr. 59. gr. UCITS.

2. mgr. er innleiðing á 1. undirgrein 3. mgr. 59. gr. UCITS.

3. mgr. er innleiðing 2. mgr. 59. gr. UCITS.

4. mgr. er innleiðing 2. undirgreinar 3. mgr. 59. gr. UCITS.

Um 91. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 1.–3. mgr. 60. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 25. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð. Með hugtakinu „högnun“ er í ákvæðinu vísað til kaupa og sölu á sömu eign á mismunandi mörkuðum í því skyni að hagnast á verðmuni, eða svokölluð verðmunarviðskipti.

Í 1. undirgrein 7. mgr. 60. gr. UCITS, sbr. lið 20) b) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla hvað varðar nánari reglur framkvæmdastjórnar ESB um innihald samkomulags og innri viðskiptareglna og þær ráðstafanir sem eru viðeigandi til að samræma tímasetningu útreikninga og birtingu upplýsinga þar um, sem verði svo samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 7. mgr. 60. gr., sem og 6. mgr. 60. gr. UCITS, sbr. lið 20) a) í 11. gr. Omnibus I. Sett hefur verið reglugerð nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð, sem innleiðir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/44/ESB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Um 92. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 4.–5. mgr. 60. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 38. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Í 1. undirgrein 7. mgr. 60. gr. UCITS, sbr. lið 20) b) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla hvað varðar nánari reglur framkvæmdastjórnar ESB um nauðsynlegt samþykki í þeim tilvikum að til félagsslita, samruna eða skiptingar höfuðsjóðs kemur sem verði svo samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 7. mgr. 60. gr., sem og 6. mgr. 60. gr. UCITS, sbr. lið (20)a) í 11. gr. Omnibus I. Sett hefur verið reglugerð nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð, sem innleiðir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/44/ESB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Um 93. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 61. gr. UCITS. Sambærileg ákvæði eru í 43. og 45. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Í 1. undirgrein 4. mgr. 61. gr. UCITS, sbr. lið 21) b) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla hvað varðar nánari reglur

framkvæmdastjórnar ESB um efnisatriði samkomulags um upplýsingaskipti vörsluaðila og ráðstafanir og tegundir frávik frá rétttri framkvæmd sem verði svo samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 4. mgr. 61. gr., sem og 3. mgr. 61. gr. UCITS, sbr. lið 21)a) í 11. gr. Omnibus I. Sett hefur verið reglugerð nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð, sem innleiðir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/44/ESB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Um 94. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 62. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 46. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð. Lagðar eru til smávægilegar tilfæringar á milli 1. og 2. mgr. frá því sem er í gildandi ákvæði til samræmis við UCITS.

Framkvæmdastjórn ESB hefur skv. 4. mgr. 62. gr. UCITS, sbr. lið 22) í 11. gr. Omnibus I, heimild til þess að setja framseldar gerðir sem lúta nánar að efnisatriðum samkomulags um upplýsingaskipti endurskoðenda. Sett hefur verið reglugerð nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð, sem innleiðir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/44/ESB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Um 95. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 63. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 20. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð. Lagt er til að g-liður 1. mgr. og 4. mgr. ákvæðisins bætist við það sem er í gildandi ákvæði til samræmis við UCITS.

Um 96. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 64. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 21. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Í 1. undirgrein 5. mgr. 64. gr. UCITS, sbr. lið 23) b) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla hvað varðar nánari reglur framkvæmdastjórnar ESB um uppsetningu og aðferð vegna upplýsingagjafar til hlutdeildarskírteinishafa fylgisjóðs og aðferð við mat og endurskoðun framlags í þeim tilvikum sem fylgisjóður færir allar eða hluta eigna sinna til höfuðsjóðs í skiptum fyrir hluti, sem og hlutverk vörsluaðila fylgisjóðs við slíka tilfærslu, sem verði svo samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 5. mgr. 64. gr., sem og 4. mgr. 64. gr. UCITS, sbr. lið 23) a) í 11. gr. Omnibus I. Sett hefur verið reglugerð nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð, sem innleiðir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/44/ESB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Um 97. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 65. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 22. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

## Um 98. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 66. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 23. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaráðferð.

## Um 99. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 67. gr. UCITS. Sambærilegt ákvæði er í 24. gr. reglugerðar nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaráðferð.

## Um XII. KAFLA

Efni kafla þessa felur í sér innleiðingu á UCITS-tilskipuninni og hafa umrædd ákvæði tilskipunarinnar að mestu verið innleidd í gildandi lög um verðbréfasjóði og reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum. Efnislega er þessi kafli því að miklu leyti samhljóða ákvæðum sem um þetta efni gilda en lagðar eru til ákveðnar breytingar og viðbætur til að gæta samræmis við UCITS. Í grunninn fjalla reglurnar um heimild rekstrarfélaga verðbréfasjóða til að veita þjónustu yfir landamæri innan EES hvort sem er með eða án stofnunar útibús og um heimildir til markaðssetningar verðbréfasjóða yfir landamæri innan EES.

Í UCITS er kveðið á um að rekstrarfélag með starfsleyfi veitt í ríki innan EES sé heimilt að veita þá þjónustu sem starfsleyfi þess nær til í öðrum EES-ríkjum hvort sem er með eða án stofnunar útibús, sbr. 16. gr. UCITS. Aðildarríkjum EES er ekki heimilt í slíkum tilvikum að skilyrða rekstrarfélög þessi til að leggja fram tiltekið stofnframlag eða setja önnur sambærileg skilyrði. Óski rekstrarfélag með viðeigandi starfsleyfi, sem stofnar ekki útibú, eftir því að markaðssetja aðeins hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði sem það stýrir í EES-ríki öðru en heimaríki, án þess að veita aðra þjónustu, er slík markaðssetning aðeins háð þeim kröfum sem kveðið er á um í XI. kafla tilskipunarinnar, sbr. 100.–104. gr. frumvarps þessa.

Þá er verðbréfasjóðum heimilt að tilnefna sem rekstrarfélag aðila sem hefur starfsleyfi í EES-ríki sem er annað en heimaríki sjóðsins sjálfs að því gefnu að skilyrði tilskipunarinnar í 17. eða 18. gr. og 19. og 20. gr. séu uppfyllt, sbr. 105.–107. gr. frumvarps þessa. Það rekstrarfélag sem sinnir sjóðastýringu yfir landamæri með eða án stofnunar útibús fellur skv. 1. mgr. 19. gr. UCITS undir þær reglur sem gilda í heimaríki rekstrarfélagsins að því er varðar skipulag rekstrarfélagsins, þar á meðal hvað varðar fyrirkomulag útvistunar, áhættustýringu, hátternisreglur og eftirlit og upplýsingaskyldu til yfirvalda. Ekki er heimilt að gera strangari kröfur í þessu tilliti til þeirra rekstrarfélaga sem veita þjónustu yfir landamæri en til þeirra sem veita þjónustu einungis á heimamarkaði. Frumvarpið endurspeglar þessi sjónarmið.

## Um 100. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 4. mgr. 91. gr. og 1.–5. mgr. og 7.–8. mgr. 93. gr. UCITS, sbr. 6. mgr. 93. gr. Sambærilegt ákvæði er í 48. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

1. mgr. er innleiðing á 4. mgr. 91. gr. og 1. mgr. 93. gr. UCITS.

2.–10. mgr. eru innleiðing á 2.–5. mgr. og 7.–8. mgr. 93. gr. UCITS.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 95. gr. UCITS, sbr. lið 30) í 11. gr. Omnibus I, hefur framkvæmdastjórn ESB heimild til setningar framseldra gerða sem lúta nánar að aðgengi lögbærra yfirvalda í gistiríki til upplýsinga og gagna samkvæmt ákvæðinu. Í 1. undirgrein 2. mgr. 95. gr. UCITS, sbr. lið 30) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla hvað varðar nánari reglur framkvæmdastjórnar ESB um upp-

setningu og innihald staðlaðrar tilkynningar til notkunar fyrir verðbréfasjóði vegna tilkynningar samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal hvaða skjöl þurfi að þýða yfir á önnur tungumál, uppsetningu og innihald staðfestingar sem nota skal af lögbærum yfirvöldum, verklag við upplýsingaskipti og notkun rafrænna samskipta á milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynningar samkvæmt ákvæði þessu sem verði svo samþykkt af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. undirgrein 2. mgr. 95. gr., sbr. lið 30) í 11. gr. Omnibus I. Sett hefur verið reglugerð nr. 984/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 584/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda. Þá hefur verið sett reglugerð nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð, sem innleiðir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/42/ESB um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

#### Um 101. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 92. gr. UCITS og kveður á um upplýsingagjöf til fjárfesta í gistiríki, sem og skyldu rekstrarfélags til að tryggja aðstöðu til innlausna og þess háttar í því ríki. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum um verðbréfasjóði.

#### Um 102. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 94. gr. UCITS og kveður á um hvernig skuli staðið að upplýsingagjöf til fjárfesta þegar íslenskur verðbréfasjóður er markaðssettur í öðru ríki innan EES. Skv. 1. undirgrein 1. mgr. 94. gr. UCITS skal veita þær upplýsingar sem kveðið er á um í IX. kafla tilskipunarinnar sem fjallar um upplýsingagjöf til fjárfesta í heimaríki verðbréfasjóðs. IX. kafli tilskipunarinnar er innleiddur í VII. kafla frumvarpsins um gagnsæiskröfur. Lög og reglur í gistiríki gilda svo um hvernig upplýsingarnar skuli veittar.

Lögbær yfirvöld í gistiríki hafa skv. lið 64 í aðfaraorðum UCITS heimild til að sannreyna að upplýsingar og gögn sem notuð eru við markaðssetningu íslensk verðbréfasjóðs í viðkomandi landi, að undanskildum lykilupplýsingum, séu í samræmi við landslög áður en sjóðurinn notast við þau þar í landi. Slík skoðun getur þó ekki haft áhrif á aðgang sjóðsins að markaðnum þar í landi.

Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum, en lagt er til að það verði lögfest nú til að gæta samræmis við UCITS.

#### Um 103. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 91. og 96. gr. UCITS og kveður á um að verðbréfasjóðum með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES en Íslandi sé heimilt að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín hér á landi að undangenginni tilkynningu þar um til Fjármálaeftirlitsins. Í 24. lið aðfaraorða UCITS segir að hafi verðbréfasjóður fengið staðfestingu í einu landi innan EES sé sjóðnum heimilt að velja það aðildarríki þar sem hlutdeildarskírteinin skuli markaðssett í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Þá segir í 62. lið aðfaraorða UCITS að gistiríki verðbréfasjóðs geti ekki, að undangenginni tilkynningu lögbærs yfirvalds í heimaríki verðbréfasjóðs, mótmælt aðgangi verðbréfasjóðs að markaðnum eða efast um starfsleyfi sem sjóðurinn hefur frá öðru aðildarríki. Sambærilegt ákvæði er í 44. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.



Í 2. mgr. kemur fram að sama gildi um svissneska og færeyska verðbréfasjóði enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan EES og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Seðlabanka Íslands og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda með vísan til svokallaðra Hoyvikur- og Vaduz-samninga.

3. mgr. er innleiðing á 3. mgr. 91. gr. UCITS.

4. mgr. er innleiðing á 96. gr. UCITS þar sem kveðið er á um að í starfsemi sinni megi verðbréfasjóður nýta sömu tilvísun til rekstrarforms í starfseminni hér á landi og sjóðurinn vísar til rekstrarforms síns í heimaríki sínu. Þannig mætti til að mynda íslenskur verðbréfasjóður vísa til sín sem hlutdeildarsjóðs við markaðssetningu erlendis. Sambærilegt ákvæði er í 22. gr. reglugerðar nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 95. gr. UCITS, sbr. lið 30) í 11. gr. Omnibus I, hefur framkvæmdastjórn ESB heimild til setningar framseldra gerða sem lúta nánar að umfangi upplýsinga sem Fjármálaeftirlitinu ber að birta rafrænt um lög og reglur sem gilda hér á landi um markaðssetningu verðbréfasjóða með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES og sem falla ekki undir UCITS-tilskipunina. Sett hefur verið reglugerð nr. 472/2014, um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð, sem innleiðir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/42/ESB um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

#### Um 104. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 94. gr. UCITS og kveður á um hvernig skuli staðið að upplýsingagjöf til fjárfesta þegar erlendur verðbréfasjóður er markaðssettur hér á landi. Íslensk lög gilda um hvernig upplýsingarnar skuli veittar. Skv. 1. undirgrein 1. mgr. 94. gr. UCITS skal veita upplýsingarnar sem kveðið er á um í IX. kafla tilskipunarinnar sem fjallar um upplýsingagjöf til fjárfesta í heimaríki verðbréfasjóðs. IX. kafli tilskipunarinnar er innleiddur í VII. kafla frumvarpsins um gagnsæiskröfur. Skv. lið 64 í aðfaraorðum UCITS skal Fjármálaeftirlitinu vera kleift að sannreyna að upplýsingar og gögn notuð við markaðssetningu hér á landi, aðrar en lykilupplýsingar, útboðslýsing og ársreikningur og hálfársuppgjör, séu í samræmi við lög og reglur hér á landi áður en verðbréfasjóður nýtir þau í þeim tilgangi. Slík skoðun Fjármálaeftirlitsins hefur þó ekki áhrif á aðgang verðbréfasjóðsins að markaðnum hér á landi.

Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum en lagt er til að það verði lögfest nú til að gæta samræmis við UCITS.

#### Um 105. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á hluta 17. gr., hluta 18. gr. og 2. mgr. 20. gr. UCITS, sbr. 1. mgr. 19. gr. UCITS. Á grundvelli meginreglunnar um eftirlit heimaríkis mega rekstrarfélög með starfsleyfi í heimaríki í öðru ríki innan EES veita þjónustu sem þau hafa starfsleyfi til á öllu EES með stofnun útibús eða samkvæmt meginreglunni um frjálsa för þjónustu, sbr. 11. lið aðfaraorða UCITS. Í ákvæði þessu felst heimild rekstrarfélags með staðfestu á Íslandi til að veita þjónustu yfir landamæri í samræmi við starfsheimildir sínar, með eða án stofnunar útibús. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum um verðbréfasjóði en lögfesting þess er lögð til til að gæta samræmis við UCITS.

1. mgr. er innleiðing á 1. mgr. 18. gr. UCITS og kveður á um að rekstrarfélag með heimaríki hér og starfsleyfi á grundvelli frumvarpsins sem hyggst reka verðbréfasjóði í öðru

ríki innan EES og/eða veita viðbótarþjónustu, sbr. 3. mgr. 5. gr., án stofnunar útibús, skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu þar um og veita þær tiltekna upplýsingar.

2. mgr. er innleiðing á 1. og 2. mgr. 17. gr. UCITS og kveður á um að rekstrarfélag með heimaríki hér og starfsleyfi á grundvelli frumvarpsins sem hyggst reka verðbréfasjóði í öðru ríki innan EES og/eða veita viðbótarþjónustu, sbr. 3. mgr. 5. gr., með stofnun útibús, skuli veita Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar sem taldar eru upp.

3. mgr. er innleiðing á 3. mgr. 17. gr. og 1. og 3. undirgrein 2. mgr. 18. gr. UCITS. Þar er Fjármálaeftirlitinu afmarkaður ákveðinn tími til afgreiðslu tilkynningar rekstrarfélags en hann reiknast frá því tímamarki þegar fullnægjandi tilkynning í samræmi við frumvarp þetta hefur borist Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitinu er falið mat á því hvort rekstrarfélag og rekstur verðbréfasjóðs uppfylli skilyrði gildandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Sé svo skal Fjármálaeftirlitið framsenda tilkynningu rekstrarfélags til lögbærra yfirvalda í því ríki eða ríkjum innan EES þar sem veiting þjónustu, þ.e. rekstur sjóða eða önnur þjónusta, er fyrirhuguð. Einnig skal Fjármálaeftirlitið útbúa staðfestingu um að rekstrarfélag hafi viðkomandi starfsheimildir sem send skal viðkomandi lögbæru yfirvaldi. Lokamálsliður ákvæðisins er innleiðing á 2. undirgrein 3. mgr. 17. gr. UCITS og kveður á um skyldu Fjármálaeftirlits til rökstuðnings þeirri ákvörðun eftirlitsins að synja áframsendingu tilkynningar rekstrarfélags til lögbærs yfirvalds í ríki því þar sem rekstrarfélag hefur hug á að stofna útibú. Skal rökstuðningurinn veittur innan tveggja mánaða frá því að allar upplýsingar hafa borist Fjármálaeftirlitinu.

4. mgr. er innleiðing á lokamálsli.

1. undirgreinar 3. mgr. 17. gr. og 2. undirgrein 2. mgr. 18. gr. UCITS þar sem kveðið er á um að upplýsa skuli lögbær yfirvöld í gistiríki um tryggingakerfi til verndar fjárfestum. Hér á landi er slíkt tryggingakerfi í lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999.

5. mgr. er innleiðing á 7. mgr. 17. gr. og 4. undirgrein 2. mgr. 18. gr. UCITS. Rekstrarfélagi með starfsleyfi hér á landi er heimilt að hefja rekstur eða veita þjónustu í gistiríki þegar Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt rekstrarfélagi um að tilkynning þess hafi verið framsend til lögbærs yfirvalds í gistiríki rekstrarfélags. Tímamarkið miðast við þegar slík tilkynning Fjármálaeftirlitsins berst rekstrarfélagi. Í þeim tilvikum sem rekstrarfélag hyggst stofna útibú er heimilt að veita þjónustu frá og með tilkynningu þess efnis frá lögbæru yfirvaldi í gistiríki, en þó í síðasta lagi tveimur mánuðum frá sendingu Fjármálaeftirlitsins á tilkynningu skv. 3. mgr. ákvæðisins um að rekstrarfélag fyrirhugi að reka verðbréfasjóð eða veita þjónustu skv. 3. mgr. 5. gr. í öðru ríki innan EES með stofnun útibús, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Í 6. mgr. er kveðið á um að tilkynningar samkvæmt ákvæðinu skuli vera á ensku nema Fjármálaeftirlitið og lögbært yfirvald í gistiríki samþykki annað. Rétt þygi að gera kröfu þessa til samræmis við það sem gildir þegar sjóðir eru markaðssettir yfir landamæri, sbr. 100. og 103. gr. frumvarpsins, og til hagræðis fyrir Fjármálaeftirlitið þar sem áframsenda þarf svo tilkynninguna til lögbærs yfirvalds í viðkomandi ríki innan EES.

7. mgr. er innleiðing á 8. mgr. 17. gr. og hluta 4. mgr. 18. gr. UCITS og kveður á um tilkynningarskyldu rekstrarfélaga til Fjármálaeftirlitsins vegna breytinga sem verða á þeim atriðum sem þau hafa áður tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Tilkynna skal um breytingarnar hið minnsta 30 dögum áður en þær koma til framkvæmda í því skyni að Fjármálaeftirlitið geti metið breytingarnar með hliðsjón af 3. mgr. ákvæðisins og lögbær yfirvöld í gistiríki með hliðsjón af þeirri skyldu þeirra til að hafa eftirlit með rekstrarfélaginu í gistiríkinu sem er á þeirra ábyrgð.

8. mgr. er innleiðing á 9. mgr. 17. gr. og hluta 4. mgr. 18. gr. UCITS.

9. mgr. er innleiðing á 2. mgr. 20. gr. UCITS.

Samkvæmt 1. og 3. undirgrein 10. mgr. 17. gr. UCITS, sbr. lið 8) í 11. gr. Omnibus I, og 1. og 3. undirgrein 5. mgr. 18. gr. UCITS, sbr. lið 9) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega eftirlitsstaðla og framkvæmdarstaðla hvað varðar nánari reglur framkvæmdastjórnar ESB um þær upplýsingar sem skal tilkynna samkvæmt ákvæði þessu og um staðlað sniðmát og verklag við sendingu upplýsinganna sem verði svo samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. og 4. undirgrein 10. mgr. 17. gr., sbr. lið 8) í 11. gr. Omnibus I, og 2. og 4. undirgrein 5. mgr. 18. gr., sbr. lið 9) í 11. gr. Omnibus I. Gert er ráð fyrir að gerðin verði innleidd í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 134. gr.

Um 106. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á hluta 17. og 18. gr. UCITS, sbr. 1. mgr. 19. gr. UCITS, og varðar starfsemi rekstrarfélags á Íslandi sem er með staðfestu í öðru ríki innan EES með eða án stofnunar útibús. Sambærilegt ákvæði er í reglugerð um heimildir rekstrarfélaga verðbréfasjóða með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins til að stunda starfsemi hér á landi, nr. 925/2009.

3. mgr. er innleiðing á 4. og 5. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 18. gr. UCITS. Í 2. málslíð ákvæðisins er kveðið á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með því að útibú sem erlent rekstrarfélag stofnar til hér á landi starfi í samræmi við skipulagskröfur sem gerðar eru til rekstrarfélaga í frumvarpi þessu. Í þeim tilvikum sem erlent rekstrarfélag er með starfsemi hér á landi án stofnunar útibús þá ber Fjármálaeftirlitið ekki ábyrgð á eftirliti þess.

4. mgr. er innleiðing á 6. mgr. 17. gr. UCITS.

Um 107. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á hluta 19. og 20. gr. UCITS.

1. mgr. er innleiðing á 1. mgr. 20. gr. UCITS, sbr. lið 3) í UCITS V.

2. og 3. mgr. eru innleiðing á 3. mgr. 20. gr. UCITS.

4. mgr. er innleiðing á 3. mgr., sbr. 6. mgr. 19. gr. UCITS.

5. mgr. er innleiðing á 4. mgr., sbr. 6. mgr. 19. gr. UCITS. Rekstrarfélag ber ábyrgð á að útboðslýsing og reglur verðbréfasjóðsins sem rekinn er hér á landi uppfylli skilyrði frumvarps þessa.

6. mgr. er innleiðing á 4. mgr. 20. gr. UCITS.

Í 5. mgr. 20. gr. UCITS, sbr. lið 10) í 11. gr. Omnibus I, er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa annars vegar tæknilega eftirlitsstaðla hvað varðar þær upplýsingar sem veita skal lögbærum yfirvöldum við umsókn til að reka verðbréfasjóði með staðfestu í öðru ríki innan EES og hins vegar tæknilega framkvæmdarstaðla um eyðublöð, form og málsmeðferðir fyrir afhendingu upplýsinganna sem verði samþykktir af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. og 4. undirgrein 5. mgr. 20. gr. Gert er ráð fyrir að gerðin verði innleidd í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 134. gr.

Um 108. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 2. mgr. 10. gr., 2., 5. og 7. mgr. 19. gr., 97. gr., a–c-lið 1. mgr. 98. gr. og hluta 108. gr. UCITS. Kveðið er á um eftirlit í 63. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Ákvæðið endurspeglar þá almennu meginreglu UCITS að lögbært yfirvald heimaríkis fari með eftirlit vegna starfsemi verðbréfasjóðs og rekstrarfélags. Í 3. mgr. 108. gr.

UCITS er kveðið á um að lögbært yfirvald í heimaríki rekstrarfélags eða heimaríki verðbréfasjóðs megi gripa til ráðstafana gagnvart rekstrarfélagi ef það brýtur gegn reglum sem heyra undir eftirlit viðkomandi yfirvalds.

Fjármálaeftirlitið annast eftirlit samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, þar sem við á. Ef rekstrarfélag hefur fengið starfsleyfi hér á landi ber Fjármálaeftirlitið meginábyrgð á eftirliti með starfsemi þess, bæði hér á landi og með þeim sjóðum sem eru reknir og markaðssettir á vegum rekstrarfélagsins í öðrum ríkjum innan EES. Eftirlit Fjármálaeftirlitsins með starfsemi verðbréfasjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða nær til allra atriða frumvarpsins þar sem sjóði eða rekstrarfélagi er falin ábyrgð, meðal annars hvað varðar starfsemi vörsluaðila, útvistunaraðila og annarra þriðju aðila, eftir því sem við á.

1.–5. tölul. 1. mgr. innleiða 2., 5. og 7. mgr. 19. gr., 1. mgr. 97. gr., sbr. lið 31) í 11. gr. Omnibus I, 2.–3. mgr. 97. gr. og 1. mgr. 108. gr. UCITS. Skv. 1. tölul. falla verðbréfasjóðir sem eru með staðfestingu og staðfestu hér á landi undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins, en séu þeir sjóðir markaðssettir í öðrum ríkjum innan EES fer lögbært yfirvald í gistiríki sjóðsins með eftirlit með ákvæðum laga og reglna sem falla utan tilskipunarinnar, sem og ákvæðum 104. gr. frumvarps þessa, sbr. 5. mgr. 19. gr., 3. mgr. 97. gr. UCITS og 1. mgr. 108. gr. UCITS.

Í 2. tölul. er vísað til eftirlits Fjármálaeftirlitsins með verðbréfasjóðum sem markaðssettir eru á Íslandi en eru með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES og Fjármálaeftirlitið því eftirlitsaðili í gistiríki í þeim tilvikum.

Rekstrarfélög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi og eru með staðfestu hér, sbr. 3. tölul., eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 7. mgr. 19. gr. UCITS. Það gildir einnig í þeim tilvikum sem þau sinna markaðssetningu yfir landamæri í öðru ríki innan EES en Íslandi, sbr. 2. mgr. 19. gr. UCITS.

Markaðssetji rekstrarfélag með starfsleyfi í öðru ríki innan EES verðbréfasjóð hér á landi, sbr. 4. tölul., heyra aðgerðir hans til markaðssetningar hér á landi undir íslensk lög og eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Þótt UCITS geri almennt ráð fyrir því að lögbært yfirvald heimaríkis rekstrarfélags beri ábyrgð á eftirlitinu hafa lögbær yfirvöld gistiríkja rekstrarfélaga eftirlitshlutverk hvað varðar ákveðna skilgreinda þætti. Skal Fjármálaeftirlitið til að mynda hafa eftirlit með því að rekstrarfélag verðbréfasjóðs sem rekur og/eða markaðssettur sjóð hér á landi með stofnun útibús fari eftir almennum skipulagskröfum samkvæmt frumvarpinu, sbr. 5. tölul.

Í 2. mgr. er vísað til eftirlitshlutverks Eftirlitsstofnunar EFTA. Meginreglan er sú að Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með starfsemi rekstrarfélaga með staðfestu hér á landi en í þröngum undantekningartilvikum fer Eftirlitsstofnun EFTA með eftirlit á grundvelli hins evrópska eftirlitskerfis á fjármálamarkaði. Hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA er þannig í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Einnig ber að líta til samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls en um hlutverk og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði fjármálaeftirlits er fjallað í 25. gr. a samningsins og bókun 8 við hann.

Í 3. mgr. er vísað til þess að eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins koma fram í ákvæðum frumvarps þessa en þar að auki gilda um heimildir Fjármálaeftirlitsins hvað varðar eftirlitsskylda aðila lög um opinbert eftirlit og lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Þannig eru t.d. ákveðnar heimildir Fjármálaeftirlitsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 98. gr. UCITS að finna í lögum um opinbert eftirlit.

4. mgr. innleiðir b- og c-lið 1. mgr., sbr. m-lið 2. mgr. 98. gr. UCITS. Lagt er til með frumvarpinu að Fjármálaeftirlitið, til viðbótar við að fara sjálft með eftirlitsheimildir, eigi

möguleika á samstarfi við önnur íslensk stjórnvöld og að fela sérfróðum aðilum að sinna tilteknum verkefnum. Ákvæðið veitir Fjármálaeftirlitinu t.d. heimild til þess að fá utanaðkomandi sérfræðinga til þess að leysa ákveðin afmörkuð verkefni, svo sem innlenda eða erlenda lögmenn eða endurskoðendur. Feli Fjármálaeftirlitið öðrum aðilum að sinna verkefnum á þann hátt ber það eftir sem áður ábyrgð á vinnslu verkefnanna.

#### Um 109. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 4. og 6. mgr. 21. gr. og hluta 98. gr. UCITS, en þar er fjallað um þær heimildir sem lögbær yfirvöld skulu hafa vegna hlutverks síns samkvæmt tilskipuninni. Valdheimildir þessar eru til viðbótar eða nánari útfærslu á þeim heimildum sem Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, sbr. einkum 9.–11. gr. laganna, en innleiðingu á m-lið 2. mgr. 98. gr. UCITS er t.d. að finna í 2. mgr. 9. gr. þeirra laga.

1. og 2. mgr. innleiða a–c-lið og g–h-lið 2. mgr. 98. gr. UCITS. Fjármálaeftirlitið hefur viðtækan rétt til upplýsinga og aðgangs að gögnum til að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt lögum þessum, bæði hjá rekstrarfélagi verðbréfasjóðs og þriðja aðila, hafi þeir undir höndum gögn sem varða starfsemi rekstrarfélagsins. Ákvæði 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, gildir til fyllingar ákvæði þessu en með því er Fjármálaeftirlitinu heimilt að kalla eftir hvaða upplýsingum og gögnum sem er frá einstaklingum og lögaðilum. Kveðið er á um aðgang Fjármálaeftirlitsins að gögnum í 2. másl. 1. mgr. 63. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

3.–4. mgr. innleiða d- og f-lið 2. mgr. 98. gr. UCITS, sbr. lið 15) í 1. gr. UCITS V, og d-lið 1. mgr. 98. gr. UCITS og varða heimildir Fjármálaeftirlitsins til að afla gagna um símtöl og fjarskipti og til að krefjast kyrrsetningar á eignum aðila sem liggur undir rökstuddum grun um að háttsemi hans fari gegn ákvæðum frumvarpsins.

5. mgr. innleiðir e-lið 2. mgr. 98. gr. UCITS, sjá einnig b-lið 6. mgr. 99. gr. UCITS, sbr. lið 16) í 1. gr. UCITS V. Fram kemur að Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að látið sé af háttsemi sem er andstæð ákvæðum frumvarpsins. Fjármálaeftirlitið getur því krafist þess til að mynda að aðili sem markaðssetur sjóð undir heitinu verðbréfasjóður án tilskilinna leyfa eða án staðfestingar á að um verðbréfasjóð sé að ræða láti af slíku athæfi. Skv. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið í þeim tilvikum krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort um slíkar aðstæður sé að ræða. Ákvæðinu er ekki einvörðungu ætlað að ná til rekstrarfélaga heldur einnig annarra aðila sem eru ábyrgir fyrir því að fylgja ákvæðum laga og tengdra stjórnvaldsfyrirmæla.

6. mgr. er innleiðing á g-lið 2. mgr. 98. gr. UCITS, en samkvæmt ákvæðinu hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að krefjast tímabundins banns við því að tiltekin starfsemi sé stunduð. Sambærilegt ákvæði er í 3. mgr. 63. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

7. mgr. er innleiðing á j-lið 2. mgr. 98. gr. UCITS, en samkvæmt ákvæðinu hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að fresta útgáfu, endursölu eða innlausn hlutdeildarskírteina.

8. mgr. er innleiðing á annars vegar 2. og 3. másl. 4. mgr. 21. gr. UCITS um tilkynningar til lögbærs yfirvalds í gistiríki rekstrarfélags um þær ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitið sem lögbært yfirvald í heimaríki rekstrarfélags hefur gripið til, og hins vegar 1. másl. 8. mgr. 21. gr. UCITS um samráð við lögbært yfirvald í heimaríki verðbréfasjóðs áður en Fjármálaeftirlitið, sem lögbært yfirvald í heimaríki rekstrarfélags, afturkallar starfsleyfi rekstrarfélagsins.

9. mgr. innleiðir 2. mgr. 108. gr. UCITS og kveður á um upplýsingaskyldu Fjármálaeftirlitsins sem lögbærs yfirvalds í heimaríki verðbréfasjóðs til lögbærra yfirvalda í gistiríki verðbréfasjóðsins og lögbærra yfirvalda í heimaríki rekstrarfélags verðbréfasjóðs í þeim tilvikum sem það er með staðfestu í öðru ríki innan EES.

10. mgr. innleiðir hluta 4. og 6. mgr. 21. gr. UCITS hvað varðar heimildir Fjármálaeftirlitsins til að bregðast við ábendingu frá lögbæru yfirvaldi í gistiríki rekstrarfélags sem hefur staðfestu og starfsleyfi hér á landi.

11. mgr. innleiðir 2. og 3. másl. 8. mgr. 21. gr. UCITS og kveður á um ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitinu ber að grípa til berist því upplýsingar frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki rekstrarfélags sem markaðssetur verðbréfasjóð hér á landi um að til standi að afturkalla starfsleyfi rekstrarfélagsins þar í landi. Ráðstafanir Fjármálaeftirlitsins skulu miða að því að vernda hagsmuni fjárfesta í viðkomandi verðbréfasjóði og heilbrigða starfsemi fjármálamarkaða hér á landi. Meðal þeirra ráðstafana sem Fjármálaeftirlitið getur gripið til er að stöðva tímabundið markaðssetningu viðkomandi rekstrarfélags hér á landi.

#### Um 110. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 21. gr. UCITS.

1.–3. mgr. eru innleiðing á 1.–3. mgr. 21. gr. UCITS.

4. mgr. er innleiðing á hluta 4. mgr. 21. gr. UCITS hvað varðar rekstrarfélag í öðru ríki innan EES sem starfar hér á landi sem neitar að afhenda upplýsingar að beiðni Fjármálaeftirlitsins eða fara að útbótakröfu. Á lögbæru yfirvaldi heimaríkis rekstrarfélags hvílir skylda til að bregðast við og upplýsa Fjármálaeftirlitið um þær ráðstafanir sem gripið var til.

5. mgr. er innleiðing á 5.–7. mgr. 21. gr. UCITS, sbr. lið 11) a) í 11. gr. Omnibus I, með hliðsjón af aðlögun í 5. tölul. 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2018 við upptöku Omnibus I í EES-samninginn, og 2. mgr. 109. gr. UCITS.

6. mgr. er innleiðing á 1. undirgrein 7. mgr. 21. gr. UCITS, sbr. lið 11) b) í 11. gr. Omnibus I. Kveðið er á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að grípa til nauðsynlegra varúðarráðstafana gagnvart rekstrarfélagi til verndar hagsmunum fjárfesta. Hér undir gæti t.d. fallið að banna markaðssetningu á erlendum sjóði hér á landi. Fjármálaeftirlitið getur síðar endurnýjað heimildina til markaðssetningar geti sjóðurinn sýnt fram á að hann uppfylli skilyrði laga um starfsemi verðbréfasjóða. Kveðið er á um sambærilegar heimildir í 46. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

#### Um 111. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 4. og 5. mgr. 108. gr. UCITS, sbr. lið 36) í 11. gr. Omnibus I, með hliðsjón af aðlögun í 5. tölul. 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2018 við upptöku Omnibus I í EES-samninginn, og kveður á um valdheimildir Fjármálaeftirlitsins vegna verðbréfasjóða sem eru með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan EES en Íslandi, en hlutdeildarskírteini sjóðsins eru markaðssett hér á landi. Sambærilegt ákvæði er í 46. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og 23. gr. reglugerðar nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf.

#### Um 112. gr.

Ákvæðið innleiðir hluta 2. mgr. og 5. mgr. 99. gr. d UCITS, sbr. lið 17) í UCITS V. Með ákvæðinu er lagt til að rekstrarfélögum og vörsluaðilum verðbréfasjóða verði gert skylt að setja upp ferla til þess að taka við og fylgja eftir tilkynningum starfsmanna um brot, möguleg

brot og tilraun til brota á lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um starfsemina. Sambærilegt ákvæði í 60. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hefur gilt um rekstrarfélög verðbréfasjóða og vörsluaðila frá því í maí 2017. Skv. 13. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, skal Fjármálaeftirlitið hafa ferla til að taka við og fylgja eftir slíkum tilkynningum, sbr. kröfur þær sem gerðar eru í 1.–4. mgr. 99. gr. d í UCITS. Slíka ferla hefur Fjármálaeftirlitið sett upp.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tryggt þurfi að vera að staða þess aðila sem tekur við tilkynningunum sé þannig að hann sé nægilega sjálfstæður til að geta sinnt skyldum sínum. Með því er meðal annars átt við að viðkomandi hafi í krafti stöðu sinnar aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og heimildir til að kalla eftir gögnum. Hann skal geta sent tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins eða lögreglu vegna grunsemda um brot án íhlutunar annarra, hvort heldur næstu yfirmanna eða stjórnar fyrirtækisins.

3. mgr. felur í sér innleiðingu á hluta af c-lið 2. mgr. 99. gr. d UCITS, þar sem kveðið er á um vernd á persónuupplýsingum bæði þess einstaklings sem tilkynnir um brot en einnig þess einstaklings sem er ábyrgur fyrir hinum meintu brotum. Er í ákvæðinu vísað til verndar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB sem hefur verið felld úr gildi með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin, GDPR). Sú reglugerð hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

#### Um 113. gr.

Ákvæðið innleiðir hluta 2. mgr. 99. gr. d UCITS, sbr. lið 17) í UCITS V. Sambærilegt ákvæði í 60. gr. b laga um fjármálafyrirtæki hefur gilt um rekstrarfélög verðbréfasjóða og vörsluaðila frá því í maí 2017.

1. mgr. felur í sér innleiðingu á c- og d-lið 2. mgr. 99. gr. d UCITS, þar sem annars vegar er kveðið á um vernd á persónuupplýsingum bæði þess einstaklings sem tilkynnir um brot en einnig þess einstaklings sem er ábyrgur fyrir hinum meintu brotum. Er í ákvæðinu vísað til verndar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB sem var felld úr gildi með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin, GDPR). Sú reglugerð hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Hins vegar er kveðið á um að aðildarríki skuli tryggja þagnarskyldu í öllum tilvikum í tengslum við þann einstakling sem tilkynnir um brot, nema í þeim tilvikum þar sem skylt er að veita upplýsingarnar samkvæmt landslögum vegna frekari rannsókna eða málsmeðferðar fyrir stjórnvöldum eða dómstólum.

2.–4. mgr. eru innleiðing á b-lið 2. mgr. 99. gr. d UCITS, þar sem kveðið er á um vernd þeirra starfsmanna sem tilkynna um brot innan starfseminnar hið minnsta gegn hefnd, mismunun og annarri ósanngjarnri meðferð.

#### Um 114. gr.

Ákvæðið innleiðir i-lið 2. mgr. 98. gr. UCITS. Í ákvæði þessu er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli krefjast úrbóta ef í ljós kemur að ákvæðum frumvarpsins er ekki fylgt. Sambærilegt ákvæði er í 1. mgr. 10. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

## Um 115. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 1. og 3. undirgrein 1. mgr., 5. mgr. og hluta 6. mgr. 99. gr., 99. gr. a og 99. gr. c UCITS, sbr. liði 16) og 17) í 1. gr. UCITS V eins og ákvæðin voru aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 frá 9. febrúar 2018. Sambærilegt ákvæði er í 65. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

1. mgr. er innleiðing á 99. gr. a UCITS, sbr. 1. og 5. mgr. 99. gr. UCITS, en þar er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði gert heimilt að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota gegn ákvæðum frumvarpsins. Lagt er til að eftirlitinu verði heimilt að leggja stjórnvaldssektir á bæði einstaklinga og lögaðila sem brjóta gegn þeim ákvæðum frumvarpsins sem koma fram í viðkomandi tölulíðum.

2. mgr. er innleiðing á e- og f-lið 6. mgr. 99. gr. UCITS og kveður á um fjárhæðamörk sekta fyrir annars vegar einstaklinga og hins vegar lögaðila. Í 4. mgr. 65. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði er sambærilegt ákvæði og einnig í 2. mgr. 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Hámarksfjárhæð stjórnvaldssekta einstaklinga er hækkuð umtalsvert frá því sem er í gildandi lögum, úr 65 millj. kr. í 800 millj. kr., en í f-lið 6. mgr. 99. gr. UCITS er kveðið á um að hámarksfjárhæð stjórnvaldssekta skuli nema hið minnsta 5 millj. evra eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í mynt viðkomandi aðildarríkis miðað við gengið 17. september 2014.

3. og 4. mgr. eru sambærilegar 4. og 5. mgr. 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. 3. mgr. er innleiðing á g-lið 6. mgr. 99. gr. UCITS og á við í þeim tilvikum sem hægt er að ákvarða fjárhagslegan ávinning af broti og þrátt fyrir að fjárhæð samkvæmt ákvæðinu fari fram úr hámarksfjárhæðum skv. 2. mgr. ákvæðisins.

## Um 116. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á k-lið 2. mgr. 98. gr. og c-lið 6. mgr. 99. gr. UCITS, sbr. lið 16) í 1. gr. UCITS V. Einnig er kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins um afturköllun starfsleyfis rekstrarfélags í 14. gr. frumvarpsins, sbr. 5. mgr. 7. gr. UCITS, afturköllun staðfestingar verðbréfasjóðs í 29. gr. og afturköllun heimildar vörsluaðila verðbréfasjóða í 44. gr.

## Um 117. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á d-lið 6. mgr. 99. gr. UCITS, sbr. lið 16) í 1. gr. UCITS V, og kveður á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að tímabundið eða varanlega banna brotlegum einstaklingi að sitja í stjórn rekstrarfélags eða gegna stjórnunarstörfum innan þess. Undir ákvæðið falla stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar rekstrarfélags, sem og aðrir þeir einstaklingar sem eru ábyrgir fyrir brotum gegn ákvæðum laganna. Með stjórnunarstörfum er átt við að viðkomandi sitji í stjórn eða gegni stöðu framkvæmdastjóra eða annarri stöðu sem veitir umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins. Tilgreina verður í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hve lengi bannið gildir.

## Um 118. gr.

Ákvæðið innleiðir 1. mgr. 99. gr. c UCITS, sbr. lið 17) í 1. gr. UCITS V, en þar eru taldar upp þær aðstæður sem horfa skal til við ákvörðun stjórnsluviðurlaga. Ekki er um tæmandi talningu að ræða. Sambærileg ákvæði eru í 5. mgr. 65. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og í 3. mgr. 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vegna ákvarðana stjórnvaldssekta. Við val á tegund og þyngd stjórnsluviðurlaga skal með vísan til almennra reglna sjá til þess að þau verði árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og hafi varnaðaráhrif, til viðbótar við það að



taka skal tillit til allra atvika sem máli skipta. Við upptalninguna í ákvæðinu er bætt við gildandi ákvæði að líta skuli til ráðstafana sem hinn brotlegi hefur gripið til eftir brotið til að koma í veg fyrir endurtekið brot.

Um 119. gr.

Ákvæðið innleiðir 99. gr. b UCITS, sbr. lið 17) í 1. gr. UCITS V, sjá einnig a-lið 6. mgr. 99. gr. UCITS, sbr. lið 16) í 1. gr. UCITS V, og fjallar um opinbera birtingu stjórnsýsluviðurlaga og annarra ráðstafana vegna brota. Birtingu niðurstaðna um beitingu viðurlaga og annarra ráðstafana vegna brota er ætlað að tryggja bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif þeirra og stuðla að bættri framkvæmd á fjármálamarkaði.

1. mgr. innleiðir 1. undirgrein 1. mgr. 99. gr. b UCITS og kveður á um að Fjármálaeftirlitið skuli birta opinberlega upplýsingar um eftirlitsaðgerðir og viðurlög sem eftirlitið beitir. Í 38. lið aðfaraorða UCITS V kemur fram að í því skyni að styrkja varnaðaráhrif viðurlaga á almenning og til að upplýsa almenning um brot sem geta verið skaðleg fyrir fjárfestavernd skuli viðurlög birt nema við tiltekna vel skilgreindar aðstæður. Ákvæðið svarar að nokkru til 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, nema að þar er um heimildarákvæði að ræða en hér skyldu nema við tiltekna aðstæður sem fram koma í 2. mgr. ákvæðisins. Eftirlitið þarf að meta hverju sinni hvort þær aðstæður eru til staðar eða ekki. Bætt gagnsæi hvað varðar störf Fjármálaeftirlitsins við beitingu valdheimilda er talið hafa ýmsar jákvæðar afleiðingar, þar á meðal að veita aðilum á fjármálamarkaði betri innsýn í hvernig eftirlitið túlkar og beitir ákvæðum laga og reglna. Birting á upplýsingum um eftirlitsaðgerðir og viðurlög getur einnig leitt til þess að rekstrarfélögum verði veitt betra aðhald frá öðrum en Fjármálaeftirlitinu en eðlilegt er að hagaðilar eins og hlutdeildarskírteinishafar hafi upplýsingar um stjórnar- og viðskiptahætti rekstrarfélaga sem þeir treysta fyrir fjármunum sínum.

2. og 3. mgr. innleiða 2. undirgrein 1. mgr. 99. gr. b UCITS. Séu þær aðstæður fyrir hendi sem kveðið er á um í ákvæðinu þarf Fjármálaeftirlitið að meta hvaða leið hentar best við þær tiltekna aðstæður, en möguleikarnir eru að fresta birtingu, birta upplýsingarnar án nafngreiningar eða í undantekningartilfellum að sleppa birtingu. Í 38. lið aðfaraorða UCITS V er kveðið á um að í því skyni að tryggja fylgni við meginregluna um meðalhóf skuli viðurlög vera birt án nafngreiningar í þeim tilvikum sem birting mundi valda meira tjóni fyrir hlutaðeigandi aðila en ávinningurinn af birtingu upplýsinganna mundi teljast vera. Í þeim tilvikum sem Fjármálaeftirlitið telur að brot hafi verið minni háttar hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að sleppa birtingu til að tryggja meðalhóf við birtingu ákvarðana Fjármálaeftirlitsins.

4. mgr. innleiðir 3. undirgrein 1. mgr. 99. gr. b UCITS.

5. og 6. mgr. innleiða 3.–4. mgr. 99. gr. b UCITS. Fjármálaeftirlitinu ber að birta upplýsingar þegar ákvörðun eftirlitsins um beitingu viðurlaga hefur verið afturkölluð. Komi til þess að Fjármálaeftirlitið taki nýja ákvörðun í kjölfar afturköllunar eða endurupptöku máls þá ber Fjármálaeftirlitinu að birta slíka niðurstöðu. Fjármálaeftirlitinu verður, eftir sem áður, heimilt að birta opinberlega niðurstöður í öðrum málum er varða frumvarpið. Um slíka birtingu fer skv. 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ákvæðið leggur þær skyldur á Fjármálaeftirlitið að uppfæra upplýsingar um niðurstöðu, sem áður hefur verið birt, ef aðili höfðar mál til ógildingar ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt ber Fjármálaeftirlitinu að birta upplýsingar um niðurstöður slíkra dómsmála á öllum dómstigum. Þá er kveðið á um þann lágmarkstíma sem upplýsingarnar skulu birtast á vef Fjármálaeftirlitsins. Horfa þarf til gildandi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga varðandi hversu lengi megi geyma persónuupplýsingar hlutaðeigandi aðila á vef Fjármálaeftirlitsins.

## Um 120. gr.

Ákvæðið innleiðir 2. undirgrein 1. mgr. 6. gr., sbr. 2) í 11. gr. Omnibus I, 9. mgr. 21. gr., sbr. 11) c) í 11. gr. Omnibus I, 3. undirgrein 4. mgr. 52. gr., sbr. 19) í 11. gr. Omnibus I, 2. mgr. 99. gr. b og 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 99. gr. e UCITS, sbr. lið 17) í 1. gr. UCITS V, sem kveða á um tilkynningarskyldu Fjármálaeftirlitsins til ESMA. Í 39. lið aðfaraorða UCITS V kemur fram að í því skyni að styrkja samræmi í eftirliti með vísan til reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 skal samtímis opinberri birtingu viðurlaga upplýsa ESMA um viðurlögin, sem árlega skal birta skýrslu um öll viðurlög sem beitt hefur verið.

Í 3. mgr. 99. gr. e í UCITS er gert ráð fyrir því að ESMA sé heimilt að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla hvað varðar nánari reglur framkvæmdastjórnar ESB um ferla og sniðmát fyrir sendingu upplýsinga til ESMA um viðurlög sem verði svo samþykktir af framkvæmdastjórn ESB. Reglugerð framkvæmdastjórnar ESB 2016/1212 gildir til fyllingar ákvæðum UCITS um þetta efni. Gert er ráð fyrir að reglugerðin verði innleidd í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 134. gr.

## Um 121. gr.

Ákvæðið er samhljóða bæði 142. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, og 66. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Oft er unnt að greiða fyrir úrlausn mála og spara bæði Fjármálaeftirlitinu og málsaðila tíma og fé með því að ljúka máli með sátt fremur en með einhliða ákvörðun eftirlitsins um beitingu stjórnsluviðurlaga. Af þeim sökum er í ýmsum lögum á sviði fjármálamarkaðar mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt við málsaðila. Fjármálaeftirlitið hefur á grundvelli þeirra sett reglur um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, nr. 326/2019, sbr. heimild í 134. gr. frumvarpsins.

Í sátt felst yfirleitt að málsaðili gengst við broti og upplýsir að fullu um það auk þess að greiða sekt, sem er þó lægri en ef Fjármálaeftirlitið hefði einhliða lagt á stjórnvaldssekt. Sátt getur einnig falið í sér annars konar úrræði, svo sem um viðeigandi úrbætur. Brjóti málsaðili gegn sátt getur Fjármálaeftirlitið fellt hana úr gildi og tekið mál til meðferðar á ný og þá eftir atvikum gert honum stjórnvaldssekt eða beitt öðrum ráðstöfunum.

## Um 122. gr.

Ákvæðið er samhljóða 7. mgr. 65. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Gert er ráð fyrir að bæði ásetnings- og gáleysisbrot varði stjórnvaldssektum og öðrum viðurlögum samkvæmt frumvarpinu til að styrkja varnaðaráhrif þeirra og til samræmis við það sem almennt gildir um stjórnsluviðurlög á sviði fjármálamarkaðar. Saknæmisstig getur þó haft áhrif á það hversu alvarlegt brot er talið og þar með ákvörðun stjórnvaldssektar eða annarra viðurlaga.

## Um 123. gr.

Ákvæðið er samhljóða 67. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

## Um 124. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 68. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

## Um 125. gr.

Sambærileg ákvæði eru í 69. og 70. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

## Um 126. gr.

Ákvæðið innleiðir 1-lið 2. mgr. 98. gr. og 1. undirgrein 2. mgr. 99. gr. UCITS, sbr. lið 16) í 1. gr. UCITS V, og er sambærilegt 71. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

Ákveðnar breytingar eru gerðar á 5. mgr. ákvæðisins en um er að ræða innleiðingu á 1. undirgrein 2. mgr. 99. gr. UCITS. Lagt er til að við gildandi ákvæði verði því bætt við að Fjármálaeftirlitið geti tekið á móti umræddum upplýsingum til þess að afhenda öðrum lögbærum yfirvöldum og/eða Eftirlitsstofnun EFTA telji þessar stofnanir þörf á því. Er þetta í því skyni að viðkomandi stjórnvöld geti uppfyllt skyldur sínar til samstarfs innan EES vegna UCITS-tilskipunarinnar.

## Um 127. gr.

Ákvæðið innleiðir 2. undirgrein 2. mgr. 99. gr., sbr. lið 16) í UCITS V, 2. mgr. 99. gr. c, sbr. lið 17) í 1. gr. UCITS V, 101. gr. UCITS, sbr. lið 32) a) og(b) í 11. gr. Omnibus I, eins og ákvæðið var aðlagð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2018 frá 27. apríl 2018, og 109. gr. UCITS. Ákvæðið er til viðbótar eða nánari útfærslu á þeim ákvæðum sem er að finna um samstarf stofnana í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, sbr. einkum 14. gr. a laganna.

1. og 2. mgr. innleiða 1. mgr. og 1. undirgrein 2. mgr. a 101. gr. UCITS, sem og 2. undirgrein 2. mgr. 99. gr. og 2. mgr. 99. gr. c UCITS. Viðtæk og gagnkvæm samstarfsskylda hvílir á eftirlitsstjórnvöldum innan EES hvað varðar þá starfsemi sem fellur undir gildissvið frumvarps þessa og upplýsingaskylda til ESMA og Eftirlitsstofnunar EFTA.

Samkvæmt 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leita til annarra lögbærra yfirvalda í ríkjum innan EES sé það nauðsynlegt vegna eftirlits á grundvelli ákvæða frumvarpsins. Á öðrum eftirlitsstjórnvöldum hvílir skylda til þess að veita aðstoð í viðkomandi tilvikum. Fjármálaeftirlitinu er þannig t.d. heimilt að óska eftir samstarfi lögbærra yfirvalda annarra ríkja innan EES vegna eftirlitsstarfsemi, vettvangsathugunar eða rannsóknar í tilteknu ríki innan EES. Í UCITS er lögð sú skylda á ríki innan EES að þau aðstoði Fjármálaeftirlitið á sambærilegan hátt og eftir sambærilegum reglum og gilda um Fjármálaeftirlitið. Samstarfsskyldan hvílir á lögbærum yfirvöldum ríkis innan EES jafnvel þó að um sé að ræða aðstoð vegna atviks sem tengist broti á íslenskum reglum en ekki samkvæmt landsrétti þess ríkis. Það er í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar ríkja innan EES á grundvelli UCITS, sbr. samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Að sama skapi hvílir skv. 2. mgr. viðtæk samstarfsskylda á Fjármálaeftirlitinu við önnur lögbær yfirvöld innan EES hvað varðar eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða og starfsemi slíkra sjóða. Þannig ber Fjármálaeftirlitinu að aðstoða önnur lögbær yfirvöld innan aðildarríkja EES og eftir atvikum Eftirlitsstofnun EFTA og ESMA ef það er talið nauðsynlegt fyrir þau stjórnvöld og stofnanir til að sinna eftirlitskyldum sínum. Í því felst meðal annars að Fjármálaeftirlitinu geti verið skylt að beita valdheimildum sínum til að tryggja fullnægjandi aðstoð. Umrædd samstarfsskylda hvílir á Fjármálaeftirlitinu einnig í þeim tilvikum þegar atvik sem eru til skoðunar brjóta í bága við landsrétt viðkomandi ríkis en fela þó ekki í sér brot á íslenskum lögum eða reglum. Það er í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands á grundvelli UCITS, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, sbr. jafnframt lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

3. mgr. innleiðir 2. mgr. og 2. undirgrein 2. mgr. a 101. gr. UCITS. Fjármálaeftirlitinu er skylt að afhenda öðrum lögbærum yfirvöldum innan EES, einkum Eftirlitsstofnun EFTA og ESMA upplýsingar og gögn sem eftirlitið býr yfir án tafar til að þeim stofnunum sé unnt að sinna eftirlitsskyldum sínum á grundvelli UCITS-tilskipunarinnar.

4. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. mgr. 109. gr. UCITS.

5. og 6. mgr. eru innleiðing á 3. og 4. mgr. 109. gr. UCITS og varða tilkynningarskyldu Fjármálaeftirlitsins til lögbærs yfirvalds í heimaríki verðbréfasjóðsins annars vegar og hins vegar lögbærs yfirvalds í heimaríki rekstrarfélagsins í þeim tilvikum sem Fjármálaeftirlitið er eftirlitsaðili í heimaríki sjóðsins eða rekstrarfélagsins eftir atvikum.

7. mgr. felur í sér innleiðingu á 110. gr. UCITS þar sem kveðið er á um heimildir lögbærs yfirvalds í heimaríki rekstrarfélags sem rekur útibú hér á landi samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa til að framkvæma vettvangsathugun til að sannreyna upplýsingar sem veittar eru skv. 109. gr. UCITS. Það ákvæði er innleitt með 4.–6. mgr. ákvæðisins og varðar upplýsingaskipti um rekstur og eignarhald rekstrarfélags sem eru líkleg til að einfalda eftirlit með viðkomandi rekstrarfélagi. Ákvæðið tekur einnig til upplýsinga af hálfu Fjármálaeftirlitsins til annars vegar lögbærra yfirvalda í heimaríki verðbréfasjóðs um vandkvæði hjá rekstrarfélagi sjóðsins, sem er með starfsleyfi hér á landi, sem geta haft veigamikil áhrif á getu félagsins til að sinna skyldum sínum að því er varðar verðbréfasjóðinn, eða hvers konar brot gegn II. og III. kafla frumvarpsins um starfsemi rekstrarfélaga, starfsleyfi, skipulagskröfur o.fl. Hins vegar nær ákvæðið til upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið veitir lögbærum yfirvöldum í heimaríki rekstrarfélags um vandkvæði hjá verðbréfasjóði, sem er með staðfestingu og staðfestu hér á landi, sem gætu haft veigamikil áhrif á getu rekstrarfélags til að sinna skyldum sínum eða uppfylla kröfur tilskipunarinnar og sem falla undir ábyrgðarsvið heimaríkis verðbréfasjóðsins.

8. mgr. innleiðir 3. mgr. 101. gr. UCITS, þar sem er að finna ákveðna samstarfsskyldu á milli lögbærra yfirvalda innan EES hafi lögbært yfirvald ástæðu til þess að ætla að rekstrarfélag með staðfestu innan EES fari ekki eftir lágmarkskröfum þeim sem UCITS setur.

Í 105. gr. UCITS, sbr. lið 35) í 11. gr. Omnibus I, er framkvæmdastjórninni fengin heimild til setningar framkvæmdareglugerða sem setja má á grundvelli tæknistaðla sem þróaðir yrðu af ESMA vegna upplýsingaskipta á milli stofnana. Ráðherra hefur sett reglugerð nr. 984/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 584/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda.

#### Um 128. gr.

1. mgr. innleiðir 4. mgr. 101. gr. UCITS. Óski lögbært yfirvald annars ríkis innan EES eftir samstarfi við rannsókn eða vettvangsathugun hjá rekstrarfélagi getur Fjármálaeftirlitið ýmist valið að sinna sjálfst slíkri rannsókn eða vettvangsathugun, heimilað viðkomandi lögbæru yfirvaldi slíkt eða heimilað endurskoðanda eða öðrum sérfræðingi að sinna slíkri vettvangsathugun eða rannsókn.

2. mgr. innleiðir 5. mgr. 101. gr. UCITS.

Í 9. mgr. 101. gr. UCITS, sbr. lið 32) b) í 11. gr. Omnibus I, er framkvæmdastjórninni fengin heimild til setningar framkvæmdareglugerða sem setja má á grundvelli tæknistaðla sem þróaðir yrðu af ESMA vegna ferla við samstarf um vettvangsathuganir eða rannsóknir. Ráðherra hefur sett reglugerð nr. 984/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 584/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda.

## Um 129. gr.

Ákvæðið varðar meginreglur um upplýsingagjöf innan EES og innleiðir 1. undirgrein 2. mgr. 102. gr. UCITS, sbr. lið 33) a) í 11. gr. Omnibus I, 4. mgr. 102. gr. og 1. mgr. 104. gr. a UCITS, sbr. lið 18) í 1. gr. UCITS V.

1. mgr. kveður á um að um upplýsingagjöf innlendra aðila, þ.e. rekstrarfélags og Fjármálaeftirlits, bæði til ESMA, Eftirlitsstofnunar EFTA og lögbærra yfirvalda annarra EES-ríkja á grundvelli frumvarps þessa, fari samkvæmt ákvæðum laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, eftir því sem við á. Þannig er t.d. kveðið á um upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins og einkaaðila til evrópskra eftirlitsstofnana og stofnana innan EES í 5. og 6. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, og þagnarskyldu og samskipti Fjármálaeftirlitsins við önnur eftirlitsstjórnvöld í 13. og 14. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Þá er kveðið á um þagnarskyldu í 41. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019. 1.–3. mgr. og 5. mgr. 102. gr., 1., 2. og 4. mgr. 103. gr. og 104. gr. UCITS eru innleiddar með framangreindum ákvæðum.

2. mgr. felur í sér innleiðingu á 1. undirgrein 2. mgr. 102. gr. UCITS, sbr. lið 33)a) í 11. gr. Omnibus I, eins og hún var aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2018 frá 27. apríl 2018. Í ákvæðinu er kveðið á um þagnarskyldu vegna upplýsingaskipta milli eftirlitsstjórnvalda á grundvelli laga þessara. Ákvæðið er til fyllingar 13. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 41. gr. laga um Seðlabanka Íslands.

3. mgr. innleiðir 1. mgr. 104. gr. a UCITS, sbr. lið 18) í 1. gr. UCITS V. Í ákvæði UCITS er vísað til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB sem var felld úr gildi með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin, GDPR). Sú reglugerð hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Öll upplýsingaskipti eða sendingar upplýsinga frá ESMA skulu vera í samræmi við þá tilskipun og reglur um miðlun persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Því er réttarverndin ekki lakari í upplýsingaskiptum við hinar evrópsku stofnanir en gildir hér á landi.

4. mgr. felur í sér innleiðingu á 4. mgr. 102. gr. UCITS og er þar kveðið á um hvernig Fjármálaeftirlitinu er heimilt að nýta upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt UCITS-tilskipuninni.

Í 105. gr. UCITS, sbr. lið 35) í 11. gr. Omnibus I, er framkvæmdastjórninni fengin heimild til setningar framkvæmdareglugerða sem setja má á grundvelli tæknistaðla sem þróaðir yrðu af ESMA vegna upplýsingaskipta á milli stofnana. Ráðherra hefur sett reglugerð nr. 984/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 584/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda.

## Um 130. gr.

Ákvæðið innleiðir 4. mgr. 99. gr. UCITS, sbr. lið 16) í 1. gr. UCITS V, og 6. og 7. mgr. 101. gr. UCITS.

Í 1. mgr. er kveðið á um þau undantekningartilvik þar sem Fjármálaeftirlitið getur neitað að verða við beiðni lögbærs yfirvalds innan EES um upplýsingar eða beiðni um samstarf við rannsókn.

2. mgr. innleiðir 6. mgr. 101. gr. UCITS. Í ákvæðinu er að finna tæmandi upptalningu á því hvenær Fjármálaeftirlitið getur neitað framkominni beiðni um upplýsingaskipti, rannsókn eða vettvangsathugun.

3. mgr. felur í sér innleiðingu á 7. mgr. 101. gr. UCITS.

#### Um 131. gr.

Ákvæðið innleiðir 8. mgr. 101. gr. UCITS, sbr. lið 32) b) í 11. gr. Omnibus I, og fjallar um heimild til úrlausnar ágreiningsmála milli lögbærra yfirvalda innan EES, komi til þeirra. Þannig er Fjármálaeftirlitinu heimilt að vísa málum í tilgreindum tilvikum til Eftirlitsstofnunar EFTA, í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Um aðlögun þá sem gerð var á 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 sem rekja má til tveggja stöða kerfis EES-samningsins og sem gerð var við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2016 frá 30. september 2016 er vísað til nánari skýringa í greinargerð með frumvarpi til laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017 (þingskjal 301, 217. mál á 146. lögþ.).

Komi til ágreinings á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærs yfirvalds annars ríkis innan EES um ráðstafanir sem gripið er til á grundvelli reglna frumvarpsins er hægt að skjóta málinu til Eftirlitsstofnunar EFTA í sáttameðferð í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. 3 gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017. Úrlausn Eftirlitsstofnunar EFTA er bindandi fyrir Fjármálaeftirlitið.

#### Um 132. gr.

Í greininni, sem byggist á 100. gr. UCITS, er fjallað um úrskurðar- og réttarræði ef ágreiningur rís milli rekstrarfélags og neytanda. Í 100. gr. UCITS er gert ráð fyrir að aðildarríki sjái neytendum fyrir þeim möguleika að skjóta ágreiningi varðandi starfsemi verðbréfasjóðs til úrskurðaraðila, annars en dómstóla.

Sambærilega skyldu til aðildar að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er að finna í 19. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem nú gildir um rekstrarfélög verðbréfasjóða. Úrskurðarnefndin starfar samkvæmt samkomulagi sem fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samtök fjármálafyrirtækja og Neytendasamtökin eru aðilar að og á grundvelli 19. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Samkvæmt því ákvæði er fjallað um möguleika til að skjóta úrskurðum nefndarinnar til dómstóla, en úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslustigi.

#### Um 133. gr.

Í greininni er kveðið á um aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og dóma EFTA-dómstólsins og tryggt að ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA verði fullnustaðar með atbeina íslenskra stjórnvalda. Í 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, er gerður lagaáskilnaður um aðfararhæfi krafna samkvæmt úrlausnum erlendra dómstóla og yfirvalda. Í ákvæðinu kemur fram að úrlausnir eða ákvarðanir erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sættir gerðar fyrir þeim séu aðfararhæfar ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðarétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir, enda verði fullnusta kröfu talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi. Að öðru leyti gilda lög um aðför um fullnustu ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins.

## Um 134. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um almenna heimild til setningar stjórnvaldsfyrirmæla, hvort heldur til ráðherra eða Seðlabanka Íslands.

Í 1. mgr. er að finna reglugerðarheimild ráðherra fyrir afleiddum gerðum UCITS-tilskipunarinnar. Meðal þeirra afleiddu gerða UCITS-tilskipunarinnar sem um ræðir eru framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skyldur vörsluaðila, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1212 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað verklag og eyðublöð fyrir framlagningu upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB og framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1619 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/438 að því er varðar varðveisluskyldur vörsluaðila. Einnig tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skipulagskröfur, hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulagsins milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vef.

Meðal þeirra reglugerða ráðherra sem hafa verið settar með stoð í gildandi lögum er reglugerð nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, reglugerð nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags), reglugerð nr. 472/2014, um samruna, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaráðferðir, reglugerð nr. 983/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða vefsetri, og reglugerð nr. 984/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 584/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannpröfunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda.

Í 2. mgr. er að finna reglusetningarheimildir Seðlabanka Íslands. Um er að ræða reglusetningarheimildir sem þegar eru til staðar í lögum og einnig reglusetningarheimildir vegna ákvæða í UCITS sem heimila framkvæmdastjórninni að setja reglugerðir um ákveðin fyrir fram tilgreind efni. Einvörðungu er um að ræða heimild fyrir Seðlabanka Íslands en ekki skyldu, enda hafa þessar reglugerðir ekki í öllum tilvikum verið settar innan EES.

## Um 135. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um innleiðingu UCITS IV-tilskipunarinnar, UCITS V og Omnibus I, að því er varðar verðbréfasjóði, auk tilskipunar 2013/14/ESB, sem breytir UCITS IV o.fl. og tilskipun 2007/16/EB sem er framkvæmdagerð frá gildistíð fyrri UCITS-tilskipunar,

85/611/EB, en heldur enn gildi sínu. Sambærilegt ákvæði er í 72. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði.

#### Um 136. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júní 2021 og að þau komi í stað laga um verðbréfasjóði, nr. 128/2011.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða sem hlotið hafa starfsleyfi og starfsheimildir samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki þurfa ekki að óska eftir nýju starfsleyfi heldur er þegar veitt starfsleyfi áfram í gildi þrátt fyrir gildistöku nýrrar löggjafar um verðbréfasjóði og tilfærslu ákvæða um starfsleyfi og starfsheimildir úr lögum um fjármálafyrirtæki.

Einnig er lagt til að rekstrarfélög verðbréfasjóða og vörsluaðilar sjóðanna fái eins árs aðlögunartíma til að uppfylla þær breyttu kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna rekstrarfélaga og vörsluaðila sem lagt er til að kveðið verði á um í 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins og skuli eigi síðar en 1. júní 2022 hafa uppfyllt þær.

#### Um 137. gr.

Í ákvæði þessu er að finna breytingar á öðrum lögum á sviði fjármálamarkaðar sem leiðir af frumvarpi þessu. Fyrst og fremst er um að ræða breytingar á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða í 1. tölul. ákvæðisins og lögum um fjármálafyrirtæki í 2. tölul.

Breytingar á ákvæðum laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða skv. 1. tölul. eru lagðar til svo gætt sé samræmis við lög um verðbréfasjóði og í einhverjum tilvikum til leiðréttingar á því sem betur hefði mátt fara við lagasetninguna. Einnig er lagt til að fallið verði frá notkun hugtaksins fjárfestingarsjóður í þeim skilningi sem nú er í lögum um verðbréfasjóði og í staðinn verði notast við hugtakið sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta. Er sú tillaga gerð til að forðast misskilning og gera tegundarheiti þessara sjóða gagnsærra fyrir fjárfesta. Í reglum ESB er hugtakið „investment funds“ notað sem yfirheiti yfir tiltekna sjóðategundir og það þýtt á íslensku sem fjárfestingarsjóðir. Í lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er hugtakið fjárfestingarsjóður hins vegar notað yfir þá sérhæfðu sjóði sem er sérstaklega heimil að að markaðssetja til almennra fjárfesta og er sú hugtakanotkun af gömlum meiddi. Í breyttu lagaumhverfi gefur hugtakið fjárfestingarsjóður ekki til kynna um hvers konar sjóð er að ræða og þar með hvaða lagareglur gilda um hann. Rétt þykir því að leggja til breytta hugtakanotkun hvað þetta varðar.

Helstu breytingar sem lagðar eru til á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða eru að öðru leyti eftirfarandi: Lögð er til breyting á skilgreiningu hugtaksins hlutdeildarsjóður í 16. tölul. 3. gr. laganna til að gæta samræmis við skilgreiningu á sama hugtaki í lögum um verðbréfasjóði. Lagt er til að ný málsgrein bætist við 7. gr. sem kveður á um tilkynningarskyldu skráðra rekstraraðila sérhæfðra sjóða um nýja sjóði í rekstri í því skyni að auðvelda eftirlit með sérhæfðum sjóðum skráðra rekstraraðila. Ekki er gerð krafa um að tilkynning um nýjan sjóð sé gerð fyrir fram, en hún skal gerð án ástæðulausrar tafar. Orðalagsbreyting er lögð til í b-lið 1. tölul. 2. mgr. 9. gr. til að gæta samræmis við lög um verðbréfasjóði. Ekki er um efnislega breytingu að ræða. Lagðar eru til viðbætur við ákvæði 1. mgr. 10. gr. um umsókn um starfsleyfi rekstraraðila sérhæfðra sjóða þannig að frekari gögn beri að leggja fram við umsókn en nú er kveðið á um. Tillagan snýr aðallega að því að endurskoðandi, sem utanaðkomandi aðili, staðfesti að eiginjárkröfur séu uppfylltar og svo að upplýsingar um náin tengsl rekstraraðila við aðra aðila liggi fyrir. Þá er lagt til að tilvísun til starfsleyfis rekstrarfélags verðbréfasjóða samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki verði felld brott til að endurspeglar þá breytingu sem verður, verði frumvarp þetta að lögum, að starfsleyfi verði veitt samkvæmt lögum um



verðbréfasjóði. Óþarfi er að tiltaka það sérstaklega. Lagðar eru til breytingar á 13. gr. laganna til að endurspeglar þær viðbætur sem lagðar eru til við 1. mgr. 10. gr.

Þá er lögð til breyting á 1. og 2. mgr. 15. gr. til að skýra hvaða kröfur eru gerðar til eiginfjárgrunns rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Lagt er til að ný málsgrein bætist við 19. gr., þar sem kveðið er á um sjálfstæði stjórnarmanna rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem rekur sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta. 15. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði gildi um fjárfestingarsjóði áður en lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða voru sett, en það fórst fyrir að setja sambærilegt ákvæði í nýju lögin. Rétt þykir að sambærilegar kröfur gildi um sjálfstæði stjórnarmanna rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem reka sjóði fyrir almenna fjárfesta og vörsluaðila sjóðanna og gilda vegna rekstrarfélaga verðbréfasjóða og vörsluaðila þeirra að teknu tilliti til eðlis sjóðanna. Lögð er til breyting á 24. gr. til leiðréttingar, en ranglega er þar vísað til laga um verðbréfavíðskipti. Kveðið er á um verðbréfun í lögum um fjármálafyrirtæki. Lögð er til sú breyting á 2. tölul. 1. mgr. 33. gr. laganna um vörsluaðila að kveðið er á um það skilyrði að verðbréfafyrirtæki sem hefur sérhæfða sjóði í vörslu skal lúta eiginfjárkröfum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, þar á meðal vegna rekstraráhættu samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, en ákvæði b-liðar 3. mgr. 21. gr. AIFMD kveður á um að eiginfjárkröfur skuli gilda um verðbréfafyrirtækið í samræmi við 1. mgr. 20. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/49/EB. Þau ákvæði sem mæla nú fyrir um sömu atriði í gildandi Evrópurétti eru 25.–88. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 575/2013 (CRR). Þau ákvæði hafa verið innleidd í lögum um fjármálafyrirtæki og vísast því til þeirra laga. Einnig er lagt til að gerðar verði sömu kröfur til þeirra verðbréfafyrirtækja sem vilja gegna hlutverki vörsluaðila sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta (áður fjárfestingarsjóðir) og gerðar eru til verðbréfafyrirtækja sem fá heimild sem vörsluaðili verðbréfasjóða, enda í báðum tilvikum um sjóði að ræða sem markaðssettir eru til almennra fjárfesta og þykir rétt að hafa samsvarandi kröfur í báðum tilvikum til þeirra sem sinna þessu hlutverki.

Lagt er til að nýtt ákvæði um upplýsinga- og tilkynningarskyldu endurskoðanda rekstraraðila og sérhæfðra sjóða í hans rekstri komi í kafla laganna um gagnsæi, til að gæta samræmis við lög um fjármálafyrirtæki og lög um verðbréfasjóði. Lögð er til viðbót við 3. mgr. 64. gr. þannig að heimild Fjármálaeftirlitsins til að skilyrða heimild til markaðssetningar nái einnig til rekstraraðila með staðfestu utan Íslands. Einnig er lagt til að við 3. mgr. bætist nýr málslíður sem kveður á um að Fjármálaeftirlitsins geti afturkallað heimild til markaðssetningar ef rekstraraðili með staðfestu utan Íslands uppfyllir ekki lengur skilyrði 2. mgr. ákvæðisins sem sett eru fyrir heimildinni. Lögð er til viðbót við 70. gr. laganna, sem er til samræmis við 16. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og kveður á um eðli rekstrar hlutdeildarsjóða. Auk þess er lögð til ný málsgrein í 79. gr. laganna þar sem kveðið er skýrt á um að réttur hlutdeildarskírteinishafa til tekna og eigna sjóðsins skuli vera með sama hætti og gildi þegar um verðbréfasjóði er að ræða, annað en er þegar um er að ræða aðra sérhæfða sjóði sem eru hlutdeildarsjóðir, en þá gildir það sem kveðið er á um í reglum sjóðsins.

Lagðar eru til breytingar á 82. gr. til að gæta samræmis við þær tillögur sem eru gerðar í frumvarpi þessu vegna verðbréfasjóða. Rétt þykir að hafa samræmi í því sem gildir varðandi afturköllun staðfestingar, bæði verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta (áður fjárfestingarsjóðir). Þeir tölulíðir sem lagt er til að felldir verði brott voru á sínum tíma ekki innleiðing á UCITS-kröfum. Lagt er til að nýtt ákvæði komi í 88. gr. a, en það er sambærilegt við 2. mgr. 54. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði, sem gildi um fjárfestingarsjóði fyrir setningu laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020. Fyrir mistök var ákvæðið ekki tekið upp í lögin. Þá er lögð til viðbót við 4. tölul. 89. gr. til að gæta samræmis við fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða.

Þá er lagt til að sambærileg tilkynningarskylda og vernd starfsmanna vegna gruns um brot í starfsemi verði sett á vegna sérhæfðra sjóða og gilda um verðbréfasjóði í tveimur nýjum ákvæðum, 100. gr. a og 100. gr. b. Þá er lögð til viðbót við stjórnvaldssektarheimildir Fjármálaeftirlitsins í 101. gr. laganna þannig að heimilt sé að sekta fyrir ítrekuð eða gróf brot gegn reglum sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta (áður fjárfestingarsjóðir) til að gæta samræmis við lög um verðbréfasjóði og svo vegna nýrra ákvæða um ferla fyrir tilkynningarskyldu starfsmanna vegna brots í starfsemi og þagnarskyldu vegna slíkrar tilkynningar. Í sektarheimild þessari felst heimild til sektar vegna ítrekaðra eða grófra brota gegn fjárfestingarstefnu sjóðs. Einnig er lagt til að við 2. mgr. 117. gr. verði bætt við heimildum Seðlabanka Íslands til að setja reglur um hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um starfskjarastefnu og kaupaukakerfi.

Lagt er til að bætt verði við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða þremur nýjum ákvæðum til bráðabirgða þar sem, í fyrsta lagi er kveðið á um ákveðinn aðlögunartíma fyrir rekstraraðila til að tilnefna nýjan vörsluaðila hafi þegar verið tilnefndur vörsluaðili sem uppfyllir ekki breytt skilyrði til vörsluaðila sérhæfðra sjóða samkvæmt frumvarpinu, hvort sem um er að ræða sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta eða aðra sérhæfða sjóði. Í öðru lagi er kveðið á um eins árs aðlögunartíma fyrir rekstraraðila sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og vörsluaðila sjóðanna til að uppfylla breyttar kröfur til stjórnarmanna rekstrarfélaga og vörsluaðila sem gerðar eru í frumvarpinu. Og í þriðja lagi, í ljósi tillagna í frumvarpinu til breyttrar hugtakanotkunar að því er varðar fjárfestingarsjóði sem fengið hafa staðfestingu Fjármálaeftirlitsins til markaðssetningar til almennra fjárfesta, er kveðið á um aðlögunarfrest fyrir þá rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem reka slíka sjóði til uppfærslu markaðsefnis og annarra upplýsinga þar sem við á þannig að vísað sé til sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta í stað fjárfestingarsjóða.

Lagt er til að breytingar verði gerðar á lögum um fjármálafyrirtæki þannig að rekstrarfélög verðbréfasjóða falli ekki lengur undir þá skilgreiningu að vera fjármálafyrirtæki í skilningi laganna heldur fjármálastofnun og er sú breyting til samræmis við þá stöðu sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða hafa samkvæmt lögnum. Eftir breytinguna gilda þau ákvæði laga um fjármálafyrirtæki um rekstrarfélög verðbréfasjóða sem sérstaklega er vísað til í frumvarpi þessu, en einnig þau ákvæði laganna sem taka til fjármálastofnana. Þá er lagt til að ákvæði laganna um starfsleyfi, starfsheimildir og starfsskilyrði rekstrarfélaga verðbréfasjóða verði færð yfir í lög um verðbréfasjóði til að gæta samræmis við UCITS-tilskipunina.

Þá er lögð til breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem fórst fyrir að gera við setningu nýrra laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Lögð er til breyting á lögum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum til að endurspeglja þá breytingu sem lögð er til með frumvarpinu þar sem ákvæði um meðal annars stofnframlag og eiginfjárgrunn rekstrarfélaga verðbréfasjóða færast úr lögum um fjármálafyrirtæki og í lög um verðbréfasjóði.

Sú breyting sem lögð er til á lögum um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga er vegna breytinga á heiti laga um verðbréfasjóði sem gerð var með lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Breyting sem lögð er til á lögum um aukatekjur ríkissjóðs helgast af því að ákvæði um starfsleyfi rekstrarfélaga verðbréfasjóða færast úr lögum um fjármálafyrirtæki yfir í lög um verðbréfasjóði.

Sú breyting sem lögð er til á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja er til að endurspeglja þá breytingu sem lögð er til á lögum um fjármálafyrirtæki þar sem rekstrarfélög verðbréfasjóða koma til með að falla undir skilgreininguna á fjármálastofnun en ekki fjármálafyrirtæki.

Lögð er til breyting á lögum um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka vegna breytingar sem lögð er til á lögum um fjármálafyrirtæki um að rekstrarfélög verðbréfasjóða teljist ekki lengur til fjármálafyrirtækja heldur fjármálastofnana.

#### Um ákvæði til bráðabirgða I.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða hefur ákveðinn aðlögunartíma eftir gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, til að uppfæra reglur verðbréfasjóða í rekstri félagsins og upplýsingar og gögn sjóðanna sem falla undir VII. kafla frumvarpsins um gagnsæiskröfur, fyrst og fremst útboðslýsingu og lykilupplýsingar sjóðanna. Uppfæra skal skjölin við allra fyrsta tækifæri, enda er um upplýsingagjöf til fjárfesta að ræða, en eigi síðar en 1. janúar 2022.

#### Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið er í samræmi við 4. mgr. 23. gr. UCITS eins og það ákvæði var aðlagð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 frá 9. febrúar 2018. Þau rekstrarfélög verðbréfasjóða sem hafa þegar tilnefnt vörsluaðila sem uppfyllir ekki þau skilyrði sem gerð eru í lögnum til vörsluaðila verðbréfasjóða hafa ákveðinn aðlögunartíma til að tilnefna nýjan vörsluaðila sem uppfyllir skilyrðin.